4. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the interest, having regard to the debt-claim for which it is paid, exceeds the amount which would have been agreed

þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

12. gr.
Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé móttakandinn raunverulegur eigandi þóknananna skal skatturinn sem þannig er á lagður ekki vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknananna.
3. Hugtakið „þóknanir" merkir í þessari grein hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með töldum kvikmyndum, hvers konar einkaleyfum, vörumerkjum, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknananna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanirnar myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.
5. Þegar fjárhæð þóknananna er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka

upon by the payer and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

Article 12
Royalties

1. Royalties arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such royalties may also be taxed in the Contracting State in which they arise, and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the royalties the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the royalties.
3. The term "royalties" as used in this Article means payments of any kind received as a consideration for the use of, or the right to use, any copyright of literary, artistic or scientific work including cinematograph films, any patent, trade mark, design or model, plan, secret formula or process, or for information concerning industrial, commercial or scientific experience.
4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the royalties, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the royalties arise, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the royalties are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.
5. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the royalties, having regard to the use, right or information for which they are paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the

samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

13. gr.
Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er um í 6. gr. og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.

3. Hagnaður, sem hlýst af sölu skipa eða loftfara sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
4. Tekjur eða hagnað sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær vegna sölu á
   a) hlutum í félagi þar sem hlutirnir samanstanda fyrst og fremst og beint eða óbeint af fasteignum sem staðsettar eru í hinu ríkinu, eða
   b) hlutdeild í eignum sameignarfélags, sjóðs eða bús, ef verðmæti þeirra samanstendur fyrst og fremst og beint eða óbeint af fasteignum sem staðsettar er í hinu ríkinu, eða hlutum sem nefndir eru í a-lið hér að framan,

   má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
5. Hagnaður, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í 1., 2. og 3. mgr., skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

payer, and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

Article 13
Capital Gains

1. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of immovable property referred to in Article 6 and situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. Gains from the alienation of movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or of movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, including such gains from the alienation of such a permanent establishment (alone or with the whole enterprise) or of such fixed base, may be taxed in that other State.
3. Gains from the alienation of ships or aircraft operated in international traffic, or movable property pertaining to the operation of such ships or aircraft, shall be taxable only in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.
4. Income, profits or gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of:
   a) shares of the capital stock of a company the value of which shares consists principally and directly or indirectly of real property situated in the other State, or
   b) an interest in the assets of a partnership, trust or estate, the value of which interest consists principally and directly or indirectly of real property situated in the other State, or of shares referred to in subparagraph a) above,

   may be taxed in that other State.
5. Gains from the alienation of any property other than that referred to in paragraphs 1, 2 and 3, shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident.

14. gr.
Sjálfstæð persónuleg þjónusta.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af sérfræðiþjónustu eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki nema hann hafi að jafnaði fasta stöð í hinu samningsríkinu til þess að leysa af hendi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stöð má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis á þann hluta þeirra sem rekja má til þeirrar föstu stöðvar.

2. Hugtakið „sérfræðiþjónusta" merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.
Launað starf.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr. skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

   a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi almanaksári, og

   b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í hinu ríkinu, og
   c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

Article 14
Independent Personal Services

1. Income derived by a resident of a Contracting State in respect of professional services or other activities of an independent character shall be taxable only in that State unless he has a fixed base regularly available to him in the other Contracting State for the purpose of performing his activities. If he has such a fixed base, the income may be taxed in the other State but only so much of it as is attributable to that fixed base.
2. The term "professional services" includes especially independent scientific, literary, artistic, educational or teaching activities as well as the independent activities of physicians, lawyers, engineers, architects, dentists and accountants.

Article 15
Dependent Personal Services

1. Subject to the provisions of Articles 16, 18 and 19, salaries, wages and other similar remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment shall be taxable only in that State unless the employment is exercised in the other Contracting State. If the employment is so exercised, such remuneration as is derived therefrom may be taxed in that other State.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment exercised in the other Contracting State shall be taxable only in the first-mentioned State if:
   a) the recipient is present in the other State for a period or periods not exceeding in the aggregate 183 days in any twelve-month period commencing or ending in the calendar year concerned, and
   b) the remuneration is paid by, or on behalf of, an employer who is not a resident of the other State, and
   c) the remuneration is not borne by a permanent establishment or a fixed base which the employer has in the other State.
3. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, remuneration derived in respect of an employment exercised aboard a ship or aircraft operated in international traffic, may be taxed in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.

16. gr.
Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn félags sem heimilisfast er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

Article 16
Directors' Fees

Directors' fees and other similar payments derived by a resident of a Contracting State in his capacity as a member of the board of directors of a company which is a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

17. gr.
Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki sem hann aflar í hinu samningsríkinu með persónulegum störfum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi, eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.
2. Þegar tekjur af persónulegu starfi, sem leyst er af hendi af skemmtikrafti eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starfsemi skemmtikraftsins eða íþróttamannsins fer fram.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um tekjur sem aflað er með störfum í samningsríki af skemmtikrafti eða íþróttamanni að svo miklu leyti sem þessi störf tengjast heimsókn til ríkisins sem er alfarið eða að mestu leyti studd af almannafé hins samningsríkisins eða sveitarstjórn eða stofnunar hennar. Í slíku tilviki skal skattleggja tekjurnar samkvæmt ákvæðum 7., 14. eða 15. gr., eftir því sem við á.

Article 17
Artistes and Sportsmen

1. Notwithstanding the provisions of Articles 14 and 15, income derived by a resident of a Contracting State as an entertainer, such as a theatre, motion picture, radio or television artiste, or a musician, or as a sportsman, from his personal activities as such exercised in the other Contracting State, may be taxed in that other State.
2. Where income in respect of personal activities exercised by an entertainer or a sportsman in his capacity as such accrues not to the entertainer or sportsman himself but to another person, that income may, notwithstanding the provisions of Articles 7, 14 and 15, be taxed in the Contracting State in which the activities of the entertainer or sportsman are exercised.
3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply to income derived from activities exercised in a Contracting State by an entertainer or a sportsman insofar as these activities conform to the purpose of a visit to that State wholly or mainly supported by public funds of the other Contracting State or a local authority or a statutory body thereof. In such case the income shall be taxable in accordance with the provisions of Article 7, Article 14 or Article 15, as the case may be.

18. gr.
Eftirlaun.

Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr. skulu eftirlaun og annað svipað endurgjald sem greitt er aðila heimilisföstum í samningsríki vegna fyrri starfa hans einungis skattlögð í því ríki.

Article 18
Pensions

Subject to the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions and other similar remuneration paid to a resident of a Contracting State in consideration of past employment shall be taxable only in that State.

19. gr.
Opinbert starf.

1. a) Starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum, sem greidd eru af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til

Article 19
Government Service

1. a) Salaries, wages and other similar remuneration, other than a pension, paid by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an

manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.

b) Slík starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:
(i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
(ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.

2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af samningssríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess, skulu einungis skattlögð í því ríki.

b) Slík eftirlaun skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis.

3. Ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr. skulu gilda um starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald og um eftirlaun sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.

individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.

b) However, such salaries, wages and other similar remuneration shall be taxable only in the other Contracting State if the services are rendered in that State and the individual is a resident of that State who:
(i) is a national of that State; or
(ii) did not become a resident of that State solely for the purpose of rendering the services.

2. a) Any pension paid by, or out of funds created by, a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.

b) However, such pension shall be taxable only in the other Contracting State if the individual is a resident of, and a national of, that State.

3. The provisions of Articles 15, 16, 17, and 18 shall apply to salaries, wages and other similar remuneration and to pensions in respect of services rendered in connection with a business carried on by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof.

20. gr.
Námsmenn.

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsríkis heimilisfastur í hinu samningsríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í því ríki á greiðslur sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda komi slíkar greiðslur frá aðilum utan þess ríkis.

Article 20
Students

Payments which a student or business apprentice who is or was immediately before visiting a Contracting State a resident of the other Contracting State and who is present in the first-mentioned State solely for the purpose of his education or training receives for the purpose of his maintenance, education or training shall not be taxed in that State, provided that such payments arise from sources outside that State.

21. gr.
Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað. Tekjur í formi vinninga úr leikjum eða happdrættum, sem verða til í hinu samningsríkinu, má þó einnig skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

Article 21
Other Income

1. Items of income of a resident of a Contracting State, wherever arising, not dealt with in the foregoing Articles of this Convention shall be taxable only in that State. However, income in the form of the winnings from gaming or lotteries, arising in the other Contacting State, may also be taxed in that other State.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr., ef viðtakandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu ríkinu frá fastri stöð sem þar er staðsett, og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

2. The provisions of paragraph 1 shall not apply to income, other than income from immovable property as defined in paragraph 2 of Article 6, if the recipient of such income, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the income is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

22. gr.
Eignir.

1. Eign, sem fólgin er í fasteign sem getið er í 6. gr. sem er í eigu aðila heimilisfasts í samningsríki og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Eign sem fólgin er í lausafé sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu eða í lausafé sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

3. Eign sem fólgin er í skipum eða loftförum sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, svo og í lausafé sem tengt er rekstri slíkra skipa og loftfara, skal einungis skattlögð í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

4. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í samningsríki skulu einungis skattlagðar í því ríki.

Article 22
Capital

1. Capital represented by immovable property referred to in Article 6, owned by a resident of a Contracting State and situated in the other Contracting State, may be taxed in that other State.
2. Capital represented by movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or by movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, may be taxed in that other State.
3. Capital represented by ships and aircraft operated in international traffic and by movable property pertaining to the operation of such ships and aircraft, shall be taxable only in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.
4. All other elements of capital of a resident of a Contracting State shall be taxable only in that State.

23. gr.
Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Í tilviki Slóvakíu skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
Slóvakía getur, þegar skattar eru lagðir á aðila heimilisfasta þar, talið til skattstofns sem slíkir skattar eru lagðir á þær tekjur eða eignir sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings má einnig skattleggja á Íslandi, en skal leyfa sem frádrátt frá skatti sem reiknaður hefur verið á

Article 23
Elimination of Double Taxation

1. In the case of Slovakia, double taxation shall be eliminated as follows:
Slovakia, when imposing taxes on its residents, may include in the tax base upon which such taxes are imposed the items of income or capital which according to the provisions of this Convention may also be taxed in Iceland, but shall allow as a deduction

slíkan skattstofn fjárhæð sem er jöfn fjárhæð þess skatts sem hefur verið greiddur á Íslandi.

Slíkur frádráttur skal þó aldrei nema hærri upphæð en þeim hluta slóvaska skattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem lagður er á þær tekjur eða eignir sem skattleggja má á Íslandi.

2. Í tilviki Íslands skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi fær tekjur eða á eignir sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings má skattleggja í Slóvakíu skal Ísland leyfa:
   a) að dregin sé frá tekjuskatti þessa heimilisfasta aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í Slóvakíu;
   b) að dregin sé frá eignarskatti þessa heimilisfasta aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í Slóvakíu.

   Slíkur frádráttur skal þó í hvorugu tilvikinu vera hærri en sá hluti tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur eða þær eignir, eftir því sem við á, sem skattleggja má í Slóvakíu.
3. Þegar aðili heimilisfastur í samningsríki hefur tekjur eða á eignir, sem eru undanþegnar skattlagningu í því ríki samkvæmt ákvæðum samningsins, er því ríki þó heimilt við ákvörðun skatta á aðrar tekjur eða eignir þessa heimilisfasta aðila að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skattlagningu.

24. gr.
Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem eru ekki heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum.

2. Ríkisfangslausir aðilar heimilisfastir í samningsríki skulu í hvorugu samningsríkinu sæta

from the amount of tax computed on such a base an amount equal to the tax paid in Iceland.
Such deduction shall not, however, exceed that part of the Slovak tax as computed before the deduction is given, which is appropriate to the income or capital which may be taxed in Iceland.

2. In the case of Iceland, double taxation shall be eliminated as follows:
Where a resident of Iceland derives income or owns capital which, in accordance with the provisions of this Convention, may be taxed in Slovakia, Iceland shall allow:
   a) as a deduction from the tax on the income of that resident, an amount equal to the income tax paid in Slovakia;

   b) as a deduction from the tax on the capital of that resident, an amount equal to the capital tax paid in Slovakia.

   Such deduction in either case shall not, however, exceed that part of the income tax or capital tax, as computed before the deduction is given, which is attributable, as the case may be, to the income or the capital which may be taxed in Slovakia.
3. Where in accordance with any provision of the Convention income derived or capital owned by a resident of a Contracting State is exempt from tax in that State, such State may nevertheless, in calculating the amount of tax on the remaining income or capital of such resident, take into account the exempted income or capital.

Article 24
Non-Discrimination

1. Nationals of a Contracting State shall not be subjected in the other Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith, which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of that other State in the same circumstances, in particular with respect to residence, are or may be subjected. This provision shall, notwithstanding the provisions of Article 1, also apply to persons who are not residents of one or both of the Contracting States.
2. Stateless persons who are residents of a Contracting State shall not be subjected in

annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi en ríkisborgarar viðkomandi ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti.

3. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

4. Vextir, þóknanir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef þær hefðu verið greiddar til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu nema ákvæði 1. mgr. 9. gr., 4. mgr. 11. gr. eða 5. mgr. 12. gr. eigi við. Á sama hátt skulu allar skuldir fyrirtækis í samningsríki við aðila heimilisfastan í hinu samningsríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra eigna fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef til þeirra hefði verið stofnað við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.

5. Þótt fjármagn fyrirtækja í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar sem heimilisföst eru í fyrrnefnda ríkinu sæta eða unnt er að láta þau sæta.

6. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði þessarar greinar gilda um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

either Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith, which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of the State concerned in the same circumstances, in particular with respect to residence, are or may be subjected.

3. The taxation on a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State shall not be less favourably levied in that other State than the taxation levied on enterprises of that other State carrying on the same activities. This provision shall not be construed as obliging a Contracting State to grant to residents of the other Contracting State any personal allowances, reliefs and reductions for taxation purposes on account of civil status or family responsibilities which it grants to its own residents.

4. Except where the provisions of paragraph 1 of Article 9, paragraph 4 of Article 11, or paragraph 5 of Article 12, apply, interest, royalties and other disbursements paid by an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable profits of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been paid to a resident of the first-mentioned State. Similarly, any debts of an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable capital of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been contracted to a resident of the first-mentioned State.

5. Enterprises of a Contracting State, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of the other Contracting State, shall not be subjected in the first-mentioned State to any taxation or any requirement connected therewith which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which other similar enterprises of the first-mentioned State are or may be subjected.

6. The provisions of this Article shall, notwithstanding the provisions of Article 2, apply to taxes of every kind and description.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir 1. mgr. 24. gr., í því samningsríki þar sem hann á ríkisfang. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.
2. Ef hið bæra stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda innan þeirra tímamarka sem í gildi eru samkvæmt lögum samningsríkjanna.
3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.
4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli, þar á meðal í sameiginlegri nefnd sem skipuð er þeim eða fulltrúum þeirra, til þess að komast að samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

Article 25

Mutual Agreement Procedure

1. Where a person considers that the actions of one or both of the Contracting States result or will result for him in taxation not in accordance with the provisions of this Convention, he may, irrespective of the remedies provided by the domestic law of those States, present his case to the competent authority of the Contracting State of which he is a resident or, if his case comes under paragraph 1 of Article 24, to that of the Contracting State of which he is a national. The case must be presented within three years from the first notification of the action resulting in taxation not in accordance with the provisions of the Convention.
2. The competent authority shall endeavour, if the objection appears to it to be justified and if it is not itself able to arrive at a satisfactory solution, to resolve the case by mutual agreement with the competent authority of the other Contracting State, with a view to the avoidance of taxation which is not in accordance with the Convention. Any agreement reached shall be implemented within the time limits in the domestic law of the Contracting States.
3. The competent authorities of the Contracting States shall endeavour to resolve by mutual agreement any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of the Convention. They may also consult together for the elimination of double taxation in cases not provided for in the Convention.
4. The competent authorities of the Contracting States may communicate with each other directly, including through a joint commission consisting of themselves or their representatives, for the purpose of reaching an agreement in the sense of the preceding paragraphs.

26. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða laga samningsríkjanna varðandi skatta sem þessi samningur tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við ákvæði 1. gr. Með allar

Article 26

Exchange of Information

1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is necessary for carrying out the provisions of this Convention or of the domestic laws of the Contracting States concerning taxes covered by the Convention insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Convention. The exchange of information is

upplýsingar sem mótteknar eru af samningsríki skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem samningurinn tekur til eða fullnustu- eða ákæruvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi skyldur á samningsríki til að:
   a) framkvæma stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
   b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
   c) veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu (ordre public) ef þær væru gerðar opinberar.

not restricted by Article 1. Any information received by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) concerned with the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, the taxes covered by the Convention. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions.

2. In no case shall the provisions of paragraph 1 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:
   a) to carry out administrative measures at variance with the laws and administrative practice of that or of the other Contracting State;
   b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;
   c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy (ordre public).

27. gr.
Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnana.

Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

Article 27
Members of Diplomatic Missions and Consular Posts

Nothing in this Convention shall affect the fiscal privileges of members of diplomatic missions and consular posts under the general rules of international law or under the provisions of special agreements.

28. gr.
Gildistaka.

1. Þessi samningur skal fullgiltur og skipti fara fram á fullgildingarskjölum eins fljótt og unnt er.
2. Samningurinn skal öðlast gildi þegar skipst hefur verið á fullgildingarskjölum og ákvæði hans skulu koma til framkvæmda:
   a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem aflað er 1. jan-

Article 28
Entry into Force

1. This Convention shall be ratified and the instruments of ratification shall be exchanged as soon as possible.
2. The Convention shall enter into force upon the exchange of instruments of ratification and its provisions shall have effect:
   a) in respect of taxes withheld at source, on income derived on or after the first day of

úar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi;

b) að því er varðar aðra skatta á tekjur og eignarskatta, varðandi skatta sem leggja má á vegna skattárs sem byrjar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi.

29. gr.
Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af samningsríki. Hvort samningsríki um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt í samningsríkjunum:

a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem aflað er 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynning um uppsögn er gefin;

b) að því er varðar aðra skatta á tekjur og eignarskatta, varðandi skatta sem leggja má á vegna skattárs sem byrjar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynning um uppsögn er gefin.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Reykjavík hinn 15. apríl 2002 á íslensku, slóvösku og ensku. Ef vafi leikur á túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands:
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd lýðveldisins Slóvakíu:
Eduard Kukan

January in the calendar year next following the year in which the Convention enters into force;

b) in respect of other taxes on income, and taxes on capital, for taxes chargeable for any tax year beginning on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the Convention enters into force.

Article 29
Termination

This Convention shall remain in force until terminated by a Contracting State. Either Contracting State may terminate the Convention, through diplomatic channels, by giving notice of termination in writing at least six months before the end of any calendar year following after the period of five years from the date on which the Convention enters into force. In such event, the Convention shall cease to have effect in both Contracting States:

a) in respect of taxes withheld at source, on income derived on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the notice of termination is given;

b) in respect of other taxes on income, and taxes on capital, for taxes chargeable for any tax year beginning on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the notice of termination is given.

In witness whereof the undersigned, duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done in duplicate at Reykjavik on this 15th day of April 2002, each in the Icelandic, Slovak and English languages. In case of divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Republic of Iceland:
Halldór Ásgrímsson

For the Slovak Republic:
Eduard Kukan

AUGLÝSING

um tvísköttunarsamning við Rússneska sambandsríkið.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og Rússneska sambandsríkisins til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, sem gerður var í Reykjavík 26. nóvember 1999, öðlaðist gildi 21. júlí 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. júlí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og og ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins,

sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningsríkjunum.

2. gr.
Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum sem eru lagðir á í samningsríki, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.

2. Til skatta af tekjum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur eða á hluta tekna, þar með taldir skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna.

3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru aðallega þessir:
   a) á Íslandi:
      i) tekjuskattur til ríkisins;

CONVENTION
between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Russian Federation for the Avoidance of Double Taxation and the Prevention of Fiscal Evasion with Respect to Taxes on Income

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Russian Federation,

desiring to conclude a Convention for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income,

have agreed as follows:

Article 1
Persons Covered

This Convention shall apply to persons who are residents of one or both of the Contracting States.

Article 2
Taxes Covered

1. This Convention shall apply to taxes on income imposed in a Contracting State, irrespective of the manner in which they are levied.
2. There shall be regarded as taxes on income all taxes imposed on total income, or on elements of income, including taxes on gains from the alienation of movable or immovable property.
3. The existing taxes to which the Convention shall apply are in particular:
   a) In Iceland:
      (i) the national income tax;

ii) sérstakur tekjuskattur til ríkisins;

iii) tekjuútsvar til sveitarfélaga; og
iv) skattur á tekjur lánastofnana

(hér eftir nefndir „íslenskur skattur“);

b) í Rússlandi:
i) skattur á hagnað (tekjur) fyrirtækja og samtaka;
ii) skattur á tekjur einstaklinga
(hér eftir nefndir „rússneskur skattur“).

4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu gefa hvort öðru upplýsingar um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum ríkjanna.

3. gr.
Almennar skilgreiningar.

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:
a) „Ísland“ merkir lýðveldið Ísland og, þegar notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði lýðveldisins Íslands, þar með talin landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans, ásamt náttúruauðlindum þeirra, og náttúruauðlindir hafsins yfir honum;

b) „Rússland“ merkir Rússneska sambandsríkið og, þegar notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði Rússneska sambandsríkisins, þar með talin landhelgin og sérhvert það svæði sem liggur að landhelginni þar sem Rússland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans, ásamt náttúruauðlindum þeirra, og náttúruauðlindir hafsins yfir honum;
c) „aðili“ merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila;

d) „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;

(ii) the extraordinary national income tax;
(iii) the municipal income tax; and
(iv) the tax levied on the income of banking institutions
(hereinafter referred to as "Icelandic tax");

b) In Russia:
(i) the tax on profits (income) of enterprises and organisations;
(ii) the tax on income of individuals
(hereinafter referred to as "Russian tax").

4. The Convention shall apply also to any identical or substantially similar taxes which are imposed after the date of signature of the Convention in addition to, or in place of, the existing taxes. The competent authorities of the Contracting States shall notify each other of any substantial changes which have been made in their respective taxation laws.

Article 3
General Definitions

1. For the purposes of this Convention, unless the context otherwise requires:

a) the term "Iceland" means the Republic of Iceland and, when used in a geographical sense, means the territory of the Republic of Iceland, including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the sea bed, its sub-soil, including their natural resources and the natural resources of the superjacent waters;
b) the term "Russia" means the Russian Federation and, when used in a geographical sense, means the territory of the Russian Federation, including its territorial sea as well as any area adjacent to the territorial sea within which Russia, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the sea bed, its sub-soil, including their natural resources and the natural resources of the superjacent waters;
c) the term "person" includes an individual, a company and any other body of persons;
d) the term "company" means any body corporate or any entity which is treated as a body corporate for tax purposes;

e) „fyrirtæki í samningsríki“ og „fyrirtæki í hinu samningsríkinu“ merkir fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í samningsríki, og fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, eftir því sem við á;

f) „samningsríki“ og „hitt samningsríkið“ merkja Ísland eða Rússland eftir því sem samhengið gefur til kynna;

g) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af aðila heimilisföstum í samningsríki, nema skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu samningsríkinu;

h) „bært stjórnvald“ merkir:
   i) á Íslandi, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;
   ii) í Rússlandi, fjármálaráðuneyti Rússneska sambandsríkisins eða fulltrúa þess;

i) „ríkisborgari“ merkir:
   i) hvern þann mann sem á ríkisfang í samningsríki;
   ii) sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum samningsríkis.

2. Við framkvæmd samningsríkis á ákvæðum samnings þessa á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis. Nú hefur hugtak ekki sömu merkingu samkvæmt skattalögum þess ríkis sem samningur þessi tekur til og samkvæmt öðrum lögum þess ríkis og skulu þá skattalögin, sem samningur þessi tekur til, ganga framar.

4. gr.
Heimilisfastur aðili.

B. Trade in live animals for in-situ conservation programmes;
C. Trade in hides;
D. Trade in leather goods for non-commercial purposes; and
E. Trade in registered raw ivory (whole tusks and pieces) subject to the following:
   i) Only registered government-owned stocks, originating in Namibia (excluding seized ivory and ivory of unknown origin);
   ii) Only to trading partners that have been verified by the Secretariat, in consultation with the Standing Committee, to have sufficient national legislation and domestic

eftirlit með verslun í því skyni að tryggja að hið innflutta fílabein verði ekki endurútflutt og verði meðhöndlað í samræmi við öll ákvæði ályktunar þingsins 10.10 (endursk. á 12. fundi þings aðila (Rev. CoP12)) um innlenda framleiðslu og verslun;

iii) eigi fyrir maí 2004 og í öllu falli eigi áður en skrifstofa samningsins hefur fært heim sanninn um væntanleg innflutningslönd og eftirlitskerfið með ólöglegum fílaveiðum (MIKE) hefur gefið skrifstofu samningsins skýrslu um þær grundvallarupplýsingar sem liggja fyrir (t.d. stofnstærð fíla, tilfelli ólöglegra veiða);

iv) að hámarksmagn fílabeins, sem er heimilt að versla með og senda í einni sendingu undir ströngu eftirliti skrifstofu samningsins, sé 10.000 kg;

v) að ágóði af versluninni sé notaður einvörðungu til fílaverndar og til þess að efla áætlanir um vernd og þróun samfélaga innan útbreiðslusvæða fílsins og á nærliggjandi svæðum; og

vi) aðeins eftir að fastanefndin hefur fallist á að fyrrnefnd skilyrði hafi verið uppfyllt.

Fastanefndin getur, að fenginni tillögu skrifstofu samningsins, ákveðið að koma því til leiðar að fyrrnefndri verslun verði hætt, að hluta eða alveg, uppfylli út- eða innflutningslöndin ekki sett skilyrði eða séu færðar sönnur á að verslunin hafi skaðleg áhrif á aðra fílastofna. Öll eintök, sem óheimilt er að versla með samkvæmt ákvæðunum hér að framan, skulu teljast vera eintök þeirra tegunda, sem eru tilgreindar í I. viðauka, og verslun með þau skal lúta stjórn samkvæmt því."

Suður-Afríka: „Í þeim tilgangi einum að leyfa:

A. verslun með veiðiminjagripi sem ekki er í viðskiptaskyni;

B. verslun með lifandi dýr vegna áætlana um vernd á staðnum;

C. verslun með húðir;

D. verslun með leðurvöru sem ekki er í viðskiptaskyni; og

trade controls to ensure that the imported ivory will not be re-exported and will be managed in accordance with all requirements of Resolution Conf. 10.10 (Rev. CoP12) concerning domestic manufacturing and trade;

iii) Not before May 2004, and in any event not before the Secretariat has verified the prospective importing countries, and MIKE has reported to the Secretariat on the baseline information (e.g. elephant population numbers, incidence of illegal killing);

iv) A maximum amount of 10,000 kg of ivory may be traded, and despatched in a single shipment under strict supervision of the Secretariat;

v) The proceeds of the trade are used exclusively for elephant conservation and community conservation and development programs within or adjacent to the elephant range; and

vi) Only after the Standing Committee has agreed that the above conditions have been met.

On a proposal from the Secretariat, the Standing Committee can decide to cause this trade to partially or completely cease in the event of non-compliance by exporting or importing countries, or in the case of proven detrimental impacts of the trade on other elephant populations. All specimens that are not allowed to be traded under the above provisions shall be deemed to be specimens of species included in Appendix I and the trade in them shall be regulated accordingly."

South Africa: "For the exclusive purpose of allowing:

A. Trade in hunting trophies for non-commercial purposes;

B. Trade in live animals for in-situ conservation programmes;

C. Trade in hides;

D. Trade in leather goods for non commercial purposes;

E. verslun með skráð hráfílabein (heilar tennur og sagaða hluta úr tönnum sem hvoru tveggja eru 20 cm eða lengri og 1 kg eða þyngri) í samræmi við eftirfarandi skilyrði:
   i) einvörðungu skráðar birgðir í eigu stjórnvalda, upprunnar í Krugerþjóðgarðinum (að undanskildu fílabeini, sem hald hefur verið lagt á, og fílabeini óþekktu að uppruna);
   ii) einvörðungu við viðskiptaaðila sem skrifstofa samningsins hefur gengið úr skugga um, í samráði við fastanefndina, að hafi viðunandi innlenda löggjöf og innlent eftirlit með verslun í því skyni að tryggja að hið innflutta fílabein verði ekki endurútflutt og verði meðhöndlað í samræmi við öll ákvæði ályktunar þingsins 10.10 (endursk. á 12. fundi þings aðila (Rev. CoP12)) um innlenda framleiðslu og verslun;
   iii) eigi fyrir maí 2004 og í öllu falli eigi áður en skrifstofa samningsins hefur fært heim sanninn um væntanleg innflutningslönd og Eftirlitskerfið með ólöglegum fílaveiðum (MIKE) hefur gefið skrifstofu samningsins skýrslu um þær grundvallarupplýsingar sem liggja fyrir (t.d. stofnstærð fíla, tilfelli ólöglegra veiða);
   iv) að hámarksmagn fílabeins, sem er heimilt að versla með og senda í einni sendingu undir ströngu eftirliti skrifstofu samningsins, sé 30.000 kg;
   v) að ágóði af versluninni sé notaður einvörðungu til fílaverndar og til þess að efla áætlanir um vernd og þróun samfélaga innan útbreiðslusvæða fílsins og á nærliggjandi svæðum; og
   vi) aðeins eftir að fastanefndin hefur fallist á að fyrrnefnd skilyrði hafi verið uppfyllt.

Fastanefndin getur, að fenginni tillögu skrifstofu samningsins, ákveðið að koma því til leiðar að fyrrnefndri verslun verði hætt, að hluta eða alveg, uppfylli út- eða innflutningslöndin ekki sett skilyrði eða

E. Trade in registered raw ivory (whole tusks and cut pieces of ivory that are both 20 cm or more in length and one kilogramme or more in weight) subject to the following:
   i) Only registered government-owned stocks, originating in Kruger National Park (excluding seized ivory and ivory of unknown origin);
   ii) Only to trading partners that have been verified by the Secretariat, in consultation with the Standing Committee, to have sufficient national legislation and domestic trade controls to ensure that the imported ivory will not be re-exported and will be managed in accordance with all requirements of Resolution Conf. 10.10 (Rev.) concerning domestic manufacturing and trade;
   iii) Not before May 2004, and in any event not before the Secretariat has verified the prospective importing countries, and MIKE has reported to the Secretariat on the baseline information (e.g. elephant population numbers, incidence of illegal killing);
   iv) A maximum amount of 30,000 kg of ivory may be traded, and despatched in a single shipment under strict supervision of the Secretariat;
   v) The proceeds of the trade are used exclusively for elephant conservation and community conservation and development programs within or adjacent to the elephant range;
   vi) Only after the Standing Committee has agreed that the above conditions have been met.

On a proposal from the Secretariat, the Standing Committee can decide to cause this trade to partially or completely cease in the event of non-compliance by exporting or importing countries, or in the case

séu færðar sönnur á að verslunin hafi skaðleg áhrif á aðra fílastofna. Öll eintök, sem óheimilt er að versla með samkvæmt ákvæðunum hér að framan, skulu teljast vera eintök þeirra tegunda, sem eru tilgreindar í I. viðauka, og verslun með þau skal lúta stjórn samkvæmt því;"

g) yrðingin „HVALIR CETACEA spp." í II. viðauka er búin þeim skýringum að núll-útflutningskvóti hafi verið ákveðinn vegna lifandi eintaka af Svartahafsstofninum *Tursiops truncatus* sem hafa verið flutt á brott úr villtu umhverfi og verslað með aðallega í viðskiptalegum tilgangi;

h) textaskýringunni, sem gefur til kynna hvaða eintök blendinga og/eða ræktunarafbrigða af kaktusætt (Cactaceae), sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður, lúta ekki ákvæðum samningsins, er breytt með því að í stað vísunarinnar til *Gymnocalycium mihanovichii* (ræktunarafbrigði) tilbrigða, sem eru án blaðgrænu, komi „Cactaceae spp. litastökkbrigði, sem eru án blaðgrænu, ágrædd á eftirfarandi stofnplöntur: *Harrisia* „Jusbertii", *Hylocereus trigonus* eða *Hylocereus undatus*";

i) yrðingin „Brönugrasaætt (Orchidaceae)" í II. viðauka er búin eftirfarandi skýringum: „Eintök blendinga sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður og eru innan ættkvíslarinnar *Phalaenopsis* lúta ekki ákvæðum samningsins þegar:

   A. verslun með eintök fer fram með sendingum stakra íláta (þ.e. askja, kassa eða rimlakassa) sem innihalda 100 plöntur hvert eða fleiri;

   B. allar plöntur í íláti eru af sama blendingi og ólíkum blendingum er ekki blandað saman innan sama íláts;

   C. auðvelt er að bera kennsl á plöntur í íláti sem eintök, sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður, sakir þess að þær eru því sem næst eins á að líta hvað snertir hæð og vaxtarstig, þrifnað, heilleika rótarkerfis og það að almennt er ekki um skemmdir og áverka að ræða sem eigna má plöntum sem eru upprunnar í villtu umhverfi;

   D. plöntur sýna engin merki um villtan uppruna, t.d. skemmdir af völdum skordýra eða annarra dýra, sveppa eða þörunga, sem loða við blöð, eða skemmdir á rótum, blöðum eða öðrum

of proven detrimental impacts of the trade on other elephant populations. All specimens that are not allowed to be traded under the above provisions shall be deemed to be specimens of species included in Appendix I and the trade in them shall be regulated accordingly."

g) The CETACEA spp. in Appendix II is annotated to state that a zero export quota has been established for live specimens from the Black Sea population of *Tursiops truncatus* removed from the wild and traded for primarily commercial purposes.

h) The annotation indicating which artificially propagated specimens of hybrids and/or cultivars of Cactaceae are not subject to the provisions of the Convention is amended by replacing the reference to artificially propagated specimens of *Gymnocalycium mihanovichii* (cultivars) forms lacking chlorophyll by: "Cactaceae spp. colour mutants lacking chlorophyll, grafted on the following grafting stocks: *Harrisia* "Jusbertii", *Hylocereus trigonus* or *Hylocereus undatus.*"

i) The Orchidaceae in Appendix II are annotated as follows: "Artificially propagated specimens of hybrids within the genus *Phalaenopsis* are not subject to the provisions of the Convention when:

   A. specimens are traded in shipments consisting of individual containers (i.e. cartons, boxes, or crates) containing 100 or more plants each;

   B. all plants within a container are of the same hybrid, with no mixing of different hybrids within a container;

   C. plants within a container can be readily recognized as artificially propagated specimens by exhibiting a high degree of uniformity in size and stage of growth, cleanliness, intact root systems, and general absence of damage or injury that could be attributable to plants originating in the wild;

   D. plants do not exhibit characteristics of wild origin, such as damage by insects or other animals, fungi or algae adhering to leaves, or mechanical damage to roots, leaves, or other

hlutum af völdum véla og tækja sem eru notuð við söfnun; og

E. sendingum fylgja gögn, t.d. reikningar, sem farmsendandi hefur undirritað og þar sem nákvæmlega er greint frá plöntufjölda og því hverjar hinna sex undanþegnu ættkvísla eru í sendingunni. Plöntum, sem undanþágan gildir ekki greinilega um, skulu fylgja rétt CITES-gögn;“

j) textaskýringin, þar sem fram kemur, að því er varðar samning þennan, að heilar eða sneiddar rætur og rótarhlutar, nema framleiðsla eða afurðir á borð við duft, töflur, seyði, heilsudrykki og sælgæti úr *Cistanche deserticola* (SNÍKJURÓTARÆTT (OROBANCHA-CEAE)), séu tilgreind í II. viðauka, falli brott;

k) í framhaldi af því að þing aðila hefur samþykkt ályktun um staðlað flokkunarkerfi, sem inniheldur staðlaðar vísanir til heita þeirra tegunda sem eru taldar upp í viðaukunum, hafa heiti nokkurra flokkunareininga verið tilgreind í viðaukunum. Þau er að finna í 3. viðauka við skjal CoP12 Doc. 10.3.

4. Í framhaldi af því að teknar hafa verið upp staðlaðar vísanir til heita þeirra tegunda, sem taldar eru upp í viðaukunum, hafa nokkrar breytingar, er varða frágang til útgáfu einvörðungu, verið settar inn í endurskoðaða útgáfu I. og II. viðauka. Skýringar við texta hafa verið tilgreindar þar sem það á við.

5. Þær breytingar, sem voru samþykktar á 12. fundi þings aðila, munu, í samræmi við ákvæði c-liðar 1. mgr. 15. gr. samningsins, öðlast gildi gagnvart öllum aðilum 90 dögum eftir þann fund, þ.e. 13. febrúar 2003, að þeim aðilum undanskildum sem gera fyrirvara í samræmi við 3. mgr. sömu greinar.

6. Hverjum aðila er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 15. gr. samningsins og á 90 daga tímabilinu sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. sömu greinar (þ.e. eigi síðar en 13. febrúar 2003), að gera fyrirvara um eina eða fleiri breytingar, sem voru samþykktar á 12. fundi þings aðila, með skriflegri tilkynningu þar um til þeirrar ríkisstjórnar sem er vörsluaðili samningsins (ríkisstjórnar Svissneska ríkjasambandsins). Hlutaðeigandi aðili skal, uns

parts resulting from collection; and

E. shipments are accompanied by documentation, such as an invoice, which clearly states the number of plants and which of the six exempt genera are included in the shipment, and is signed by the shipper. Plants not clearly qualifying for the exemption must be accompanied by appropriate CITES documents.”

j) The annotation specifying that for the purpose of the Convention whole and sliced roots and parts of roots, excluding manufactured parts or derivatives such as powders, pills, extracts, tonics and confectionery of *Cistanche deserticola* (OROBANCHACEAE) are included in Appendix II is deleted.

k) As a consequence of the adoption by the Conference of the Parties of a Resolution on standard nomenclature containing standard references to the names of the species listed in the Appendices, the names of several taxa have been included in the Appendices. These are contained in Annex 3 to document CoP12 Doc. 10.3.

4. As a consequence of the adoption of standard references to the names of the species listed in the Appendices, some purely editorial changes have been introduced in the revised version of Appendices I and II. Where appropriate, annotations will be included.

5. In accordance with the provisions of Article XV, paragraph 1, sub-paragraph (c), of the Convention, the amendments adopted at the 12th meeting of the Conference of the Parties will enter into force 90 days after that meeting, i.e. on 13 February 2003, for all Parties except those which make reservations in accordance with paragraph 3 of that Article.

6. In accordance with the provisions of paragraph 3 of Article XV of the Convention, and during the period of 90 days provided for by sub-paragraph (c) of paragraph 1 of that Article (i.e. by 13 February 2003), any Party may by notification in writing to the Depositary Government (the Government of the Swiss Confederation) make a reservation with respect to one or more amendments adopted at the 12th meeting of the

fallið er frá slíkum fyrirvara, hljóta meðferð sem væri hann ríki sem er ekki aðili að samningnum að því er varðar verslun með þær tegundir sem um ræðir. Aðrir aðilar skulu þar með beita ákvæðum 10. gr. samningsins þegar um slíka verslun er að ræða við þann aðila sem hefur gert fyrirvarann.

7. Skrifstofa samningsins skal, í samræmi við ákvæði f-liðar 2. mgr. 12. gr. hans, birta uppfærða útgáfu af I. og II. viðauka í því skyni að taka tillit til breytinga, sem eru samþykktar á 12. fundi þings aðila, og nauðsynlegra breytinga vegna samþykktar staðlaðra tilvísana sem um getur í k-lið 3. mgr. og 4. mgr. hér að framan. Afriti af uppfærðum útgáfum I. og II. viðauka, eins og þær eru samþykktar á þingi aðila og gildar eru frá 13. febrúar 2003, verður dreift með uppfærðri útgáfu III. viðauka fljótlega eftir að tilkynningu þessari er dreift. Koma mun í ljós að skrifstofa samningsins hefur breytt framsetningu viðaukanna í því skyni að auðvelda notkun þeirra og að flestar skýringar við texta hafa verið færðar úr skýringabálki viðaukanna og staðsettar gegnt heiti viðkomandi tegundar.

8. Skrifstofa samningsins yrði þakklát fyrir það að bærum yfirvöldum yrði tilkynnt um efni þessarar tilkynningar.

Conference of the Parties. Until such reservation is withdrawn, the Party shall be treated as a State not party to the Convention with respect to trade in the species concerned. The other Parties shall then apply the provisions of Article X of the Convention to such trade with the Party having made the reservation.

7. In accordance with the provisions of Article XII, paragraph 2, sub-paragraph (f), of the Convention, the Secretariat shall publish an updated version of Appendices I and II to take into account the amendments adopted at the 12th meeting of the Conference of the Parties and the changes necessitated by the adoption of standard references mentioned under paragraphs 3 k) and 4 above. A copy of the updated Appendices I and II as adopted by the Conference of the Parties, valid from 13 February 2003, will be distributed shortly after the present Notification combined with an updated version of Appendix III. It will be seen that the Secretariat has changed the presentation of the Appendices to make them easier to use and that most annotations have been removed from the Interpretation section of the Appendices and placed against the name of the species concerned.

8. The Secretariat would appreciate the contents of this Notification being communicated to the competent authorities.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 11. mars 2003 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á rammaákvörðun ráðsins nr. 2002/946/DIM frá 28. nóvember 2002, um að herða refsirammann til að koma í veg fyrir aðstoð við óheimila komu manna til lands, gegnumferð þeirra og búsetu, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. mars 2003.

Rammaákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

RAMMAÁKVÖRÐUN RÁÐSINS frá 28. nóvember 2002 um að herða refsirammann til að koma í veg fyrir aðstoð við óheimila komu manna til lands, gegnumferð þeirra og búsetu.
(2002/946/DIM)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópusambandsins, einkum 29. gr., 31. gr. (e-lið) og 34. gr. (b-lið 2. mgr.),

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Frakklands[1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins[2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eitt af markmiðum Evrópusambandsins er að sjá til þess að borgarar þess geti notið fyllsta öryggis á svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti með því að vinna að sameiginlegum aðgerðum aðildarríkjanna á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum.

2) Innan þessa ramma ber að gera ráðstafanir til að berjast gegn aðstoð við ólöglegan innflutn-

[1] Stjtíð. EB C 253, 4.9.2000, bls. 6.
[2] Stjtíð. EB C 276, 1.10.2001, bls. 244.

COUNCIL FRAMEWORK DECISION of 28 November 2002 on the strengthening of the penal framework to prevent the facilitation of unauthorised entry, transit and residence
(2002/946/JHA)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION, Having regard to the Treaty establishing the European Union, and in particular Article 29, Article 31(e) and Article 34(2)(b) thereof,

Having regard to the initiative of the French Republic[1],

Having regard to the opinion of the European Parliament[2],

Whereas:

(1) One of the objectives of the European Union is to provide citizens with a high level of safety within an area of freedom, security and justice by developing common action among the Member States in the fields of police and judicial cooperation in criminal matters.

(2) In this framework, measures should be taken to combat the aiding of illegal immigration

[1] OJ C 253, 4.9.2000, p. 6.
[2] OJ C 276, 1.10.2001, p. 244.

ing fólks, bæði við að komast ólöglega yfir landamæri, í strangasta skilningi, og sem miðar að því að halda úti hringjum sem misnota fólk.

3) Því er brýnt að samræma gildandi lagaákvæði, einkum að ákveða, annars vegar, nákvæma skilgreiningu á viðkomandi broti og undanþágutilvik frá því, sem er efni tilskipunar ráðsins 2002/90/EB frá 28. nóvember 2002 um skilgreiningu á aðstoð við óheimila komu manna til lands, gegnumferð þeirra og búsetu[3], og setja, hins vegar, lágmarksreglur um viðurlög, skaðabótaábyrgð lögaðila og lögsögu og er það efni þessarar rammaákvörðunar.

4) Jafnframt er brýnt að takmarka hugsanlegar aðgerðir ekki aðeins við einstaklinga heldur kveða einnig á um ráðstafanir í tengslum við skaðabótaábyrgð lögaðila.

5) Þessi rammaákvörðun kemur til viðbótar öðrum gerningum sem samþykktir hafa verið til að berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks, ólöglegri atvinnustarfsemi, mansali og kynlífsnotkun á börnum.

6) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi rammaákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[4], sem falla innan sviðsins sem um getur í E-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[5].

7) Breska konungsríkið tekur þátt í þessari rammaákvörðun í samræmi við 5. gr. bókunarinnar sem fellir Schengen-gerðirnar inn í lagaramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 8. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[6].

both in connection with unauthorised crossing of the border in the strict sense and for the purpose of sustaining networks which exploit human beings.

(3) To that end it is essential to approximate existing legal provisions, in particular, on the one hand, the precise definition of the infringement in question and the cases of exemption, which is the subject of Council Directive 2002/90/EC of 28 November 2002 defining the facilitation of unauthorised entry, transit and residence[3] and, on the other hand, minimum rules for penalties, liability of legal persons and jurisdiction, which is the subject of this framework Decision.

(4) It is likewise essential not to confine possible actions to natural persons only but to provide for measures relating to the liability of legal persons.

(5) This framework Decision supplements other instruments adopted in order to combat illegal immigration, illegal employment, trafficking in human beings and the sexual exploitation of children.

(6) As regards Iceland and Norway, this framework Decision constitutes a development of provisions of the Schengen *acquis* within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*[4], which fall within the area referred to in Article 1(E) of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[5].

(7) The United Kingdom is taking part in this framework Decision in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen *acquis* into the framework of the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, and Article 8(2) of Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen *acquis*[6].

---

[3] Stjtíð. EB L 328, 5.12.2002, bls. 17.
[4] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
[5] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
[6] Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

[3] See page 17 of this Official Journal.
[4] OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
[5] OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
[6] OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.

8) Írland tekur þátt í þessari rammaákvörðun í samræmi við 5. gr. bókunarinnar sem fellir Schengen-gerðirnar inn í lagaramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[7].

SAMÞYKKT RAMMAÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.
Viðurlög.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við brotum, sem skilgreind eru í 1. og 2. gr. tilskipunar 2002/92/EB, séu refsiviðurlög sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot, letjandi og geta haft í för með sér framsal.
2. Eftirfarandi hliðarráðstafanir geta fylgt refsiviðurlögunum í 1. mgr. þar sem við á:

   - farartækið, sem notað var til að fremja brotið, er gert upptækt,
   - bann er lagt við því að atvinnustarfsemin, sem brotið var framið í tengslum við, sé stunduð beint eða fyrir tilstilli milligöngumanns,
   - viðkomandi er vísað úr landi.

3. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þegar brotin, sem skilgreind eru í a-lið 1. mgr. 1. gr., og, að því marki sem við á, a-lið 2. gr. tilskipunar 2002/90/EB, eru framin í hagnaðarskyni varði þau refsingu sem er frjálsræðissvipting að hámarki í a.m.k. átta ár ef annað hvort af eftirfarandi á við:

   - brotið var framið sem hluti af starfsemi ólögmætra samtaka, eins og skilgreint er í sameiginlegum aðgerðum ráðsins 98/733/DIM[8],
   - lífi þeirra, sem brotið snerist um, var stofnað í hættu á meðan brotið var framið.

4. Sé slíkt brýnt til að varðveita einsleitni innlends refsifullnustukerfis skulu aðgerðirnar, sem skilgreindar eru í 3. mgr., varða refsingu sem er frjálsræðissvipting að hámarki í a.m.k.

[7] Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.
[8] Stjtíð. EB L 351, 29.12.1998, bls. 1.

(8) Ireland is taking part in this framework Decision in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen *acquis* into the framework of the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, and Article 6(2) of Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen *acquis*[7],

HAS ADOPTED THIS FRAMEWORK DECISION:

Article 1
Penalties

1. Each Member State shall take the measures necessary to ensure that the infringements defined in Articles 1 and 2 of Directive 2002/90/EC are punishable by effective, proportionate and dissuasive criminal penalties which may entail extradition.
2. Where appropriate, the criminal penalties covered in paragraph 1 may be accompanied by the following measures:
   - confiscation of the means of transport used to commit the offence,
   - a prohibition on practising directly or through an intermediary the occupational activity in the exercise of which the offence was committed,
   - deportation.
3. Each Member State shall take the measures necessary to ensure that, when committed for financial gain, the infringements defined in Article 1(1)(a) and, to the extent relevant, Article 2(a) of Directive 2002/90/EC are punishable by custodial sentences with a maximum sentence of not less than eight years where they are committed in any of the following circumstances:
   - the offence was committed as an activity of a criminal organisation as defined in Joint Action 98/733/JHA[8],
   - the offence was committed while endangering the lives of the persons who are the subject of the offence.
4. If imperative to preserve the coherence of the national penalty system, the actions defined in paragraph 3 shall be punishable by custodial sentences with a maximum sentence of

[7] OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.
[8] OJ L 351, 29.12.1998, p. 1.

sex ár, að því tilskildu að þar sé um að ræða eina þyngstu hámarksrefsingu fyrir sambærileg brot.

2. gr.
Skaðabótaábyrgð lögaðila.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar fyrir brot sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og sem einstaklingur, sem annaðhvort kemur fram á eigin vegum eða sem hluti af einingu innan lögaðila og sem gegnir stjórnunarstöðu hjá lögaðila, fremur í þágu hans á grundvelli:
   - umboðs til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,
   - heimildar til ákvarðanatöku fyrir hönd lögaðilans, eða
   - heimildar til að annast innra eftirlit hjá lögaðilanum.
2. Auk þeirra tilvika, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal hvert aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar ef skortur á eftirliti eða umsjón af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., hefur gert einstaklingi á vegum lögaðilans kleift að fremja brotin, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., í þágu hans.

3. Skaðabótaskylda lögaðila, skv. 1. og 2. mgr., skal ekki útiloka að hafin verði meðferð sakamáls á hendur einstaklingum sem fremja, eru hvatamenn að eða vitorðsmenn í þeim brotum sem um getur í 1. mgr.

3. gr.
Viðurlög sem lögaðilar sæta.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögaðilar, sem dregnir eru til ábyrgðar skv. 1. mgr. 2. gr., sæti viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi, þar á meðal sektir eða stjórnvaldssektir og að þeir geti sætt öðrum viðurlögum, svo sem:
   a) sviptingu réttar til bóta eða aðstoðar frá hinu opinbera,
   b) tímabundinni eða varanlegri sviptingu réttar til að stunda viðskipti,
   c) því að vera látinn sæta eftirliti réttarvörslu,
   d) félagsslitum af hendi réttarvörsluaðila.
2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögaðilar, sem

not less than six years, provided that it is among the most severe maximum sentences available for crimes of comparable gravity.

Article 2
Liability of legal persons

1. Each Member State shall take the measures necessary to ensure that legal persons can be held liable for the infringements referred to in Article 1(1) and which are committed for their benefit by any person, acting either individually or as part of an organ of the legal person, who has a leading position within the legal person, based on:
   - a power of representation of the legal person,
   - an authority to take decisions on behalf of the legal person, or
   - an authority to exercise control within the legal person.
2. Apart from the cases already provided for in paragraph 1, each Member State shall take the necessary measures to ensure that a legal person can be held liable where the lack of supervision or control by a person referred to in paragraph 1 has made possible the commission of the infringements referred to in Article 1(1) for the benefit of that legal person by a person under its authority.
3. Liability of a legal person under paragraphs 1 and 2 shall not exclude criminal proceedings against natural persons who are perpetrators or instigators of or accessories in the offences referred to in paragraph 1.

Article 3
Sanctions for legal persons

1. Each Member State shall take the measures necessary to ensure that a legal person held liable pursuant to Article 2(1) is punishable by effective, proportionate and dissuasive sanctions, which shall include criminal or non-criminal fines and may include other sanctions such as:
   (a) exclusion from entitlement to public benefits or aid;
   (b) temporary or permanent disqualification from the practice of commercial activities;
   (c) placing under judicial supervision;
   (d) a judicial winding-up order.
2. Each Member State shall take the measures necessary to ensure that a legal person held

dregnir eru til ábyrgðar skv. 2. mgr. 2. gr., sæti viðurlögum eða ráðstöfunum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

4. gr.
Lögsaga.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afla sér lögsögu varðandi brotin sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og framin eru

   a) að öllu leyti eða að hluta til á yfirráðasvæði þess,
   b) af ríkisborgara þess, eða
   c) í þágu lögaðila með staðfestu á yfirráðasvæði þess.

2. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. getur hvert aðildarríki ákveðið að beita ekki eða beita aðeins í sérstökum tilvikum eða við sérstakar aðstæður lögsögureglunni sem sett er fram í:

   – b-lið 1. mgr.,
   – c-lið 1. mgr.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra ráðsins skriflega um það ef það ákveður að beita 2. mgr. og tilgreina, ef við á, þær sérstöku aðstæður eða þau skilyrði sem ákvörðunin gildir um.

5. gr.
Framsal sakamanna og lögsókn.

1. a) Hvert aðildarríki, sem framselur ekki ríkisborgara sína samkvæmt eigin lögum, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afla sér lögsögu yfir brotunum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., ef ríkisborgarar þess fremja slík brot utan yfirráðasvæðis þess.

   b) Hvert aðildarríki skal, þegar ríkisborgari þess er sakaður um að hafa framið brot, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., í öðru aðildarríki, og það framselur viðkomandi einstakling ekki til þess aðildarríkis af ástæðum sem varða eingöngu ríkisfang hans, vísa málinu til lögbærra yfirvalda sinna með lögsókn fyrir augum ef við á. Til að lögsókn geti farið fram skal senda skýrslur, upplýsingar og sönnunargögn, tengd brotinu, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna frá 13. desember 1957. Ríkinu,

liable pursuant to Article 2(2) is punishable by effective, proportionate and dissuasive sanctions or measures.

Article 4
Jurisdiction

1. Each Member State shall take the measures necessary to establish its jurisdiction with regard to the infringements referred to in Article 1 and committed
   (a) in whole or in part within its territory;

   (b) by one of its nationals, or
   (c) for the benefit of a legal person established in the territory of that Member State.

2. Subject to the provisions of Article 5, any Member State may decide that it will not apply, or that it will apply only in specific cases or circumstances, the jurisdiction rule set out in:
   – paragraph 1(b),
   – paragraph 1(c).

3. Each Member State shall inform the Secretary-General of the Council in writing if it decides to apply paragraph 2, where appropriate with an indication of the specific circumstances or conditions in which its decision applies.

Article 5
Extradition and prosecution

1. (a) Any Member State which, under its law, does not extradite its own nationals shall take the necessary measures to establish its jurisdiction over the infringements referred to in Article 1(1) when such infringements are committed by its own nationals outside its territory.
   (b) Each Member State shall, when one of its nationals is alleged to have committed in another Member State the infringements referred to in Article 1(1) and it does not extradite that person to that other Member State solely on the ground of his nationality, submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution, if appropriate. In order to enable prosecution to take place, the files, information and exhibits relating to the offence shall be transmitted in accordance with the procedures laid down in Article 6(2) of the European Convention

sem leggur fram beiðni, skal tilkynnt um að lögsókn sé hafin og um niðurstöður hennar.

2. Að því er varðar þessa grein skal hugtakið „ríkisborgari“ aðildarríkis túlkað í samræmi við hverja þá yfirlýsingu sem það ríki kann að hafa gefið skv. b- og c-liðum 1. mgr. 6. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna, eins og henni hefur verið breytt, eftir því sem við á, með hverjum þeim yfirlýsingum sem gerðar hafa verið varðandi samninginn um framsal sakamanna milli aðildarríkja Evrópusambandsins[9].

6. gr.
Alþjóðalög um flóttamenn.

Rammaákvörðun þessi gildir með fyrirvara um þá vernd sem veitt er flóttamönnum og umsækjendum um hæli í samræmi við alþjóðalög um flóttamenn eða aðra alþjóðlega gerninga er tengjast mannréttindum, einkum því hvort aðildarríkin standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, skv. 31. og 33. gr. samningsins um réttarstöðu flóttamanna eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 1967.

7. gr.
Upplýsingaskipti milli aðildarríkja.

1. Sé aðildarríki tilkynnt um brot, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., gegn lögum annars aðildarríkis um komu og búsetu útlendinga skal það tilkynna síðarnefnda aðildarríkinu um það.

2. Hvert aðildarríki sem fer fram á það, á grundvelli brots á lögum þess um komu og búsetu útlendinga, að annað aðildarríki hefji lögsókn vegna brota sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal tilgreina hvaða ákvæði í lögum þess hafa verið brotin og skal það gert í opinberri skýrslu eða vottorði frá lögbærum yfirvöldum.

8. gr.
Svæðisbundið gildissvið.

Rammaákvörðun þessi gildir um Gíbraltar.

[9] Stjtíð. EB C 313, 23.10.1996, bls. 12.

on Extradition of 13 December 1957. The requesting Member State shall be informed of the prosecution initiated and of its outcome.

2. For the purpose of this Article, a "national" of a Member State shall be construed in accordance with any declaration made by that State under Article 6(1)(b) and (c) of the European Convention on Extradition, where appropriate as amended by any declarations made with respect to the Convention relating to extradition between the Member States of the European Union[9].

Article 6
International law on refugees

This framework Decision shall apply without prejudice to the protection afforded refugees and asylum seekers in accordance with international law on refugees or other international instruments relating to human rights, in particular Member States' compliance with their international obligations pursuant to Articles 31 and 33 of the 1951 Convention relating to the status of refugees, as amended by the Protocol of New York of 1967.

Article 7
Communication of information between the Member States

1. If a Member State is informed of infringements referred to in Article 1(1) which are in breach of the law on the entry and residence of aliens of another Member State, it shall inform the latter accordingly.
2. Any Member State which requests another Member State to prosecute, on the grounds of a breach of its own laws on the entry and residence of aliens, infringements referred to in Article 1(1) must specify, by means of an official report or a certificate from the competent authorities, the provisions of its law which have been breached.

Article 8
Territorial application

This framework Decision shall apply to Gibraltar.

[9] OJ C 313, 23.10.1996, p. 12.

9. gr.
Framkvæmd.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar rammaákvörðunar fyrir 5. desember 2004.

2. Fyrir sama dag skulu aðildarríkin senda aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni texta ákvæða sem leiða í landslög þeirra þær skuldbindingar sem þessi rammaákvörðun leggur þeim á herðar. Á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni, sem byggð er á þessum upplýsingum, skal ráðið meta fyrir 5. júní 2005 í hve miklum mæli aðildarríkin hafa uppfyllt ákvæði þessarar rammaákvörðunar.

10. gr.
Niðurfelling.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 27. gr. Schengen-samningsins frá 1990 eru felld niður frá og með 5. desember 2004. Ef aðildarríki kemur rammaákvörðun þessari til framkvæmda, skv. 1. mgr. 9. gr., fyrir þann dag gilda áðurnefnd ákvæði ekki lengur um það aðildarríki frá og með þeim degi sem hún kemur til framkvæmda.

11. gr.
Gildistaka.

Rammaákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

B. HAARDER
forseti.

Article 9
Implementation

1. Member States shall adopt the measures necessary to comply with the provisions of this framework Decision before 5 December 2004.
2. By the same date, Member States shall transmit to the General Secretariat of the Council and to the Commission the text of the provisions transposing into their national law the obligations imposed on them by this framework Decision. On the basis of a report established using this information by the Commission, the Council shall, before 5 June 2005, assess the extent to which Member States have complied with the provisions of this framework Decision.

Article 10
Repeal

The provisions of Article 27(2) and (3) of the 1990 Schengen Convention shall be repealed as from 5 December 2004. Where a Member State implements this framework Decision pursuant to Article 9(1) in advance of that date, the said provisions shall cease to apply to that Member State from the date of implementation.

Article 11
Entry into force

This framework Decision shall enter into force on the day of its publication in the Official Journal.

Done at Brussels, 28 November 2002.

For the Council

B. HAARDER
The President

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 11. mars 2003 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á tilskipun ráðsins nr. 2002/90/EB frá 28. nóvember 2002, um skilgreiningu á aðstoð við óheimila komu manna til lands, gegnumferð þeirra og búsetu, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. mars 2003.

Tilskipunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2002/90/EB frá 28. nóvember 2002 um skilgreiningu á aðstoð við óheimila komu manna til lands, gegnumferð þeirra og búsetu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum a-lið 61. gr. og b-lið 3. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Frakklands[1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins[2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eitt af markmiðum Evrópusambandsins er að koma smám saman á svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti, sem merkir m.a. að berjast verður gegn ólöglegum innflutningi fólks.

2) Þar af leiðandi ber að gera ráðstafanir til að berjast gegn aðstoð við ólöglegan innflutning fólks, bæði við að komast ólöglega yfir landamæri, í strangasta skilningi, og sem miðar að því að halda úti hringjum sem misnota fólk.

[1] Stjtíð. EB C 253, 4.9.2000, bls. 1.
[2] Stjtíð. EB C 276, 1.10.2001, bls. 244.

COUNCIL DIRECTIVE 2002/90/EC of 28 November 2002 defining the facilitation of unauthorised entry, transit and residence

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION, Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 61(a) and Article 63(3)(b) thereof,

Having regard to the initiative of the French Republic[1],

Having regard to the opinion of the European Parliament[2],

Whereas:

(1) One of the objectives of the European Union is the gradual creation of an area of freedom, security and justice, which means, *inter alia*, that illegal immigration must be combated.

(2) Consequently, measures should be taken to combat the aiding of illegal immigration both in connection with unauthorised crossing of the border in the strict sense and for the purpose of sustaining networks which exploit human beings.

[1] OJ C 253, 4.9.2000, p. 1.
[2] OJ C 276, 1.10.2001, p. 244.

3) Því er brýnt að samræma gildandi lagaákvæði, einkum að ákveða, annars vegar, nákvæma skilgreiningu á viðkomandi broti og undanþágutilvik frá því, sem er efni þessarar tilskipunar, og setja, hins vegar, lágmarksreglur um viðurlög, skaðabótaábyrgð lögaðila og lögsögu, sem er efni rammaákvörðunar ráðsins 2002/946/DIM frá 28. nóvember 2002 um að herða refsirammann til að koma í veg fyrir aðstoð við óheimila komu manna til lands, gegnumferð þeirra og búsetu[3].

4) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að setja fram skilgreiningu á aðstoð við ólöglegan innflutning fólks og gera þannig beitingu rammatilskipunar 2002/946/DIM skilvirkari til þess að koma í veg fyrir þetta brot.

5) Þessi tilskipun kemur til viðbótar öðrum gerningum sem samþykktir hafa verið til að berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks, ólöglegri atvinnustarfsemi, mansali og kynlífsnotkun á börnum.

6) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi tilskipun vera þróun á ákvæðum Schengengerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[4], sem falla innan sviðsins sem um getur í E-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[5].

7) Breska konungsríkið og Írland taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar tilskipunar í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálanna.

8) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi tilskipun byggist á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks þriðja hluta stofnsáttmála

(3) To that end it is essential to approximate existing legal provisions, in particular, on the one hand, the precise definition of the infringement in question and the cases of exemption, which is the subject of this Directive and, on the other hand, minimum rules for penalties, liability of legal persons and jurisdiction, which is the subject of Council framework Decision 2002/946/JHA of 28 November 2002 on the strengthening of the penal framework to prevent the facilitation of unauthorised entry, transit and residence[3].

(4) The purpose of this Directive is to provide a definition of the facilitation of illegal immigration and consequently to render more effective the implementation of framework Decision 2002/946/JHA in order to prevent that offence.

(5) This Directive supplements other instruments adopted in order to combat illegal immigration, illegal employment, trafficking in human beings and the sexual exploitation of children.

(6) As regards Iceland and Norway, this Directive constitutes a development of provisions of the Schengen *acquis* within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*[4], which fall within the area referred to in Article 1(E) of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[5].

(7) The United Kingdom and Ireland are taking part in the adoption and application of this Directive in accordance with the relevant provisions of the Treaties.

(8) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Directive and is not bound by it or subject to its application. Given that this Directive builds upon the Schengen *acquis* under the provisions of Title IV of

[3] Stjtíð. EB L 328, 5.12.2002, bls. 1.
[4] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
[5] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

[3] See page 1 of this Official Journal.
[4] OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
[5] OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt tilskipun þessa hvort hún taki hana upp í landslög.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Almennt brot.

1. Hvert aðildarríki skal taka upp viðeigandi viðurlög gagnvart:
   a) hverjum þeim sem, af ásettu ráði, aðstoðar einstakling, sem ekki er ríkisborgari aðildarríkis, við að komast inn á yfirráðasvæði aðildarríkis eða fara í gegnum það, og brýtur þannig lög viðkomandi ríkis um komu eða gegnumför útlendinga,
   b) hverjum þeim sem, í hagnaðarskyni og af ásettu ráði, aðstoðar einstakling, sem ekki er ríkisborgari aðildarríkis, við að setjast að á yfirráðasvæði aðildarríkis og brýtur þannig lög viðkomandi ríkis um búsetu útlendinga.
2. Hvert aðildarríki getur ákveðið að beita ekki viðurlögum við því athæfi sem skilgreint er í a-lið 1. mgr., með því að beita innlendum lögum og venjum í tilvikum þar sem markmið athæfisins er að veita viðkomandi einstaklingi mannúðaraðstoð.

2. gr.

Hvatning, þátttaka og tilraunir.

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurlögin, sem um getur í 1. gr., gildi einnig um hvern þann sem:

a) er hvatamaður að,
b) er samsekur um, eða
c) gerir tilraun til að fremja

brot eins og um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 1. gr.

3. gr.

Viðurlög.

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að um brotin, sem um getur í 1. og 2. gr., gildi viðurlög sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Directive whether it will implement it in its national law,

HAS ADOPTED THIS DIRECTIVE:

Article 1

General infringement

1. Each Member State shall adopt appropriate sanctions on:
   (a) any person who intentionally assists a person who is not a national of a Member State to enter, or transit across, the territory of a Member State in breach of the laws of the State concerned on the entry or transit of aliens;

   (b) any person who, for financial gain, intentionally assists a person who is not a national of a Member State to reside within the territory of a Member State in breach of the laws of the State concerned on the residence of aliens.
2. Any Member State may decide not to impose sanctions with regard to the behaviour defined in paragraph 1(a) by applying its national law and practice for cases where the aim of the behaviour is to provide humanitarian assistance to the person concerned.

Article 2

Instigation, participation and attempt

Each Member State shall take the measures necessary to ensure that the sanctions referred to in Article 1 are also applicable to any person who:
(a) is the instigator of,
(b) is an accomplice in, or
(c) attempts to commit
an infringement as referred to in Article 1(1)(a) or (b).

Article 3

Sanctions

Each Member State shall take the measures necessary to ensure that the infringements referred to in Articles 1 and 2 are subject to effective, proportionate and dissuasive sanctions.

4. gr.
Framkvæmd.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög, reglugerðir og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 5. desember 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
   Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til, ásamt töflu sem sýnir samsvörun ákvæða þessarar tilskipunar og innlendra ákvæða sem samþykkt hafa verið. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

5. gr.
Niðurfelling.

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. Schengen-samningsins frá 1990 eru felld niður frá og með 5. desember 2004. Ef aðildarríki kemur tilskipun þessari til framkvæmda fyrir þann dag, skv. 1. mgr. 4. gr., gildir framangreint ákvæði ekki lengur um það aðildarríki frá og með þeim degi sem tilskipunin kemur til framkvæmda.

6. gr.
Gildistaka.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

7. gr.
Viðtakendur.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

B. HAARDER
forseti.

Article 4
Implementation

1. Member States shall bring into force the laws, regulations and administrative provisions necessary to comply with this Directive before 5 December 2004. They shall forthwith inform the Commission thereof.
   When Member States adopt these measures, they shall contain a reference to this Directive or shall be accompanied by such reference on the occasion of their official publication. The methods of making such a reference shall be laid down by the Member States.
2. Member States shall communicate to the Commission the text of the main provisions of their national law which they adopt in the field covered by this Directive, together with a table showing how the provisions of this Directive correspond to the national provisions adopted. The Commission shall inform the other Member States thereof.

Article 5
Repeal

Article 27(1) of the 1990 Schengen Convention shall be repealed as from 5 December 2004. Where a Member State implements this Directive pursuant to Article 4(1) in advance of that date, the said provision shall cease to apply to that Member State from the date of implementation.

Article 6
Entry into force

This Directive shall enter into force on the day of its publication in the Official Journal of the European Communities.

Article 7
Addressees

This Directive is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 28 November 2002.

For the Council
The President

B. HAARDER

AUGLÝSING

um yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. 94. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja.

Hinn 12. mars 2003 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent yfirlýsing Íslands samkvæmt 1. mgr. 94. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja frá 11. apríl 1980, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/2001 þar sem sáttmálinn er birtur. Samkvæmt yfirlýsingunni gildir sáttmálinn ekki um samninga um sölu eða gerð þeirra þar sem aðilar hafa starfsstofu í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi eða Svíþjóð.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

1. apríl 2003 Nr. 9

AUGLÝSING

um Evrópusamning um ríkisfang.

Hinn 26. mars 2003 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um ríkisfang sem gerður var í Strassborg 6. nóvember 1997. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR um ríkisfang.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki, sem hafa undirritað samning þennan,

telja að markmið Evrópuráðsins sé að efla einingu meðal aðildarríkja þess,

hafa í huga mikinn fjölda alþjóðlegra gerninga um ríkisfang, margfalt ríkisfang og ríkisfangsleysi,

viðurkenna að í málum, er varða ríkisfang, ber

EUROPEAN CONVENTION on Nationality

The member States of the Council of Europe and the other States signatory to this Convention,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity between its members;

Bearing in mind the numerous international instruments relating to nationality, multiple nationality and statelessness;

Recognising that, in matters concerning

að taka tillit til lögmætra hagsmuna ríkja jafnt sem einstaklinga,

vilja stuðla að því að meginreglur laga um ríkisfang séu mótaðar í áföngum og teknar upp í landslög og vilja forðast, eftir því sem kostur er, að fólk sé ríkisfangslaust,

vilja forðast mismunun í málum sem varða ríkisfang,

gera sér grein fyrir réttinum til friðhelgi fjölskyldunnar eins og hann er settur fram í 8. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis,

veita því athygli að ríki hafa mismunandi afstöðu til margfalds ríkisfangs og viðurkenna að sérhvert ríki er frjálst að því að ákveða hvaða afleiðingar það hefur samkvæmt landslögum að ríkisborgari þess fær eða hefur annað ríkisfang,

eru einhuga um að æskilegt sé að finna viðunandi lausn á þeim vanda sem fylgir margföldu ríkisfangi, einkum að því er varðar réttindi og skyldur þeirra sem hafa margfalt ríkisfang,

telja æskilegt að einstaklingum, sem hafa ríkisborgararétt í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, beri einungis að gegna herþjónustu í einu þeirra,

telja þörf á að stuðla að samstarfi landsyfirvalda, sem fara með mál er varða ríkisfang, á alþjóðavísu,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
Almenn atriði.

1. gr.
Markmið samningsins.

Í samningi þessum eru settar meginreglur og ákvæði um ríkisfang einstaklinga og ákvæði um herskyldu manna með margfalt ríkisfang sem landslög aðildarríkja skulu fara saman við.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „ríkisfang“ merkir réttarfarsleg tengsl milli einstaklings og ríkis en gefur ekki til kynna þjóðerni viðkomandi einstaklings;
b) „margfalt ríkisfang“ merkir að einn og sami einstaklingur hefur ríkisborgararétt í tveimur eða fleiri ríkjum samtímis;

nationality, account should be taken both of the legitimate interests of States and those of individuals;

Desiring to promote the progressive development of legal principles concerning nationality, as well as their adoption in internal law and desiring to avoid, as far as possible, cases of statelessness;

Desiring to avoid discrimination in matters relating to nationality;

Aware of the right to respect for family life as contained in Article 8 of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms;

Noting the varied approach of States to the question of multiple nationality and recognising that each State is free to decide which consequences it attaches in its internal law to the fact that a national acquires or possesses another nationality;

Agreeing on the desirability of finding appropriate solutions to consequences of multiple nationality and in particular as regards the rights and duties of multiple nationals;

Considering it desirable that persons possessing the nationality of two or more States Parties should be required to fulfil their military obligations in relation to only one of those Parties;

Considering the need to promote international co-operation between the national authorities responsible for nationality matters,

Have agreed as follows:

CHAPTER I
General matters

Article 1
Object of the Convention

This Convention establishes principles and rules relating to the nationality of natural persons and rules regulating military obligations in cases of multiple nationality, to which the internal law of States Parties shall conform.

Article 2
Definitions

For the purpose of this Convention:

a. "nationality" means the legal bond between a person and a State and does not indicate the person's ethnic origin;
b. "multiple nationality" means the simultaneous possession of two or more nationalities by the same person;

c) „barn“ merkir sérhvern einstakling undir 18 ára aldri, nema lögræðisaldur sé lægri samkvæmt þeim lögum sem gilda um barnið;
d) „landslög“ merkir hvers konar ákvæði landsréttar, meðal annars stjórnarskrár, löggjafar, reglugerða, úrskurða, fordæmisréttar, reglna venjuréttar, framkvæmdar og reglna sem leiðir af bindandi alþjóðlegum gerningum.

c. "child" means every person below the age of 18 years unless, under the law applicable to the child, majority is attained earlier;
d. "internal law" means all types of provisions of the national legal system, including the constitution, legislation, regulations, decrees, case-law, customary rules and practice as well as rules deriving from binding international instruments.

II. KAFLI
Meginreglur um ríkisfang.

3. gr.
Lögsaga ríkisins.

1. Sérhvert ríki skal ákveða með lögum hverjir eru ríkisborgarar þess.
2. Önnur ríki skulu viðurkenna slík lög, enda séu þau í samræmi við gildandi milliríkjasamninga, þjóðréttarvenju og þær meginreglur laga um ríkisfang sem hlotið hafa almenna viðurkenningu.

4. gr.
Meginreglur.

Byggja skal reglur hvers aðildarríkis um ríkisfang á eftirfarandi meginreglum:
a) allir eiga rétt á ríkisfangi;
b) forðast ber að einstaklingar séu ríkisfangslausir;
c) engan má svipta ríkisfangi með handahófskenndum hætti;
d) hvorki hjónaband ríkisborgara aðildarríkis og útlendings né skilnaður þeirra, né heldur breytt ríkisfang annars hjóna meðan hjónaband er í gildi, skal hafa sjálfkrafa áhrif á ríkisfang hins makans.

5. gr.
Bann við mismunun.

1. Í reglum aðildarríkis um ríkisfang er óheimilt að gera nokkurn greinarmun eða kveða á um nokkra þá málsmeðferð sem jafngildir mismunun á grundvelli kynferðis, trúarbragða, kynþáttar, litarháttar, upprunalands eða þjóðernis.
2. Sérhvert aðildarríki skal hafa meginregluna um bann við mismunun að leiðarljósi að því er varðar ríkisborgara sína, hvort sem þeir hafa haft ríkisfang þar frá fæðingu eða fengið það síðar.

CHAPTER II
General principles relating to nationality

Article 3
Competence of the State

1. Each State shall determine under its own law who are its nationals.
2. This law shall be accepted by other States in so far as it is consistent with applicable international conventions, customary international law and the principles of law generally recognised with regard to nationality.

Article 4
Principles

The rules on nationality of each State Party shall be based on the following principles:
a. everyone has the right to a nationality;
b. statelessness shall be avoided;
c. no one shall be arbitrarily deprived of his or her nationality;
d. neither marriage nor the dissolution of a marriage between a national of a State Party and an alien, nor the change of nationality by one of the spouses during marriage, shall automatically affect the nationality of the other spouse.

Article 5
Non-discrimination

1. The rules of a State Party on nationality shall not contain distinctions or include any practice which amount to discrimination on the grounds of sex, religion, race, colour or national or ethnic origin.
2. Each State Party shall be guided by the principle of non-discrimination between its nationals, whether they are nationals by birth or have acquired its nationality subsequently.

III. KAFLI
Reglur um ríkisfang.
6. gr.
Veiting ríkisborgararéttar.

1. Í landslögum sérhvers aðildarríkis skal kveðið á um að eftirtaldir einstaklingar skuli öðlast ríkisfang í landinu að lögum:
   a) börn sem við fæðingu eiga foreldri, sem hefur ríkisfang í því aðildarríki, með fyrirvara um undantekningar sem landslög kunna að kveða á um að því er varðar börn fædd erlendis. Sérhverju aðildarríki er heimilt, þegar skorið er úr um hverjir foreldrar barns eru með viðurkenningu af þeirra hálfu, dómsúrskurði eða annarri hliðstæðri málsmeðferð, að kveða á um að barnið skuli öðlast ríkisfang sitt að lokinni þeirri málsmeðferð sem landslög mæla fyrir um;
   b) nýburar sem finnast á landsvæði þess og væru að öðrum kosti ríkisfangslausir.
2. Í landslögum sérhvers aðildarríkis skulu vera ákvæði um að börn, sem fæðast á landsvæði þess og öðlast ekki annað ríkisfang við fæðingu, öðlist ríkisfang í landinu. Veita ber þess konar ríkisborgararétt:
   a) að lögum við fæðingu; eða
   b) síðar, þeim börnum sem eru ríkisfangslaus, eftir að hlutaðeigandi barn, eða einhver fyrir þess hönd, hefur borið fram umsókn hjá þar til bæru yfirvaldi með þeim hætti sem landslög aðildarríkisins mæla fyrir um. Fyrrnefnd umsókn getur verið háð því skilyrði að umsækjandinn hafi haft löglega og fasta búsetu á landsvæði ríkisins á næstliðnum árum áður en umsóknin er borin fram, í allt að fimm ár.
3. Í landslögum sérhvers aðildarríkis skulu vera ákvæði um að unnt sé að veita einstaklingum, sem hafa löglega og fasta búsetu á landsvæði þess, ríkisborgararétt. Aðildarríki skal, er setja á skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, eigi kveða á um búsetu lengur en tíu ár áður en umsókn er borin fram.
4. Sérhvert aðildarríki skal með lagasetningu auðvelda eftirtöldum einstaklingum að öðlast ríkisfang í því:
   a) mökum ríkisborgara aðildarríkisins;
   b) börnum ríkisborgara aðildarríkisins sem undantekningarákvæðið í a-lið 1. mgr. 6. gr. gildir um;
   c) börnum sem eiga foreldri sem öðlast eða hefur öðlast ríkisfang í því;

CHAPTER III
Rules relating to nationality
Article 6
Acquisition of nationality

1. Each State Party shall provide in its internal law for its nationality to be acquired ex lege by the following persons:
   a. children one of whose parents possesses, at the time of the birth of these children, the nationality of that State Party, subject to any exceptions which may be provided for by its internal law as regards children born abroad. With respect to children whose parenthood is established by recognition, court order or similar procedures, each State Party may provide that the child acquires its nationality following the procedure determined by its internal law;
   b. foundlings found in its territory who would otherwise be stateless.
2. Each State Party shall provide in its internal law for its nationality to be acquired by children born on its territory who do not acquire at birth another nationality. Such nationality shall be granted:
   a. at birth ex lege; or
   b. subsequently, to children who remained stateless, upon an application being lodged with the appropriate authority, by or on behalf of the child concerned, in the manner prescribed by the internal law of the State Party. Such an application may be made subject to the lawful and habitual residence on its territory for a period not exceeding five years immediately preceding the lodging of the application.
3. Each State Party shall provide in its internal law for the possibility of naturalisation of persons lawfully and habitually resident on its territory. In establishing the conditions for naturalisation, it shall not provide for a period of residence exceeding ten years before the lodging of an application.
4. Each State Party shall facilitate in its internal law the acquisition of its nationality for the following persons:
   a. spouses of its nationals;
   b. children of one of its nationals, falling under the exception of Article 6, paragraph 1, sub-paragraph a;
   c. children one of whose parents acquires or has acquired its nationality;

d) börnum sem ríkisborgari aðildarríkisins ættleiðir;
e) einstaklingum sem eru fæddir á landsvæði aðildarríkisins og hafa þar löglega og fasta búsetu;
f) einstaklingum sem hafa löglega og fasta búsetu á landsvæði aðildarríkisins á tímabili sem hefst fyrir 18 ára aldur og skal kveðið á um lengd þess í landslögum þess;
g) ríkisfangslausum einstaklingum og viðurkenndum flóttamönnum sem hafa löglega og fasta búsetu á landsvæði aðildarríkisins.

7. gr.
Missir ríkisfangs að lögum eða að frumkvæði aðildarríkis.

1. Óheimilt er að kveða á um það í landslögum aðildarríkis að einstaklingur geti misst ríkisfangs í því að lögum eða að frumkvæði ríkisins, nema í eftirtöldum tilvikum:
   a) hann tekur sjálfviljugur upp annað ríkisfang;
   b) hann öðlast ríkisfang í aðildarríkinu með sviksamlegu athæfi, röngum upplýsingum eða með því að leyna staðreyndum sem máli skipta;
   c) hann gengur sjálfviljugur í erlendan her;
   d) hann gerist sekur um háttsemi sem er mjög skaðleg hagsmunum aðildarríkisins;
   e) engin raunveruleg tengsl eru milli aðildarríkisins og ríkisborgara þess sem hefur fasta búsetu erlendis;
   f) sannað þyki, meðan barn er ólögráða, að skilyrði þau, sem mælt er fyrir um í landslögum og leiddu til þess að barnið öðlaðist ríkisborgararétt í aðildarríkinu að lögum, séu ekki lengur uppfyllt;
   g) við ættleiðingu barns, fái barnið eða hafi erlent ríkisfang annars eða beggja kjörforeldra sinna.
2. Aðildarríki getur kveðið á um að börn missi ríkisfangs þess ef foreldrar þeirra missa þess, nema í þeim tilvikum sem um getur í c- og d-liðum 1. mgr. Þó skulu börn ekki missa fyrrnefnds ríkisfangs haldi annað foreldra þeirra því.
3. Aðildarríki er óheimilt að kveða í landslögum á um missi ríkisfangs í landinu skv. 1. og 2. mgr. verði hlutaðeigandi einstaklingur ríkisfangslaus við það, nema í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

d. children adopted by one of its nationals;
e. persons who were born on its territory and reside there lawfully and habitually;
f. persons who are lawfully and habitually resident on its territory for a period of time beginning before the age of 18, that period to be determined by the internal law of the State Party concerned;
g. stateless persons and recognised refugees lawfully and habitually resident on its territory.

Article 7
Loss of nationality ex lege or at the initiative of a State Party

1. A State Party may not provide in its internal law for the loss of its nationality ex lege or at the initiative of the State Party except in the following cases:
   a. voluntary acquisition of another nationality;
   b. acquisition of the nationality of the State Party by means of fraudulent conduct, false information or concealment of any relevant fact attributable to the applicant;
   c. voluntary service in a foreign military force;
   d. conduct seriously prejudicial to the vital interests of the State Party;
   e. lack of a genuine link between the State Party and a national habitually residing abroad;
   f. where it is established during the minority of a child that the preconditions laid down by internal law which led to the ex lege acquisition of the nationality of the State Party are no longer fulfilled;
   g. adoption of a child if the child acquires or possesses the foreign nationality of one or both of the adopting parents.
2. A State Party may provide for the loss of its nationality by children whose parents lose that nationality except in cases covered by sub-paragraphs c and d of paragraph 1. However, children shall not lose that nationality if one of their parents retains it.
3. A State Party may not provide in its internal law for the loss of its nationality under paragraphs 1 and 2 of this article if the person concerned would thereby become stateless, with the exception of the cases mentioned in paragraph 1, sub-paragraph b, of this article.

8. gr.
Missir ríkisfangs að frumkvæði hlutaðeigandi einstaklings.

1. Sérhvert aðildarríki skal heimila að einstaklingar afsali sér ríkisborgararétti í því, enda verði þeir ekki ríkisfangslausir við það.
2. Aðildarríki getur þó kveðið á um það í landslögum að þeir einir ríkisborgarar, sem hafa fasta búsetu erlendis, geti afsalað sér ríkisborgararétti sínum.

9. gr.
Endurheimt ríkisfangs.

Sérhvert aðildarríki skal, í þeim tilvikum og með þeim skilyrðum sem landslög kveða á um, greiða fyrir því að fyrrverandi ríkisborgarar, sem hafa löglega og fasta búsetu á landsvæði þess, geti endurheimt ríkisfang þess.

IV. KAFLI
Málsmeðferð vegna ríkisfangs.

10. gr.
Afgreiðsla umsókna.

Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að ekki verði óhóflegur dráttur á afgreiðslu umsókna um veitingu, viðhald, missi eða endurheimt ríkisfangs, eða útgáfu skilríkja til að votta ríkisfang þess.

11. gr.
Ákvarðanir.

Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að skriflegur rökstuðningur fylgi ákvörðunum um veitingu, viðhald, missi eða endurheimt ríkisfangs, eða útgáfu skilríkja til að votta ríkisfang þess.

12. gr.
Málskotsréttur.

Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að unnt sé að skjóta ákvörðunum um veitingu, viðhald, missi eða endurheimt ríkisfangs, eða útgáfu skilríkja til að votta ríkisfang þess, til stjórnvalds eða dómsvalds í samræmi við landslög.

13. gr.
Þóknun.

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að þóknun vegna veitingar, viðhalds, missis eða endurheimtar ríkisfangs, eða útgáfu skilríkja til að votta ríkisfang þess, sé sanngjörn.
2. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að þóknun vegna málskots til stjórnvalds eða dómsvalds sé umsækjendum ekki til trafala.

Article 8
Loss of nationality at the initiative of the individual

1. Each State Party shall permit the renunciation of its nationality provided the persons concerned do not thereby becomes stateless.
2. However, a State Party may provide in its internal law that renunciation may be effected only by nationals who are habitually resident abroad.

Article 9
Recovery of nationality

Each State Party shall facilitate, in the cases and under the conditions provided for by its internal law, the recovery of its nationality by former nationals who are lawfully and habitually resident on its territory.

CHAPTER IV
Procedures relating to nationality

Article 10
Processing of applications

Each State Party shall ensure that applications relating to the acquisition, retention, loss, recovery or certification of its nationality be processed within a reasonable time.

Article 11
Decisions

Each State Party shall ensure that decisions relating to the acquisition, retention, loss, recovery or certification of its nationality contain reasons in writing.

Article 12
Right to a review

Each State Party shall ensure that decisions relating to the acquisition, retention, loss, recovery or certification of its nationality be open to an administrative or judicial review in conformity with its internal law.

Article 13
Fees

1. Each State Party shall ensure that the fees for the acquisition, retention, loss, recovery or certification of its nationality be reasonable.

2. Each State Party shall ensure that the fees for an administrative or judicial review be not an obstacle for applicants.

V. KAFLI
Margfalt ríkisfang.

14. gr.
Margfalt ríkisfang að lögum.

1. Aðildarríki skal heimila:
   a) að börn, sem öðlast sjálfkrafa ríkisfang í fleiri en einu ríki við fæðingu, haldi því;

   b) að ríkisborgarar þess hafi ríkisfang annars staðar þegar þeir öðlast slíkt ríkisfang sjálfkrafa með því að ganga í hjónaband.
2. Viðhald ríkisfangs, sem um getur í 1. mgr., er með fyrirvara um viðeigandi ákvæði 7. gr. samnings þessa.

15. gr.
Önnur hugsanleg tilvik þar sem um margfalt ríkisfang er að ræða.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki takmarka rétt aðildarríkis til þess að kveða á um það í landslögum hvort:

a) ríkisborgarar þess, sem öðlast eða hafa ríkisfang í öðru ríki, haldi ríkisfangi þess eða missi þess;
b) veiting eða viðhald ríkisfangs þess sé með fyrirvara um að hlutaðeigandi einstaklingur afsali sér öðru ríkisfangi eða missi þess.

16. gr.
Varðveisla fyrra ríkisfangs.

Aðildarríki er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir veitingu eða viðhaldi ríkisfangs þess að hlutaðeigandi einstaklingur afsali sér öðru ríkisfangi eða missi þess, sé slíkt afsal eða missir óhugsanlegur eða ósanngjarnt sé að krefjast hans.

17. gr.
Réttindi og skyldur í tengslum við margfalt ríkisfang.

1. Ríkisborgarar aðildarríkis, sem hafa annað ríkisfang, skulu hafa sömu réttindi og skyldur á landsvæði þess aðildarríkis, þar sem þeir eru búsettir, og aðrir ríkisborgarar þess.

2. Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á:
   a) reglur þjóðaréttar um vernd til handa sendi- og ræðiserindrekum sem aðildarríki veitir ríkisborgara sínum sem hefur samtímis annað ríkisfang;

   b) beitingu sérhvers aðildarríkis á reglum lagaskilaréttar þegar um ræðir margfalt ríkisfang.

CHAPTER V
Multiple nationality

Article 14
Cases of multiple nationality

1. A State Party shall allow:
   a. children having different nationalities acquired automatically at birth to retain these nationalities;
   b. its nationals to possess another nationality where this other nationality is automatically acquired by marriage.
2. The retention of the nationalities mentioned in paragraph 1 is subject to the relevant provisions of Article 7 of this Convention.

Article 15
Other possible cases of multiple nationality

The provisions of this Convention shall not limit the right of a State Party to determine in its internal law whether:

a. its nationals who acquire or possess the nationality of another State retain its nationality or lose it;
b. the acquisition or retention of its nationality is subject to the renunciation or loss of another nationality.

Article 16
Conservation of previous nationality

A State Party shall not make the renunciation or loss of another nationality a condition for the acquisition or retention of its nationality where such renunciation or loss is not possible or cannot reasonably be required.

Article 17
Rights and duties related to multiple nationality

1. Nationals of a State Party in possession of another nationality shall have, in the territory of that State Party in which they reside, the same rights and duties as other nationals of that State Party.
2. The provisions of this chapter do not affect:
   a. the rules of international law concerning diplomatic or consular protection by a State Party in favour of one of its nationals who simultaneously possesses another nationality;
   b. the application of the rules of private international law of each State Party in cases of multiple nationality.

VI. KAFLI
Ríkisfang þegar ríki tekur við af öðru ríki.

18. gr.
Meginreglur.

1. Að því er varðar ríkisfang, þegar ríki tekur við af öðru ríki, skal hvert hlutaðeigandi aðildarríki virða grundvallarreglur réttarríkisins, reglur um mannréttindi og þær meginreglur sem um getur í 4. og 5. gr. samnings þessa og í 2. mgr. þessarar greinar, einkum í því skyni að koma í veg fyrir ríkisfangsleysi.
2. Sérhvert hlutaðeigandi aðildarríki skal, þegar ákvörðun er tekin um það hvort veita skuli ríkisborgararétt eða viðhalda honum þegar ríki tekur við af öðru ríki, taka tillit til eftirfarandi atriða sérstaklega:
   a) raunverulegra og virkra tengsla milli hlutaðeigandi einstaklings og ríkisins;
   b) hvar hlutaðeigandi einstaklingur hefur fasta búsetu þegar ríki tekur við af öðru ríki;
   c) vilja hlutaðeigandi einstaklings;
   d) á hvaða landsvæði hlutaðeigandi einstaklingur er upprunninn.
3. Ákvæði 16. gr. samnings þessa gilda þegar veiting ríkisfangs er með fyrirvara um missi erlends ríkisfangs.

19. gr.
Úrlausn með samkomulagi milli ríkja.

Þegar ríki tekur við af öðru ríki skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að koma skipan á mál er varða ríkisfang með samkomulagi sín á milli og, eftir atvikum, með því að eiga samskipti við önnur hlutaðeigandi ríki. Í slíku samkomulagi skal virða þær grundvallarreglur og reglur sem settar eru fram eða um getur í þessum kafla.

20. gr.
Meginreglur sem gilda um ríkisfangslausa einstaklinga.

1. Sérhvert aðildarríki skal virða eftirfarandi meginreglur:
   a) ríkisborgarar fyrra ríkis, sem hafa fasta búsetu á landsvæði þar sem fullveldi flyst til ríkis sem tekur við af því og hafa ekki öðlast ríkisfang í nýja ríkinu, skulu eiga rétt til að dvelja áfram í nýja ríkinu;

   b) einstaklingar, sem um getur í a-lið, skulu hljóta meðferð til jafns við ríkisborgara ríkisins, sem tekur við af hinu fyrra, að því er varðar félagsleg og efnahagsleg réttindi.

CHAPTER VI
State succession and nationality

Article 18
Principles

1. In matters of nationality in cases of State succession, each State Party concerned shall respect the principles of the rule of law, the rules concerning human rights and the principles contained in Articles 4 and 5 of this Convention and in paragraph 2 of this article, in particular in order to avoid statelessness.
2. In deciding on the granting or the retention of nationality in cases of State succession, each State Party concerned shall take account in particular of:
   a. the genuine and effective link of the person concerned with the State;
   b. the habitual residence of the person concerned at the time of State succession;
   c. the will of the person concerned;
   d. the territorial origin of the person concerned.
3. Where the acquisition of nationality is subject to the loss of a foreign nationality, the provisions of Article 16 of this Convention shall apply.

Article 19
Settlement by international agreement

In cases of State succession, States Parties concerned shall endeavour to regulate matters relating to nationality by agreement amongst themselves and, where applicable, in their relationship with other States concerned. Such agreements shall respect the principles and rules contained or referred to in this chapter.

Article 20
Principles concerning non-nationals

1. Each State Party shall respect the following principles:
   a. nationals of a predecessor State habitually resident in the territory over which sovereignty is transferred to a successor State and who have not acquired its nationality shall have the right to remain in that State;
   b. persons referred to in sub-paragraph a shall enjoy equality of treatment with nationals of the successor State in relation to social and economic rights.

2. Sérhverju aðildarríki er heimilt að útiloka einstaklinga, sem fjallað er um í 1. mgr., frá opinberum störfum þar sem farið er með fullveldisréttindi.

VII. KAFLI
Herskylda einstaklinga með margfalt ríkisfang.
21. gr.
Herskylda uppfyllt.

1. Einstaklingum, sem hafa ríkisborgararétt í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, skal aðeins gert að gegna herþjónustu í einu þeirra.

2. Heimilt er að ákveða með sérstöku samkomulagi milli hlutaðeigandi aðildarríkja hvernig 1. mgr. skuli beitt.
3. Eftirfarandi ákvæði gilda um þá einstaklinga, sem hafa ríkisfang í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, nema sérstakt samkomulag, sem hefur verið eða kann að verða gert, kveði á um annað:
   a) hverjum slíkum einstaklingi skal gert að gegna herþjónustu í því aðildarríki þar sem hann hefur fasta búsetu. Honum skal engu að síður frjálst, fram til 19 ára aldurs, að bjóða sig fram til þess að gegna herþjónustu sem sjálfboðaliði í hverju því aðildarríki þar sem hann er ríkisborgari, enda vari virk herþjónusta hans í heild eigi skemur en virk herþjónusta sem krafa er gerð um í fyrra aðildarríkinu;

   b) einstaklingar, sem hafa fasta búsetu á landsvæði aðildarríkis þar sem þeir hafa ekki ríkisfang eða á landsvæði ríkis sem er ekki aðildarríki að samningi þessum, geta valið um að gegna herþjónustu á landsvæði hvers þess aðildarríkis þar sem þeir hafa ríkisfang;
   c) einstaklingar, sem í samræmi við reglurnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-liðum, skulu gegna herþjónustu í einu aðildarríki, eins og mælt er fyrir um í lögum viðkomandi aðildarríkis, skulu taldir hafa uppfyllt herskyldu gagnvart hverju því aðildarríki þar sem þeir eru jafnframt ríkisborgarar;
   d) einstaklingar, sem hafa, áður en samningur þessi tekur gildi meðal þeirra aðildarríkja þar sem þeir hafa ríkisfang, gegnt herþjónustu í einu þeirra, eins og mælt er fyrir um í lögum viðkomandi aðildarríkis,

2. Each State Party may exclude persons considered under paragraph 1 from employment in the public service involving the exercise of sovereign powers.

CHAPTER VII
Military obligations in cases of multiple nationality
Article 21
Fulfilment of military obligations

1. Persons possessing the nationality of two or more States Parties shall be required to fulfil their military obligations in relation to one of those States Parties only.
2. The modes of application of paragraph 1 may be determined by special agreements between any of the States Parties.
3. Except where a special agreement which has been, or may be, concluded provides otherwise, the following provisions are applicable to persons possessing the nationality of two or more States Parties:
   a. Any such person shall be subject to military obligations in relation to the State Party in whose territory they are habitually resident. Nevertheless, they shall be free to choose, up to the age of 19 years, to submit themselves to military obligations as volunteers in relation to any other State Party of which they are also nationals for a total and effective period at least equal to that of the active military service required by the former State Party;
   b. Persons who are habitually resident in the territory of a State Party of which they are not nationals or in that of a State which is not a State Party may choose to perform their military service in the territory of any State Party of which they are nationals;
   c. Persons who, in accordance with the rules laid down in paragraphs a and b, shall fulfil their military obligations in relation to one State Party, as prescribed by the law of that State Party, shall be deemed to have fulfilled their military obligations in relation to any other State Party or States Parties of which they are also nationals;
   d. Persons who, before the entry into force of this Convention between the States Parties of which they are nationals, have, in relation to one of those States Parties, fulfilled their military obligations in

skulu taldir hafa uppfyllt herskyldu gagnvart hverju því aðildarríki þar sem þeir eru jafnframt ríkisborgarar;

e) einstaklingum, sem í samræmi við a-lið hafa lokið virkri herþjónustu sinni í öðru því aðildarríki, þar sem þeir eru ríkisborgarar, og taka síðar upp fasta búsetu á landsvæði hins aðildarríkisins, þar sem þeir eru ríkisborgarar, skal ekki gert að gegna herþjónustu í varaliði nema í síðarnefnda aðildarríkinu;

f) beiting þessarar greinar skal engin áhrif hafa á ríkisfang þeirra einstaklinga sem eiga hlut að máli;

g) komi til herútboðs í einhverju aðildarríkjanna skulu skuldbindingar, samkvæmt þessari grein, ekki bindandi fyrir það aðildarríki.

22. gr.

Undanþága frá herskyldu eða annarri opinberri þjónustu.

Eftirfarandi ákvæði gilda einnig um einstaklinga, sem hafa ríkisfang í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, nema sérstakt samkomulag, sem hefur verið eða kann að verða gert, kveði á um annað:

a) ákvæði c-liðar 3. mgr. 21. gr. samnings þessa gilda um einstaklinga sem hafa verið undanþegnir herþjónustu eða hafa gegnt þegnskylduvinnu í hennar stað;

b) einstaklingar, sem hafa ríkisfang í aðildarríki þar sem herskylda er ekki við lýði, teljast hafa uppfyllt herskyldu sína hafi þeir fasta búsetu á landsvæði þess aðildarríkis. Þeir teljast, samt sem áður, ekki hafa uppfyllt herskyldu gagnvart aðildarríki eða aðildarríkjum, þar sem þeir eru jafnframt ríkisborgarar og herskylda er við lýði, nema föst búseta, sem fyrr er getið, hafi staðið yfir uns tilteknum aldri var náð og skal hvert aðildarríki tilkynna þau aldursmörk þegar það undirritar samning þennan eða afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða aðild til vörslu;

c) einstaklingar, sem eru ríkisborgarar aðildarríkis þar sem herskylda er ekki við lýði, teljast hafa uppfyllt herskyldu sína í samræmi við lög þess ríkis, skulu taldir hafa uppfyllt sömu skyldur gagnvart hverju öðru aðildarríki eða aðildarríkjum þar sem þeir eru jafnframt ríkisborgarar;

e. Persons who, in conformity with paragraph a, have performed their active military service in relation to one of the States Parties of which they are nationals, and subsequently transfer their habitual residence to the territory of the other State Party of which they are nationals, shall be liable to military service in the reserve only in relation to the latter State Party;

f. The application of this article shall not prejudice, in any respect, the nationality of the persons concerned;

g. In the event of mobilisation by any State Party, the obligations arising under this article shall not be binding upon that State Party.

Article 22

Exemption from military obligations or alternative civil service

Except where a special agreement which has been, or may be, concluded provides otherwise, the following provisions are also applicable to persons possessing the nationality of two or more States Parties:

a. Article 21, paragraph 3, sub-paragraph c, of this Convention shall apply to persons who have been exempted from their military obligations or have fulfilled civil service as an alternative;

b. persons who are nationals of a State Party which does not require obligatory military service shall be considered as having satisfied their military obligations when they have their habitual residence in the territory of that State Party. Nevertheless, they should be deemed not to have satisfied their military obligations in relation to a State Party or States Parties of which they are equally nationals and where military service is required unless the said habitual residence has been maintained up to a certain age, which each State Party concerned shall notify at the time of signature or when depositing its instruments of ratification, acceptance or accession;

c. also persons who are nationals of a State Party which does not require obligatory mil-

ast einnig hafa uppfyllt herskyldu hafi þeir boðið sig sjálfviljugir fram til herþjónustu í því aðildarríki, enda vari virk herþjónusta þeirra í heild eigi skemur en virk herþjónusta sem krafa er gerð um í því aðildarríki eða aðildarríkjum þar sem þeir eru jafnframt ríkisborgarar, hvar sem þeir kunna að hafa fasta búsetu.

itary service shall be considered as having satisfied their military obligations when they have enlisted voluntarily in the military forces of that Party for a total and effective period which is at least equal to that of the active military service of the State Party or States Parties of which they are also nationals without regard to where they have their habitual residence.

VIII. KAFLI
Samstarf milli aðildarríkjanna.

23. gr.
Samstarf milli aðildarríkjanna.

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu, í því skyni að greiða fyrir samstarfi á milli þeirra:

   a) láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins í té upplýsingar um landslög um ríkisfang, meðal annars hvernig farið er með mál ríkisfangslausra einstaklinga og þeirra sem hafa margfalt ríkisfang, og um það hvernig beitingu samningsins miðar;

   b) láta hvert öðru í té, þegar eftir er leitað, upplýsingar um landslög um ríkisfang og um það hvernig beitingu samningsins miðar.

2. Aðildarríkin skulu hafa samstarf sín í milli og við önnur aðildarríki Evrópuráðsins, á vettvangi viðeigandi milliríkjastofnunar ráðsins, í því skyni að leysa hvern þann vanda sem við er að glíma og stuðla að áframhaldandi þróun lagalegra grundvallarreglna og lagaframkvæmdar með tilliti til ríkisfangs og skyldra málefna.

CHAPTER VIII
Co-operation between the States Parties

Article 23
Co-operation between the States Parties

1. With a view to facilitating co-operation between the States Parties, their competent authorities shall:
   a. provide the Secretary General of the Council of Europe with information about their internal law relating to nationality, including instances of statelessness and multiple nationality, and about developments concerning the application of the Convention;
   b. provide each other upon request with information about their internal law relating to nationality and about developments concerning the application of the Convention.
2. States Parties shall co-operate amongst themselves and with other member States of the Council of Europe within the framework of the appropriate intergovernmental body of the Council of Europe in order to deal with all relevant problems and to promote the progressive development of legal principles and practice concerning nationality and related matters.

24. gr.
Upplýsingaskipti.

Sérhverju aðildarríki er hvenær sem er heimilt að lýsa því yfir að það skuldbindi sig til þess að tilkynna öðru aðildarríki, sem hefur gefið út sams konar yfirlýsingu, um það þegar ríkisborgarar síðarnefnda ríkisins taka sjálfviljugir upp ríkisfang í hinu fyrrnefnda, með fyrirvara um gildandi lög um gagnavernd. Í yfirlýsingunni má taka fram við hvaða aðstæður aðildarríkið muni leggja fram slíkar upplýsingar. Heimilt er að afturkalla yfirlýsinguna hvenær sem er.

Article 24
Exchange of information

Each State Party may at any time declare that it shall inform any other State Party, having made the same declaration, of the voluntary acquisition of its nationality by nationals of the other State Party, subject to applicable laws concerning data protection. Such a declaration may indicate the conditions under which the State Party will give such information. The declaration may be withdrawn at any time.

IX. KAFLI
Beiting samningsins.
25. gr.
Yfirlýsingar um beitingu samningsins.

1. Sérhverju ríki er heimilt að lýsa því yfir, við undirritun samnings þessa eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að það muni undanskilja VII. kafla þegar ákvæðum samningsins er beitt.
2. Ákvæði VII. kafla gilda aðeins í samskiptum aðildarríkja sem þau hafa gildi gagnvart.

3. Sérhverju aðildarríki er heimilt að tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, hvenær sem er síðar, um að það muni beita ákvæðum VII. kafla sem var undanskilinn við undirritun eða í skjali þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild. Tilkynning þessi öðlast gildi þann dag er henni er veitt viðtaka.

26. gr.
Áhrif samnings þessa.

1. Ákvæði samnings þessa hafa ekki áhrif á ákvæði landslaga og bindandi alþjóðlegra gerninga sem eru þegar í gildi eða kunna að öðlast gildi og veita, eða myndu veita, einstaklingum meiri réttindi á sviði ríkisfangs.

2. Samningur þessi hefur ekki áhrif á beitingu:

   a) samningsins frá 1963 um að fækka tilvikum þar sem einstaklingar hafa margfalt ríkisfang og um herskyldu þeirra sem hafa margfalt ríkisfang og bókana við hann;
   b) annarra bindandi alþjóðlegra gerninga, að því marki sem slíkir gerningar samrýmast samningi þessum,

   í samskiptum þeirra aðildarríkja sem eru bundin af þessum gerningum.

X. KAFLI
Lokaákvæði.
27. gr.
Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins og þau ríki sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð hans. Slík ríki geta lýst sig samþykk því að vera bundin af honum, annaðhvort með:

CHAPTER IX
Application of the Convention
Article 25
Declarations concerning the application of the Convention

1. Each State may declare, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, that it will exclude Chapter VII from the application of the Convention.

2. The provisions of Chapter VII shall be applicable only in the relations between States Parties for which it is in force.
3. Each State Party may, at any subsequent time, notify the Secretary General of the Council of Europe that it will apply the provisions of Chapter VII excluded at the time of signature or in its instrument of ratification, acceptance, approval or accession. This notification shall become effective as from the date of its receipt.

Article 26
Effects of this Convention

1. The provisions of this Convention shall not prejudice the provisions of internal law and binding international instruments which are already in force or may come into force, under which more favourable rights are or would be accorded to individuals in the field of nationality.
2. This Convention does not prejudice the application of:
   a. the 1963 Convention on the Reduction of Cases of Multiple Nationality and Military Obligations in Cases of Multiple Nationality and its Protocols;
   b. other binding international instruments in so far as such instruments are compatible with this Convention,

   in the relationship between the States Parties bound by these instruments.

CHAPTER X
Final clauses
Article 27
Signature and entry into force

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and the non-member States which have participated in its elaboration. Such States may express their consent to be bound by:

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart öllum ríkjum, sem hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreinar.

3. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju því ríki, sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að hann var undirritaður eða skjal þess um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki var afhent til vörslu.

28. gr.
Aðild.

1. Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið ríkjum utan Evrópuráðsins, sem hafa ekki tekið þátt í gerð hans, að gerast aðilar að honum.

2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart sérhverju ríki, sem gerist aðili að honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal þess um aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

29. gr.
Fyrirvarar.

1. Óheimilt er að gera fyrirvara við ákvæði I., II. og VI. kafla samnings þessa. Sérhverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að gera einn eða fleiri fyrirvara við önnur ákvæði samningsins, enda séu þeir í samræmi við markmið hans og tilgang.

2. Sérhvert ríki, sem gerir einn eða fleiri fyrirvara, skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. This Convention shall enter into force, for all States having expressed their consent to be bound by the Convention, on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which three member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by this Convention in accordance with the provisions of the preceding paragraph.

3. In respect of any State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of signature or of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 28
Accession

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any non-member State of the Council of Europe which has not participated in its elaboration to accede to this Convention.

2. In respect of any acceding State, this Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 29
Reservations

1. No reservations may be made to any of the provisions contained in Chapters I, II and VI of this Convention. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, make one or more reservations to other provisions of the Convention so long as they are compatible with the object and purpose of this Convention.

2. Any State which makes one or more reservations shall notify the Secretary General of

Evrópuráðsins um inntak viðeigandi innlendra laga eða láta honum í té aðrar viðeigandi upplýsingar.

3. Ríki, sem hefur gert einn eða fleiri fyrirvara í samræmi við 1. mgr., skal íhuga að afturkalla þá í heild eða að hluta eins fljótt og aðstæður leyfa. Slík afturköllun skal fara fram með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og kemur til framkvæmda þann dag er hann tekur við henni.

4. Sérhverju ríki, sem útvíkkar gildissvið samnings þessa til þess að það megi ná til landsvæðis, sem um getur í yfirlýsingunni sem er tilgreind í 2. mgr. 30. gr., er heimilt að gera einn eða fleiri fyrirvara, í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreina, að því er viðkomandi landsvæði varðar.

5. Aðildarríki, sem hefur gert fyrirvara við einhver ákvæði í VII. kafla samningsins, getur ekki gert kröfu um að annað aðildarríki beiti fyrrnefndum ákvæðum, nema að því marki sem það hefur sjálft samþykkt þessi ákvæði.

30. gr.

Landsvæði þar sem samningurinn gildir.

1. Sérhverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau landsvæði þar sem samningur þessi skal gilda.

2. Sérhvert ríki getur hvenær sem er síðar útvíkkað, með yfirlýsingu sem er send aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, gildissvið samnings þessa til þess að það megi ná til sérhvers annars landsvæðis, sem er tilgreint í yfirlýsingunni, enda fari hlutaðeigandi ríki með utanríkismál þess eða hafi heimild til að samþykkja skuldbindingar fyrir þess hönd. Samningurinn öðlast gildi, að því er slíkt landsvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Heimilt er að afturkalla hverja þá yfirlýsingu, sem er gefin samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það landsvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

the Council of Europe of the relevant contents of its internal law or of any other relevant information.

3. A State which has made one or more reservations in accordance with paragraph 1 shall consider withdrawing them in whole or in part as soon as circumstances permit. Such withdrawal shall be made by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe and shall become effective as from the date of its receipt.

4. Any State which extends the application of this Convention to a territory mentioned in the declaration referred to in Article 30, paragraph 2, may, in respect of the territory concerned, make one or more reservations in accordance with the provisions of the preceding paragraphs.

5. A State Party which has made reservations in respect of any of the provisions in Chapter VII of the Convention may not claim application of the said provisions by another State Party save in so far as it has itself accepted these provisions.

Article 30

Territorial application

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may, at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings. In respect of such territory, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

31. gr.
Uppsögn.

1. Sérhverju aðildarríki er hvenær sem er heimilt að segja samningi þessum upp, í heild eða einungis VII. kafla hans, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningu þar um.

32. gr.
Tilkynningar aðalframkvæmdastjórans.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, hverju undirritunarríki, hverjum aðila og öllum öðrum ríkjum, sem hafa gerst aðilar að samningi þessum, um:

a) sérhverja undirritun;
b) afhendingu allra skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu;
c) sérhvern gildistökudag samnings þessa í samræmi við 27. eða 28. gr. hans;

d) sérhvern fyrirvara og sérhverja afturköllun fyrirvara sem er gerður eða fer fram í samræmi við ákvæði 29. gr. samnings þessa;
e) sérhverja tilkynningu eða yfirlýsingu sem er gefin út samkvæmt ákvæðum 23., 24., 25., 27., 28., 29., 30. og 31. gr. samnings þessa;
f) sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg hinn 6. nóvember 1997 í einu eintaki á ensku og frönsku, og eru báðir þessir textar jafngildir, sem skal afhenda skjalasafni Evrópuráðsins til vörslu. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda sérhverju aðildarríki Evrópuráðsins, ríkjum utan Evrópuráðsins, sem hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og sérhverju ríki, sem er boðið að gerast aðili að samningi þessum, staðfest eintak.

Article 31
Denunciation

1. Any State Party may at any time denounce the Convention as a whole or Chapter VII only by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of notification by the Secretary General.

Article 32
Notifications by the Secretary General

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, any Signatory, any Party and any other State which has acceded to this Convention of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 27 or 28 of this Convention;
d. any reservation and withdrawal of reservations made in pursuance of the provisions of Article 29 of this Convention;
e. any notification or declaration made under the provisions of Articles 23, 24, 25, 27, 28, 29, 30 and 31 of this Convention;
f. any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this sixth day of November 1997, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention and to any State invited to accede to this Convention.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 28. mars 2003 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins (EB) nr. 407/2002 frá 28. febrúar 2002, um tilteknar reglur til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 2725/2000 um stofnun „Eurodac" til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 28. mars 2003.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 407/2002 frá 28. febrúar 2002 um tilteknar reglur til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 2725/2000 um stofnun „Eurodac" til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2725/2000 frá 11. desember 2000 um stofnun „Eurodac" til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins (hér á eftir nefnd „reglugerðin um evrópska fingrafaragrunninn" [„Eurodac-reglugerðin"])[1], einkum 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn er kveðið á um að ráðið skuli samþykkja þau framkvæmdarákvæði sem nauðsynleg eru til að mæla fyrir um málsmeðferðina sem um getur í 7. mgr. 4. gr., málsmeðferð við læsingu upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 12. gr. og til að vinna þær tölulegu upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 12. gr. í reglugerðinni um evrópska fingrafaragrunninn.

[1] Stjtíð. EB L 316, 15.12.2000, bls. 1.

COUNCIL REGULATION (EC) No 407/2002 of 28 February 2002 laying down certain rules to implement Regulation (EC) No 2725/2000 concerning the establishment of "Eurodac" for the comparison of fingerprints for the effective application of the Dublin Convention

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Regulation (EC) No 2725/2000 of 11 December 2000 concerning the establishment of "Eurodac" for the comparison of fingerprints for the effective application of the Dublin Convention (hereinafter referred to as "the Eurodac Regulation")[1], and in particular Article 22(1) thereof,

Whereas:

(1) Article 22(1) of the Eurodac Regulation provides for the Council to adopt the implementing provisions necessary for laying down the procedure referred to in Article 4(7), the procedure for the blocking of data referred to in Article 12(1) and for drawing up the statistics referred to in Article 12(2) of the Eurodac Regulation.

[1] OJ L 316, 15.12.2000, p. 1.

2) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Miðlæga einingin“: einingin sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn,

b) „gagnasafnið“: tölvutæka, miðlæga gagnasafnið sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn,

c) „samanburður“: það ferli að kanna hvort fingrafaraupplýsingar, sem eru skráðar í gagnasafnið, svari til þeirra sem aðildarríki sendir.

2. gr.
Sending.

1. Vinnsla fingrafara skal vera stafræn og þau send með gagnasniðinu sem um getur í I. viðauka. Að því marki sem nauðsynlegt er til að miðlæga einingin geti starfað á skilvirkan hátt skulu af hennar hálfu settar tæknilegar kröfur um það hvernig aðildarríkin skuli senda gagnasniðið til miðlægu einingarinnar og öfugt. Hjá miðlægu einingunni skal sjá til þess að bera megi saman fingrafaraupplýsingarnar, sem aðildarríkin senda, í tölvuvæddu kerfi til greiningar fingrafara.
2. Aðildarríkin skulu senda rafrænt þau gögn sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn. Að því marki sem nauðsynlegt er til að miðlæga einingin geti starfað á skilvirkan hátt skulu af hennar hálfu settar fram tæknilegar kröfur til að sjá til þess að senda megi rafrænt gögn frá aðildarríkjunum til miðlægu einingarinnar og öfugt á réttan hátt. Takmarka ber sendingu gagna á pappírsformi, þar sem notað er eyðublaðið í II. viðauka, eða á öðrum gagnamiðlum (disklingum, geisladiskum eða öðrum gagnamiðlum sem kunna að verða þróaðir og almennt notaðir í framtíðinni) við

(2) Denmark, in accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, is not participating in the adoption of this Regulation and is therefore neither bound by it nor subject to its application,

HAS ADOPTED THIS REGULATION:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Regulation:

(a) "Central Unit" shall mean the unit referred to in Article 1(2)(a) of the Eurodac Regulation;

(b) "database" shall mean the computerised central database referred to in Article 1(2)(b) of the Eurodac Regulation;

(c) "comparison" shall mean the procedure of checking whether fingerprint data recorded in the database match those transmitted by a Member State.

Article 2
Transmission

1. Fingerprints shall be digitally processed and transmitted in the data format referred to in Annex I. As far as it is necessary for the efficient operation of the Central Unit, the Central Unit shall establish the technical requirements for transmission of the data format by Member States to the Central Unit and vice versa. The Central Unit shall ensure that the fingerprint data transmitted by the Member States can be compared by the computerised fingerprint recognition system.
2. Member States should transmit the data referred to in Article 5(1) of the Eurodac Regulation electronically. As far as it is necessary for the efficient operation of the Central Unit, the Central Unit shall establish the technical requirements to ensure that data can be properly electronically transmitted from the Member States to the Central Unit and vice versa. Transmission of data in paper form using the form set out in Annex II or by other means of data support (diskettes, CD-ROM or other means of data support which may be developed and generally used in future) should be limited to situations in

aðstæður þar sem tæknivandamál eru viðvarandi.

3. Með tilvísunarnúmerinu, sem um getur í d-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn, skal vera hægt að tengja gögn á ótvíræðan hátt við einn tiltekinn einstakling og við aðildarríkið sem sendir gögnin. Auk þess skal með því vera hægt að segja til um hvort slík gögn tengjast umsækjanda um hæli eða einstaklingi sem um getur í 8. gr. eða 11. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn. Tilvísunarnúmerið skal hefjast á auðkennisstaf eða -stöfum sem notaðir er til að auðkenna aðildarríkið, sem sendir gögnin, í samræmi við staðalinn í 1. viðauka. Á eftir auðkennisstafnum eða -stöfunum skal koma auðkenni þess flokks sem einstaklingurinn tilheyrir. „1“ vísar til gagna sem tengjast umsækjendum um hæli, „2“ til einstaklinga sem um getur í 8. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn og „3“ til einstaklinga sem um getur í 11. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn. Hjá miðlægu einingunni skulu settar tæknilegar verklagsreglur fyrir aðildarríkin sem nauðsynlegar eru til að sjá til þess að þau fái ótvíræð gögn frá miðlægu einingunni.

4. Miðlæga einingin skal staðfesta móttöku sendra gagna eins fljótt og unnt er. Í því skyni skulu af hálfu miðlægu einingarinnar settar nauðsynlegar tæknikröfur til að sjá til þess að aðildarríkin fái kvittun fyrir staðfestingunni ef farið er fram á það.

which there are continuous technical problems.

3. The reference number referred to in Article 5(1)(d) of the Eurodac Regulation shall make it possible to relate data unambiguously to one particular person and to the Member State which is transmitting the data. In addition, it shall make it possible to tell whether such data relate to an asylum seeker or a person referred to in Article 8 or Article 11 of the Eurodac Regulation. The reference number shall begin with the identification letter or letters by which, in accordance with the norm referred to in Annex I, the Member State transmitting the data is identified. The identification letter or letters shall be followed by the identification of the category of person. "1" refers to data relating to asylum seekers, "2" to persons referred to in Article 8 of the Eurodac Regulation and "3" to persons referred to in Article 11 of the Eurodac Regulation. The Central Unit shall establish the technical procedures necessary for Member States to ensure receipt of unambiguous data by the Central Unit.

4. The Central Unit shall confirm receipt of the transmitted data as soon as possible. To this end the Central Unit shall establish the necessary technical requirements to ensure that Member States receive the confirmation receipt if requested.

3. gr.

Samanburður og sending niðurstaðna.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gæði fingrafaraupplýsinga, sem sendar eru til samanburðar í tölvuvædda kerfinu til greiningar fingrafara, séu fullnægjandi. Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að niðurstöður samanburðar miðlægu einingarinnar séu hárnákvæmar skulu af hálfu miðlægu einingarinnar skilgreind viðeigandi gæði fingrafaraupplýsinga sem sendar eru. Hjá miðlægu einingunni skulu könnuð, eins fljótt og unnt er, gæði fingrafaraupplýsinganna sem sendar eru. Dugi fingrafaraupplýsingar ekki til samanburðar í tölvuvædda kerfinu til greiningar fingrafara skal af hálfu miðlægu einingarinnar farið fram á það við aðildarríkið, eins

Article 3

Carryingout comparisons and transmitting results

1. Member States shall ensure the transmission of fingerprint data in an appropriate quality for the purpose of comparison by means of the computerised fingerprint recognition system. As far as it is necessary to ensure that the results of the comparison by the Central Unit reach a very high level of accuracy, the Central Unit shall define the appropriate quality of transmitted fingerprint data. The Central Unit shall, as soon as possible, check the quality of the fingerprint data transmitted. If fingerprint data do not lend themselves to comparison using the computerised fingerprint recognition system, the Central Unit shall, as soon as possible, request the

fljótt og kostur er, að það sendi fingrafaraupplýsingar af viðeigandi gæðum.

2. Hjá miðlægu einingunni skulu beiðnir um samanburð afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Fjalla ber um allar beiðnir innan 24 klukkustunda. Þegar gögn eru send rafrænt getur aðildarríki, af ástæðum er tengjast innlendum lögum, farið fram á að áríðandi samanburður sé gerður innan klukkustundar. Ef ekki er unnt að virða þessi tímamörk sakir aðstæðna sem ekki eru á valdi miðlægu einingarinnar skal meðferð beiðninnar veittur forgangur og hún tekin fyrir eins fljótt og aðstæður leyfa. Í slíkum tilvikum, að því marki sem nauðsynlegt er til að miðlæga einingin geti starfað á skilvirkan hátt, skulu af hennar hálfu settar viðmiðanir til að sjá til þess að beiðnir fái forgangsmeðferð.

3. Að því marki sem nauðsynlegt er til að miðlæga einingin geti starfað á skilvirkan hátt skulu, af hennar hálfu, settar verklagsreglur um vinnslu gagna sem móttekin eru og um sendingu á niðurstöðum samanburðarins.

4. gr.

Samskipti milli aðildarríkjanna og miðlægu einingarinnar.

Við sendingu gagna frá aðildarríkjunum til miðlægu einingarinnar og öfugt skal notast við almennu gagnaskiptaþjónustuna milli stjórnsýslustofnana (IDA) sem um getur í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/1999/EB frá 12. júlí 1999 um viðmiðunarreglur um samevrópsk net fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana, að meðtalinni skilgreiningu verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum[2]. Að því marki sem nauðsynlegt er til að miðlæga einingin geti starfað á skilvirkan hátt skulu hjá henni settar tæknilegar verklagsreglur sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að nota almennu gagnaskiptaþjónustuna milli stjórnsýslustofnana.

5. gr.

Önnur verkefni miðlægu einingarinnar.

1. Miðlæga einingin skal aðskilja, með viðeigandi tæknilegum aðferðum, gögn um umsækjendur um hæli og gögn um þá einstaklinga sem um getur í 8. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn sem geymd eru í gagnagrunninum.

[2] Stjtíð. EB L 203, 3.8.1999, bls. 1.

Member State to transmit fingerprint data of the appropriate quality.

2. The Central Unit shall carry out comparisons in the order of arrival of requests. Each request must be dealt with within 24 hours. In the case of data which are transmitted electronically, a Member State may for reasons connected with national law require particularly urgent comparisons to be carried out within one hour. Where these times cannot be respected owing to circumstances which are outside the Central Unit's responsibility, the Central Unit shall process the request as a matter of priority as soon as those circumstances no longer prevail. In such cases, as far as it is necessary for the efficient operation of the Central Unit, the Central Unit shall establish criteria to ensure the priority handling of requests.

3. As far as it is necessary for the efficient operation of the Central Unit, the Central Unit shall establish the operational procedures for the processing of the data received and for transmitting the result of the comparison.

Article 4

Communication between Member States and the Central Unit

Data transmitted from the Member States to the Central Unit and vice versa shall use IDA generic services referred to in Decision No 1719/1999/EC of the European Parliament and of the Council of 12 July 1999 on a series of guidelines, including the identification of projects of common interest, for trans-European networks for the electronic interchange of data between administrations (IDA)[2]. As far as it is necessary for the efficient operation of the Central Unit, the Central Unit shall establish the technical procedures necessary for the use of IDA generic services.

Article 5

Other tasks of the Central Unit

1. The Central Unit shall separate the data on asylum applicants and the data on persons referred to in Article 8 of the Eurodac Regulation which are stored in the database, by appropriate technical means.

[2] OJ L 203, 3.8.1999, p. 1.

2. Á grundvelli orðsendingar frá aðildarríki skal miðlæga einingin merkja gögn um einstaklinga, sem hafa verið viðurkenndir og fengið að koma sem flóttamenn, með viðeigandi auðkennisstöfum og aðskilja þau, með viðeigandi tæknilegum aðferðum, frá öðrum gögnum sem skráð eru í gagnagrunninn. Hafi ákvörðun verið tekin í samræmi við a-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn gildir fyrsti málsliður ekki lengur. Miðlæga einingin skal fjarlægja núverandi auðkennisstafi og hafa gögnin ekki lengur aðskilin.
3. Fjórum árum og sex mánuðum eftir að evrópski fingrafaragrunnurinn er tekinn í notkun skulu, af hálfu miðlægu einingarinnar, teknar saman tölulegar upplýsingar þar sem fram kemur:
   a) hversu margir hafa lagt fram aðra umsókn um hæli í öðru aðildarríki eftir að hafa verið viðurkenndir og fengið að koma sem flóttamenn til aðildarríkis,
   b) hversu margir hafa verið viðurkenndir og fengið að koma sem flóttamenn til fleiri en eins aðildarríkis,
   c) í hvaða aðildarríkjum flóttamenn hafa lagt fram aðra umsókn um hæli, ásamt upplýsingum um:
      - hversu margir umsækjendur um hæli, í hverju aðildarríki, hafa stöðu flóttamanns í því tiltekna ríki en hafa sótt um hæli í öðru aðildarríki, sem og fjölda þeirra í síðarnefndu aðildarríkjunum,
      - hversu margir umsækjendur um hæli, í hverju aðildarríki, hafa þegar stöðu flóttamanns í öðru aðildarríki og fjölda þeirra í síðarnefndu aðildarríkjunum.
4. Miðlæga einingin skal sjá til þess, skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn, að samanburður, sem gerður er að beiðni aðildarríkis, nái einnig yfir upplýsingar sem það aðildarríki hefur áður sent.

6. gr.
Gildistaka.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

2. On the basis of a communication from a Member State, the Central Unit shall give an appropriate distinguishing mark to data on persons who have been recognised and admitted as refugees and shall separate them, by appropriate technical means, from other data recorded in the database. If a decision has been taken in accordance with Article 12(2)(a) of the Eurodac Regulation, the first sentence shall no longer apply. The Central Unit shall remove the existing distinguishing marks and cancel separation of the data.
3. Four years and six months after Eurodac begins its activities, the Central Unit shall draw up statistics in order to indicate:
   (a) the number of persons who, having been recognised and admitted as refugees in a Member State, have lodged a further application for asylum in another Member State;
   (b) the number of persons who have been recognised and admitted as refugees in more than one Member State;
   (c) the Member States in which the refugees have lodged a further application for asylum, with:
      - per Member State, the number of applicants for asylum who, having the status of refugee in that State, have applied for asylum in another Member State, and the number of such persons for each of the latter Member States,
      - per Member State, the number of applicants for asylum who already have the status of refugee in another Member State, and the number of such persons for each of the latter Member States.
4. The Central Unit shall ensure that, pursuant to Article 4(4) of the Eurodac Regulation, comparisons carried out at the request of a Member State can also cover the data transmitted by that particular Member State at an earlier time.

Article 6
Entry into force

1. This Regulation shall enter into force on the day of its publication in the *Official Journal of the European Communities.*

2. Ráðið skal endurskoða beitingu þessarar reglugerðar innan fjögurra ára frá því að evrópski fingrafaragrunnurinn er tekinn í notkun.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

A. ACEBES PANIAGUA
forseti.

2. The Council shall review application of this Regulation within four years following the start of Eurodac's activities.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 28 February 2002.

For the Council

A. ACEBES PANIAGUA
The President

I. VIÐAUKI

Gagnasnið til skipta á fingrafaraupplýsingum.

Nota ber eftirfarandi snið við skipti á fingrafaraupplýsingum:

ANSI/NIST – CSL 1 1993

og hvers kyns uppfærslur þessa staðals.

Reglur um auðkennisstafi aðildarríkja.

Eftirfarandi ISO-staðall gildir:

ISO 3166 – tveggja stafa kóði.

ANNEX I

Data format for the exchange of fingerprint data

The following format is prescribed for the exchange of fingerprint data:

ANSI/NIST – CSL 1 1993

and any future further developments of this standard.

Norm for Member State identification letters

The following ISO norm will apply:

ISO 3166 – 2 letters code.

II. VIÐAUKI

Fingrafaraeyðublað fyrir evrópska fingrafaragrunninn

105 mm frá efri brún eyðublaðs

155 mm frá efri brún eyðublaðs

205 mm frá efri brún eyðublaðs

1.	Tilvísunarnúmer	
2.	Staður þar sem umsókn um hæli er lögð fram eða staður þar sem útlendingurinn var handtekinn	
3.	Dagsetning umsóknar um hæli eða dagsetning þegar útlendingurinn var handtekinn	
4.	Kyn	
5.	Dagsetning þegar fingraför voru tekin	
6.	Dagsetning þegar fingraför voru send til miðlægu einingarinnar	

VELTIFÖR


1. Hægri þumalfingur	2. Hægri vísifingur	3. Hægri langatöng	4. Hægri baugfingur	5. Hægri litlifingur
50 mm / 40 mm	40 mm	40 mm	40 mm	40 mm

6. Vinstri þumalfingur	7. Vinstri vísifingur	8. Vinstri langatöng	9. Vinstri baugfingur	10. Vinstri litlifingur
40 mm				

SAMANBURÐARFÖR

VINSTRI HÖND Fjórum fingrum þrýst niður samtímis	BÁÐUM ÞUMALFINGRUM þrýst niður samtímis		HÆGRI HÖND Fjórum fingrum þrýst niður samtímis
	VINSTRI	HÆGRI	
75 mm / 65 mm	30 mm / 55 mm	30 mm	75 mm

ANNEX II


Eurodac - Fingerprint form
105 mm from top of form
155 mm from top of form
205 mm from top of form
1. Reference number
2. Place of the application for asylum or place where the alien was apprehended
3. Date of the application for asylum or date on which the alien was apprehended
4. Sex
5. Date on which the fingerprints were taken
6. Date on which the data were transmitted to the Central Unit
ROLLED IMPRESSIONS
1. Right thumb
2. Right forefinger
3. Right middle finger
4. Right ring finger
5. Right little finger
50 mm
40 mm
40 mm
40 mm
40 mm
40 mm
6. Left thumb
7. Left forefinger
8. Left middle finger
9. Left ring finger
10. Left little finger
40 mm
PLAIN IMPRESSIONS
LEFT HAND Four fingers taken simultaneously
TWO THUMBS Impressions taken simultaneously
LEFT
RIGHT
RIGHT HAND Four fingers taken simultaneously
75 mm
30 mm
30 mm
75 mm
65 mm
55 mm

AUGLÝSING

um samning við Kína um flutninga í almenningsflugi.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Kína um flutninga í almenningsflugi, sem gerður var í Reykjavík 2. apríl 2003, öðlaðist gildi sama dag.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Kína um flutninga í almenningsflugi.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Kína,

sem hafa hug á að stuðla að vináttusambandi þjóða sinna og efla gagnkvæm samskipti á sviði almenningsflugs með því að gera samning milli ríkja sinna (hér á eftir nefndar „samningsaðilar"),

sem eru aðilar að samþykktinni um alþjóðaflugmál sem var lögð fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944,

hafa komið sér saman um að stofna til og halda uppi flugþjónustu milli landsvæða hvors um sig og handan þeirra með þeim hætti sem hér greinir:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema samhengi krefjist annars:

1. „flugmálayfirvöld" merkir, að því er varðar alþýðulýðveldið Kína, Flugmálastjórn Kína eða annan aðila eða stofnun sem hefur verið falið að inna af hendi störf sem nú eru í verkahring þess stjórnvalds og, að því er varðar ríkisstjórn lýðveldisins Íslands, samgönguráðherra eða annan aðila eða stofnun sem hefur verið falið að inna af hendi störf sem nú eru í verkahring þess stjórnvalds;

AGREEMENT
between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the People´s Republic of China Relating to Civil Air Transport

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the People's Republic of China;

Desiring to facilitate friendly contacts between their two peoples and to develop mutual relations in the field of civil aviation by concluding an agreement between their States (hereinafter referred to as the "Contracting Parties");

Being Parties to the Convention on International Civil Aviation opened for signature in Chicago on 7 December 1944;

Have agreed on the establishment and operation of air services between and beyond their respective territories as follows:

Article 1
Definitions

For the purpose of this Agreement, unless the context otherwise requires:

(1) the term "aeronautical authorities" means, in the case of the People's Republic of China, the General Administration of Civil Aviation of China, or any person or agency authorized to perform the functions presently exercised by the said authorities, and in the case of the Government of the Republic of Iceland, the Minister of Communications, or any person or agency authorized to perform the func-

2. „flugfélag“ merkir fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og býður fram eða heldur uppi alþjóðlegri flugþjónustu;
3. „tilnefnt flugfélag“ merkir flugfélag sem hefur verið tilnefnt og fengið leyfi skv. 3. gr. samnings þessa;
4. „flugþjónusta“ merkir áætlunarflug með loftfari sem er til almennra flutninga farþega, farangurs, farms eða pósts;
5. „alþjóðleg flugþjónusta“ merkir flugþjónustu sem fer fram í loftrými yfir landsvæði fleiri en eins ríkis;
6. „viðkoma án flutninga“ merkir lendingu í hvaða tilgangi sem er öðrum en að taka um borð eða setja af farþega, farangur, farm eða póst;
7. „gjald“ merkir fjárhæð sem flugfélag setur upp eða hyggst setja upp, sjálft eða fyrir milligöngu umboðsmanna sinna, og einstaklingur eða stofnun þarf að greiða fyrir flutning í lofti á farþegum (og farangri þeirra) og farmi (að frátöldum pósti), þar með eru talin:
   a) skilyrði fyrir því hvenær tiltekið gjald er boðið fram og hvenær það gildir; og
   b) gjöld og skilyrði fyrir þjónustu sem er viðbót við slíka flutninga og flugfélög bjóða;
8. „flutningsgeta“ merkir:
   a) að því er varðar loftfar, farmþunga þess sem er fyrir hendi á tiltekinni leið eða leiðarlegg;
   b) að því er varðar flugþjónustu, flutningsgetu loftfarsins, sem er notað í tengslum við slíka þjónustu, margfaldaða með ferðatíðni þess á tilteknu tímabili á tiltekinni leið eða leiðarlegg;
9. „leiðaskrá“ merkir leiðaskrána sem fylgir með í viðauka við samning þennan eða eins og henni er breytt skv. 18. gr. samnings þessa. Leiðaskráin er óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

tions presently exercised by the said authority;
(2) the term “airline” means any air transport enterprise offering or operating international air services;
(3) the term “designated airline” means an airline which has been designated and authorized in accordance with Article 3 of this Agreement;
(4) the term “air service” means any scheduled air service performed by aircraft for the public transport of passengers, baggage, cargo or mail;
(5) the term “international air service” means an air service which passes through the air space over the territory of more than one State;
(6) the term “stop for non-traffic purposes” means a landing for any purpose other than taking on or discharging passengers, baggage, cargo or mail;
(7) the term “tariff” means any amount charged or to be charged by an airline, directly or through its agents, to any person or entity for the carriage of passengers (and their baggage) and cargo (excluding mail) in air transportation, including:
   (a) the conditions governing the availability and applicability of a tariff; and
   (b) the charges and conditions for any services ancillary to such carriage which are offered by airlines;
(8) the term “capacity” means:
   (a) in relation to an aircraft, the payload of that aircraft available on a route or section of a route;
   (b) in relation to an air service, the capacity of the aircraft used on such service multiplied by the frequency operated by such aircraft over a given period on a route or section of a route;
(9) the term “Route Schedule” means the Route Schedule annexed to this Agreement or as amended in accordance with the provisions of Article 18 of this Agreement. The Route Schedule forms an integral part of this Agreement.

2. gr.
Veiting réttinda.

1. Hvor samningsaðili veitir hinum samningsaðilanum þau réttindi, sem tilgreind eru í samningi þessum, í þeim tilgangi að koma á og halda uppi reglubundinni alþjóðlegri flugþjónustu á þeim leiðum sem tilgreindar eru í

Article 2
Grant of Rights

(1) Each Contracting Party grants to the other Contracting Party the rights specified in this Agreement for the purpose of establishing and operating international air services on the routes specified in the Route Schedule

leiðaskránni sem fylgir með í viðauka við samning þennan. Fyrrnefnd flugþjónusta og leiðir eru hér eftir nefndar „samþykkt flugþjónusta“ og „tilgreindar leiðir“.

2. Flugfélögin, sem hvor samningsaðili tilnefnir, skulu njóta eftirfarandi réttinda meðan þau halda uppi samþykktri flugþjónustu á tilgreindri leið:
   a) réttinda til að fljúga, án þess að lenda, yfir landsvæði hins samningsaðilans eftir leið eða leiðum sem flugmálayfirvöld hins samningsaðilans mæla fyrir um;
   b) réttinda til að eiga viðkomu á fyrrnefndu landsvæði án áforma um flutning, með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda hins samningsaðilans;
   c) að eiga viðkomu á fyrrnefndu landsvæði á þeim stöðum sem tilgreindir eru á viðkomandi leið í leiðaskránni, sem fylgir með í viðauka við samning þennan, í þeim tilgangi að skila frá borði og taka um borð farþega, farm og póst í millilandaflutningi sem koma upphaflega frá fyrri samningsaðilanum eða eru á leið inn á landsvæði hans.
3. Flugmálayfirvöld beggja samningsaðila skulu semja sín á milli um réttindi hins tilnefnda flugfélags annars samningsaðilans til að taka um borð og setja af, á stað eða stöðum á landsvæði hins samningsaðilans, millilandaflutning til eða frá þriðja landi.
4. Ekkert í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar telst veita hinum tilnefndu flugfélögum annars samningsaðilans rétt til að taka þátt í flutningum í lofti milli staða á landsvæði hins samningsaðilans.

annexed to this Agreement. Such services and routes are hereinafter called the "agreed services" and "the specified routes" respectively.

(2) The airlines designated by each Contracting Party shall enjoy, whilst operating an agreed service on a specified route, the following rights:
   (a) the right to fly without landing across the territory of the other Contracting Party along the air route(s) prescribed by the aeronautical authorities of the other Contracting Party;
   (b) the right to make stops for non-traffic purposes in the said territory subject to the approval of the aeronautical authorities of the other Contracting Party;
   (c) to make stops in the said territory at the points specified for that route in the Route Schedule annexed to this Agreement, for the purposes of putting down and taking on international traffic in passengers, cargo and mail, originating in or destined for the first Contracting Party.

(3) The right of the designated airline of one Contracting Party to take on board and discharge at point(s) in the territory of the other Contracting Party international traffic to or from a third country shall be agreed upon between the aeronautical authorities of the two Contracting Parties.

(4) Nothing in paragraphs (1), (2) and (3) of this Article shall be deemed to grant the right for the designated airlines of one Contracting Party to participate in air transportation between points in the territory of the other Contracting Party.

3. gr.
Tilnefning flugfélags og veiting leyfis því til handa.

1. Hvor samningsaðili um sig skal hafa rétt til að tilkynna hinum samningsaðilanum skriflega um tilnefningu eins eða fleiri flugfélaga til þess að halda uppi samþykktri flugþjónustu á hinni tilgreindu leið og rétt til að afturkalla slíkar tilnefningar eða breyta þeim.
2. Veruleg eignarhlutdeild í og raunveruleg yfirráð yfir því flugfélagi, sem hvor samningsaðili um sig tilnefnir, skal vera áfram í höndum annars hvors samningsaðila eða ríkisborgara hans.

Article 3
Airline Designation and Authorization

(1) Each Contracting Party shall have the right to designate in writing to the other Contracting Party one or more airlines to operate the agreed services on the specified route, and to withdraw or alter such designations.

(2) The substantial ownership and effective control of the airline designated by each Contracting Party shall remain vested in such Contracting Party or its nationals.

3. Flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans er heimilt að krefjast þess af flugfélagi eða flugfélögum, sem fyrri samningsaðilinn tilnefnir, að það eða þau sýni fram á hæfni sína til þess að uppfylla þau skilyrði og skuldbindingar sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum sem eðlilegt er og sanngjarnt að slík yfirvöld beiti varðandi alþjóðlega reglubundna flugþjónustu.
4. Við móttöku slíkrar tilnefningar skal hinn samningsaðilinn, án teljandi tafar og með fyrirvara um ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar, veita því flugfélagi eða þeim flugfélögum, sem þannig eru tilnefnd, tilskilið flugrekstrarleyfi.
5. Tilnefnda flugfélaginu er heimilt, við móttöku flugrekstrarleyfisins sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar og á umsömdum degi, að hefja rekstur þeirrar þjónustu, sem samkomulag er um, að hluta eða að öllu leyti, að því tilskildu að það fullnægi ákvæðum samnings þessa og að gjöld fyrir slíka þjónustu hafi verið ákveðin í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa.

4. gr.

Afturköllun leyfis, tímabundin niðurfelling þess eða setning skilyrða fyrir því.

1. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að synja hinu tilnefnda flugfélagi hins samningsaðilans um flugrekstrarleyfi eða afturkalla það eða fella tímabundið niður eða setja þau skilyrði, sem hann kann að telja nauðsynleg, fyrir því að fyrrnefnt tilnefnt flugfélag geti hagnýtt sér þau réttindi, sem eru tilgreind í 2. gr. samnings þessa, í eftirfarandi tilvikum:

   a) þegar hann telur eigi nægilega upplýst að samningsaðilinn, sem tilnefndi flugfélagið, eða ríkisborgarar í ríki hans eigi verulega eignarhlutdeild í fyrrnefndu flugfélagi og hafi raunveruleg yfirráð yfir því; eða
   b) þegar fyrrnefnt flugfélag fullnægir ekki ákvæðum gildandi laga og reglugerða fyrri samningsaðilans; eða
   c) þegar fyrrnefnt flugfélag starfar á annan hátt ekki samkvæmt skilyrðum þeim sem kveðið er á um í samningi þessum.
2. Ef tafarlaus afturköllun eða tímabundin niðurfelling flugrekstrarleyfis eða tafarlaus setning skilyrða fyrir flugrekstrarleyfi skv. 1 mgr. þessarar greinar er ekki nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir frekari brot á lögum og

(3) The aeronautical authorities of the other Contracting Party may require the airline or airlines designated by the first Contracting Party to satisfy them that it is qualified to fulfill the conditions and the obligations prescribed under the laws and regulations normally and reasonably applied by them to the operation of international air services by the said authorities.
(4) On receipt of such designation, the other Contracting Party shall, subject to the provisions of paragraphs (2) and (3) of this Article, grant to the airline or airlines so designated the appropriate operating authorization without unreasonable delay.
(5) Upon receipt of the operating authorization of paragraph (4) of this Article the designated airline may, at the agreed date, begin to operate the agreed services, in part or in whole, provided that it complies with the provisions of this Agreement and that tariffs for such services have been established in accordance with the provisions of Article 8 of this Agreement.

Article 4

Revocation, Suspension or Imposition of Conditions of Authorization

(1) Each Contracting Party shall have the right to refuse to grant to or to revoke or suspend an operating authorization granted to the designated airline of the other Contracting Party or to impose such conditions as it may deem necessary on the exercise by the said designated airline of the rights specified in Article 2 of this Agreement, in any of the following cases:
   (a) where it is not satisfied that the substantial ownership and effective control of that airline are vested in the Contracting Party designated that airline or its nationals; or
   (b) where that airline fails to comply with the laws and regulations of the first Contracting Party; or
   (c) where that airline otherwise fails to operate in accordance with the conditions prescribed under this Agreement.
(2) Unless immediate revocation or suspension of the operating authorization, or immediate imposition of the conditions to the operating authorization as mentioned in paragraph (1) of this Article, is essential to prevent further

reglugerðum skal slíkum rétti aðeins beitt að undangengnum viðræðum við hinn samningsaðilann.

5. gr.
Gildi laga, reglugerða og verklagsreglna.

1. Lög, reglugerðir og verklagsreglur annars samningsaðilans, er gilda um komu loftfars, sem er í flugrekstri landa í milli, inn á landsvæði hans, veru þess þar eða brottför þaðan eða rekstur og flugleiðsögu þess innan þess, skulu gilda um loftfar tilnefnds flugfélags hins samningsaðilans þegar loftfarið kemur inn á landsvæði fyrri samningsaðilans, er þar og fer þaðan eða er starfrækt og á aðild að flugleiðsögu innan þess.
2. Lög og reglugerðir annars samningsaðilans um komu farþega, áhafnar, farms eða pósts inn á landsvæði hans, veru þar eða brottför þaðan, svo sem reglugerðir um komu, flugheimildir, útlendingaeftirlit, vegabréfaeftirlit, tolleftirlit og sóttkví, skulu gilda um farþega, áhöfn, farm eða póst, sem loftfar hins tilnefnda flugfélags hins samningsaðilans flytur, þegar komið er inn á landsvæði fyrri samningsaðilans, verið þar og farið þaðan. Hvor samningsaðili skal án tafar láta hinum í té texta fyrrnefndra laga og reglugerða að ósk síðari samningsaðilans.
3. Önnur viðeigandi lög og reglugerðir annars samningsaðilans um loftför og ákvæði um almenningsflug skulu gilda um hið tilnefnda flugfélag hins samningsaðilans meðan það heldur uppi samþykktri flugþjónustu á landsvæði fyrri samningsaðilans.
4. Farþegar, farangur, farmur og póstur, sem eru í beinum gegnumflutningi og fara ekki út fyrir svæði viðkomandi flughafnar sem er afmarkað í þeim tilgangi, skulu einungis sæta einfölduðu eftirliti.

6. gr.
Sanngjörn og jöfn aðstaða.

1. Tilnefnd flugfélög beggja samningsaðila skulu hafa sanngjarna og jafna aðstöðu til þess að taka þátt í flutningum í lofti milli landa sem samningur þessi fjallar um.
2. Hvor samningsaðili um sig skal gera viðeigandi ráðstafanir innan lögsögu sinnar í því

infringements of laws and regulations, such right shall be exercised only after consultation with the other Contracting Party.

Article 5
Application of Laws, Regulations and Procedures

(1) The laws, regulations and procedures of one Contracting Party relating to the admission to, stay in and departure from or operation and navigation in its territory of aircraft engaged in the international operation shall be applicable to the aircraft of the designated airline of the other Contracting Party, while entering, within and departing from or operating and engaging in navigation in the territory of the first Contracting Party.
(2) The laws and regulations of one Contracting Party relating to admission to, stay in or departure from its territory of passengers, crew, cargo or mail, such as regulations relating to entry, clearance, immigration, passports, customs and quarantine, shall be applicable to the passengers, crew, cargo or mail carried by the aircraft of the designated airline of the other Contracting Party, while entering, within and departing from the territory of the first Contracting Party. Each Contracting Party shall promptly supply to the other Contracting Party at the latter´s request, the texts of the abovementioned laws and regulations.
(3) Other relevant laws and regulations relating to aircraft and provisions in respect of civil aviation of one Contracting Party shall be applicable to the designated airline of the other Contracting Party while operating the agreed services in the territory of the first Contracting Party.
(4) Passengers, baggage, cargo and mail in direct transit and not leaving the area of the airport reserved for such purpose shall be subject to no more than a simplified control.

Article 6
Fair and Equal Opportunity

(1) There shall be a fair and equal opportunity for the designated airlines of both Contracting Parties to participate in the international air transportation covered by this Agreement.
(2) Each Contracting Party shall take appropriate action within its jurisdiction to eliminate all

skyni að uppræta hvers kyns mismunun eða óréttmæta starfshætti sem íþyngja samþykktri þjónustu hins tilnefnda flugfélags hins samningsaðilans.

3. Við rekstur samþykktrar flugþjónustu skal hið tilnefnda flugfélag hvors samningsaðila um sig taka tillit til hagsmuna hins tilnefnda flugfélags hins samningsaðilans til þess að forðast að hafa óréttmæt áhrif á þá þjónustu sem hið síðarnefnda veitir.
4. Samþykkt flugþjónusta, sem hin tilnefndu flugfélög hvors samningsaðila um sig veita, skal mæta flutningaþörfum almennings á hinni tilgreindu leið og meginmarkmiðið með henni skal vera að bjóða fram, með hæfilegri hleðslunýtingu, flutninga sem fullnægja raunverulegri og hæfilega áætlaðri flutningaþörf að því er varðar farþega, farm og póst.

5. Flutningur farþega, farms og pósts, sem hið tilnefnda flugfélag hvors samningsaðila um sig stundar, þ.e. farþega, farms og pósts sem eru teknir um borð og settir af á stöðum á hinni tilteknu leið, öðrum en stöðum á landsvæði þess samningsaðila sem tilnefnir fyrrnefnt flugfélag, skal fara fram í samræmi við þá meginreglu að flutningsframboð sé miðað við:
   a) flutningaþörf til og frá landsvæði samningsaðilans sem hefur tilnefnt viðkomandi flugfélag;
   b) flutningaþörf þess svæðis sem hin samþykkta þjónusta fer um, að teknu tilliti til annarrar flugþjónustu sem flugfélög þeirra ríkja, sem ná yfir fyrrnefnt svæði, hafa komið á; og
   c) þarfir gegnumflugs.

7. gr.
Rekstrarfyrirkomulag.

1. Flugmálayfirvöld samningsaðila skulu koma sér saman um flutningsgetu og ferðatíðni.

2. Hin tilnefndu flugfélög hvors samningsaðila um sig geta, í samræmi við flutningaþörf, sótt um að fá að fljúga á aukahluta á hinni tilteknu leið. Senda ber flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans umsókn um slíkt flug að minnsta kosti þremur (3) virkum dögum áður en það er áætlað og því aðeins er heimilt að fljúga slíkt flug að fyrrnefnd flugmálayfirvöld hafi veitt samþykki sitt.

forms of discrimination or unfair practices adversely affecting the agreed services of the designated airline of the other Contracting Party.

(3) In operating the agreed services the designated airline of each Contracting Party shall take into account the interest of the designated airline of the other Contracting Party so as not to affect unduly the services the latter provides.

(4) The agreed services provided by the designated airlines of each Contracting Party shall bear a close relationship to the requirements of the public for transportation on the specified route and shall have as their primary objective the provision at a reasonable load factor of capacity adequate to meet the current and reasonable anticipated requirements for the carriage of passengers, cargo and mail.

(5) Provision for the carriage of passengers, cargo and mail by the designated airline of each Contracting Party, both taken on board and discharged at points on the specified route other than points in the territory of the Contracting Party designating that airline shall be made in accordance with the general principles that capacity shall be related to:

   (a) traffic requirements to and from the territory of the Contracting Party which has designated the airline;
   (b) traffic requirements of the region through which the agreed service passes, taking account of other air services established by airlines of the States comprising that region; and
   (c) the requirements of through airline operation.

Article 7
Operational Arrangements

(1) Capacity and frequency shall be agreed upon between the aeronautical authorities of the Contracting Parties.

(2) The designated airlines of either Contracting Party may, according to traffic requirements, apply for operation of an extra section on the specified route. The application for such flight shall be submitted at least three (3) working days before its proposed operation to the aeronautical authorities of the other Contracting Party, and the flight can be operated only after approval has been obtained from such authorities.

8. gr.
Gjöld.

1. Gjöld, sem gilda milli landsvæða beggja samningsaðila, skulu miðuð við sanngjarna fjárhæð, að teknu hæfilegu tilliti til allra atriða sem máli skipta, meðal annars rekstrarkostnaðar, sanngjarns ágóða, eiginleika þjónustunnar (t.d. hraða og gæðastigs vistarvera) og gjalda sem gilda um þjónustu annars flugfélags eða annarra flugfélaga á hverjum hluta tilgreindrar leiðar.
2. Tilnefnd flugfélög beggja samningsaðila skulu koma sér saman um gjöldin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að höfðu samráði, ef nauðsyn krefur og unnt er, við önnur flugfélög sem starfa á allri leiðinni eða hluta hennar. Gjöldin, sem þannig næst samkomulag um, skulu lögð fyrir viðkomandi flugmálayfirvöld hlutaðeigandi flugfélaga eigi síðar en sextíu (60) dögum áður en fyrirhugað er að koma fyrrnefndum gjöldum á og öðlast þau gildi eftir að flugmálayfirvöld beggja samningsaðila hafa samþykkt þau.
3. Ef hin tilnefndu flugfélög samningsaðila geta ekki komið sér saman um nein þessara gjalda skulu flugmálayfirvöld samningsaðila reyna að ákveða gjöldin með samkomulagi sín á milli.
4. Geti flugmálayfirvöld hvorki komið sér saman um að samþykkja gjöld, sem lögð eru fyrir þau skv. 2. mgr. þessarar greinar, né um að ákveða gjöld skv. 3. mgr. þessarar greinar skal vísa málinu til samningsaðila til lausnar í samræmi við ákvæði 18. gr. samnings þessa.
5. Meðan beðið er ákvörðunar um ný gjöld í samræmi við ákvæði þessarar greinar skulu þau gjöld, sem eru þegar í gildi, standa.

Article 8
Tariffs

(1) The tariffs applicable between the territories of the two Contracting Parties shall be established at reasonable levels, due regard being paid to all relevant factors including cost of operation, reasonable profit, characteristics of service (such as speed and standard of accommodation) and tariffs applicable to the services of other airline(s) on any section of the specified route.
(2) The tariffs referred to in paragraph (1) of this Article shall be agreed upon between the designated airlines of both Contracting Parties, in consultation when necessary and possible with other airlines operating over the whole or part of the same route. The tariffs so agreed shall be submitted to their respective aeronautical authorities at least sixty (60) days prior to the proposed date of introduction of these tariffs and become effective after their approval by the aeronautical authorities of both Contracting Parties.
(3) If the designated airlines of the Contracting Parties cannot agree on any of these tariffs, the aeronautical authorities of the Contracting Parties shall try to determine the tariffs through consultation.
(4) If the aeronautical authorities cannot agree on the approval of any tariff submitted to them under paragraph (2) of this Article or on the determination of any tariff under paragraph (3) of this Article, the matter shall be referred to the Contracting Parties for settlement in accordance with the provisions of Article 18 of this Agreement.
(5) Pending determination of a new tariff in accordance with the provisions of this Article, the tariffs already in force shall prevail.

9. gr.
Veiting tækniþjónustu og gjaldskrá.

1. Hvor samningsaðili um sig skal tiltaka almenna flughöfn eða flughafnir og varaflughafnir á landsvæði sínu sem hinu tilnefnda flugfélagi hins samningsaðilans ber að nota við rekstur þeirrar þjónustustarfsemi sem samkomulag er um og skal sjá því fyrir nauðsynlegri fjarskipta-, flugleiðsögu- og veðurþjónustu og annarri stoðþjónustu vegna reksturs þeirrar þjónustustarfsemi sem samkomulag er um.

Article 9
Provision of Technical Services and Rate of Charges

(1) Each Contracting Party shall designate regular airport(s) and alternate airports in its territory to be used by the designated airline of the other Contracting Party for the operation of the agreed services, and shall provide this airline with such communications, navigational, meteorological and other auxiliary services as are required for the operation of the agreed services.

2. Hin tilnefndu flugfélög hvors samningsaðila um sig skulu látin greiða sanngjarnt og hæfilegt gjald, sem þar til bær yfirvöld hins samningsaðilans ákveða, fyrir afnot af flughöfnum (meðal annars tæknibúnaði og annarri aðstöðu og þjónustu), fjarskiptum og flugleiðsögu og annarri stoðþjónustu sem hinn samningsaðilinn veitir. Slík gjöld skulu ekki hærri en gjöld sem flugfélög annarra ríkja, sem halda uppi alþjóðlegri flugþjónustu, greiða fyrir afnot af svipuðum tækjabúnaði, aðstöðu og þjónustu á landsvæði hins samningsaðilans sem áður er getið.

(2) The designated airlines of each Contracting Party shall be charged for the use of airports (including the technical equipment and other facilities and services), communications and navigational facilities and other auxiliary services of the other Contracting Party at fair and reasonable rates prescribed by the appropriate authorities of the other Contracting Party. Such rates shall not be higher than those applicable to any airline of other States engaged in international air services for the use of similar equipment, facilities and services in the territory of that other Contracting Party.

10. gr.
Tollar.

1. Loftför, sem hið tilnefnda flugfélag annars samningsaðilans notar í alþjóðlegri flugþjónustu, svo og venjulegur tækjabúnaður þeirra, varahlutir (þar með taldir hreyflar), eldsneyti, olía (þar með taldir glussar), smurolía og vistir (þar með talinn matur, drykkir og tóbak) um borð í slíkum loftförum skulu undanþegin öllum tollum, sköttum, skoðunargjöldum og öðrum greiðslum og gjöldum með gagnkvæmum hætti þegar komið er inn á landsvæði hins samningsaðilans, enda verði slíkur tækjabúnaður og hlutir áfram um borð í loftförunum þar til þeir eru fluttir út aftur.

2. Eftirtalinn tækjabúnaður og hlutir skulu einnig undanþegnir sömu tollum, sköttum, skoðunargjöldum og öðrum sambærilegum greiðslum og gjöldum með gagnkvæmum hætti, að undanskildum gjöldum fyrir veitta þjónustu:
   a) venjulegur tækjabúnaður, varahlutir (þar með taldir hreyflar), eldsneyti, olía (þar með taldir glussar), smurolía og vistir (þar með talinn matur, drykkir og tóbak) sem hið tilnefnda flugfélag annars samningsaðila kemur með, eða komið er með fyrir þess hönd, inn á landsvæði hins samningsaðilans eða eru tekin um borð í viðkomandi loftfar á landsvæði hins samningsaðilans og einungis eru ætluð til notkunar eða neyslu fyrir eða um borð í loftfari, sem er notað við rekstur þeirrar þjónustustarfsemi sem samkomulag er um, jafnvel þegar nota á slíkan tækjabúnað og hluti á hluta leiðarinnar yfir landsvæði hins samningsaðilans;
   b) varahlutir (þar með taldir hreyflar) sem

Article 10
Customs Duties

(1) Aircraft operated in international air services by the designated airline of the one Contracting Party, as well as their regular equipment, spare parts (including engines), fuels, oil (including hydraulic fluids), lubricants, and aircraft stores (including food, beverages and tobacco) on board such aircraft shall be exempt on the basis of reciprocity from all customs duties, taxes, inspection fees and other similar fees and charges on arriving in the territory of the other Contracting Party, provided such equipment and items remain on board the aircraft up to such time as they are re-exported.

(2) The following equipment and items shall also be exempt on the basis of reciprocity from the same customs duties, taxes, inspection fees and other similar fees and charges, with the exception of charges corresponding to the services provided:
   (a) regular equipment, spare parts (including engines), fuels, oil (including hydraulic fluids), lubricants and aircraft stores (including food, beverages and tobacco) introduced by or on behalf of the designated airline of one Contracting Party into the territory of the other Contracting Party or taken on board the aircraft in the territory of the other Contracting Party and exclusively intended for use or consumption by aircraft engaged in the agreed services, even when such equipment and items are to be used on part of the journey performed over the territory of the other Contracting Party;

   (b) spare parts (including engines) introduces

hið tilnefnda flugfélag annars samningsaðila kemur með, eða komið er með fyrir þess hönd, inn á landsvæði hins samningsaðilans til viðhalds eða viðgerða á loftfari sem er notað við rekstur þeirrar þjónustustarfsemi sem samkomulag er um.

3. Birgðir prentaðra farseðla, fylgibréf farms og kynningarefni, sem hið tilnefnda flugfélag annars samningsaðila kemur með, eða komið er með fyrir þess hönd, inn á landsvæði hins samningsaðilans, skulu undanþegin öllum tollum, sköttum, skoðunargjöldum og öðrum sambærilegum greiðslum og gjöldum með gagnkvæmum hætti.
4. Tækjabúnað og hluti, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, má afferma á landsvæði hins samningsaðilans með samþykki tollyfirvalda hans. Slíkur tækjabúnaður og hlutir skulu hafðir undir eftirliti og stjórn tollyfirvalda hins samningsaðilans þar til þeir eru fluttir úr landi að nýju eða þeim ráðstafað á annan hátt í samræmi við tollareglur.
5. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, gildir einnig þegar hið tilnefnda flugfélag annars samningsaðilans hefur gert samning við annað flugfélag, sem með sambærilegum hætti hefur fengið slíka undanþágu á landsvæði hins samningsaðilans, um lán eða yfirfærslu, á fyrrnefndu landsvæði, á þeim hlutum sem eru tilgreindir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.
6. Farangur, farmur og póstur í beinum gegnumflutningi skulu undanþegnir öllum tollum, sköttum, skoðunargjöldum og öðrum sambærilegum greiðslum og gjöldum með gagnkvæmum hætti, að undanskildum gjöldum fyrir veitta þjónustu.

11. gr.

Umboð og starfsmenn.

1. Tilnefnt flugfélag hvors samningsaðila um sig skal eiga rétt á því, í samræmi við lög og reglugerðir hins samningsaðilans um komu, búsetu og atvinnu, að flytja inn og hafa á landsvæði hins samningsaðilans sína eigin starfsmenn við stjórnun, tæknistörf, rekstur og önnur sérhæfð störf sem eru nauðsynlegir til þess að það geti boðið fram flutninga í lofti.

into the territory of one Contracting Party by or on behalf of the designated airline of the other Contracting Party for the maintenance or repair of aircraft engaged in operation of the agreed air services.

(3) Printed ticket stock, air waybills and publicity materials introduced into the territory of one Contracting Party by or on behalf of the designated airline of the other Contracting Party, shall be exempt on the basis of reciprocity from all the customs duties, taxes, inspection fees and other similar fees and charges.

(4) The equipment and items referred to in paragraphs (1) and (2) of this Article may be unloaded in the territory of the other Contracting Party with the approval of the customs authorities of the other Contracting Party. Such equipment and items shall be kept under the supervision or control of the customs authorities of the other Contracting Party up to such time as they are re-exported, or otherwise disposed of in accordance with the customs regulations.

(5) The exemption provided for in paragraphs (1) and (2) of this Article shall also be available where the designated airline of one Contracting Party has contracted with another airline, which similarly enjoys such exemptions in the territory of the other Contracting Party, for the loan or transfer in the said territory of the items specified in paragraphs (1) and (2) of this Article.

(6) Baggage, cargo and mail in direct transit shall be exempt from all the customs duties, taxes, inspection fees and other similar fees and charges on the basis of reciprocity with the exception of the charges corresponding to the services provided.

Article 11

Representation and Personnel

(1) The designated airline of each Contracting Party shall have the right, in accordance with the laws and regulations of the other Contracting Party relating to entry, residence and employment, to bring into and maintain in the area of the other Contracting Party those of their own managerial, technical, operational and other specialist staff who are required for the provision of air transportation.

2. Tilnefnd flugfélög hvors samningsaðila um sig skulu eiga rétt á því að stofna umboð og selja flutninga í lofti á stað eða stöðum á hinni tilgreindu leið á landsvæði hins samningsaðilans, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu söluumboða og/eða ferðaskrifstofa sem hafa tilskilið starfsleyfi. Samningsaðilar skulu ekki takmarka rétt tilnefndra flugfélaga hvors samningsaðila um sig til þess að selja, og rétt hvaða einstaklings sem er til þess að kaupa, slíka flutninga í gjaldmiðli hlutaðeigandi lands.

12. gr.
Gjaldeyrisskipti og yfirfærsla tekna.

1. Tilnefnt flugfélag hvors samningsaðila um sig skal eiga rétt á því, með gagnkvæmum hætti, að yfirfæra tekjur sínar, sem er aflað á landsvæði hins samningsaðilans, til landsvæðis samningsaðilans sem tilnefndi það.

2. Gjaldeyrisskipti og yfirfærsla slíkra tekna skulu fara fram í skiptanlegum gjaldmiðli samkvæmt skráðu gengi á yfirfærsludegi.

13. gr.
Öryggi í flugi.

1. Samningsaðilar árétta að skyldur þeirra gagnvart hvor öðrum, sem felast í að vernda almenningsflug gegn ólögmætum aðgerðum, eru óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum. Samningsaðilum ber sérstaklega að bregðast við í samræmi við ákvæði samnings um lögbrot og aðra verknaði í loftförum sem undirritaður var í Tókíó 14. september 1963, samnings um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara sem undirritaður var í Haag 16. desember 1970 og samnings um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna sem undirritaður var í Montreal 23. september 1971 og bókunar við hann sem undirrituð var í Montreal 24. febrúar 1988.

2. Samningsaðilar skulu, að fenginni beiðni þar um, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar ólöglegar aðgerðir sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþegum þeirra og áhöfn, flughöfnum og flugleiðsöguaðstöðu og sérhverja aðra ógnun við öryggi í almenningsflugi.
3. Samningsaðilar skulu, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, bregðast við í samræmi

(2) The designated airlines of each Contracting Party shall be allowed to set up representation and engage in the sale of air transportation at the point(s) on the specified route in the territory of the other Contracting Party, either directly or through the duly authorized sales and/or travel agents. The Contracting Parties shall not restrict the right of the designated airlines of each Contracting Party to sell, and of any person to purchase, such transportation in local currency.

Article 12
Conversion and Remittance of Revenue

(1) The designated airline of each Contracting Party shall have on a reciprocal basis the right to remit to the territory of the Contracting Party designating the airline its revenue received in the territory of the other Contracting Party.
(2) The conversion and remittance of such revenue shall be effected in convertible currencies at the effective rate of exchange prevailing on the date of remittance.

Article 13
Aviation Security

(1) The Contracting Parties reaffirm that their obligation to each other to protect the security of civil aviation against acts of unlawful interference forms an integral part of the present Agreement. The Contracting Parties shall in particular act in conformity with the provisions of the Convention of Offences and Certain Other Acts Committed on Board Aircraft signed in Tokyo on 14 September 1963, the Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft, signed in The Hague on 16 December 1970, and the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, signed in Montreal on 23 September 1971 and its protocol signed on February 24, 1988.
(2) The Contracting Parties shall provide upon request all necessary assistance to each other to prevent acts of unlawful seizure of civil aircraft and other unlawful acts against the safety of such aircraft, their passengers and crew, airports and air navigation facilities, and any other threat to the security of civil aviation.
(3) The Contracting Parties shall, in their mutual relations, act in conformity with the avia-

við þau flugverndarákvæði og þær tæknilegu kröfur, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur sett og eru tilgreind sem viðaukar við Chicago-samninginn um alþjóðaflugmál, að því marki sem slík verndarákvæði og kröfur eiga við um samningsaðilana. Þeir skulu gera kröfu um að rekstraraðilar loftfara, sem eru skráð hjá þeim, eða rekstraraðilar loftfara, sem hafa höfuðstöðvar sínar eða fast aðsetur á landsvæði þeirra, starfi í samræmi við slík flugverndarákvæði og kröfur.

4. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að slíka rekstraraðila loftfara megi skylda til þess að fara að þeim flugverndarákvæðum og kröfum sem hinn samningsaðilinn setur og gilda um komu inn á landsvæði hans, brottför þaðan eða veru þar. Hvor samningsaðili um sig skal tryggja að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar með virkum hætti á landsvæði hans til að vernda öryggi loftfarsins áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram og skoða farþega, áhöfn, farangur, farm og birgðir loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram. Hvor samningsaðili um sig skal og taka til vinsamlegrar athugunar allar óskir hins samningsaðilans um réttmætar og sérhæfðar öryggisráðstafanir til þess að mæta tiltekinni ógn.
5. Þegar hætta er á ólöglegri töku almenningsloftfara eða öðrum ólöglegum aðgerðum, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþegum þeirra og áhöfn, flughöfnum eða flugleiðsöguaðstöðu, eða þegar slíkt á sér stað, skulu samningsaðilar aðstoða hvorn annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða hættu á slíkum atburðum á skjótan og öruggan hátt.

tion security provisions and technical requirements established by the International Civil Aviation Organization and designated as Annexes to the Convention on International Civil Aviation, to the extent that such security provisions and requirements are applicable to the Contraction Parties; they shall require that operators of aircraft of their registry or operators of aircraft who have their principal place of business or permanent residence in their territory act in conformity with such aviation security provisions and requirements.

(4) Each Contracting Party agrees that such operators of aircraft may be required to observe the aviation security provisions and requirements established by the other Contracting Party for entry into, departure from, or while within the territory of that Contracting Party. Each Contracting Party shall ensure that adequate measures are effectively applied within its territory to protect the safety of the aircraft prior to and during boarding or loading, and to inspect passengers, crew, baggage, cargo and aircraft stores prior to boarding or loading. Each Contracting Party shall also give sympathetic consideration to any request from the other Contracting Party for reasonable special security measures to meet a particular threat.

(5) When an incident or threat of an incident of unlawful seizure of civil aircraft or other unlawful acts against safety of such aircraft, their passengers and crew, airports or air navigation facilities occurs, the Contracting Parties shall assist each other by facilitating communications and other appropriate measures intended to terminate rapidly and safely such incident or threat thereof.

14. gr.

Útvegun tölfræðilegra gagna.

Flugmálayfirvöld annars hvors samningsaðilans skulu láta flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans í té tölfræðileg gögn, að beiðni þeirra, sem eðlilegt má teljast að séu nauðsynleg í því skyni að endurskoða þá flutningsgetu sem er boðin fram með samþykktri flugþjónustu, sem hið tilnefnda flugfélag fyrri samningsaðilans heldur uppi, á hinni tilgreindu leið.

Í slíkum gögnum skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að ákvarða flutningsmagn fyrrnefnds flugfélags með tilliti til hinnar samþykktu flugþjónustu.

Article 14

Provision of Statistical Data

The aeronautical authorities of either Contracting Party shall furnish to the aeronautical authorities of the other Contracting Party, at their request, statistical data as may be reasonably required for the purpose of reviewing the capacity provided by the agreed services operated by the designated airline of the first Contracting Party on the specified route.

Such data shall include all information required to determine the amount of traffic carried by the said airline on the agreed services.

15. gr.
Viðurkenning vottorða og leyfa og öryggi.

1. Hvor samningsaðili um sig skal viðurkenna gilt lofthæfisskírteini, hæfisskírteini og leyfi, sem hinn samningsaðilinn gefur út eða fullgildir, til þess að unnt sé að halda uppi samþykktri flugþjónustu á hinni tilgreindu leið, að því tilskildu að staðlar fyrir slík skírteini og leyfi jafngildi lágmarksstöðlum, sem eru settir í samræmi við Chicago-samninginn um alþjóðaflugmál, eða setji strangari kröfur en þeir.
2. Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir viðræðum um öryggisstaðla hins samningsaðilans er varða flugrekstraraðstöðu, flugáhafnir, loftför og rekstur tilnefndu flugfélaganna. Ef annar samningsaðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkar viðræður, að hinn samningsaðilinn fylgi ekki, með skilvirkum hætti, öryggisstöðlum og kröfum á þessum sviðum, sem jafngilda að minnsta kosti lágmarksstöðlum sem er heimilt að ákveða samkvæmt Chicago-samningnum, og stjórni samkvæmt þeim, skal hann tilkynna hinum samningsaðilanum niðurstöður sínar og hvað hann telji nauðsynlegt að gera til að fullnægja þessum lágmarksstöðlum og skal hinn samningsaðilinn þá gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til að fresta, afturkalla eða takmarka flugrekstrarleyfi eða tæknileyfi flugfélags eða flugfélaga, sem hinn aðilinn tilnefnir, ef hinn aðilinn gerir ekki viðeigandi ráðstafanir til leiðréttingar innan eðlilegra tímamarka.

Article 15
Recognition of Certificates and Licenses and Safety

(1) Each Contracting Party shall recognize the valid certificate of airworthiness, certificate of competency and licenses issued or validated by the other Contracting Party for the operation of the agreed services on the specified route, provided that the standards of such certificates and licenses are equivalent to or above the minimum standard established in accordance with the Convention on International Civil Aviation.
(2) Either Contracting Party may request consultations concerning the safety standards maintained by the other Contracting Party relating to aeronautical facilities, aircrews, aircraft, and operation of the designated airlines. If, following such consultations, one Contracting Party finds that the other Contracting Party does not effectively maintain and administer safety standards and requirements in these areas that at least equal the minimum standards that may be established pursuant to the Convention, the other Contracting Party shall be notified of such findings and the steps considered necessary to conform with these minimum standards, and the other Contracting Party shall take appropriate corrective action. Each Contracting Party reserves the right to withhold, revoke, or limit the operating authorization or technical permission of an airline or airlines designated by the other Party in the event the other Party does not take such appropriate corrective action within a reasonable time.

16. gr.
Slysarannsóknir.

1. Eigi nauðlending eða slys sér stað á landsvæði annars samningsaðilans, þar sem loftfar hins samningsaðilans kemur við sögu, skulu flugmálayfirvöld þess samningsaðila, þar sem nauðlendingin eða slysið verður, tilkynna flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans án tafar um það, gera strax ráðstafanir til þess að aðstoða áhöfn og farþega, tryggja öryggi loftfarsins og pósts, farangurs og farms um borð og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fram fari rannsókn á einstökum atriðum og aðstæðum viðvíkjandi nauðlendingunni eða slysinu.
2. Flugmálayfirvöld samningsaðilans, sem stýrir rannsókn á einstökum atriðum og aðstæð-

Article 16
Investigation of Accidents

(1) In the case of a forced landing or accident of an aircraft of either Party within the territory of the other Contracting Party, the aeronautical authorities of the Contracting Party in whose territory the forced landing or accident takes place shall immediately notify the aeronautical authorities of the other Contracting Party thereof, take immediate steps to assist the crew and the passengers, provide for the safety of the aircraft and mail, baggage and cargo on board and take necessary measures for an inquiry into the particulars and circumstances of the forced landing or accident.
(2) The aeronautical authorities of the Contracting Party conducting the inquiry into the par-

um viðvíkjandi nauðlendingunni eða slysinu, skulu tilkynna flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans um að rannsókn fari fram og skapa flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans fullkomna aðstöðu til þess að njóta fyrirsvars við rannsóknina. Flugmálayfirvöld samningsaðilans, sem stýrir rannsókninni, skulu senda flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans skýrslu um rannsóknina um leið og hún liggur fyrir.

ticulars and circumstances of the forced landing or accident shall inform the aeronautical authorities of the other Contracting Party of the holding of the inquiry and the aeronautical authorities of the other Contracting Party shall be granted full facilities to be represented at the inquiry. The aeronautical authorities of the Contracting Party conducting the inquiry shall send to the aeronautical authorities of the other Contracting Party the report of the inquiry as soon as it is available.

17. gr.
Samráð.

1. Samningsaðilar skulu, í náinni samvinnu og með gagnkvæmum stuðningi, tryggja að ákvæðum samnings þessa sé beitt með réttum hætti og að farið sé að ákvæðum hans svo viðunandi sé. Öðru hverju skulu fara fram viðræður milli flugmálayfirvalda samningsaðila í þessu skyni.
2. Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er farið fram á viðræður við hinn samningsaðilann um samninginn. Slíkar viðræður skulu hafnar sem allra fyrst, þó eigi síðar en sextíu (60) dögum frá því að hinn samningsaðilinn móttekur beiðni þar um, nema annað sé ákveðið.

Article 17
Consultation

(1) The Contracting Parties shall, in a spirit of close cooperation and mutual support, ensure the correct implementation of and satisfactory compliance with the provisions of the Agreement. To this end the aeronautical authorities of the Contracting Parties shall consult each other from time to time.
(2) Either Contracting Party may at any time request consultation with the other Contracting Party concerning the Agreement. Such consultation shall begin as soon as possible, and at least within sixty (60) days from the date of receipt of the request by the other Contracting Party unless otherwise agreed.

18. gr.
Breytingar á samningum.

1. Telji annar samningsaðilinn æskilegt að breyta einhverju ákvæði samnings þessa eða viðaukans við hann getur hann óskað eftir að hafa samráð við hinn samningsaðilann. Slíkt samráð, sem getur verið milli flugmálayfirvalda og getur farið fram með viðræðum eða bréfaskiptum, skal hefjast innan sextíu (60) daga frá því að hinn samningsaðilinn móttekur beiðni þar um, nema báðir samningsaðilar fallist á framlengingu þess frests.

2. Sérhver breyting á samningi þessum eða viðaukanum við hann, sem er samþykkt í kjölfar samráðsins sem um getur í 1. mgr. samnings þessa, skal taka gildi að undangengnu samþykki með erindaskiptum sendierindreka.

Article 18
Amendment and Modification

(1) If either of the Contracting Parties considers it desirable to amend any provision of this Agreement or its Annex, it may at any time request consultation with the other Contracting Party. Such consultation, which may be between aeronautical authorities and which may be through discussion or by correspondence, shall begin within a period of sixty (60) days from the date of receipt of the request by the other Contracting Party, unless both Contracting Parties agree to an extension of this period.
(2) Any amendment to this Agreement or its Annex agreed upon as a result of the consultation referred to in paragraph (1) of this Article shall come into force when it has been confirmed by an exchange of notes through diplomatic channels.

19. gr.
Lausn deilumála.

1. Rísi deila milli samningsaðila um túlkun eða

Article 19
Settlement of Disputes

(1) If any dispute arises between the Contracting

framkvæmd samnings þessa skulu flugmálayfirvöld samningsaðila fyrst leitast við að leysa deiluna með samningaviðræðum.

2. Nái flugmálayfirvöld samningsaðila ekki samkomulagi skal deilan leyst eftir diplómatískum leiðum.

Parties relating to the interpretation or implementation of this Agreement, the aeronautical authorities of the two Contracting Parties shall in the first place endeavour to settle the dispute by negotiation.

(2) If the aeronautical authorities of the Contracting Parties fail to reach a settlement of the said dispute, it shall be settled through diplomatic channels.

20. gr.
Uppsögn.

Hvor samningsaðili getur hvenær sem er tilkynnt hinum samningsaðilanum, eftir diplómatískum leiðum, um þá ákvörðun sína að segja upp samningi þessum. Skal samningur þessi þá falla úr gildi tólf (12) mánuðum eftir að hinn samningsaðilinn móttekur tilkynninguna, nema samkomulag takist um að afturkalla hana áður en fresturinn er útrunninn.

Article 20
Termination

Either Contracting Party may at any time give notice to the other Contracting Party through diplomatic channels of its decision to terminate this Agreement. This Agreement shall then terminate twelve (12) months after the date of receipt of the notice by the other Contracting Party unless such notice is withdrawn by arrangement between the Contracting Parties before the expiry of this period.

21. gr.
Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Skrá skal samning þennan, ásamt öllum breytingum á honum, hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Article 21
Registration with ICAO

This Agreement and any amendment thereto shall be registered with the International Civil Aviation Organization.

22. gr.
Framlagning tímaáætlunar.

Tilnefnt flugfélag annars samningsaðilans skal, með eins löngum fyrirvara og frekast er unnt, en eigi síðar en sextíu (60) dögum fyrir gildistöku samþykktrar flugþjónustu, láta flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans í té upplýsingar um eðli þjónustunnar, tímaáætlanir, gerð loftfara, meðal annars um flutningsgetu á hverri tiltekinni leið, og allar frekari upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að sýna flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans fram á að komið sé til móts við kröfur samnings þessa með viðeigandi hætti.

Article 22
Time-Table Submission

As long in advance as practicable, but not less than sixty (60) days, before the introduction of an agreed service, the designated airline of one Contracting Party shall provide to the aeronautical authorities of the other Contracting Party information regarding the nature of service, timetables, types of aircraft including the capacity provided on each of the specified routes and any further information as may be required to satisfy the aeronautical authorities of the other Contracting Party that the requirements of this Agreement are being duly observed.

23. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi þann dag er undirritun hans fer fram.

Article 23
Entry into Force

The present Agreement shall come into force on the date of signature.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð frá ríkisstjórnum sínum, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Reykjavík hinn 2. apríl 2003 í tveimur eintökum á íslensku, kínversku og ensku og eru allir þessir textar jafngildir.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Agreement.

DONE in duplicate at Reykjavik on 2 April 2003 in Icelandic, Chinese and English languages all texts being equally authentic.

Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

In the event of any inconsistencies the English version shall prevail.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands
Halldór Ásgrímsson

For the Government of
the Republic of Iceland
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
alþýðulýðveldisins Kína
Yang Yuanyuan

For the Government of
the People's Republic of China
Yang Yuanyuan

VIÐAUKI

Leiðaskrá.

1. Flugleið samþykktrar flugþjónustu, sem tilnefnd flugfélög alþýðulýðveldisins Kína halda uppi, skal vera í báðar áttir sem hér segir:

Frá	*Til*	*Áfangastaðir*	*Staðir fyrir handan*
stöðum í Kína	þriggja staða að eigin ákvörðun Kínverja	þrír staðir að eigin ákvörðun Kínverja	verða tilgreindir og til-kynntir af hálfu Kínverja

2. Flugleið samþykktrar flugþjónustu, sem tilnefnd flugfélög ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands halda uppi, skal vera í báðar áttir sem hér segir:

Frá	*Til*	*Áfangastaðir*	*Staðir fyrir handan*
stöðum á Íslandi	þriggja staða að eigin	þrír staðir að eigin	verða tilgreindir og til-
	ákvörðun Íslendinga	ákvörðun Íslendinga	kynntir af hálfu Íslendinga

3. Tilnefndu flugfélagi hvors samningsaðila um sig er heimilt að sleppa úr, að eigin ákvörðun, hvaða stað sem er á hinum tilgreindu leiðum í hvaða flugi sem er eða öllu flugi, að því tilskildu að hin samþykkta flugþjónusta hefjist og endi á landsvæði samningsaðilans sem tilnefnir viðkomandi flugfélag.

ANNEX

Route Schedule

(1) The route of the agreed services operated by the designated airlines of the People's Republic of China shall be as follows in both directions:

From	*To*	*Intermediate Points*	*Points Beyond*
points in China	three points to be	three points to be	to be specified and notified
	selected at the discretion of the Chinese side	selected at the discretion of the Chinese side	by the Chinese side

(2) The route of the agreed services operated by the designated airlines of the Government of the Republic of Iceland shall be as follows in both directions:

From	*To*	*Intermediate Points*	*Points Beyond*
points in Iceland	three points to be	three points to be	to be specified and notified
	selected at the discretion of the Icelandic side	selected at the discretion of Icelandic side	by the Icelandic side

(3) The designated airline of either Contracting Party may omit, at its own discretion, any point on the specified routes on any or all flights, provided that the agreed services begin and terminate in the territory of the Contracting Party designating the airline.

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins vegna nýrra aðildarríkja.

Gerðar voru breytingar á 26. gr. stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 vegna aðildar Rússneska sambandsríkisins að ráðinu 28. febrúar 1996, Króatíu 6. nóvember 1996, Georgíu 27. apríl 1999, Armeníu 25. janúar 2001, Aserbaídsjan 25. janúar 2001, Bosníu og Hersegóvínu 24. apríl 2002 og Serbíu og Svartfjallalands 3. apríl 2003, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950 þar sem stofnskráin er birt. Ákveðið var að Rússneska sambandsríkið skyldi öðlast rétt á 18 fulltrúum á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, Króatía rétt á fimm, Georgía rétt á fimm, Armenía rétt á fjórum, Aserbaídsjan rétt á sex, Bosnía og Hersegóvína rétt á fimm og Serbía og Svartfjallaland rétt á sjö.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Aðildarríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Albanía	4
Andorra	2
Armenía	4
Austurríki	6
Aserbaídsjan	6
Belgía	7
Bosnía og Hersegóvína	5
Búlgaría	6
Króatía	5
Kýpur	3
Tékkland	7
Danmörk	5
Eistland	3
Finnland	5
Frakkland	18
Georgía	5
Þýskaland	18
Grikkland	7
Ungverjaland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Lettland	3
Liechtenstein	2
Litháen	4
Lúxemborg	3

The amended text of Article 26 is worded as follows:

"Members shall be entitled to the number of representatives given below:

Albania	4
Andorra	2
Armenia	4
Austria	6
Azerbaijan	6
Belgium	7
Bosnia and Herzegovina	5
Bulgaria	6
Croatia	5
Cyprus	3
Czech Republic	7
Denmark	5
Estonia	3
Finland	5
France	18
Georgia	5
Germany	18
Greece	7
Hungary	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Latvia	3
Liechtenstein	2
Lithuania	4
Luxembourg	3

Malta	3
Moldóva	5
Holland	7
Noregur	5
Pólland	12
Portúgal	7
Rúmenía	10
Rússland	18
San Maríno	2
Serbía og Svartfjallaland	7
Slóvakía	5
Slóvenía	3
Spánn	12
Svíþjóð	6
Sviss	6
Makedónía	3
Tyrkland	12
Úkranía	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður Írlands	18“

Malta	3
Moldova	5
Netherlands	7
Norway	5
Poland	12
Portugal	7
Romania	10
Russia	18
San Marino	2
Serbia and Montenegro	7
Slovak Republic	5
Slovenia	3
Spain	12
Sweden	6
Switzerland	6
“the former Yugoslav Republic of Macedonia”	3
Turkey	12
Ukraine	12
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18”

Nr. 13 22. apríl 2003

AUGLÝSING

um samning við Litháen um eflingu og gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Litháens um eflingu og gagnkvæma vernd fjárfestinga, sem gerður var í Vilníus 20. ágúst 2002, öðlaðist gildi 18. apríl 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli lýðveldisins Íslands of lýðveldisins Litháens um eflingu og gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Lýðveldið Ísland og lýðveldið Litháen (hér á eftir nefnd „samningsaðilar"),

sem vilja auka samvinnu á sviði efnahagsmála til hagsbóta fyrir báða samningsaðila,

sem hyggjast skapa og viðhalda hagstæðum skilyrðum fyrir fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðilans á landsvæði hins, og

sem gera sér grein fyrir að efling og gagnkvæm vernd fjárfestinga, samkvæmt skilmálum samnings þessa, örva framtakssemi í viðskiptum á þessu sviði,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. „Fjárfesting" merkir hvers konar eign sem fjárfestir annars samningsaðilans fjárfestir með í tengslum við atvinnustarfssemi á landsvæði hins samningsaðilans í samræmi við lög hins síðarnefnda og skal einkum, en þó ekki eingöngu, ná yfir:

   a) lausafé og fasteignir og réttindi sem af þeim leiðir, eins og leigumála, veðréttindi, veðbönd eða tryggingar;
   b) eignarhluta, hlutafé og hvers kyns aðra þátttöku í félagi;
   c) fjárkröfur eða kröfur um efndir samkvæmt samningi sem hafa fjárhagslegt gildi í tengslum við fjárfestingu eða ágóða sem er endurfjárfestur;
   d) hugverkaréttindi, það er vörumerki, einkaleyfi, skráðan hönnunarrétt, höfundarrétt, réttindi á sviði svæðislýsinga hálfleiðara og réttindi á sviði plöntuafbrigða í tengslum við fjárfestingu;
   e) hvers kyns réttindi samkvæmt lögum eða samningi og hvers kyns leyfi og heimildir lögum samkvæmt, meðal annars sérleyfi til að leita að náttúruauðlindum, vinna þær, rækta eða nýta.

   Breytingar á fjárfestingarformi eigna skulu engin áhrif hafa á eðli þeirra sem fjárfestinga.

AGREEMENT between the Republic of Iceland and the Republic of Lithuania for the Promotion and Reciprocal Protection of Investments

The Republic of Iceland and the Republic of Lithuania (hereinafter referred to as the "Contracting Parties"),

Desiring to develop economic co-operation to the mutual benefit of both Contracting Parties,

Intending to create and maintain favourable conditions for investments of investors of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party, and

Conscious that the promotion and reciprocal protection of investments in terms of this Agreement stimulates the business initiatives in this field,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Agreement:

1. The term "investment" shall mean every kind of asset invested in connection with economic activities by an investor of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party in accordance with the legislation of the latter and shall include, in particular, though not exclusively:
   a) movable and immovable property and derived rights, such as leases, mortgages, liens or pledges;
   b) shares, stocks and any other form of participation in a company;
   c) claims to money or to any performance under contract having a financial value associated with an investment or returns reinvested;
   d) intellectual property rights, which mean trademarks, patents, registered design rights, copyright, semiconductor topographies rights and plant varieties rights associated with an investment;
   e) any right conferred by laws or under contract and any licenses and permits pursuant to laws, including the concessions to search for, extract, cultivate or exploit natural resources.

   Any alteration of the form in which assets are invested shall not affect their character as investment.

2. „Fjárfestir“ merkir, hvað snertir hvorn samningsaðila, eftirtalda aðila sem fjárfesta á landsvæði hins samningsaðilans í samræmi við lög hans og ákvæði samnings þessa:

   a) einstakling sem hefur ríkisfang eða fasta búsetu hjá öðrum samningsaðila í samræmi við lög hans; eða
   b) lögaðila, til dæmis félag, hlutafélag, fyrirtæki, samlag, viðskiptasamtök, stofnun eða samtök, sem hefur verið skráður eða stofnaður í samræmi við lög viðkomandi samningsaðila, hvort sem er í hagnaðarskyni eður ei og hvort sem um takmarkaða ábyrgð hans er að ræða eður ei.

3. „Landsvæði“:
   a) merkir, að því er varðar lýðveldið Litháen, yfirráðasvæði á landi, innsævi og landhelgi og loftrými þar yfir, ásamt hafsvæðum utan landhelgi, þar með talinn hafsbotninn og botnlög, þar sem lýðveldið Litháen hefur fullveldisréttindi eða lögsögu samkvæmt landslögum og þjóðarétti;

   b) merkir, að því er varðar lýðveldið Ísland, landsvæði lýðveldisins Íslands, þar með talin landhelgin og sérhvert það hafsvæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra.

2. The term “investor” means, for either Contracting Party, the following entities who invest in the territory of the other Contracting Party in accordance with the laws of the latter Contracting Party and the provisions of this Agreement:
   a) any natural person who is a national or permanent resident of either Contracting Party in accordance with its laws; or
   b) any legal entity such as a company, corporation, firm, partnership, business association, institution or organisation, incorporated or constituted in accordance with the legislation of the Contracting Party, whether or not for profit and whether its liabilities are limited or not.

3. The term “territory” shall mean:
   a) in respect of the Republic of Lithuania, the land territory, internal waters and territorial sea and the airspace above them, as well as the maritime zones beyond the territorial sea, including the seabed and subsoil, over which the Republic of Lithuania exercises sovereign rights or jurisdiction in accordance with its national legislation and international law;
   b) in respect of the Republic of Iceland, the territory of the Republic of Iceland including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which the Republic of Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the seabed, its subsoil and its superjacent waters, and their natural resources.

2. gr.

Efling og vernd fjárfestinga.

1. Hvor samningsaðili skal stuðla að og skapa hagstæð skilyrði fyrir því að fjárfestar hins samningsaðilans geti fjárfest á landsvæði hans og skal leyfa slíkar fjárfestingar í samræmi við lög sín.

2. Ávallt skal gæta sanngirni og jafnræðis hvað snertir meðferð fjárfestinga fjárfesta hvors samningsaðila og skulu þær njóta fullrar verndar og öryggis á landsvæði hins samningsaðilans. Hvorugur samningsaðili skal grípa til óréttmætra aðgerða eða aðgerða sem valda mismunun að því er varðar umsýslu, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjár-

Article 2

Promotion and Protection of Investments

1. Each Contracting Party shall encourage and create favourable conditions for investors of the other Contracting Party to make investments in its territory and shall admit such investments in accordance with its legislation.

2. Investments of investors of either Contracting Party shall at all times be accorded fair and equitable treatment and shall enjoy full protection and security in the territory of the other Contracting Party. Neither Contracting Party shall impede investors of the other Contracting Party by unreasonable or discriminatory measures in its territory as

festinga fjárfesta hins samningsaðilans á landsvæði sínu.

3. gr.

Innlend meðferð og bestukjarameðferð.

1. Hvor samningsaðili skal á landsvæði sínu gæta sanngirni og jafnræðis hvað snertir fjárfestingar og ágóða fjárfesta hins samningsaðilans sem skulu ekki hljóta óhagstæðari meðferð en hann veitir fjárfestingum og ágóða eigin fjárfesta eða fjárfestingum og ágóða fjárfesta hvaða þriðja ríkis sem er og skal miða við þá meðferð sem er hagstæðari.

2. Hvor samningsaðili skal á landsvæði sínu veita fjárfestum hins samningsaðilans sanngjarna og jafna meðferð, hvað snertir umsýslu, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjárfestinga þeirra, sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem hann veitir eigin fjárfestum eða fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er og skal miða við þá meðferð sem er hagstæðari.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal ekki túlka þannig að öðrum samningsaðila sé skylt að veita fjárfestum hins og fjárfestingum þeirra sérréttindi sem ríkisborgarar eða fjárfestingar ríkisborgara hvaða þriðja ríkis sem er njóta á grundvelli samnings um stofnun fríverslunarsvæðis, tollabandalags, sameiginlegs markaðar, sameiginlegs vinnumarkaðar eða um að koma á svæðisbundnum efnahagslegum samruna.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki um ráðstafanir í skattamálum. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi og skyldur hvors samningsaðila um sig sem leiðir af samningum um skattamál. Ef ákvæði samnings þessa stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda framar.

4. gr.

Koma og tímabundin dvöl.

1. Með fyrirvara um beitingu laga, reglna og málsmeðferðarreglna annars hvors samningsaðilans skulu samningsaðilar, hvor um sig, veita bráðabirgðaleyfi til komu og dvalar og til þess að stunda atvinnu og gefa út nauðsynleg staðfestingarskjöl til handa einstaklingi frá hinum samningsaðilanum sem er:
   a) fjárfestir sem hyggst koma á, þróa, annast

regards the management, maintenance, use, enjoyment or disposal of investments.

Article 3

National and Most-Favoured-Nation Treatment

1. Each Contracting Party shall in its territory accord to investments and returns of investors of the other Contracting Party treatment which is fair and equitable and not less favourable than that which it accords to investments and returns of its own investors or to investments and returns of investors of any third State, whichever is more favourable.
3. Reglur um sannanir og sannanir, byggðar á líkum, og túlkun þeirra sem og reglur um undirbúning og málsmeðferð við sendingu beiðna skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr.

4. Samþykkja má viðbótarreglur um framkvæmd flutnings í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr.

shall set out the grounds on which it is based. It shall contain details of the time limit on carrying out the transfer and shall, if necessary, contain information on the place and date at which the applicant should appear, if he is travelling to the Member State responsible by his own means. This decision may be subject to an appeal or a review. Appeal or review concerning this decision shall not suspend the implementation of the transfer except when the courts or competent bodies so decide in a case-by-case basis if the national legislation allows for this.

If necessary, the asylum seeker shall be supplied by the requesting Member State with a laissez passer of the design adopted in accordance with the procedure referred to in Article 27(2).

The Member State responsible shall inform the requesting Member State, as appropriate, of the safe arrival of the asylum seeker or of the fact that he did not appear within the set time limit.

2. Where the transfer does not take place within the six months' time limit, responsibility shall lie with the Member State in which the application for asylum was lodged. This time limit may be extended up to a maximum of one year if the transfer or the examination of the application could not be carried out due to imprisonment of the asylum seeker or up to a maximum of eighteen months if the asylum seeker absconds.

3. The rules of proof and evidence and their interpretation, and on the preparation of and the procedures for transmitting requests, shall be adopted in accordance with the procedure referred to in Article 27(2).

4. Supplementary rules on carrying out transfers may be adopted in accordance with the procedure referred to in Article 27(2).

VI. KAFLI
Samvinna á sviði stjórnsýslu.

21. gr.

1. Hvert aðildarríki um sig lætur hverju hinna aðildarríkjanna í té, að beiðni þeirra, persónuupplýsingar um umsækjanda um hæli sem eru viðeigandi, varða málið og eru ekki of ítarlegar, í þeim tilgangi að:

CHAPTER VI
Administrative cooperation

Article 21

1. Each Member State shall communicate to any Member State that so requests such personal data concerning the asylum seeker as is appropriate, relevant and non-excessive for:

a) ákvarða hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli,

b) taka viðkomandi umsókn um hæli til meðferðar,

c) efna þær skuldbindingar sem leiðir af þessari reglugerð.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., mega einungis ná yfir:

a) persónuupplýsingar um umsækjanda um hæli og, þar sem við á, aðstandenda hans (kenninafn, eiginnafn og, ef við á, fyrra kenninafn, viðurnefni eða dulnefni, núverandi og fyrrverandi ríkisfang, fæðingardag og -ár og fæðingarstað),

b) persónuskilríki og ferðaskilríki (númer, gildistíma, útgáfustað og útgáfudag, yfirvald sem gaf út skilríkin o.s.frv.),

c) aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að staðfesta hver umsækjandi um hæli er, þ.m.t. fingraför sem greind eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2725/2000,

d) dvalarstaði og ferðaleiðir,

e) dvalarskjöl eða vegabréfsáritanir sem aðildarríki hefur gefið út,

f) staðinn þar sem umsókn um hæli er lögð fram,

g) dagsetningu fyrri umsóknar um hæli, ef við á, dagsetningu núverandi umsóknar um hæli, upplýsingar um stöðu málsins og hvaða ákvörðun hefur verið tekin, ef við á.

3. Auk þess getur aðildarríkið, sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli, að því tilskildu að það sé nauðsynlegt við meðferð umsóknarinnar, farið þess á leit við annað aðildarríki að það gefi upplýsingar um ástæðurnar, sem umsækjandi um hæli hefur lagt fram til stuðnings umsókn sinni, og, eftir atvikum, ástæður þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið varðandi umsækjanda. Aðildarríkið getur neitað að verða við slíkri beiðni ef slíkar upplýsingar geta skaðað mikilvæga hagsmuni aðildarríkisins eða haft áhrif á verndun frelsis og grundvallarréttinda viðkomandi einstaklings eða annarra. Í öllum tilvikum er skriflegt samþykki umsækjanda um hæli skilyrði fyrir því að umbeðnar upplýsingar séu látnar í té.

4. Sérhver beiðni um upplýsingar skal rökstudd og, sé tilgangur hennar að kanna hvort fyrir hendi sé viðmiðun sem gæti haft í för með sér ábyrgð aðildarríkisins, sem beiðni er beint til,

(a) the determination of the Member State responsible for examining the application for asylum;

(b) examining the application for asylum;

(c) implementing any obligation arising under this Regulation.

2. The information referred to in paragraph 1 may only cover:

(a) personal details of the applicant, and, where appropriate, the members of his family (full name and where appropriate, former name; nicknames or pseudonyms; nationality, present and former; date and place of birth);

(b) identity and travel papers (references, validity, date of issue, issuing authority, place of issue, etc.);

(c) other information necessary for establishing the identity of the applicant, including fingerprints processed in accordance with Regulation (EC) No 2725/2000;

(d) places of residence and routes travelled;

(e) residence documents or visas issued by a Member State;

(f) the place where the application was lodged;

(g) the date any previous application for asylum was lodged, the date the present application was lodged, the stage reached in the proceedings and the decision taken, if any.

3. Furthermore, provided it is necessary for the examination of the application for asylum, the Member State responsible may request another Member State to let it know on what grounds the asylum seeker bases his application and, where applicable, the grounds for any decisions taken concerning the applicant. The Member State may refuse to respond to the request submitted to it, if the communication of such information is likely to harm the essential interests of the Member State or the protection of the liberties and fundamental rights of the person concerned or of others. In any event, communication of the information requested shall be subject to the written approval of the applicant for asylum.

4. Any request for information shall set out the grounds on which it is based and, where its purpose is to check whether there is a criterion that is likely to entail the responsibility

skulu henni fylgja þær sannanir, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum um það hvernig umsækjendur um hæli komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, eða þeir tilteknu og sannprófanlegu þættir í yfirlýsingum umsækjandans sem hún byggist á. Litið er svo á að slíkar viðeigandi upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum séu ekki fullnægjandi í sjálfu sér til að ákvarða ábyrgð og valdsvið aðildarríkis samkvæmt þessari reglugerð en þær geta komið að gagni við að meta aðrar vísbendingar sem varða einstaka umsækjendur um hæli.

5. Aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, ber skylda til að svara henni innan sex vikna.

6. Skipst skal á framangreindum upplýsingum að beiðni eins aðildarríkis og fara upplýsingaskiptin einungis fram á milli þeirra yfirvalda sem hvert aðildarríki um sig hefur tilnefnt og tilkynnt framkvæmdastjórninni um, en hún skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um það.

7. Upplýsingarnar, sem sendar eru, má aðeins nota í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Í hverju aðildarríki má aðeins senda slíkar upplýsingar, eftir gerð þeirra og valdsviði yfirvaldsins sem tekur við þeim, til þeirra yfirvalda og dómstóla sem hafa það verkefni að:
   a) ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli,
   b) taka umsókn um hæli til meðferðar,
   c) efna þær skuldbindingar sem leiðir af þessari reglugerð.

8. Aðildarríkið, sem sendir upplýsingarnar áfram, gætir þess að þær séu réttar og uppfærðar. Komi í ljós að viðkomandi aðildarríki hafi látið í té rangar upplýsingar, eða upplýsingar sem ekki hefði átt að senda, skal tilkynna það tafarlaust þeim aðildarríkjum sem tóku við þeim upplýsingum. Þeim ber skylda til að leiðrétta eða eyða upplýsingunum.

9. Umsækjandi um hæli hefur rétt á því, samkvæmt beiðni, að fá að sjá þær upplýsingar sem fjallað er um og varða hann.
   Telji umsækjandi um hæli að vinnsla þessara upplýsinga brjóti í bága við þessa reglugerð eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upp-

of the requested Member State, shall state on what evidence, including relevant information from reliable sources on the ways and means asylum seekers enter the territories of the Member States, or on what specific and verifiable part of the applicant's statements it is based. It is understood that such relevant information from reliable sources is not in itself sufficient to determine the responsibility and the competence of a Member State under this Regulation, but it may contribute to the evaluation of other indications relating to the individual asylum seeker.

5. The requested Member State shall be obliged to reply within six weeks.

6. The exchange of information shall be effected at the request of a Member State and may only take place between authorities whose designation by each Member State has been communicated to the Commission, which shall inform the other Member States thereof.

7. The information exchanged may only be used for the purposes set out in paragraph 1. In each Member State such information may, depending on its type and the powers of the recipient authority, only be communicated to the authorities and courts and tribunals entrusted with:
   (a) the determination of the Member State responsible for examining the application for asylum;
   (b) examining the application for asylum;
   (c) implementing any obligation arising under this Regulation.

8. The Member State which forwards the information shall ensure that it is accurate and up-to-date. If it transpires that that Member State has forwarded information which is inaccurate or which should not have been forwarded, the recipient Member States shall be informed thereof immediately. They shall be obliged to correct such information or to have it erased.

9. The asylum seeker shall have the right to be informed, on request, of any data that is processed concerning him.
   If he finds that this information has been processed in breach of this Regulation or of Directive 95/46/EC of the European Parliament and the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and

lýsinga[8], einkum ef þær eru rangar eða ónákvæmar, hefur hann rétt til að krefjast þess að þær verði leiðréttar, þeim eytt eða aðgangi að þeim lokað.

Yfirvaldið, sem leiðréttir gögnin, eyðir þeim eða lokar aðgangi að þeim skal tilkynna aðildarríkinu, sem sendir eða tekur við upplýsingunum um það eins og við á.

10. Hverju aðildarríki um sig ber skylda til að halda skrá um þær upplýsingar, sem það sendir eða fær frá öðrum, í sérstakri gagnaskrá fyrir viðkomandi einstakling og/eða í almennri skrá.
11. Upplýsingar, sem skipst hefur verið á, skulu ekki geymdar lengur en nauðsynlegt er vegna þeirra ástæðna sem leiddu til upplýsingaskiptanna.
12. Ef upplýsingarnar eru ekki unnar vélrænt eða eru ekki geymdar eða ekki stendur til að geyma þær í skrá skal hvert aðildarríki um sig gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja með skilvirku eftirliti að farið sé að ákvæðum þessarar greinar.

22. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða yfirvöld beri ábyrgð á að efna skuldbindingarnar sem leiðir af þessari reglugerð og skulu sjá til þess að þessi yfirvöld hafi nægileg úrræði til að sinna verkefnum sínum, einkum til að svara beiðnum um upplýsingar, beiðnum um að umsækjandi verði tekinn í umsjá og um endurviðtöku umsækjenda um hæli innan tilskilins frests.
2. Settar skulu reglur, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr., um að koma á fót öruggum, rafrænum rásum til gagnasendinga milli yfirvaldanna, sem um getur í 1. mgr., til að senda beiðnir og tryggja að sendendur fái sjálfvirkt rafræna staðfestingu á því að þær hafi komist til skila.

23. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að gera stjórnvaldsráðstafanir sín á milli varðandi tilhögun við framkvæmd þessarar reglugerðar í því skyni að greiða fyrir beitingu hennar og auka skilvirkni. Slíkar ráðstafanir geta falist í:

[8] Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

on the free movement of such data[8], in particular because it is incomplete or inaccurate, he is entitled to have it corrected, erased or blocked.

The authority correcting, erasing or blocking the data shall inform, as appropriate, the Member State transmitting or receiving the information.

10. In each Member State concerned, a record shall be kept, in the individual file for the person concerned and/or in a register, of the transmission and receipt of information exchanged.
11. The data exchanged shall be kept for a period not exceeding that which is necessary for the purposes for which it is exchanged.
12. Where the data is not processed automatically or is not contained, or intended to be entered, in a file, each Member State should take appropriate measures to ensure compliance with this Article through effective checks.

Article 22

1. Member States shall notify the Commission of the authorities responsible for fulfilling the obligations arising under this Regulation and shall ensure that those authorities have the necessary resources for carrying out their tasks and in particular for replying within the prescribed time limits to requests for information, requests to take charge of and requests to take back asylum seekers.
2. Rules relating to the establishment of secure electronic transmission channels between the authorities mentioned in paragraph 1 for transmitting requests and ensuring that senders automatically receive an electronic proof of delivery shall be established in accordance with the procedure referred to in Article 27(2).

Article 23

1. Member States may, on a bilateral basis, establish administrative arrangements between themselves concerning the practical details of the implementation of this Regulation, in order to facilitate its application and increase its effectiveness. Such arrangements may relate to:

[8] OJ L 281, 23.11.1995, p. 31.

a) gagnkvæmum skiptum á tengifulltrúum,
b) einföldun málsmeðferðar og styttingu frests til sendingar á og meðferðar beiðna um að umsækjandi verði tekinn í umsjá eða um endurviðtöku umsækjenda um hæli.

2. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta að ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., brjóti ekki í bága við þessa reglugerð.

(a) exchanges of liaison officers;
(b) simplification of the procedures and shortening of the time limits relating to transmission and the examination of requests to take charge of or take back asylum seekers;

2. The arrangements referred to in paragraph 1 shall be communicated to the Commission. The Commission shall verify that the arrangements referred to in paragraph 1(b) do not infringe this Regulation.

VII. KAFLI
Bráðabirgðaákvæði og lokaákvæði.

24. gr.

1. Reglugerð þessi kemur í stað samningsins um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð umsókna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 (Dyflinnarsamningsins).
2. Til að tryggja samfelldni ráðstafana til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli, ef umsókn var lögð fram eftir þann dag sem getið er í annarri málsgrein 29. gr., skal þó taka tillit til atburða sem gætu haft í för með sér ábyrgð aðildarríkis samkvæmt þessari reglugerð, jafnvel frá því fyrir áðurgreinda dagsetningu, að undanskildum þeim aðstæðum sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

3. Tilvísanir til Dyflinnarsamningsins í reglugerð (EB) nr. 2725/2000 skulu teljast tilvísanir til þessarar reglugerðar.

25. gr.

1. Eftirfarandi gildir við útreikninga allra fresta sem kveðið er á um í þessari reglugerð:
   a) eigi frestur, mældur í dögum, vikum eða mánuðum, að reiknast frá þeirri stundu er atburður gerist eða aðgerðir framkvæmdar, telst ekki með í frestinum sá dagur þegar atburður á sér stað eða aðgerðir eru framkvæmdar,

   b) frestur, mældur í vikum eða mánuðum, rennur út í lok þess vikudags eða mánaðardags síðustu viku eða síðasta mánaðar frestsins, sem ber upp á sama vikudag eða sama mánaðardag og sá dagur þegar

CHAPTER VII
Transitional provisions and final provisions

Article 24

1. This Regulation shall replace the Convention determining the State responsible for examining applications for asylum lodged in one of the Member States of the European Communities, signed in Dublin on 15 June 1990 (Dublin Convention).
2. However, to ensure continuity of the arrangements for determining the Member State responsible for an application for asylum, where an application has been lodged after the date mentioned in the second paragraph of Article 29, the events that are likely to entail the responsibility of a Member State under this Regulation shall be taken into consideration, even if they precede that date, with the exception of the events mentioned in Article 10(2).
3. Where, in Regulation (EC) No 2725/2000 reference is made to the Dublin Convention, such reference shall be taken to be a reference made to this Regulation.

Article 25

1. Any period of time prescribed in this Regulation shall be calculated as follows:
   (a) where a period expressed in days, weeks or months is to be calculated from the moment at which an event occurs or an action takes place, the day during which that event occurs or that action takes place shall not be counted as falling within the period in question;
   (b) a period expressed in weeks or months shall end with the expiry of whichever day in the last week or month is the same day of the week or falls on the same date as the day during which the event or

atburður á sér stað eða aðgerðirnar voru framkvæmdar sem mörkuðu upphaf frestsins. Ef síðasti dagur frests, sem mældur er í mánuðum, vantar í þann mánuð sem er síðasti mánuður hans skal fresturinn renna út í lok síðasta dags þess mánaðar,

c) laugardagar, sunnudagar og opinberir frídagar í hlutaðeigandi aðildarríkjum reiknast inn í fresti.

2. Beiðnir og svör skulu send með hverjum þeim hætti sem veitir staðfestingu á móttöku.

26. gr.

Að því er varðar lýðveldið Frakkland gildir þessi reglugerð eingöngu á yfirráðasvæðum þess í Evrópu.

27. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

   Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

28. gr.

Í síðasta lagi þremur árum eftir dagsetninguna, sem getið er í fyrstu málsgrein 29. gr., skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar og gera tillögur að nauðsynlegum breytingum þar sem við á.

Aðildarríkin skulu framsenda til framkvæmdastjórnarinnar allar viðeigandi upplýsingar til undirbúnings skýrslunni í síðasta lagi sex mánuðum fyrir lok frestsins.

Eftir að hafa lagt fram þá skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar um leið og það leggur fram skýrslur um framkvæmd evrópska fingrafaragrunnsins sem kveðið er á um í 5. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 2725/2000.

29. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

action from which the period is to be calculated occurred or took place. If, in a period expressed in months, the day on which it should expire does not occur in the last month, the period shall end with the expiry of the last day of that month;

(c) time limits shall include Saturdays, Sundays and official holidays in any of the Member States concerned.

2. Requests and replies shall be sent using any method that provides proof of receipt.

Article 26

As far as the French Republic is concerned, this Regulation shall apply only to its European territory.

Article 27

1. The Commission shall be assisted by a committee.
2. Where reference is made to this paragraph, Articles 5 and 7 of Decision 1999/468/EC shall apply.

   The period laid down in Article 5(6) of Decision 1999/468/EC shall be set at three months.
3. The Committee shall draw up its rules of procedure.

Article 28

At the latest three years after the date mentioned in the first paragraph of Article 29, the Commission shall report to the European Parliament and the Council on the application of this Regulation and, where appropriate, shall propose the necessary amendments.

Member States shall forward to the Commission all information appropriate for the preparation of that report, at the latest six months before that time limit expires.

Having submitted that report, the Commission shall report to the European Parliament and the Council on the application of this Regulation at the same time as it submits reports on the implementation of the Eurodac system provided for by Article 24(5) of Regulation (EC) No 2725/2000.

Article 29

This Regulation shall enter into force on the 20th day following that of its publication in the *Official Journal of the European Union*.

Hún gildir um umsóknir um hæli sem lagðar eru fram frá og með fyrsta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar og frá og með þeim degi gildir hún um allar beiðnir um að umsækjandi verði tekinn í umsjá eða um endurviðtöku umsækjenda um hæli, óháð því hvenær umsóknin var lögð fram. Tekin skal ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli, sem lögð er fram fyrir þann dag, í samræmi við viðmiðanir Dyflinnarsamningsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

N. CHRISTODOULAKIS
forseti.

It shall apply to asylum applications lodged as from the first day of the sixth month following its entry into force and, from that date, it will apply to any request to take charge of or take back asylum seekers, irrespective of the date on which the application was made. The Member State responsible for the examination of an asylum application submitted before that date shall be determined in accordance with the criteria set out in the Dublin Convention.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in conformity with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 18 February 2003.

For the Council

N. CHRISTODOULAKIS
The President

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 6. maí 2003 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2003/170/DIM frá 27. febrúar 2003, um samnýtingu tengifulltrúa sem sendir eru til starfa erlendis af stofnunum sem framfylgja lögum í aðildarríkjunum, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 6. maí 2003.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 30. maí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2003/170/DIM frá 27. febrúar 2003 um samnýtingu tengifulltrúa sem sendir eru til starfa erlendis af stofnunum sem framfylgja lögum í aðildarríkjunum.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR, með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum a-, b- og c-liðum 1. mgr. og c-lið 2. mgr. 30. gr. og c-lið 2. mgr. 34. gr.

með hliðsjón af frumkvæði konungsríkisins Danmerkur[1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins[2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundi sínum 3. desember 1998 samþykkti ráð dóms- og innanríkismálaráðherra aðgerðaáætlun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um það hvernig best væri að framkvæma ákvæði Amsterdam-sáttmálans um að koma á svæði frelsis, öryggis og réttlætis[3], en 48. liður hans kveður á um að innan fimm ára frá gildistöku sáttmálans skuli gripið til aðgerða til að hvetja til samstarfs og sameiginlegra framtaksverkefna í tengslum við þjálfun, skipti á tengifulltrúum, sendingu manna til starfa erlendis, notkun búnaðar og tæknirannsóknir.
2) Á fundi sínum í Vín 11. og 12. desember 1998 staðfesti leiðtogaráðið, í niðurstöðu sinni nr. 83, aðgerðaráætlun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um það hvernig best væri að framkvæma ákvæði Amsterdam-sáttmálans um að koma á svæði frelsis, öryggis og réttlætis, og fór, í niðurstöðu sinni nr. 89, fram á eflingu aðgerða gegn skipulagðri afbrotastarfsemi í ljósi nýrra möguleika sem gefast með sáttmálanum.
3) Á fundi sínum í Tampere 15. og 16. október 1999 hvatti leiðtogaráðið ráðið og framkvæmdastjórnina, í nánu samstarfi við Evrópuþingið, til að stuðla að því að Amsterdam-sáttmálanum verði komið að fullu og þegar í stað til framkvæmda á grundvelli aðgerðaráætlunar, sem samþykkt var 3. desember 1998 af ráði innanríkismálaráðherra

[1] Stjtíð. EB C 176, 24.7.2002, bls. 8.
[2] Álit Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
[3] Stjtíð. EB C 19, 23.1.1999, bls. 1.

COUNCIL DECISION 2003/170/JHA of 27 February 2003 on the common use of liaison officers posted abroad by the law enforcement agencies of the Member States

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION, Having regard to the Treaty on European Union, and in particular Article 30(1)(a), (b) and (c), Article 30(2)(c) and Article 34(2)(c) thereof,

Having regard to the initiative of the Kingdom of Denmark[1],

Having regard to the opinion of the European Parliament[2],

Whereas:

(1) At its meeting of 3 December 1998 the Council of Justice and Home Affairs Ministers adopted the Action Plan of the Council and the Commission on how best to implement the provisions of the Treaty of Amsterdam on an area of freedom, security and justice[3], measure 48 of which states that, within five years of the Treaty's entering into force, action should be taken to promote cooperation and joint initiatives in training, the exchange of liaison officers, secondment, the use of equipment and forensic research.
(2) At its meeting in Vienna on 11 and 12 December 1998 the European Council endorsed, in its conclusion 83, the Council and Commission Action Plan on how best to implement the provisions of the Treaty of Amsterdam on an area of freedom, security and justice, and in its conclusion 89 it called for a strengthening of action against organised crime in the light of the new possibilities opened up by the Treaty.
(3) At its meeting in Tampere on 15 and 16 October 1999 the European Council invited the Council and the Commission, in close cooperation with the European Parliament, to promote the full and immediate implementation of the Treaty of Amsterdam, on the basis of the Action Plan adopted on 3 December 1998 by the Council of Home

[1] OJ C 176, 24.7.2002, p. 8.
[2] Opinion of the European Parliament of 20 November 2002 (not yet published in the Official Journal).
[3] OJ C 19, 23.1.1999, p. 1.

og staðfest á fundi leiðtogaráðsins í Vín 11. og 12. desember 1998, sem og pólitískum viðmiðunarreglum og raunverulegum markmiðum sem fela í sér aukna lögreglusamvinnu um að berjast gegn afbrotum sem ná yfir landamæri og samþykkt voru í Tampere.

4) Á fundi sínum í Helsinki 10. og 11. desember 1999 hvatti leiðtogaráðið Evrópusambandið til að efla aðgerðir sínar á alþjóðavettvangi með því að gera átak í samvinnu við þriðju lönd um að draga úr eftirspurn og framboði eiturlyfja sem og í dóms- og innanríkismálum. Leiðtogaráðið vakti einnig athygli á því að þörf yrði á sameiginlegu átaki allra viðkomandi yfirvalda, þar sem einkum Evrópulögreglan (Europol) gegndi mikilvægu hlutverki.

5) Á fundi sínum í Laeken 14. og 15. desember 2001 staðfesti leiðtogaráðið, í niðurstöðu sinni nr. 37, viðmiðunarreglurnar og markmiðin sem skilgreind voru í Tampere og vakti einnig athygli á því að þörf væri á nýju frumkvæði og viðmiðunarreglum til að bæta upp tafir á sumum sviðum.

6) Hinn 14. október 1996 samþykkti ráðið sameiginlegar aðgerðir 96/602/DIM þar sem kveðið er á um sameiginlegan ramma um framtaksverkefni aðildarríkja varðandi tengifulltrúa[4].

7) Í ljósi fenginnar reynslu af sameiginlegu aðgerðunum og í ljósi ákvæða Amsterdamsáttmálans um að berjast gegn afbrotum, sem ná yfir landamæri, er þörf á að efla og þróa samstarf milli aðildarríkjanna um verkefni sem tengifulltrúum er úthlutað og sendingu tengifulltrúa til þriðju landa og alþjóðastofnana.

8) Evrópulögreglan mun koma á samstarfi við þriðju lönd og alþjóðastofnanir og viðhalda þeim að því leyti sem við á til að unnt sé að framkvæma þau verkefni sem skilgreind eru í samningnum um stofnun Evrópulögreglunnar (Europol-samningnum)[5].

9) Evrópulögreglan hefur komið á og viðhaldið samstarfi við fjölmörg þriðju lönd og alþjóðastofnanir og mun halda því áfram.

10) Veita þarf Evrópulögreglunni nauðsynlegan stuðning og úrræði til að hún geti starfað

Affairs Ministers and endorsed at the meeting of the European Council in Vienna on 11 and 12 December 1998 and of the political guidelines and concrete objectives involving a deepening of police cooperation for the purpose of combating cross-border crime which were agreed in Tampere.

(4) At its meeting in Helsinki on 10 and 11 December 1999, the European Council urged the European Union to intensify its efforts at the international level by stepping up cooperation with third countries in reducing the demand for and supply of drugs, and on justice and home affairs. The European Council also noted that there would be a need for combined efforts by all the relevant authorities, with a particular role for Europol.

(5) At its meeting in Laeken on 14 and 15 December 2001 the European Council confirmed, in its conclusion 37, the guidelines and objectives defined at Tampere and also noted that there was a need for new impetus and guidelines to make good delays in some areas.

(6) On 14 October 1996 the Council adopted Joint Action 96/602/JHA providing for a common framework for the initiatives of the Member States concerning liaison officers[4].

(7) In the light of experience in applying the Joint Action and in the light of the provisions of the Treaty of Amsterdam on combating cross-border crime, cooperation amongst Member States on the tasks assigned to, and the posting of liaison officers to third countries and international organisations needs to be strengthened and developed.

(8) Insofar as is relevant for performing the tasks defined in the Europol Convention[5], Europol will establish and maintain cooperative relations with third countries and international organisations.

(9) Europol has established and will continue to establish and maintain cooperative relations with a wide range of third countries and international organisations.

(10) Europol needs to be given the necessary support and means to function effectively

[4] Stjtíð. EB L 268, 19.10.1996, bls. 2.
[5] Stjtíð. EB C 316, 27.11.1995, bls. 2.

[4] OJ L 268, 19.10.1996, p. 2.
[5] OJ C 316, 27.11.1995, p. 2.

skilvirkt og verið miðdepill evrópskrar lögreglusamvinnu. Leiðtogaráðið hefur lagt áherslu á að Evrópulögreglan gegni meginhlutverki í samstarfi yfirvalda aðildarríkjanna við rannsókn á afbrotum sem ná yfir landamæri með því að styðja við forvarnir gegn, greiningu og rannsóknir á afbrotum á vettvangi sambandsins.

11) Veita þarf Evrópulögreglunni tækifæri til að nýta, að einhverju marki, tengifulltrúa aðildarríkjanna í þriðju löndum til að efla stuðningshlutverk Evrópulögreglunnar við innlend lögregluyfirvöld.

12) Aðildarríkin viðurkenna að þegar er fyrir hendi víðtækt samstarf milli tengifulltrúa sem aðildarríkin hafa sent til starfa í þriðju löndum og hjá alþjóðastofnunum með hliðsjón af innlendum þörfum sínum. Þó er þörf á að efla sumar hliðar samstarfsins milli þessara tengifulltrúa til að nýta sem best bjargir aðildarríkjanna.

13) Efla þarf samstarf aðildarríkja á þessu sviði til að auðvelda upplýsingaskipti sem miða að því að berjast gegn alvarlegum afbrotum sem ná yfir landamæri.

14) Aðildarríki leggja sérstaka áherslu á samstarf við að berjast gegn afbrotum sem ná yfir landamæri því að þau eru þeirrar skoðunar að efling samstarfs um upplýsingaskipti muni auka getu innlendra yfirvalda til að berjast á skilvirkan hátt gegn afbrotum. Aðildarríkin álíta að Evrópulögreglan eigi að gegna meginhlutverki við þetta.

15) Markmið þessarar ákvörðunar er að setja reglur um málefni sem tengjast baráttunni gegn alvarlegum afbrotum sem ná yfir landamæri.

16) Ákvæði samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna Benelúx-efnahagssambandsins, sambandslýðveldisins Þýskalands og lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum[6] (hér á eftir nefndur „samningurinn um framkvæmd Schengen-samkomulagsins“) sem tengjast samnýtingu tengifulltrúa skulu þróuð frekar með það fyrir augum að efla samstarf aðildarríkjanna í baráttunni gegn afbrotum sem ná yfir landamæri.

as the focal point of European police cooperation. The European Council has stressed that Europol plays a central role in cooperation between the authorities of the Member States in investigating cross-border crime by supporting the prevention, analysis and investigation of crime at Union level.

(11) Europol needs to be given the opportunity to make use to some extent of Member States' liaison officers in third countries, so as to strengthen Europol's operative support function in relation to national police authorities.

(12) Member States recognise that extensive cooperation is already taking place between liaison officers posted by Member States in view of their national needs to third countries and international organisations. However, there is a need to strengthen some aspects of cooperation between those liaison officers, to make the best possible use of Member States' resources.

(13) Cooperation between Member States in this area needs to be strengthened so as to facilitate the exchange of information with a view to combating serious crossborder crime.

(14) Member States attach particular weight to cooperation in combating cross-border crime, as they believe that strengthening cooperation regarding the exchange of information will enhance the national authorities' capabilities to combat crime effectively. Member States believe that Europol should play a central role in this.

(15) The aim of this Decision is to regulate questions relating to the fight against serious cross-border crime.

(16) The provisions in the Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 between the Governments of the States of the Benelux Economic Union, the Federal Republic of Germany and the French Republic on the gradual abolition of checks at their common borders[6] (hereinafter "Convention implementing the Schengen Agreement") which relates to the common use of liaison officers should be developed further, with a view to strengthening cooperation between Member States in the fight against cross-border crime.

[6] Stjtíð. EB L239, 22.9.2000, bls. 19.

[6] OJ L 239, 22.9.2000, p. 19.

17) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun, að undanskilinni 8. gr., vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[7], sem falla innan sviðsins sem um getur í H-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[8].

18) Breska konungsríkið tekur þátt í þessari ákvörðun í samræmi við 5. gr. bókunarinnar sem fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 8. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[9].

19) Írland tekur þátt í þessari ákvörðun í samræmi við 5. gr. bókunarinnar sem fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og við stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[10].

20) Sameiginlegar ráðstafanir ráðsins 96/602/DIM og ákvæði 4. mgr. 47. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins falli þar með niður.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.
Skilgreining.

1. Í þessari ákvörðun merkir „tengifulltrúi" fulltrúa aðildarríkis, sem stofnun, sem framfylgir lögum, sendir til starfa í útlöndum, til eins eða fleiri þriðju landa eða alþjóðastofnana, til að koma á og viðhalda tengslum við yfirvöld eða stofnanir þessara landa með það fyrir augum að vinna að því að koma í veg

(17) As regards Iceland and Norway, this Decision constitutes, with the exception of Article 8, a development of provisions of the Schengen *acquis* within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latters' association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*[7], which fall within the area referred to in Article 1(H) of Council Decision 1999/437/EC[8] on certain arrangements for the application of that Agreement.

(18) The United Kingdom is taking part in this Decision in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen *acquis* into the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, and Article 8(2) of Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen *acquis*[9].

(19) Ireland is taking part in this Decision in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen *acquis* into the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, and Article 6(2) of Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen *acquis*[10].

(20) Council Joint Action 96/602/JHA and the provision of Article 47(4) of the Convention implementing the Schengen Agreement should accordingly be repealed,

HAS DECIDED AS FOLLOWS:

Article 1
Definition

1. In this Decision, "liaison officer" means a representative of one of the Member States, posted abroad by a law enforcement agency to one or more third countries or to international organisations to establish and maintain contacts with the authorities in those countries or organisations with a view to con-

[7] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
[8] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
[9] Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
[10] Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

[7] OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
[8] OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
[9] OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
[10] OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

fyrir refsiverða verknaði eða rannsaka sakamál.

2. Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á þau verkefni tengifulltrúa, sem þeir sinna innan ramma skyldustarfa sinna og í samræmi við innlend lög, þarfir ríkisins og alla hagstæðari samninga sem gerðir eru við gistiríkið eða alþjóðastofnunina.

2. gr.

Verkefni tengifulltrúa.

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að tengifulltrúar þess komi á og viðhaldi beinum tengslum við lögbær yfirvöld í gistiríkinu eða alþjóðastofnunina með það fyrir augum að greiða og flýta fyrir söfnun upplýsinga og upplýsingaskiptum.
2. Tengifulltrúar hvers aðildarríkis skulu einnig leggja sitt af mörkum við söfnun og skipti á upplýsingum sem nota má til að berjast gegn alvarlegum afbrotum sem ná yfir landamæri, þ.m.t. upplýsingum sem veita aukna þekkingu á réttarkerfi og verklagi hlutaðeigandi ríkja eða alþjóðastofnana.

3. Tengifulltrúar skulu inna verkefni sín af hendi innan ramma skyldustarfa sinna og í samræmi við ákvæði innlendra laga og samninga, sem gerðir eru við gistiríki eða alþjóðastofnanir, þ.m.t. ákvæði um vernd persónuupplýsinga.

3. gr.

Tilkynning um að tengifulltrúar séu sendir til starfa.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru um fyrirætlanir sínar um að senda tengifulltrúa til starfa í þriðju ríkjum og hjá alþjóðastofnunum auk þess að tilkynna aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins (aðalskrifstofunni) árlega um útsenda tengifulltrúa, þ.m.t. hver skyldustörf þeirra eru og um alla samstarfssamninga milli aðildarríkjanna um að senda tengifulltrúa til starfa.

2. Aðalskrifstofan skal á hverju ári gera samantekt um útsenda tengifulltrúa aðildarríkjanna og senda aðildarríkjunum og Evrópulögreglunni, þ.m.t. hver skyldustörf þeirra eru, og um alla samstarfssamninga milli aðildarríkjanna um að senda tengifulltrúa til starfa.

tributing to preventing or investigating criminal offences.

2. This Decision is without prejudice to Member States' liaison officers' tasks within the framework of their responsibilities and in compliance with national law, national needs, and any more favourable agreements concluded with the host State or the international organisation.

Article 2

Tasks of liaison officers

1. Each Member State shall ensure that its liaison officers establish and maintain direct contacts with competent authorities in the host State or the international organisation, with a view to facilitating and expediting the collection and exchange of information.
2. Each Member State's liaison officer shall also contribute to the collection and exchange of information which may be used to combat serious cross-border crime, including information providing a readier knowledge of the legal systems and operational methods available in the States or international organisations concerned.
3. Liaison officers shall carry out their tasks within the framework of their responsibilities and in compliance with the provisions, including those on the protection of personal data, laid down in their national laws and in any agreements concluded with host States or international organisations.

Article 3

Notification of the posting of liaison officers

1. Member States shall inform one another of their intentions as regards the secondment of liaison officers to third States and international organisations and the General Secretariat of the Council of the European Union (the General Secretariat) each year of the posting of liaison officers, including their duties and any cooperative agreements between the Member States on the posting of liaison officers.
2. The General Secretariat shall draw up an annual summary to be sent to Member States and to Europol concerning Member States' postings of liaison officers, including their duties and any cooperative agreements between the Member States on the posting of liaison officers.

4. gr.

Net tengifulltrúa í þriðju löndum.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tengifulltrúar aðildarríkja, sem sendir eru til sama þriðja lands eða alþjóðastofnunar, hittist reglulega, eða þegar þörf er á, til að skiptast á viðeigandi upplýsingum. Aðildarríkið, sem fer með formennsku í ráði Evrópusambandsins, skal sjá til þess að tengifulltrúar þess eigi frumkvæðið að slíkum fundum. Ef formennskuríkið á ekki fulltrúa í viðkomandi þriðja landi eða alþjóðastofnun skal fulltrúi þess ríkis, sem tekur næst við formennsku eða þar á eftir, eiga frumkvæðið að því að halda fund. Framkvæmdastjórninni og Evrópulögreglunni skal boðið á slíka fundi þegar við á.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tengifulltrúar, sem sendir eru til sama þriðja lands eða alþjóðastofnunar, aðstoði hver annan í samskiptum við yfirvöld gistiríkisins. Þegar við á geta aðildarríkin samþykkt að tengifulltrúar þeirra skipti með sér verkum.

3. Aðildarríkin geta samþykkt, tvíhliða eða marghliða, að tengifulltrúar, sem aðildarríki sendir til þriðja lands eða alþjóðastofnunar, skuli einnig gæta hagsmuna eins eða fleiri hinna aðildarríkjanna.

Article 4

Liaison officer networks in third countries

1. Member States shall ensure that Member States' liaison officers posted to the same third country or international organisation meet regularly or when necessary to exchange relevant information. The Member State holding the Presidency of the Council of the European Union shall ensure that its liaison officers take the initiative to hold such meetings. If the Member State holding the Presidency is not represented in the third country or international organisation concerned, then the representative of the incoming or next incoming Presidency shall take the initiative to hold the meeting. The Commission and Europol shall, where appropriate, be invited to such meetings.
2. Member States shall ensure that its liaison officers posted to the same third country or international organisation provide one another with assistance in contacts with the authorities of the host State. Where relevant, Member States may agree that their liaison officers shall share tasks among themselves.
3. Member States may bilaterally or multilaterally agree that liaison officers who are posted to a third country or international organisation by a Member State shall also look after the interests of one or more other Member States.

5. gr.

Samstarf aðildarríkja um upplýsingaskipti tengifulltrúa í þriðju löndum.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tengifulltrúar þeirra í þriðju löndum og alþjóðastofnanir veiti, í samræmi við innlend lög og viðeigandi alþjóðasamninga og ef gildandi ákvæði um vernd persónuupplýsinga hafa verið uppfyllt, viðeigandi innlendum yfirvöldum upplýsingar um alvarlegar ógnanir um afbrot gegn öðrum aðildarríkjum sem ekki eiga eigin tengifulltrúa í viðkomandi þriðja landi eða alþjóðastofnun. Innlend yfirvöld skulu meta, í samræmi við innlend lög og eftir því hversu alvarleg ógnunin er, hvort tilkynna beri hana til hlutaðeigandi aðildarríkja.

2. Tengifulltrúar aðildarríkjanna í þriðju löndum eða hjá alþjóðastofnunum geta, í sam-

Article 5

Cooperation between Member States regarding the exchange of information via liaison officers in third countries

1. Member States shall ensure that their liaison officers in third countries and international organisations shall, in accordance with national law and relevant international instruments and subject to compliance with applicable provisions governing the protection of personal data, provide its respective national authorities with information relating to serious criminal threats to other Member States not represented by their own liaison officers in the third country or international organisation concerned. National authorities shall assess, in accordance with national law and according to the seriousness of the threat, whether the Member States concerned should be informed.
2. Member States' liaison officers in third countries or international organisations may, in

ræmi við innlend lög og viðeigandi alþjóðasamninga og ef gildandi ákvæði um vernd persónuupplýsinga hafa verið uppfyllt, veitt tengifulltrúum annarra aðildarríkja beint upplýsingar um alvarlegar ógnanir um afbrot gegn viðkomandi aðildarríki ef það aðildarríki á fulltrúa í viðkomandi þriðja landi eða alþjóðastofnun.

3. Í samræmi við innlend lög og viðeigandi alþjóðasamninga geta aðildarríki, sem ekki eiga tengifulltrúa í þriðja landi eða hjá alþjóðastofnun, beint beiðni til annars aðildarríkis, sem hefur tengifulltrúa í viðkomandi þriðja landi eða alþjóðastofnun, með það fyrir augum að skiptast á viðeigandi upplýsingum.

4. Aðildarríkin skulu fjalla um sérhverja beiðni, eins og lýst er í 3. mgr., í samræmi við viðeigandi innlend lög sín og alþjóðasamninga og skulu láta vita eins fljótt og unnt er hvort hægt er að verða við slíkri beiðni.

5. Aðildarríki geta gefið samþykki sitt fyrir því að tengifulltrúar í þriðju löndum og hjá alþjóðastofnunum og yfirvöld annarra aðildarríkja skiptist beint á upplýsingum, ef gildandi ákvæði um vernd persónuupplýsinga hafa verið uppfyllt.

6. Verkefni, eins og þau sem lýst er í 1. og 2. mgr., mega ekki koma í veg fyrir að tengifulltrúar sinni upphaflegum skyldustörfum sínum.

6. gr.

Sameiginleg málstofa fyrir tengifulltrúa.

1. Til að efla samstarf milli tengifulltrúa í einu eða fleiri þriðju löndum og hjá alþjóðastofnunum, þar sem sérstök þörf er á þekkingu á og íhlutun í viðkomandi þriðju löndum og alþjóðastofnunum, geta aðildarríkin haldið sameiginlegar málstofur um þróun afbrota og áhrifaríkustu aðferðirnar við að berjast gegn afbrotum, sem ná yfir landamæri, með tilliti til réttarreglna Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórninni og Evrópulögreglunni skal boðið á slíkar málstofur þegar við á.
2. Þátttaka í málstofunum, sem lýst er í 1. mgr., má ekki koma í veg fyrir að tengifulltrúar sinni skyldustörfum sínum.

(sjá meðfylgjandi skrá að því er varðar nánari deili)

KENNINAFN/-NÖFN:	1A	EIGINNAFN/-NÖFN:	1B
RÍKISFANG:	1C	STAÐA:	1D
FÆÐINGARSTAÐUR:	2A	FÆÐINGARDAGUR OG -ÁR:	2B
VEGABRÉFSNÚMER:	3A	NR. SÉRSTAKRA FERÐASKILRÍKJA SJÓMANNSINS:	4A
ÚTGÁFUDAGUR:	3B	ÚTGÁFUDAGUR:	4B
GILDISTÍMI:	3C	GILDISTÍMI:	4C

UPPLÝSINGAR UM SKIPIÐ OG UMBOÐSMANN SKIPAFÉLAGSINS:

NAFN UMBOÐSMANNS SKIPAFÉLAGSINS:			5
HEITI SKIPS:	6A	FÁNI:	6B
KOMUDAGUR:	7A	UPPRUNASTAÐUR SKIPS:	7B
BROTTFARARDAGUR:	8A	ÁKVÖRÐUNARSTAÐUR SKIPS:	8B

UPPLÝSINGAR UM FERÐIR SJÓMANNSINS:

LOKAÁKVÖRÐUNARSTAÐUR SJÓMANNSINS:	9
ÁSTÆÐUR FYRIR UMSÓKN:	

SKRÁNING Á SKIP ☐	TILFÆRSLA MILLI SKIPA ☐	LÁTIÐ AF STÖRFUM ☐	10
FARARTÆKI	BIFREIÐ ☐	LEST ☐	FLUGVÉL ☐	11
DAGSETNING:	KOMU:	GEGNUMFERÐAR:	BROTTFARAR:	12
	BIFREIÐ (*) ☐	LEST (*) ☐	
	SKRÁNINGARNÚMER:	FERÐALEIÐ:	
UPPLÝSINGAR UM FLUG	DAGSETNING:	TÍMI:	FLUGNÚMER:	

Formleg yfirlýsing, undirrituð af ***umboðsmanni skipafélagsins eða*** eiganda skipsins sem staðfestir ábyrgð hans meðan á dvöl sjómannsins stendur og að hann beri kostnað af heimsendingu hans ef til kemur. 13

(*) Einungis fyllt út ef upplýsingar liggja fyrir.

ANNEX II

FORM

FOR SEAMEN IN TRANSIT WHO ARE SUBJECT TO VISA REQUIREMENTS

FOR OFFICIAL USE

ISSUER: (STAMP) SURNAME/CODE OF OFFICIAL:	RECIPIENT: AUTORITY:

DATA ON SEAMAN:

INDIVIDUAL ☐ GROUP LEADER ☐

CLOSED GROUP ☐

(see attached register for identification)

SURNAME(S):	1A	FORNAMES(S):	1B
NATIONALITY:	1C	RANK/GRADE:	1D
PLACE OF BIRTH:	2A	DATE OF BIRTH:	2B
PASSPORT NUMBER:	3A	SEAMAN´S BOOK NUMBER:	4A
DATE OF ISSUE:	3B	DATE OF ISSUE:	4B
PERIOD OF VALIDITY:	3C	PERIOD OF VALIDITY:	4C

DATA ON VESSEL AND SHIPPING AGENT:

NAME OF SHIPPING AGENT:			5
NAME OF VESSEL:	6A	FLAG:	6B
DATE OF ARRIVAL:	7A	ORIGIN OF VESSEL:	7B
DATE OF DEPARTURE:	8A	DESTINATION OF VESSEL:	8B

DATA ON MOVEMENT OF SEAMEN:

FINAL DESTINATION OF SEAMAN: 9

REASONS FOR APPLICATION:

SIGNING ON ☐ TRANSFER ☐ LEAVING SERVICE ☐ 10

MEANS OF TRANSPORT	CAR ☐	TRAIN ☐	AEROPLANE ☐	11
DATE OF:	ARRIVAL:	TRANSIT:	DEPARTURE:	12
	CAR (*) ☐	TRAIN (*) ☐		
	REGISTRATION No:	JOURNEY ROUTE:		
FLIGHT INFORMATION	DATE:	TIME:	FLIGHT NUMBER:	

Formal declaration signed by the ***shipping agent or the*** shipowner confirming his responsibility for the stay and, if necessary, for repatriation costs of the seaman. 13

(*) To be completed only if data available.

Nánari lýsing á eyðublaðinu.

Fyrstu fjórir liðirnir segja deili á sjómanninum.

1. A. Kenninafn/-nöfn[15].
   B. Eiginnafn/-nöfn.
   C. Ríkisfang.
   D. Staða.
2. A. Fæðingarstaður.
   B. Fæðingardagur og -ár.
3. A. Vegabréfsnúmer.
   B. Útgáfudagur.
   C. Gildistími.
4. A. Númer sérstakra ferðaskilríkja sjómannsins.
   B. Útgáfudagur.
   C. Gildistími.

   Til glöggvunar hafa 3. og 4. liður verið aðskildir því það fer eftir ríkisfangi sjómannsins og hvaða aðildarríki er skráð þar hvort vegabréf eða sérstök ferðaskilríki sjómanna eru notuð til að staðfesta deili á viðkomandi.

   Næstu fjórir liðar eiga við um umboðsmann skipafélagsins og skipið sem um er að ræða.
5. Nafn umboðsmanns skipafélagsins (sá einstaklingur eða sá lögaðili á hverjum stað sem er fulltrúi eiganda skipsins í öllu því er lýtur að skyldum eigandans).
6. A. Heiti skipsins.
   B. Fáni (sem kaupskipið siglir undir).
7. A. Komudagur skips.
   B. Upprunastaður (höfn) skipsins.

   Stafurinn „A“ vísar til þess hvaða dag skipið kemur til hafnarinnar þar sem sjómaður á að skrá sig á það.
8. A. Brottfarardagur skips.
   B. Ákvörðunarstaður skips (næsta höfn).

   Liðir 7A og 8A gefa vísbendingar um það hversu lengi sjómaður þarf að ferðast þangað sem hann skráir sig á skip. Hafa ber í huga að leiðin, sem farin er, er mjög háð óvæntum truflunum og utanaðkomandi þáttum svo sem óveðri, bilunum o.s.frv.

   Næstu fjórir liðir skýra ástæður fyrir ferð sjómannsins og ákvörðunarstað hans.
9. Með „lokaákvörðunarstað“ er átt við lok ferðar sjómannsins. Það getur annaðhvort verið höfn, þar sem hann á að skrá sig á skip, eða landið sem hann er á leið til ef hann er að láta af störfum á skipi.
10. Ástæður fyrir umsókn.
    a) Ef um er að ræða skráningu á skip er loka-

[15] Gefa skal upp kenninafn/-nöfn sem koma fram í vegabréfi.

Detailed Description of Form

The first four points deal with the identity of the seaman.

1. A. Surname(s)[15]
   B. Forename(s)
   C. Nationality
   D. Rank/Grade.
2. A. Place of birth
   B. Date of birth.
3. A. Passport number
   B Date of issue
   C. Period of validity.
4. A. Seaman's book number
   B. Date of issue
   C. Period of validity.

   Points 3 and 4 have been shown separately for clarity since, depending on the nationality of the seaman and the Member State being entered, a passport or a seaman's book can be used for identification purposes.

   The next four points deal with the shipping agent and the vessel concerned.
5. Name of shipping agent (the individual or corporation who represents the shipowner on the spot in all matters Relating to the shipowner's duties in fitting out the vessel).
6. A. Name of vessel
   B. Flag (under which the merchant vessel is sailing).
7. A. Date of arrival of vessel
   B. Origin (port) of vessel

   Letter "A" refers to the vessel's date of arrival in the port where the seaman is to sign on.
8. A. Date of departure of vessel
   B. Destination of vessel (next port).

   Points 7A and 8A give indications regarding the length of time for which the seaman may travel in order to sign on. It should be remembered that the route followed is very much subject to unexpected interferences and external factors such as storms, breakdowns, etc.

   The next four points clarify the reason for the seaman's journey and his destination.
9. The "final destination" is the end of the seaman's journey. This may be either the port at which he is to sign on or the country to which he is heading if he is leaving service.
10. Reasons for application
    (a) In the case of signing on, the final desti-

[15] Please give the surname(s) that appear in the passport.

ákvörðunarstaður höfnin þar sem sjómaðurinn á að skrá sig,

b) Ef um er að ræða tilfærslu yfir á annað skip innan Schengen-svæðisins er einnig um að ræða höfnina þar sem sjómaðurinn á að skrá sig. Líta ber svo á að sjómaður láti af störfum þegar hann færir sig yfir á skip sem staðsett er utan Schengen-svæðisins.

c) Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að láta af störfum, s.s. lok starfssamnings, vinnuslys, áríðandi fjölskylduaðstæður o.s.frv.

11. Farartæki.
Skrá yfir farartæki sem sjómaður, sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun, notar í gegnumferð um Schengen-svæðið til að komast á lokaákvörðunarstað sinn. Á eyðublaðinu er gert ráð fyrir eftirtöldum þremur möguleikum:
a) bifreið (eða langferðabifreið),
b) lest,
c) flugvél.

12. Dagsetning komu (inn á Schengen-svæðið).
Á fyrst og fremst við þegar sjómaður kemur til fyrstu Schengen-flughafnar eða -landamærastöðvar (þarf ekki alltaf að vera flughöfn) á ytri landamærum Schengen-svæðisins þaðan sem hann óskar að koma inn á Schengen-svæðið.
Dagsetning gegnumferðar.
Átt er við þann dag þegar sjómaður skráir sig af skipi í höfn á Schengen-svæðinu og heldur til annarrar hafnar sem einnig er á Schengen-svæðinu.
Dagsetning brottfarar.
Átt er við þann dag þegar sjómaður skráir sig af skipi í höfn á Schengen-svæðinu til að færa sig yfir á annað skip í höfn utan Schengen-svæðisins eða þann dag þegar sjómaður skráir sig af skipi í höfn á Schengen-svæðinu til að snúa aftur til síns heima (utan Schengen-svæðisins).
Auk upplýsinga um hvernig farartæki er notað skal einnig veita tiltækar upplýsingar um eftirfarandi:
a) bifreið, langferðabifreið: skráningarnúmer,
b) lest: heiti, númer o.s.frv.,
c) upplýsingar um flug: dagsetningu, tíma, flugnúmer.

13. Formleg yfirlýsing, undirrituð af umboðsmanni skipafélagsins eða eiganda skipsins sem staðfestir ábyrgð hans meðan á dvöl sjómannsins stendur og á að hann beri kostnað af heimsendingu hans ef til kemur.
Ef sjómenn ferðast í hópi þarf hver og einn að fylla út liði 1A til 4C.

nation is the port at which the seaman is to sign on.

(b) In the case of transfer to another vessel within the Schengen territory, it is also the port at which the seaman is to sign on. Transfer to a vessel situated outside the Schengen territory must be regarded as leaving service.

(c) In the case of leaving service, this can occur for various reasons, such as end of contract, accident at work, urgent family reasons, etc.

11. Means of transport
List of means used within the Schengen territory by the seaman in transit who is subject to a visa requirement to reach his final destination. On the form, the following three possibilities are envisaged:
(a) car (or coach);
(b) train;
(c) aeroplane.

12. Date of arrival (on the Schengen territory)
Applies primarily to a seaman at the first Schengen airport or border-crossing point (since it may not always be an airport) at the external border via which he wishes to enter the Schengen territory.
Date of transit
This is the date on which the seaman signs off at a port in the Schengen territory and heads towards another port also situated in the Schengen territory.
Date of departure
This is the date on which the seaman signs off at a port in the Schengen territory to transfer to another vessel at a port situated outside the Schengen territory or the date on which the seaman signs off at a port in the Schengen territory to return to his home (outside the Schengen territory).
After determining the three means of travel, available information should also be provided concerning those means:
(a) car, coach: registration;
(b) train: name, number, etc.;
(c) flight data: date, time, number.

13. Formal declaration signed by the shipping agent or the shipowner confirming his responsibility for the stay and, if necessary, for the repatriation costs of the seaman.

If the seamen are travelling in a group, each one has to fill in the data for points 1A to 4C.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 6. maí 2003 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins (EB) nr. 453/2003 frá 6. mars 2003, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 539/2001 þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 6. maí 2003.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 30. maí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 453/2003 frá 6. mars 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 539/2001 þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum i-lið b-liðar í 2. mgr. 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar[1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins[2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í kjölfar fundar leiðtogaráðsins, sem haldinn var í Sevilla 21. og 22. júní 2002, þar sem talið var algjört forgangsmál að reglugerð (EB) nr. 539/2001 yrði endurskoðuð fyrir lok ársins 2002[3], hefur framkvæmdastjórnin metið svör

[1] Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB.

[2] Áliti var skilað 12. febrúar 2003.

[3] Stjtíð. EB L 81, 21.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2414/2001 (Stjtíð. EB L 327, 12.12.2001, bls. 1).

COUNCIL REGULATION (EC) No 453/2003 of 6 March 2003 amending Regulation (EC) No 539/2001 listing the third countries whose nationals must be in possession of visas when crossing the external borders and those whose nationals are exempt from that requirement

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION, Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 62(2)(b)(i) thereof,

Having regard to the proposal from the Commission[1],

Having regard to the opinion of the European Parliament[2],

Whereas:

(1) Following the European Council held in Seville on 21 and 22 June 2002, which considered as a top priority the review of Regulation (EC) No 539/2001 by the end of 2002[3], the Commission has evaluated the

[1] Not yet published in the Official Journal.

[2] Opinion delivered on 12 February 2003.

[3] OJ L 81, 21.3.2001, p. 1. Regulation as last amended by Regulation (EC) No 2414/2001 (OJ L 327, 12.12.2001, p. 1).

aðildarríkjanna við spurningalista sem hún sendi þeim varðandi viðeigandi viðmiðanir fyrir endurskoðun reglugerðar (EB) nr. 539/2001, nánar tiltekið ólöglegan innflutning fólks, allsherjarreglu og almannaöryggi, samskipti Evrópusambandsins við þriðju lönd, byggðasamhengi og gagnkvæmni. Hún hefur komist að þeirri niðurstöðu að flytja beri Ekvador úr II. viðauka í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 539/2001 í ljósi viðmiðunar um ólöglegan innflutning fólks.

2) Rétt er að þróun í þjóðarétti, sem hefur í för með sér breytingar á stöðu eða heiti tiltekinna ríkja eða yfirráðasvæða, endurspeglist í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 539/2001. Í I. viðauka við þá reglugerð ber að fella Austur-Tímor brott úr 2. hluta (Yfirráðasvæði) og bæta því inn í 1. hluta (Ríki).

3) Þar eð samningurinn milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og Svissneska ríkjasambandsins hins vegar um frjálsa för manna kveður á um frjálsa för svissneskra ríkisborgara og ríkisborgara aðildarríkjanna án vegabréfsáritana ætti Sviss ekki lengur að vera getið í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 539/2001.

4) Ljóst er af svörum aðildarríkjanna við spurningalistanum að þörf er á ítarlegri rannsókn á gagnkvæmnisreglunni sem framkvæmdastjórnin mun gefa skýrslu um síðar.

5) Aðildarríkin skulu framfylgja kvöð um vegabréfsáritun gagnvart Ekvador á samræmdan hátt. Til samræmis við það skal ákveða frá hvaða degi aðildarríkin skulu beita kvöð um vegabréfsáritun.

6) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengengerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[4], sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[5].

Member States' replies to the questionnaire it sent them in the light of the relevant criteria for the review of Regulation (EC) No 539/2001, namely illegal immigration, public policy and security, the European Union's external relations with third countries, regional coherence and reciprocity. It has found that Ecuador should be transferred from Annex II to Annex I to Regulation (EC) No 539/2001 in the light of the illegal immigration criterion.

(2) Developments in international law, entailing changes in the status or designation of certain States or entities, should be reflected in the Annexes to Regulation (EC) No 539/2001. In Annex I to that Regulation, East Timor should be removed from Part 2 (territorial entities) and added to Part 1 (States).

(3) Since the Agreement between the European Community and its Member States, of the one part, and the Swiss Confederation, of the other part, on the free movement of persons provides for free movement without visas for nationals of Switzerland and of the Member States, Switzerland should no longer be mentioned in Annex II to Regulation (EC) No 539/2001.

(4) It is clear from the Member States' replies to the questionnaire that an in-depth review of the reciprocity rule is called for, on which the Commission will report at a later date.

(5) The visa requirement for Ecuador should be applied uniformly by the Member States. A date should accordingly be set from which all Member States have to apply the visa requirement,

(6) As regards Iceland and Norway, this Regulation constitutes a development of the provisions of the Schengen *acquis* within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*[4], which fall within the area referred to in Article 1, point A, of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[5].

[4] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
[5] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

[4] OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
[5] OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

7) Breska konungsríkið og Írland taka ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og eru ekki bundin af henni eða beitingu hennar.

8) Þessi reglugerð er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 1. mgr. 3. gr. aðildarlaganna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á reglugerð (EB) nr. 539/2001:

1. Í I. viðauka:
   a) „Austur-Tímor“ flytjist úr 2. hluta (Yfirráðasvæði og svæðisyfirvöld sem a.m.k. eitt aðildarríki viðurkennir ekki sem ríki) yfir í 1. hluta (Ríki), þar sem það skal standa á undan „Egyptaland“,
   b) „Ekvador“ bætist við 1. hluta þar sem það skal standa á milli „Austur-Tímor“ og „Egyptaland“,
2. „Ekvador“ og „Sviss“ falli brott úr 1. hluta II. viðauka.

2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. júní 2003 um afleiðingar gagnkvæmnisreglunnar og leggja fram viðeigandi tillögur ef þörf er á.

3. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
2. Aðildarríkin skulu framfylgja kvöð um vegabréfsáritun gagnvart ríkisborgurum Ekvadors frá og með 1. júní 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

D. REPPAS
forseti.

(7) The United Kingdom and Ireland are not taking part in the adoption of this Regulation and are not bound by it or subject to its application.

(8) This Regulation constitutes an act building on the Schengen *acquis* or otherwise related to it within the meaning of Article 3(1) of the Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS REGULATION:

Article 1

Regulation (EC) No 539/2001 shall be amended as follows:

1. in Annex I:
   (a) "East Timor" shall be moved from Part 2 (Entities and territorial authorities that are not recognised as States by at least one Member State) to Part 1 (States), where it shall appear before "Egypt";
   (b) "Ecuador" shall be inserted in Part 1, where it shall appear between "East Timor" and "Egypt";
2. "Ecuador" and "Switzerland" shall be deleted from Part 1 of Annex II.

Article 2

The Commission shall report to the European Parliament and the Council no later than 30 June 2003 on the implications of reciprocity and, if necessary, shall present appropriate proposals.

Article 3

1. This Regulation shall enter into force on the 20th day following that of its publication in the Official Journal of the European Union.
2. Member States shall apply the visa requirement with regard to nationals of Ecuador as from 1 June 2003.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 6 March 2003.

For the Council
The President

D. REPPAS

AUGLÝSING

um samning um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum.

Hinn 13. maí 2003 var sendiráðum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs frá 16. mars 2001 um samstarf í samkeppnismálum sem gerður var í Helsinki 10. apríl 2003, sbr. auglýsingu í C- deild Stjórnartíðinda nr. 11/2001 þar sem samningurinn frá 16. mars 2001 er birtur. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 30. maí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum.

Danmörk, Ísland, Noregur og Svíþjóð,

- sem leitast við að efla frekar og gera samstarfið milli samkeppnisyfirvalda formlegra í því skyni að stuðla að skilvirkari framkvæmd samkeppnislöggjafar í hverju landanna um sig,
- sem samkvæmt samkeppnislöggjöf í þeirra eigin löndum geta sent áfram upplýsingar til samkeppnisyfirvalda annarra landa, sem bundin eru þagnarskyldu samkeppnisyfirvalda, ef áframsendingin er nauðsynleg til þess að efla framkvæmd samkeppnislöggjafar þessara landa og áframsendingin á sér stað í því skyni að fullnægja tvíhliða eða marghliða skuldbindingum landanna,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Aðild.

Við gildistöku samnings þessa gerist Svíþjóð aðili að samningi Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 16. mars 2001, hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn“, í samræmi við 6. gr. samningsins.

Sænskur texti samstarfssamningsins, fylgiskjal 1, skal jafngildur dönsku, íslensku og norsku textunum.

2. gr.
Breytingar á samningi milli Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á samstarfssamningnum:

a) Í heiti samstarfssamningsins komi „ , Noregs og Svíþjóðar“ í stað „og Noregs“.
b) Í 1. línu inngangsins komi „ , Noregur og Svíþjóð“ í stað „og Noregur“.
c) Í 1. lið inngangsins komi „ , norskra og sænskra“ í stað „og norskra“.

d) Í 1. lið inngangsins komi „fjögurra“ í stað „þriggja“.
e) Í 2. lið inngangsins komi „ , Noregs og Svíþjóðar“ í stað „og Noregs“.
f) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í 1. mgr. a-liðar 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð lög nr. 20/1993, samkeppnislög með síðari breytingum.“.
g) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í 2. mgr. a-liðar 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð: Konkurrensverket.“.
h) Í c-lið 1. gr. komi „ , „yfirtaka fyrirtækja“ og „samþjöppun fyrirtækja““ í stað „og „yfirtaka fyrirtækja““.
i) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í c-lið 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð: 34. gr. samkeppnislaga nr. 20/1993.“.
j) Í 1. mgr. 2. gr. komi „ , í Noregi og í Svíþjóð“ í stað „og í Noregi“.
k) Í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. komi „eða fleiri“ í stað „tvennra eða allra þrennra“ og „tveggja eða allra þriggja“.
l) Í c-lið 1. mgr. 2. gr. komi „ , yfirtöku fyrirtækis eða samþjöppun fyrirtækja“ í stað „eða yfirtöku fyrirtækis“, „ , yfirtökunni eða samþjöppuninni“ í stað „eða yfirtökunni“ og „ , í Noregi eða í Svíþjóð eða í mörgum landanna“ í stað „eða í Noregi eða í tveimur löndum eða öllum þremur“.
m) Í 2. mgr. 2. gr. komi „ , yfirtökur fyrirtækja eða samþjöppun fyrirtækja“ í stað „eða yfirtökur fyrirtækja“.
n) Eftirfarandi d-liður bætist við eftir c-lið í 2. mgr. 2. gr.: „d) að því er varðar Svíþjóð: til Konkurrensverket.“.
o) Í 3. mgr. 2. gr. komi „ , norsk og sænsk“ í stað „og norsk“.

3. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að öll innlend skilyrði fyrir gildistöku hafi verið uppfyllt.

Gjört í Helsinki hinn 10. apríl 2003 í einu eintaki á dönsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

AUGLÝSING

um bókun við samning um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Hinn 21. maí 2003 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar við samning um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það frá 29. desember 1972, sem gerð var í Lundúnum 7. nóvember 1996, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1973, þar sem samningurinn er birtur, og 1/1976. Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. júlí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN FRÁ 1996 við samninginn um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það frá 1972.

SAMNINGSAÐILAR AÐ BÓKUN ÞESSARI,

SEM LEGGJA ÁHERSLU á nauðsyn þess að vernda hafrýmið og stuðla að sjálfbærri nýtingu og varðveislu auðlinda hafsins,

SEM VEITA ATHYGLI í þessu tilliti þeim árangri sem hefur náðst innan marka samningsins um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það frá 1972 og einkum breytingum í átt til nálgunar sem er byggð á varúðar- og forvarnarsjónarmiðum,

SEM VEITA ENN FREMUR ATHYGLI í þessu tilliti viðbótargerningum innan svæða og í einstökum löndum sem er ætlað að stuðla að verndun hafrýmisins og þar sem er tekið tillit til séraðstæðna og -þarfa fyrrnefndra svæða og landa,

SEM ÁRÉTTA gildi þess að nálgast þessi viðfangsefni á heimsvísu og einkum mikilvægi þess að framhald verði á samvinnu og samstarfi samningsaðila við framkvæmd samningsins og bókunarinnar,

SEM VIÐURKENNA að í einstökum löndum eða á einstökum svæðum geti verið æskilegt að

1996 PROTOCOL to the Convention on the Prevention of Marine Pollution by Dumping of Wastes and other Matter, 1972

THE CONTRACTING PARTIES TO THIS PROTOCOL,

STRESSING the need to protect the marine environment and to promote the sustainable use and conservation of marine resources,

NOTING in this regard the achievements within the framework of the Convention on the Prevention of Marine Pollution by Dumping of Wastes and Other Matter, 1972 and especially the evolution towards approaches based on precaution and prevention,

NOTING FURTHER the contribution in this regard by complementary regional and national instruments which aim to protect the marine environment and which take account of specific circumstances and needs of those regions and States,

REAFFIRMING the value of a global approach to these matters and in particular the importance of continuing co-operation and collaboration between Contracting Parties in implementing the Convention and the Protocol,

RECOGNIZING that it may be desirable to adopt, on a national or regional level, more strin-

gera ítarlegri ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir og eyða mengun hafrýmisins vegna varps á hafi úti, en þær sem kveðið er á um í alþjóðasamningum eða annars konar samningum sem gilda um heim allan,

SEM TAKA MIÐ af viðeigandi alþjóðasamningum og aðgerðum, sem þessi mál varða, einkum hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982, Ríó-yfirlýsingunni um umhverfi og þróun og Dagskrá 21,

SEM VIÐURKENNA ENN FREMUR hagsmuni og getu þróunarríkja, einkum þróunarríkja sem eru lítil eyríki,

SEM ERU SANNFÆRÐIR UM að unnt er og nauðsynlegt að grípa nú þegar til frekari aðgerða á alþjóðavettvangi til þess að koma í veg fyrir, draga úr og, þar sem það er framkvæmanlegt, eyða mengun hafsins vegna varps í því skyni að vernda og varðveita hafrýmið og stjórna athöfnum manna á þann hátt sem tryggir að vistkerfi sjávar muni áfram bera uppi lögmæt not hafsins og mæta þörfum núlifandi og komandi kynslóða um ókomna tíð,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í bókun þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. „Samningur" merkir samninginn um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það frá 1972 með áorðnum breytingum.
2. „Stofnunin" merkir Alþjóðasiglingamálastofnunina.
3. „Aðalframkvæmdastjóri" merkir aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar.

4.1. „Varp" merkir:

4.1.1. að farga vísvitandi í hafið hvers konar úrgangsefnum eða öðrum efnum frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á hafi úti;

4.1.2. að farga vísvitandi í hafið skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á hafi úti;

4.1.3. að geyma hvers konar úrgangsefni eða önnur efni frá skipum, loftförum, pöllum eða öðum mannvirkjum á hafi úti á hafsbotni og í jarðlögum undir honum; og

4.1.4. að skilja eftir eða velta um pöllum á staðnum eða öðrum mannvirkjum á hafi úti í þeim tilgangi einum að farga þeim vísvitandi.

4.2. Í „varpi" felst ekki:

gent measures with respect to prevention and elimination of pollution of the marine environment from dumping at sea than are provided for in international conventions or other types of agreements with a global scope,

TAKING INTO ACCOUNT relevant international agreements and actions, especially the United Nations Convention on the Law of the Sea, 1982, the Rio Declaration on Environment and Development and Agenda 21,

RECOGNIZING ALSO the interests and capacities of developing States and in particular small island developing States,

BEING CONVINCED that further international action to prevent, reduce and where practicable eliminate pollution of the sea caused by dumping can and must be taken without delay to protect and preserve the marine environment and to manage human activities in such a manner that the marine ecosystem will continue to sustain the legitimate uses of the sea and will continue to meet the needs of present and future generations,

HAVE AGREED as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Protocol:

1. "Convention" means the Convention on the Prevention of Marine Pollution by Dumping of Wastes and Other Matter, 1972, as amended.
2. "Organization" means the International Maritime Organization.
3. "Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization.

4.1. "Dumping" means:

4.1.1. any deliberate disposal into the sea of wastes or other matter from vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea;

4.1.2. any deliberate disposal into the sea of vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea;

4.1.3. any storage of wastes or other matter in the seabed and the subsoil thereof from vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea; and

4.1.4. any abandonment or toppling at site of platforms or other man-made structures at sea, for the sole purpose of deliberate disposal.

4.2. "Dumping" does not include:

4.2.1. að fargað sé í hafið úrgangsefnum eða öðrum efnum, sem eru samfara eða stafa frá venjulegri starfrækslu skipa, loftfara, palla eða annarra mannvirkja á hafi úti og viðkomandi útbúnaðar þeirra, nema um sé að ræða í fyrsta lagi þau úrgangsefni eða önnur efni sem flutt eru í skip, loftför, palla eða önnur mannvirki á hafi úti til að farga þeim þar eða í öðru lagi þau úrgangsefni eða önnur efni sem verða til við slíka eyðingarmeðferð í hinum þar til ætluðu skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum;

4.2.2. að efnum sé komið fyrir í öðrum tilgangi en að farga þeim, þó með því skilyrði að slík staðsetning sé ekki andstæð markmiðum bókunar þessarar; og

4.2.3. þrátt fyrir málsgrein 4.1.4, að skilja eftir í hafinu efni (t.d. strengi, leiðslur og tæki til hafrannsókna) sem er komið þar fyrir í öðrum tilgangi en einungis að farga þeim.

4.3. Ákvæði þessarar bókunar taka ekki til þess að fargað sé í hafið eða geymd þar úrgangsefni eða önnur efni er stafa beint eða óbeint frá könnun, nýtingu og tengdri vinnslu á jarðefnum á og í hafsbotni.

5.1. „Brennsla á hafi úti“ merkir brennslu úrgangsefna eða annarra efna um borð í skipi, á palli eða í öðru mannvirki á hafi úti í því skyni að farga þeim vísvitandi með hitameðferð.

5.2. Í „brennslu á hafi úti“ felst ekki brennsla úrgangsefna eða annarra efna um borð í skipi, á palli eða í öðru mannvirki á hafi úti, hafi slík úrgangsefni eða önnur efni myndast við eðlilega starfrækslu viðkomandi skips, palls eða annars mannvirkis á hafi úti.

6. „Skip og loftför“ merkja hvers konar fljótandi för eða loftför. Nær hugtak þetta yfir svifnökkva og fljótandi för, hvort sem þau eru knúin eigin vélarafli eða ekki.

7. „Haf“ merkir allan sjó utan innsævis. Haf nær einnig til hafsbotns og jarðlaga undir honum; hugtakið tekur ekki til geymslustaða undir sjávarbotni sem eru aðeins aðgengilegir frá landi.

8. „Úrgangsefni eða önnur efni“ merkja hvers konar efni og hluti án tillits til forms eða tegundar.

9. „Leyfi“ merkir leyfi sem er veitt fyrirfram

4.2.1. the disposal into the sea of wastes or other matter incidental to, or derived from the normal operations of vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea and their equipment, other than wastes or other matter transported by or to vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea, operating for the purpose of disposal of such matter or derived from the treatment of such wastes or other matter on such vessels, aircraft, platforms or other man-made structures;

4.2.2. placement of matter for a purpose other than the mere disposal thereof, provided that such placement is not contrary to the aims of this Protocol; and

4.2.3. notwithstanding paragraph 4.1.4, abandonment in the sea of matter (e.g., cables, pipelines and marine research devices) placed for a purpose other than the mere disposal thereof.

4.3. The disposal or storage of wastes or other matter directly arising from, or related to the exploration, exploitation and associated off-shore processing of seabed mineral resources is not covered by the provisions of this Protocol.

5.1. “Incineration at sea” means the combustion on board a vessel, platform or other man-made structure at sea of wastes or other matter for the purpose of their deliberate disposal by thermal destruction.

5.2. “Incineration at sea” does not include the incineration of wastes or other matter on board a vessel, platform, or other man-made structure at sea if such wastes or other matter were generated during the normal operation of that vessel, platform or other man-made structure at sea.

6. “Vessels and aircraft” means waterborne or airborne craft of any type whatsoever. This expression includes air-cushioned craft and floating craft, whether self-propelled or not.

7. “Sea” means all marine waters other than the internal waters of States, as well as the seabed and the subsoil thereof; it does not include sub-seabed repositories accessed only from land.

8. “Wastes or other matter” means material and substance of any kind, form or description.

9. “Permit” means permission granted in

og þá í samræmi við viðeigandi ráðstafanir sem eru samþykktar samkvæmt málsgrein 1.2 í 4. gr. eða 2. mgr. 8. gr.

10. „Mengun“ merkir að setja, með beinum eða óbeinum hætti, úrgangsefni eða önnur efni í hafið sem eru rakin til athafna manna og hafa eða eru líkleg til þess að hafa skaðleg áhrif eins og að valda tjóni á lifandi náttúruauðlindum og vistkerfi hafsins, skaða heilsu manna, hindra starfsemi á hafi úti, þ.m.t. fiskveiðar og aðra lögmæta nýtingu hafsins, rýra gæði sjávar og þar með tækifæri til þess að nýta sjó og rýra eftirsóknarverð útivistarsvæði.

2. gr.
Markmið.

Samningsaðilar skulu, hver um sig og í sameiningu, varðveita og vernda hafrýmið fyrir hvers kyns mengunarvöldum og gera ráðstafanir, í samræmi við vísindalega, tæknilega og fjárhagslega getu sína, sem duga til þess að koma í veg fyrir, draga úr og, þar sem það er framkvæmanlegt, eyða mengun samfara varpi úrgangsefna eða annarra efna eða brennslu þeirra á hafi úti. Samningsaðilar skulu samræma stefnu sína í þessu tilliti eftir því sem við á.

3. gr.
Almennar skuldbindingar.

1. Samningsaðilar skulu, við framkvæmd bókunar þessarar, gæta varúðar að því er varðar varnir umhverfisins gegn varpi úrgangsefna eða annarra efna og gera samkvæmt því viðeigandi fyrirbyggjandi ráðstafanir þegar ástæða er til að ætla að líklegt sé að úrgangsefni eða önnur efni, sem eru sett í hafrýmið, muni valda tjóni, enda þótt óyggjandi sannanir liggi ekki fyrir um orsakatengsl ílags og áhrifa þess.

2. Hver og einn samningsaðili skal, að teknu tilliti til þeirrar meginreglu að sá sem mengar skuli bera kostnað af menguninni, kappkosta að koma á þeirri starfsvenju að þeir, sem þeir hafa veitt leyfi til að fást við varp eða brennslu á hafi úti, beri kostnað samfara því að kröfum um mengunarvarnir og eftirlit, sem eru gerðar vegna þeirrar starfsemi sem leyfi er fyrir, sé fullnægt, að teknu eðlilegu tilliti til almannahagsmuna.

3. Samningsaðilar skulu, við framkvæmd ákvæða bókunar þessarar, gæta þess að

advance and in accordance with relevant measures adopted pursuant to article 4.1.2 or 8.2.

10. "Pollution" means the introduction, directly or indirectly, by human activity, of wastes or other matter into the sea which results or is likely to result in such deleterious effects as harm to living resources and marine ecosystems, hazards to human health, hindrance to marine activities, including fishing and other legitimate uses of the sea, impairment of quality for use of sea water and reduction of amenities.

Article 2
Objectives

Contracting Parties shall individually and collectively protect and preserve the marine environment from all sources of pollution and take effective measures, according to their scientific, technical and economic capabilities, to prevent, reduce and where practicable eliminate pollution caused by dumping or incineration at sea of wastes or other matter. Where appropriate, they shall harmonize their policies in this regard.

Article 3
General Obligations

1. In implementing this Protocol, Contracting Parties shall apply a precautionary approach to environmental protection from dumping of wastes or other matter whereby appropriate preventative measures are taken when there is reason to believe that wastes or other matter introduced into the marine environment are likely to cause harm even when there is no conclusive evidence to prove a causal relation between inputs and their effects.

2. Taking into account the approach that the polluter should, in principle, bear the cost of pollution, each Contracting Party shall endeavour to promote practices whereby those it has authorized to engage in dumping or incineration at sea bear the cost of meeting the pollution prevention and control requirements for the authorized activities, having due regard to the public interest.

3. In implementing the provisions of this Protocol, Contracting Parties shall act so

yfirfæra ekki, beint eða óbeint, tjón eða líkur á tjóni frá einum stað í umhverfinu til annars eða umbreyta mengun af einum toga í mengum af öðru tagi.

4. Ekkert ákvæði bókunar þessarar skal túlka þannig að hindri samningsaðila, hvern um sig eða í sameiningu, í því að gera ítarlegri ráðstafanir, samkvæmt þjóðarétti, til að koma í veg fyrir, draga úr eða, þar sem það er framkvæmanlegt, eyða mengun.

as not to transfer, directly or indirectly, damage or likelihood of damage from one part of the environment to another or transform one type of pollution into another.

4. No provision of this Protocol shall be interpreted as preventing Contracting Parties from taking, individually or jointly, more stringent measures in accordance with international law with respect to the prevention, reduction and where practicable elimination of pollution.

4. gr.

Varp úrgangsefna eða annarra efna.

1.1. Samningsaðilar skulu banna varp hvers konar úrgangsefna eða annarra efna, að þeim frátöldum sem eru talin uppi í 1. viðauka.

1.2. Varp úrgangsefna eða annarra efna, sem eru talin upp í 1. viðauka, skal háð leyfi. Samningsaðilar skulu samþykkja stjórnsýsluráðstafanir eða lagaákvæði sem tryggja að útgáfa leyfa og leyfisskilmála sé í samræmi við ákvæði 2. viðauka. Gefa ber sérstakan gaum þeim kosti að komast hjá varpi og greiða þannig fyrir öðrum umhverfisvænni kostum.

2. Ekkert ákvæði bókunar þessarar skal túlka þannig að samningsaðila sé fyrir sitt leyti meinað að banna varp þeirra úrgangsefna eða annarra efna sem eru tilgreind í 1. viðauka. Skal samningsaðilinn tilkynna stofnuninni um slíkar aðgerðir.

Article 4

Dumping of Wastes or other Matter

1.1. Contracting Parties shall prohibit the dumping of any wastes or other matter with the exception of those listed in Annex 1.

1.2. The dumping of wastes or other matter listed in Annex 1 shall require a permit. Contracting Parties shall adopt administrative or legislative measures to ensure that issuance of permits and permit conditions comply with provisions of Annex 2. Particular attention shall be paid to opportunities to avoid dumping in favour of environmentally preferable alternatives.

2. No provision of this Protocol shall be interpreted as preventing a Contracting Party from prohibiting, insofar as that Contracting Party is concerned, the dumping of wastes or other matter mentioned in Annex 1. That Contracting Party shall notify the Organization of such measures.

5. gr.

Brennsla á hafi úti.

Samningsaðilar skulu banna brennslu úrgangsefna eða annarra efna á hafi úti.

Article 5

Incineration at Sea

Contracting Parties shall prohibit incineration at sea of wastes or other matter.

6. gr.

Útflutningur úrgangsefna eða annarra efna.

Samningsaðilar skulu ekki leyfa útflutning úrgangsefna eða annarra efna til annarra landa til varps eða brennslu á hafi úti.

Article 6

Export of Wastes or other Matter

Contracting Parties shall not allow the export of wastes or other matter to other countries for dumping or incineration at sea.

7. gr.

Innsævi.

1. Bókun þessi skal, þrátt fyrir önnur ákvæði hennar, aðeins gilda um innsævi að því marki sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr.

2. Sérhver samningsaðili skal, að eigin

Article 7

Internal Waters

1. Notwithstanding any other provision of this Protocol, this Protocol shall relate to internal waters only to the extent provided for in paragraphs 2 and 3.

2. Each Contracting Party shall at its discre-

ákvörðun, annaðhvort beita ákvæðum bókunar þessarar eða samþykkja aðrar skilvirkar ráðstafanir á sviði leyfisveitingar og reglur í því skyni að hafa stjórn á vísvitandi förgun úrgangsefna eða annarra efna á innsævi, þar sem slík förgun myndi vera varp eða brennsla á hafi úti í skilningi 1. gr. ef hún færi fram á hafi úti.

3. Sérhverjum samningsaðila ber að láta stofnuninni í té upplýsingar um löggjöf og verklagsreglur stofnana varðandi framkvæmd, uppfyllingu og framfylgd ákvæða bókunar þessarar á innsævi. Samningsaðilar ættu einnig að gera sitt ýtrasta til þess að leggja fram, að eigin ákvörðun, yfirlitsskýrslur um gerð og eðli þeirra efna sem er varpað á innsævi.

8. gr.
Undantekningar.

1. Ákvæði málsgreina 1.1 og 1.2 í 4. gr. og ákvæði 5. gr. eiga ekki við þegar nauðsynlegt er að vernda mannslíf eða tryggja öryggi skipa, loftfara, palla eða annarra mannvirkja á hafi úti við óviðráðanlegar aðstæður af völdum veðurofsa. Sama gildir í sérhverju því tilviki þar sem mönnum er lífsháski búinn eða skip, loftför, pallar eða önnur mannvirki á hafi úti eru í raunverulegri hættu, enda virðist varp efna eða brennsla á hafi úti vera eina úrræðið til þess að afstýra hættunni og langlíklegast sé að tjón samfara slíku varpi eða brennslu á hafi úti verði minna en ella yrði raunin á. Slíkt varp eða brennslu á hafi úti skal framkvæma þannig að dregið sé sem mest úr líkum til tjóns á heilsu manna eða lífríki sjávar og skal þegar í stað tilkynna stofnuninni um varpið.

2. Í neyðartilvikum getur samningsaðili gefið út leyfi, sem felur í sér undantekningu frá ákvæðum málsgreina 1.1 og 1.2 í 4. gr. og ákvæðum 5. gr., enda sé heilsu manna, öryggi eða hafrýminu stofnað í óhæfilega hættu og engin önnur hagkvæm lausn fyrir hendi. Samningsaðilinn skal þó fyrst ráðgast við hvert það ríki, sem virðist hafa beinna hagsmuna að gæta, svo og við stofnunina sem skal, í samræmi við málsgrein 1.6. í 18. gr. og að höfðu samráði við aðra samningsaðila og eftir atvikum viðeigandi alþjóðastofnanir, mæla án tafar

tion either apply the provisions of this Protocol or adopt other effective permitting and regulatory measures to control the deliberate disposal of wastes or other matter in marine internal waters where such disposal would be "dumping" or "incineration at sea" within the meaning of article 1, if conducted at sea.

3. Each Contracting Party should provide the Organization with information on legislation and institutional mechanisms regarding implementation, compliance and enforcement in marine internal waters. Contracting Parties should also use their best efforts to provide on a voluntary basis summary reports on the type and nature of the materials dumped in marine internal waters.

Article 8
Exceptions

1. The provisions of articles 4.1 and 5 shall not apply when it is necessary to secure the safety of human life or of vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea in cases of force majeure caused by stress of weather, or in any case which constitutes a danger to human life or a real threat to vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea, if dumping or incineration at sea appears to be the only way of averting the threat and if there is every probability that the damage consequent upon such dumping or incineration at sea will be less than would otherwise occur. Such dumping or incineration at sea shall be conducted so as to minimize the likelihood of damage to human or marine life and shall be reported forthwith to the Organization.

2. A Contracting Party may issue a permit as an exception to articles 4.1 and 5, in emergencies posing an unacceptable threat to human health, safety, or the marine environment and admitting of no other feasible solution. Before doing so the Contracting Party shall consult any other country or countries that are likely to be affected and the Organization which, after consulting other Contracting Parties, and competent international organizations as appropriate, shall, in accordance with article 18.6 promptly recommend to the

með hentugustu aðferðum til úrlausnar við samningsaðilann. Skal hann fara að þessum tilmælum eftir því sem framast er unnt með hliðsjón af tímanum til framkvæmdanna og hinni almennu skyldu til að forðast að spilla hafrýminu og skal láta stofnuninni í té vitneskju um þær aðgerðir sem hann grípur til. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að veita gagnkvæma aðstoð í tilvikum sem þessum.

3. Sérhver samningsaðili getur afsalað sér rétti sínum skv. 2. mgr., annars vegar þegar hann fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni og hins vegar síðar.

9. gr.

Útgáfa leyfa og skýrslugjöf.

1. Sérhver samningsaðili skal tilnefna viðeigandi yfirvald eða yfirvöld til að:

1.1. gefa út leyfi í samræmi við bókun þessa;

1.2. halda skrá um eðli og magn hvers kyns úrgangsefna og annarra efna sem leyfi til varps hafa verið gefin út vegna og, þegar það er framkvæmanlegt, það magn sem raunverulega er varpað í sjó, varpstað, tíma og aðferð; og

1.3. hafa eftirlit með ástandi hafsins, annaðhvort eitt sér eða í samvinnu við aðra samningsaðila og viðeigandi alþjóðastofnanir, í samræmi við tilgang bókunar þessarar.

2. Viðeigandi yfirvald eða yfirvöld samningsaðila skulu gefa út leyfi samkvæmt bókun þessari þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem ætluð eru til varps, eða, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr., til brennslu á hafi úti:

2.1. eru fermd á landsvæði hans; og

2.2. eru fermd í skip eða loftfar, sem er skráð á landsvæði hans eða er með fána hans, enda fari ferming þá fram á landsvæði ríkis sem er ekki samningsaðili að bókun þessari.

3. Við útgáfu leyfa skal viðkomandi yfirvald eða yfirvöld uppfylla kröfur 4. gr. ásamt þeim viðbótarreglum, -ráðstöfunum og -kröfum sem þau kunna að álíta viðeigandi.

4. Sérhver samningsaðili skal skýra stofnuninni og, eftir atvikum, öðrum samningsað-

Contracting Party the most appropriate procedures to adopt. The Contracting Party shall follow these recommendations to the maximum extent feasible consistent with the time within which action must be taken and with the general obligation to avoid damage to the marine environment and shall inform the Organization of the action it takes. The Contracting Parties pledge themselves to assist one another in such situations.

3. Any Contracting Party may waive its rights under paragraph 2 at the time of, or subsequent to ratification of, or accession to this Protocol.

Article 9

Issuance of Permits and Reporting

1. Each Contracting Party shall designate an appropriate authority or authorities to:

1.1. issue permits in accordance with this Protocol;

1.2. keep records of the nature and quantities of all wastes or other matter for which dumping permits have been issued and where practicable the quantities actually dumped and the location, time and method of dumping; and

1.3. monitor individually, or in collaboration with other Contracting Parties and competent international organizations, the condition of the sea for the purposes of this Protocol.

2. The appropriate authority or authorities of a Contracting Party shall issue permits in accordance with this Protocol in respect of wastes or other matter intended for dumping or, as provided for in article 8.2, incineration at sea:

2.1. loaded in its territory; and

2.2. loaded onto a vessel or aircraft registered in its territory or flying its flag, when the loading occurs in the territory of a State not a Contracting Party to this Protocol.

3. In issuing permits, the appropriate authority or authorities shall comply with the requirements of article 4, together with such additional criteria, measures and requirements as they may consider relevant.

4. Each Contracting Party, directly or through a secretariat established under a

ilum, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu skrifstofu sem hefur verið komið á fót samkvæmt svæðissamningi, frá:

4.1. þeim upplýsingum sem eru tilgreindar í málsgreinum 1.2 og 1.3;

4.2. ráðstöfunum á sviði stjórnsýslu og löggjafar sem eru gerðar til framkvæmdar ákvæðum bókunar þessarar, þar með talin samantekt um framfylgd; og

4.3. skilvirkni þeirra ráðstafana, sem um getur í málsgrein 4.2, og vandkvæðum bundnum framkvæmd þeirra.

Láta ber þær upplýsingar, sem um getur í málsgreinum 1.2 og 1.3, í té árlega. Láta ber þær upplýsingar, sem um getur í málsgreinum 4.2 og 4.3, í té reglulega.

5. Viðeigandi undirstofnun, sem fundur samningsaðila tekur ákvörðun um, skal leggja mat á skýrslur sem eru lagðar fram samkvæmt málsgreinum 4.2 og 4.3. Stofnunin mun gefa viðeigandi fundi eða aukafundi samningsaðila skýrslu um niðurstöður sínar.

10. gr.

Framkvæmd og framfylgd.

1. Sérhver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bókun þessi komi til framkvæmda gagnvart öllum:

1.1. skipum og loftförum sem eru skráð á landsvæði hans eða eru með fána hans;

1.2. skipum og loftförum sem taka um borð á landsvæði hans úrgangsefni eða önnur efni sem varpa á eða brenna á hafi úti; og

1.3. skipum, loftförum og pöllum eða öðrum mannvirkjum þar sem ætla má að fengist sé við varp eða brennslu á hafi úti á svæðum þar sem hann hefur lögsögu að þjóðarétti.

2. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við þjóðarétt til þess að stemma stigu við atferli, sem felur í sér brot á ákvæðum bókunar þessarar, og refsa fyrir það ef nauðsyn krefur.

3. Samningsaðilar eru sammála um að vinna saman að mótun reglna til að tryggja skilvirka framkvæmd bókunar þessarar á svæðum utan lögsögu ríkja, meðal annars reglna um kærur í þeim tilvikum er vart verður við varp úr skipum og loftförum eða brennslu á hafi úti sem telja verður brot á bókun þessari.

regional agreement, shall report to the Organization and where appropriate to other Contracting Parties:

4.1. the information specified in paragraphs 1.2 and 1.3;

4.2. the administrative and legislative measures taken to implement the provisions of this Protocol, including a summary of enforcement measures; and

4.3. the effectiveness of the measures referred to in paragraph 4.2 and any problems encountered in their application.

The information referred to in paragraphs 1.2 and 1.3 shall be submitted on an annual basis. The information referred to in paragraphs 4.2 and 4.3 shall be submitted on a regular basis.

5. Reports submitted under paragraphs 4.2 and 4.3 shall be evaluated by an appropriate subsidiary body as determined by the Meeting of Contracting Parties. This body will report its conclusions to an appropriate Meeting or Special Meeting of Contracting Parties.

Article 10

Application and Enforcement

1. Each Contracting Party shall apply the measures required to implement this Protocol to all:

1.1. vessels and aircraft registered in its territory or flying its flag;

1.2. vessels and aircraft loading in its territory the wastes or other matter which are to be dumped or incinerated at sea; and

1.3. vessels, aircraft and platforms or other man-made structures believed to be engaged in dumping or incineration at sea in areas within which it is entitled to exercise jurisdiction in accordance with international law.

2. Each Contracting Party shall take appropriate measures in accordance with international law to prevent and if necessary punish acts contrary to the provisions of this Protocol.

3. Contracting Parties agree to co-operate in the development of procedures for the effective application of this Protocol in areas beyond the jurisdiction of any State, including procedures for the reporting of vessels and aircraft observed dumping or incinerating at sea in contravention of this Protocol.

4. Bókun þessi tekur ekki til þeirra skipa og loftfara er eiga rétt á friðhelgi á grundvelli fullveldis samkvæmt þjóðarétti. Sérhver samningsaðili skal þó sjá til þess, með viðeigandi ráðstöfunum, að slík skip og loftför, sem eru í eigu hans eða hann rekur, fari að í samræmi við mark og mið bókunar þessarar og skal hann láta stofnuninni í té upplýsingar þar um.

5. Ríki er heimilt, þegar það lýsir yfir samþykki sínu við því að vera bundið af bókun þessari eða hvenær sem er eftir það, að lýsa því yfir að það muni beita ákvæðum bókunar þessarar gagnvart skipum sínum og loftförum, sem um getur í 4. mgr., jafnhliða því að viðurkenna að aðeins það geti framfylgt þeim ákvæðum gagnvart fyrrnefndum skipum og loftförum.

11. gr.

Aðferð við eftirlit með því að ákvæðum sé fylgt.

1. Fundur samningsaðila skal, eigi síðar en tveimur árum eftir að bókun þessi öðlast gildi, samþykkja nauðsynlega starfshætti og aðferðir til þess að meta hvort og stuðla að því að ákvæðum bókunar þessarar sé fylgt. Móta ber fyrrnefnda starfshætti og aðferðir með hliðsjón af því að fullkomin og frjáls upplýsingaskipti geti farið fram á jákvæðan hátt.
2. Fundur samningsaðila getur, að lokinni ítarlegri umfjöllun um upplýsingar, sem eru látnar í té samkvæmt bókun þessari, og tilmæli samkvæmt starfsháttum og aðferðum, sem eru samþykkt skv. 1. mgr., boðið samningsaðilum og ríkjum, sem eru ekki samningsaðilar, ráðgjöf, aðstoð og samstarf.

12. gr.

Svæðissamstarf.

Til þess að markmiðum bókunar þessarar verði enn frekar náð skulu samningsaðilar, sem hafa sameiginlegan hag af því að vernda hafrými á ákveðnu landfræðilegu svæði, leitast við, og þá með tilliti til sérstæðrar aðstöðu á hverju svæði, að efla svæðissamstarf, meðal annars gera með sér svæðissamninga í samræmi við bókun þessa um að koma í veg fyrir, draga úr og, þar sem það er framkvæmanlegt, eyða mengun vegna varps eða brennslu úrgangsefna og annarra efna á hafi úti. Samningsaðilar skulu freista þess að taka höndum saman við aðila að svæðissamningum

4. This Protocol shall not apply to those vessels and aircraft entitled to sovereign immunity under international law. However, each Contracting Party shall ensure by the adoption of appropriate measures that such vessels and aircraft owned or operated by it act in a manner consistent with the object and purpose of this Protocol and shall inform the Organization accordingly.
5. A State may, at the time it expresses its consent to be bound by this Protocol, or at any time thereafter, declare that it shall apply the provisions of this Protocol to its vessels and aircraft referred to in paragraph 4, recognising that only that State may enforce those provisions against such vessels and aircraft.

Article 11

Compliance Procedures

1. No later than two years after the entry into force of this Protocol, the Meeting of Contracting Parties shall establish those procedures and mechanisms necessary to assess and promote compliance with this Protocol. Such procedures and mechanisms shall be developed with a view to allowing for the full and open exchange of information, in a constructive manner.
2. After full consideration of any information submitted pursuant to this Protocol and any recommendations made through procedures or mechanisms established under paragraph 1, the Meeting of Contracting Parties may offer advice, assistance or co-operation to Contracting Parties and non-Contracting Parties.

Article 12

Regional Co-operation

In order to further the objectives of this Protocol, Contracting Parties with common interests to protect the marine environment in a given geographical area shall endeavour, taking into account characteristic regional features, to enhance regional co-operation including the conclusion of regional agreements consistent with this Protocol for the prevention, reduction and where practicable elimination of pollution caused by dumping or incineration at sea of wastes or other matter. Contracting Parties shall seek to co-operate with the parties to regional

um að móta samræmdar reglur sem aðilar að hinum einstöku samningum fari eftir.

13. gr.

Samvinna og aðstoð af tæknilegum toga.

1. Samningsaðilar skulu, með samstarfi innan stofnunarinnar og í samvinnu við aðrar viðeigandi alþjóðastofnanir, hvetja til þess að veitt sé tvíhliða og fjölhliða aðstoð við að koma í veg fyrir, draga úr og, þar sem það er framkvæmanlegt, eyða mengun vegna varps, eins og kveðið er á um í bókun þessari, óski samningsaðilar eftir slíkri aðstoð í því skyni:

1.1. að þjálfa vísinda- og tæknimenn, til að vinna við rannsóknir, eftirlit og framfylgd, þar með talið og eftir atvikum að útvega nauðsynlegan tækjabúnað og aðstöðu í því skyni að auka getu einstakra ríkja;

1.2. að veita ráðgjöf um framkvæmd bókunar þessarar;

1.3. að láta í té upplýsingar og efna til samstarfs á tæknisviði í því skyni að halda úrgangsefnum í lágmarki og stuðla að hreinni framleiðsluháttum:

1.4. að láta í té upplýsingar og efna til samstarfs á tæknisviði sem tengist því að farga úrgangsefnum og vinna þau og öðrum aðgerðum til þess að koma í veg fyrir, draga úr og, þar sem það er framkvæmanlegt, eyða mengun vegna varps; og

1.5. að veita aðgang að og yfirfæra umhverfisvæna tækni og samsvarandi kunnáttu, einkum fyrir og til þróunarlanda og landa sem eru að taka upp markaðsbúskap, á hagstæðum kjörum, meðal annars með ívilnunum eða vildarkjörum, eins og gagnkvæmt samkomulag kveður á um, þar sem tekið er mið af nauðsyn þess að vernda hugverkaréttindi og af sérþörfum þróunarlanda og landa sem eru að taka upp markaðsbúskap.

2. Stofnunin gegnir þeim hlutverkum sem hér greinir:

2.1. að framsenda beiðnir samningsaðila um samstarf á tæknisviði til annarra samningsaðila, að teknu tilliti til þátta eins og tæknilegrar getu;

2.2. að vinna, eftir atvikum, með öðrum viðeigandi alþjóðastofnunum við að afgreiða beiðnir um aðstoð; og

2.3. að aðstoða, eftir því sem tilföng leyfa, þróagreements in order to develop harmonized procedures to be followed by Contracting Parties to the different conventions concerned.

Article 13

Technical Co-operation and Assistance

1. Contracting Parties shall, through collaboration within the Organization and in coordination with other competent international organizations, promote bilateral and multilateral support for the prevention, reduction and where practicable elimination of pollution caused by dumping as provided for in this Protocol to those Contracting Parties that request it for:

1.1. training of scientific and technical personnel for research, monitoring and enforcement, including as appropriate the supply of necessary equipment and facilities, with a view to strengthening national capabilities;

1.2. advice on implementation of this Protocol;

1.3. information and technical co-operation relating to waste minimization and clean production processes;

1.4. information and technical co-operation relating to the disposal and treatment of waste and other measures to prevent, reduce and where practicable eliminate pollution caused by dumping; and

1.5. access to and transfer of environmentally sound technologies and corresponding know-how, in particular to developing countries and countries in transition to market economies, on favourable terms, including on concessional and preferential terms, as mutually agreed, taking into account the need to protect intellectual property rights as well as the special needs of developing countries and countries in transition to market economies.

2. The Organization shall perform the following functions:

2.1. forward requests from Contracting Parties for technical co-operation to other Contracting Parties, taking into account such factors as technical capabilities;

2.2. co-ordinate requests for assistance with other competent international organizations, as appropriate; and

2.3. subject to the availability of adequate

unarlönd og lönd, sem eru að taka upp markaðsbúskap og hafa lýst þeirri fyrirætlun sinni að gerast samningsaðilar að bókun þessari, við að kanna hvað þurfi til þess að framkvæma ákvæði hennar með fullnægjandi hætti.

14. gr.
Vísinda- og tæknirannsóknir.

1. Samningsaðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að efla og greiða fyrir vísinda- og tæknirannsóknum á því hvernig koma megi í veg fyrir, draga úr og, þar sem það er framkvæmanlegt, eyða mengun vegna varps og af öðrum völdum sem bókun þessi fjallar um. Slíkar rannsóknir skulu einkum taka til athugana, mælinga, mats og greiningar á mengun þar sem vísindalegum aðferðum er beitt.
2. Samningsaðilar skulu, í því skyni að ná fram markmiðum bókunar þessarar, stuðla að því að upplýsingar, sem máli skipta, séu tiltækar öðrum samningsaðilum sem óska vitneskju um:
2.1. vísindalegar og tæknilegar aðgerðir og ráðstafanir sem er gripið til í samræmi við bókun þessa;
2.2. áætlanir á sviði hafvísinda og -tækni og markmið þeirra; og
2.3. þau áhrif sem eftirlit og mat, sem eru framkvæmd samkvæmt málsgrein 1.3 í 9. gr., leiða í ljós.

15. gr.
Ábyrgð og skaðabótaskylda.

Í samræmi við meginreglur þjóðaréttar um ábyrgð ríkja á þeim umhverfisspjöllum innan lögsögu annarra ríkja eða á öðrum svæðum skuldbinda samningsaðilar sig til þess að móta reglur um skaðabótaskyldu vegna varps eða brennslu úrgangsefna eða annarra efna á hafi úti.

16. gr.
Lausn deilumála.

1. Ágreining um túlkun og framkvæmd bókunar þessarar skal fyrst og fremst leysa með samningaviðræðum, málamiðlun eða sáttaumleitunum eða með öðrum friðsamlegum hætti að vali deiluaðila.
2. Sé lausn ekki í sjónmáli innan tólf mánaða eftir að einn deiluaðili hefur tilkynnt öðrum um að deila sé risin milli þeirra skal

resources, assist developing countries and those in transition to market economies, which have declared their intention to become Contracting Parties to this Protocol, to examine the means necessary to achieve full implementation.

Article 14
Scientific and Technical Research

1. Contracting Parties shall take appropriate measures to promote and facilitate scientific and technical research on the prevention, reduction and where practicable elimination of pollution by dumping and other sources of marine pollution relevant to this Protocol. In particular, such research should include observation, measurement, evaluation and analysis of pollution by scientific methods.
2. Contracting Parties shall, to achieve the objectives of this Protocol, promote the availability of relevant information to other Contracting Parties who request it on:
2.1. scientific and technical activities and measures undertaken in accordance with this Protocol;
2.2. marine scientific and technological programmes and their objectives; and
2.3. the impacts observed from the monitoring and assessment conducted pursuant to article 9.1.3.

Article 15
Responsibility and Liability

In accordance with the principles of international law regarding State responsibility for damage to the environment of other States or to any other area of the environment, the Contracting Parties undertake to develop procedures regarding liability arising from the dumping or incineration at sea of wastes or other matter.

Article 16
Settlement of Disputes

1. Any disputes regarding the interpretation or application of this Protocol shall be resolved in the first instance through negotiation, mediation or conciliation, or other peaceful means chosen by parties to the dispute.
2. If no resolution is possible within twelve months after one Contracting Party has notified another that a dispute exists

leysa deiluna, að ósk deiluaðila, með gerðardómsmeðferð sem er sett fram í 3. viðauka, nema deiluaðilar komi sér saman um að beita einhverri þeirri málsmeðferð sem er talin upp í 1. tl. 287. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982. Deiluaðilar geta gert slíkt samkomulag hvort sem þeir eru aðildarríki að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982 eða ekki.

3. Næðist samkomulag um að beita einhverri þeirri málsmeðferð, sem er talin upp í 1. tl. 287. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982, myndu ákvæðin, sem eru sett fram í XV. hluta fyrrnefnds samnings og varða þá málsmeðferð sem er valin, einnig gilda að breyttu breytanda.

4. Heimilt er að lengja tólf mánaða tímabilið, sem um getur í 2. mgr., um aðra tólf mánuði með gagnkvæmu samþykki málsaðila.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur hvaða ríki sem er, jafnhliða því að það lýsir yfir samþykki sínu við því að vera bundið af bókun þessari, tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum, sé það aðili að deilu um túlkun eða beitingu 1. eða 2. mgr. 3. gr., að samþykki þess þurfi áður en deilan er send til gerðardómsmeðferðar sem er sett fram í 3. viðauka.

17. gr.

Alþjóðlegt samstarf.

Samningsaðilar skulu stefna að markmiðum bókunar þessarar á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana.

18. gr.

Fundir samningsaðila.

1. Stöðug endurskoðun á framkvæmd bókunar þessarar og mat á skilvirkni hennar skal fara fram á reglulegum fundum eða aukafundum samningsaðila í því skyni að finna leið til þess að efla, ef nauðsyn krefur, aðgerðir til þess að koma í veg fyrir, draga úr og, þar sem það er framkvæmanlegt, eyða mengun vegna varps og brennslu úrgangsefna eða annarra efna á hafi úti. Reglulegir fundir eða aukafundir samningsaðila geta í þessu skyni:

1.1. endurskoðað bókun þessa og samþykkt

between them, the dispute shall be settled, at the request of a party to the dispute, by means of the Arbitral Procedure set forth in Annex 3, unless the parties to the dispute agree to use one of the procedures listed in paragraph 1 of Article 287 of the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea. The parties to the dispute may so agree, whether or not they are also States Parties to the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea.

3. In the event an agreement to use one of the procedures listed in paragraph 1 of Article 287 of the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea is reached, the provisions set forth in Part XV of that Convention that are related to the chosen procedure would also apply, mutatis mutandis.

4. The twelve month period referred to in paragraph 2 may be extended for another twelve months by mutual consent of the parties concerned.

5. Notwithstanding paragraph 2, any State may, at the time it expresses its consent to be bound by this Protocol, notify the Secretary-General that, when it is a party to a dispute about the interpretation or application of article 3.1 or 3.2, its consent will be required before the dispute may be settled by means of the Arbitral Procedure set forth in Annex 3.

Article 17

International Co-operation

Contracting Parties shall promote the objectives of this Protocol within the competent international organizations.

Article 18

Meetings of Contracting Parties

1. Meetings of Contracting Parties or Special Meetings of Contracting Parties shall keep under continuing review the implementation of this Protocol and evaluate its effectiveness with a view to identifying means of strengthening action, where necessary, to prevent, reduce and where practicable eliminate pollution caused by dumping and incineration at sea of wastes or other matter. To these ends, Meetings of Contracting Parties or Special Meetings of Contracting Parties may:

1.1. review and adopt amendments to this

breytingar þar á í samræmi við 21. og 22. gr.;

1.2. sett á stofn undirnefndir, eftir þörfum, sem skulu fjalla um hvaða mál sem er í því skyni að greiða fyrir skilvirkri framkvæmd bókunar þessarar;

1.3. farið þess á leit við viðeigandi sérfræðinganefndir að þær veiti samningsaðilum eða stofnuninni ráðgjöf um málefni er snerta bókun þessa;

1.4. stuðlað að samvinnu við viðeigandi alþjóðastofnanir sem láta sig skipta varnir gegn og eftirliti með mengun;

1.5. fjallað um upplýsingarnar sem eru látnar í té skv. 4. mgr. 9. gr.;

1.6. mótað eða samþykkt, í samráði við viðeigandi alþjóðastofnanir, þær aðferðir, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., meðal annars grundvallarreglur til að ákvarða óvenjuleg tilvik og neyðartilvik og aðferðir varðandi samráð og örugga förgun efna á hafi úti í slíkum tilvikum;

1.7. fjallað um og samþykkt ályktanir; og

1.8. fjallað um hverjar þær aðgerðir aðrar sem nauðsynlegar kunna að reynast.

2. Samningsaðilar skulu á fyrsta fundi sínum setja sér nauðsynlegar starfsreglur.

19. gr.

Skyldur stofnunarinnar.

1. Stofnunin skal annast skrifstofustörf með tilliti til bókunar þessarar. Sérhver samningsaðili að bókun þessari, sem er ekki jafnframt aðili að stofnuninni, skal leggja af mörkum viðeigandi skerf vegna kostnaðar stofnunarinnar við að framkvæma þessi skyldustörf.

2. Nauðsynleg skrifstofustörf í tengslum við umsýslu vegna bókunar þessarar eru meðal annars:

2.1. að kalla saman fund samningsaðila einu sinni á ári, nema samningsaðilar ákveði annað, og aukafundi samningsaðila hvenær sem tveir þriðju hlutar samningsaðila óska þess;

2.2. að veita umbeðna ráðgjöf um framkvæmd bókunar þessarar og um leiðbeiningar og verklagsreglur sem eru samdar samkvæmt henni;

Protocol in accordance with articles 21 and 22;

1.2. establish subsidiary bodies, as required, to consider any matter with a view to facilitating the effective implementation of this Protocol;

1.3. invite appropriate expert bodies to advise the Contracting Parties or the Organization on matters relevant to this Protocol;

1.4. promote co-operation with competent international organizations concerned with the prevention and control of pollution;

1.5. consider the information made available pursuant to article 9.4;

1.6. develop or adopt, in consultation with competent international organizations, procedures referred to in article 8.2, including basic criteria for determining exceptional and emergency situations, and procedures for consultative advice and the safe disposal of matter at sea in such circumstances;

1.7. consider and adopt resolutions; and

1.8. consider any additional action that may be required.

2. The Contracting Parties at their first Meeting shall establish rules of procedure as necessary.

Article 19

Duties of the Organization

1. The Organization shall be responsible for Secretariat duties in relation to this Protocol. Any Contracting Party to this Protocol not being a member of this Organization shall make an appropriate contribution to the expenses incurred by the Organization in performing these duties.

2. Secretariat duties necessary for the administration of this Protocol include:

2.1. convening Meetings of Contracting Parties once per year, unless otherwise decided by Contracting Parties, and Special Meetings of Contracting Parties at any time on the request of two-thirds of the Contracting Parties;

2.2. providing advice on request on the implementation of this Protocol and on guidance and procedures developed thereunder;

2.3. að fjalla um fyrirspurnir og upplýsingar frá samningsaðilum, ráðgast við þá og viðeigandi alþjóðastofnanir og að beina tilmælum til samningsaðila um mál sem bókun þessi tekur ekki sérstaklega til en eru ekki fjarskyld efni hennar;

2.4. að undirbúa og aðstoða við mótun og beitingu reglna, sem um getur í málsgrein 1.6 í 18. gr., í samráði við samningsaðila og viðeigandi alþjóðastofnanir;

2.5. að beina til hlutaðeigandi samningsaðila öllum tilkynningum sem stofnuninni berast samkvæmt bókun þessari; og

2.6. að undirbúa, annað hvert ár, fjárhagsáætlun og fjárhagsreikning vegna umsýslu í tengslum við bókun þessa sem skal dreifa til allra samningsaðila.

3. Stofnunin skal, eftir því sem tilföng leyfa og auk þess sem er krafist í málsgrein 2.3 í 13. gr.:

3.1. vinna með viðkomandi ríki við mat á ástandi hafrýmisins; og

3.2. eiga samstarf við viðeigandi alþjóðastofnanir sem vinna að vörnum gegn og eftirliti með mengun.

2.3. considering enquiries by, and information from Contracting Parties, consulting with them and with the competent international organizations, and providing recommendations to Contracting Parties on questions related to, but not specifically covered by, this Protocol;

2.4. preparing and assisting, in consultation with Contracting Parties and the competent international organizations, in the development and implementation of procedures referred to in article 18.6.;

2.5. conveying to the Contracting Parties concerned all notifications received by the Organization in accordance with this Protocol; and

2.6. preparing, every two years, a budget and a financial account for the administration of this Protocol which shall be distributed to all Contracting Parties.

3. The Organization shall, subject to the availability of adequate resources, in addition to the requirements set out in article 13.2.3.

3.1. collaborate in assessments of the state of the marine environment; and

3.2. co-operate with competent international organizations concerned with the prevention and control of pollution.

20. gr.
Viðaukar.

Viðaukar við bókun þessa eru óaðskiljanlegur hluti hennar.

Article 20
Annexes

Annexes to this Protocol form an integral part of this Protocol.

21. gr.
Breytingar á bókuninni.

1. Sérhver samningsaðili getur gert tillögur um breytingar á greinum bókunar þessarar. Stofnunin skal senda samningsaðilum texta slíkra tillagna eigi síðar en sex mánuðum áður en hann er tekinn til umfjöllunar á reglulegum fundi eða aukafundi samningsaðila.

2. Breytingar á greinum bókunar þessarar skal samþykkja með atkvæðum tveggja þriðju hluta samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á reglulegum fundi samningsaðila eða aukafundi samningsaðila sem er boðað til í þessum tilgangi.

3. Breyting skal öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðilum, sem hafa samþykkt

Article 21
Amendment of the Protocol

1. Any Contracting Party may propose amendments to the articles of this Protocol. The text of a proposed amendment shall be communicated to Contracting Parties by the Organization at least six months prior to its consideration at a Meeting of Contracting Parties or a Special Meeting of Contracting Parties.

2. Amendments to the articles of this Protocol shall be adopted by a two-thirds majority vote of the Contracting Parties which are present and voting at the Meeting of Contracting Parties or Special Meeting of Contracting Parties designated for this purpose.

3. An amendment shall enter into force for the Contracting Parties which have

hana, á sextugasta degi eftir að tveir þriðju hlutar samningsaðila hafa afhent stofnuninni til vörslu skjal sitt um staðfestingu breytingarinnar. Að þeim tíma liðnum skal breytingin öðlast gildi gagnvart sérhverjum öðrum samningsaðila á sextugasta degi eftir þann dag er hann afhendir skjal sitt um staðfestingu breytingarinnar.

4. Aðalframkvæmdastjórinn skal greina samningsaðilum frá hverri þeirri breytingu, sem er samþykkt á fundum samningsaðila, og þeim degi sem slíkar breytingar öðlast gildi almennt og gagnvart hverjum og einum samningsaðila.
5. Eftir að breyting á bókun þessari öðlast gildi skal sérhvert ríki, sem gerist samningsaðili að bókun þessari, gerast samningsaðili að henni með áorðnum breytingum, nema tveir þriðju hlutar samningsaðila, sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á reglulegum fundi eða aukafundi samningsaðila sem samþykkir breytinguna, komi sér saman um annað.

22. gr.
Breytingar á viðaukunum.

1. Sérhver samningsaðili getur gert tillögur um breytingar á viðaukunum við bókun þessa. Stofnunin skal senda samningsaðilum texta slíkra tillagna eigi síðar en sex mánuðum áður en hann er tekinn til umfjöllunar á reglulegum fundi eða aukafundi samningsaðila.

2. Breytingar á viðaukunum, öðrum en 3. viðauka, skulu grundvallaðar á vísindalegum eða tæknilegum athugunum og kunna að miðast við lagalega, félagslega og efnahagslega þætti eftir því sem við á. Fyrrnefndar breytingar ber að samþykkja með atkvæðum tveggja þriðju hluta samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á reglulegum fundi samningsaðila eða aukafundi samningsaðila sem er boðað til í þessum tilgangi.
3. Stofnunin skal senda samningsaðilum án tafar breytingar á viðaukunum sem hafa verið samþykktar á reglulegum fundi eða aukafundi samningsaðila.

accepted it on the sixtieth day after two-thirds of the Contracting Parties shall have deposited an instrument of acceptance of the amendment with the Organization. Thereafter the amendment shall enter into force for any other Contracting Party on the sixtieth day after the date on which that Contracting Party has deposited its instrument of acceptance of the amendment.

4. The Secretary-General shall inform Contracting Parties of any amendments adopted at Meetings of Contracting Parties and of the date on which such amendments enter into force generally and for each Contracting Party.
5. After entry into force of an amendment to this Protocol, any State that becomes a Contracting Party to this Protocol shall become a Contracting Party to this Protocol as amended, unless two-thirds of the Contracting Parties present and voting at the Meeting or Special Meeting of Contracting Parties adopting the amendment agree otherwise.

Article 22
Amendment of the Annexes

1. Any Contracting Party may propose amendments to the Annexes to this Protocol. The text of a proposed amendment shall be communicated to Contracting Parties by the Organization at least six months prior to its consideration by a Meeting of Contracting Parties or Special Meeting of Contracting Parties.
2. Amendments to the Annexes other than Annex 3 will be based on scientific or technical considerations and may take into account legal, social and economic factors as appropriate. Such amendments shall be adopted by a two-thirds majority vote of the Contracting Parties present and voting at a Meeting of Contracting Parties or Special Meeting of Contracting Parties designated for this purpose.

3. The Organization shall without delay communicate to Contracting Parties amendments to the Annexes that have been adopted at a Meeting of Contracting Parties or Special Meeting of Contracting Parties.

4. Breytingar á viðaukunum skulu, með fyrirvara um ákvæði 7. mgr., öðlast gildi gagnvart hverjum og einum samningsaðila jafnhliða því að hann tilkynnir stofnuninni um staðfestingu þeirra eða 100 dögum eftir þann dag er þær eru samþykktar á fundi samningsaðila, ef sá atburður á sér stað síðar, nema gagnvart þeim samningsaðilum sem, áður en 100 dagarnir eru liðnir, lýsa því yfir að þeir geti ekki staðfest breytinguna á þeim tíma. Samningsaðili getur hvenær sem er látið staðfestingu koma í stað fyrri andmælayfirlýsingar og skal þá sú breyting, sem var áður andmælt, öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðila.

5. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna samningsaðilum án tafar um skjöl um staðfestingu eða andmæli sem stofnuninni eru afhent til vörslu.

6. Nýr viðauki eða breyting á viðauka, sem tengist breytingu á greinum bókunar þessarar, skal ekki öðlast gildi fyrr en breytingin á greinum bókunar þessarar öðlast gildi.

7. Verklagsreglur um breytingar á greinum bókunar þessarar skulu gilda með tilliti til breytinga á 3. viðauka, sem fjalla um gerðadómsmeðferð, og með tilliti til samþykkis og gildistöku nýrra viðauka.

23. gr.
Tengsl bókunar og samnings.

Bókun þessi leysir samninginn af hólmi gagnvart samningsaðilum að bókun þessari sem eru jafnframt aðilar að samningnum.

24. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í aðalstöðvum stofnunarinnar frá 1. apríl 1997 til 31. mars 1998 og skal öllum ríkjum frjálst að gerast aðili að henni eftir það.

2. Ríki geta orðið samningsaðilar að bókun þessari með:

2.1. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða

4. Except as provided in paragraph 7, amendments to the Annexes shall enter into force for each Contracting Party immediately on notification of its acceptance to the Organization or 100 days after the date of their adoption at a Meeting of Contracting Parties, if that is later, except for those Contracting Parties which before the end of the 100 days make a declaration that they are not able to accept the amendment at that time. A Contracting Party may at any time substitute an acceptance for a previous declaration of objection and the amendment previously objected to shall thereupon enter into force for that Contracting Party.

5. The Secretary-General shall without delay notify Contracting Parties of instruments of acceptance or objection deposited with the Organization.

6. A new Annex or an amendment to an Annex which is related to an amendment to the articles of this Protocol shall not enter into force until such time as the amendment to the articles of this Protocol enters into force.

7. With regard to amendments to Annex 3 concerning the Arbitral Procedure and with regard to the adoption and entry into force of new Annexes the procedures on amendments to the articles of this Protocol shall apply.

Article 23
Relationship between the Protocol and the Convention

This Protocol will supersede the Convention as between Contracting Parties to this Protocol which are also Parties to the Convention.

Article 24
Signature, Ratification, Acceptance, Approval and Accession

1. This Protocol shall be open for signature by any State at the Headquarters of the Organization from 1 April 1997 to 31 March 1998 and shall thereafter remain open for accession by any State.

2. States may become Contracting Parties to this Protocol by:

2.1. signature not subject to ratification, acceptance or approval; or

2.2. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, þar sem fullgilding, staðfesting eða samþykki fylgir í kjölfarið; eða

2.3. aðild.

3. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild fer fram með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum skjal þar um til vörslu.

25. gr.
Gildistaka.

1. Bókun þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er:

1.1. að minnsta kosti 26 ríki hafa lýst yfir samþykki sínu við því að vera bundin af bókun þessari í samræmi við 24. gr.; og

1.2. að minnsta kosti 15 aðilar að samningnum eru í hópi þeirra ríkja sem um getur í málsgrein 1.1.

2. Bókun þessi öðlast gildi gagnvart hverju því ríki, sem hefur lýst yfir samþykki sínu við því að vera bundið af bókun þessari í samræmi við 24. gr., eftir þann dag er um getur í 1. mgr., á þrítugasta degi eftir þann dag er fyrrnefnt ríki lýsir yfir samþykki sínu.

26. gr.
Aðlögunartímabil.

1. Sérhverju ríki, sem var ekki aðili að samningnum fyrir 31. desember 1996 og lýsir yfir samþykki sínu um að vera bundið af bókun þessari áður en hún öðlast gildi eða innan fimm ára eftir að hún öðlast gildi, getur, jafnhliða því að það lýsir yfir samþykki sínu, tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum að það geti ekki, af ástæðum sem er lýst í tilkynningunni, fullnægt tilteknum ákvæðum bókunar þessarar, öðrum en þeim sem um getur í 2. mgr., á aðlögunartímabili sem skal ekki vera lengra en lýst er í 4. mgr.

2. Tilkynningar, gefnar út skv. 1. mgr., skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar samningsaðila að bókun þessari að því er varðar brennslu á hafi úti eða varp geislavirkra úrgangsefna eða annarra geislavirkra efna.

3. Sérhver samningsaðili að bókun þessari, sem hefur tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum skv. 1. mgr. að hann muni ekki geta fullnægt ákvæðum málsgreina 1.1 og 1.2 í

2.2. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or

2.3. accession.

3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

Article 25
Entry into Force

1. This Protocol shall enter into force on the thirtieth day following the date on which:

1.1. at least 26 States have expressed their consent to be bound by this Protocol in accordance with article 24; and

1.2. at least 15 Contracting Parties to the Convention are included in the number of States referred to in paragraph 1.1.

2. For each State that has expressed its consent to be bound by this Protocol in accordance with article 24 following the date referred to in paragraph 1, this Protocol shall enter into force on the thirtieth day after the date on which such State expressed its consent.

Article 26
Transitional Period

1. Any State that was not a Contracting Party to the Convention before 31 December 1996 and that expresses its consent to be bound by this Protocol prior to its entry into force or within five years after its entry into force may, at the time it expresses its consent, notify the Secretary-General that, for reasons described in the notification, it will not be able to comply with specific provisions of this Protocol other than those provided in paragraph 2, for a transitional period that shall not exceed that described in paragraph 4.

2. No notification made under paragraph 1 shall affect the obligations of a Contracting Party to this Protocol with respect to incineration at sea or the dumping of radioactive wastes or other radioactive matter.

3. Any Contracting Party to this Protocol that has notified the Secretary-General under paragraph 1 that, for the specified transitional period, it will not be able to

4. gr. eða 9. gr., að hluta til eða að öllu leyti, á tilteknu aðlögunartímabili, skal engu að síður banna, á því tímabili, varp úrgangsefna eða annarra efna sem hann hefur ekki veitt leyfi fyrir, gera það sem í hans valdi stendur til þess að samþykkja stjórnsýsluráðstafanir eða lagaákvæði sem tryggja að útgáfa leyfa og leyfisskilmála sé í samræmi við ákvæði 2. viðauka og tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um öll leyfi sem eru gefin út.

4. Aðlögunartímabil, sem er tilgreint í tilkynningu sem er gefin út skv. 1. mgr., skal ekki vera lengra en fimm ár eftir að fyrrnefnd tilkynning er send út.

5. Samningsaðilar, sem hafa gefið út tilkynningu skv. 1. mgr., skulu leggja fyrir fyrsta fund samningsaðila, sem er haldinn eftir að þeir afhenda skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, starfs- og tímaáætlun, sem miðar að því að fullnægja ákvæðum bókunar þessarar í einu og öllu, ásamt óskum um viðeigandi tæknisamstarf og -aðstoð í samræmi við 13. gr. bókunar þessarar.

6. Samningsaðilar, sem hafa gefið út tilkynningu skv. 1. mgr., skulu samþykkja verklagsreglur og aðferðir, sem skulu gilda á aðlögunartímabilinu, í því skyni að hrinda í framkvæmd og hafa eftirlit með áætlunum sem eru lagðar fram og miða að því að fullnægja ákvæðum bókunar þessarar í einu og öllu. Fyrrnefndir samningsaðilar skuli leggja fyrir hvern fund samningsaðila, sem er haldinn á þeim aðlögunartíma sem þeir hafa til þess að grípa til nauðsynlegra aðgerða, skýrslu um hvernig miðar að ná því markmiði að fullnægja ákvæðum bókunar þessarar.

comply, in part or in whole, with article 4.1 or article 9 shall nonetheless during that period prohibit the dumping of wastes or other matter for which it has not issued a permit, use its best efforts to adopt administrative or legislative measures to ensure that issuance of permits and permit conditions comply with the provisions of Annex 2, and notify the Secretary-General of any permits issued.

4. Any transitional period specified in a notification made under paragraph 1 shall not extend beyond five years after such notification is submitted.

5. Contracting Parties that have made a notification under paragraph 1 shall submit to the first Meeting of Contracting Parties occurring after deposit of their instrument of ratification, acceptance, approval or accession a programme and timetable to achieve full compliance with this Protocol, together with any requests for relevant technical co-operation and assistance in accordance with article 13 of this Protocol.

6. Contracting Parties that have made a notification under paragraph 1 shall establish procedures and mechanisms for the transitional period to implement and monitor submitted programmes designed to achieve full compliance with this Protocol. A report on progress toward compliance shall be submitted by such Contracting Parties to each Meeting of Contracting Parties held during their transitional period for appropriate action.

27. gr.
Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt upp bókun þessari hvenær sem er að tveimur árum liðnum frá því að hún öðlast gildi gagnvart viðkomandi samningsaðila.

2. Uppsögn fer fram með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum skjal þar um.

3. Uppsögn tekur gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn móttekur skjal þar

Article 27
Withdrawal

1. Any Contracting Party may withdraw from this Protocol at any time after the expiry of two years from the date on which this Protocol enters into force for that Contracting Party.

2. Withdrawal shall be effected by the deposit of an instrument of withdrawal with the Secretary-General.

3. A withdrawal shall take effect one year after receipt by the Secretary-General of

um eða síðar eins og kann að vera tilgreint í fyrrnefndu skjali.

28. gr.
Vörsluaðili.

1. Afhenda skal bókun þessa aðalframkvæmdastjóranum til vörslu.
2. Aðalframkvæmdastjórinn skal, auk þess að gegna þeim hlutverkum sem eru tilgreind í 5. mgr. 10. gr., 5. mgr. 16. gr., 4. mgr. 21. gr., 5. mgr. 22. gr. og 5. mgr. 26. gr.:

2.1. tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa eða gerst aðilar að henni, um:

2.1.1. hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild og viðeigandi dagsetningu;

2.1.2. þann dag er bókun þessi öðlast gildi; og

2.1.3. afhendingu skjala um uppsögn bókunar þessarar og þann dag er þeim er veitt viðtaka og um þann dag er uppsögn tekur gildi;

2.2. senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa eða gerst aðilar að henni, staðfest afrit af bókun þessari.

3. Aðalframkvæmdastjórinn skal, jafnskjótt og bókun þessi öðlast gildi, senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna staðfest frumrit hennar til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinaðu þjóðanna.

29. gr.
Gildir textar.

Bókun þessi er gerð í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textar jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Lundúnum 7. nóvember 1996.

the instrument of withdrawal or such longer period as may be specified in that instrument.

Article 28
Depositary

1. This Protocol shall be deposited with the Secretary-General.
2. In addition to the functions specified in articles 10.5, 16.5, 21.4, 22.5 and 26.5, the Secretary-General shall:

2.1. inform all States which have signed this Protocol or acceded thereto of:

2.1.1. each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, together with the date thereof;

2.1.2. the date of entry into force of this Protocol; and

2.1.3. the deposit of any instrument of withdrawal from this Protocol together with the date on which it was received and the date on which the withdrawal takes effect.

2.2. transmit certified copies of this Protocol to all States which have signed this Protocol or acceded thereto.

3. As soon as this Protocol enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Secretary-General to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 29
Authentic Texts

This Protocol is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed this Protocol.

DONE AT LONDON, this seventh day of November, one thousand nine hundred and ninety-six.

1. VIÐAUKI
Úrgangsefni eða önnur efni sem kemur til greina að varpa.

1. Eftirtalin úrgangsefni eða önnur efni kemur til greina að varpa í sjó að teknu tilliti til markmiða og almennra skuldbindinga samkvæmt bókun þessari sem eru sett fram í 2. og 3. gr.:
1.1. uppgröft;
1.2. seyru;
1.3. fiskúrgang eða efni frá fiskvinnslu;
1.4. skip og palla eða önnur mannvirki á hafi úti;
1.5. óvirk og ólífræn jarðefni;
1.6. lífræn efni úr náttúrunni; og
1.7. fyrirferðamikla hluti, aðallega járn, stál, steinsteypu og svipuð óskaðleg efni sem hafa hlutlæg áhrif, sem einskorðast við aðstæður þar sem slík úrgangsefni myndast á stöðum, eins og litlum eyjum þar sem einangruð samfélög eru, sem eiga engra annarra raunhæfra kosta völ, að því er förgun varðar, en að varpa þeim í hafið.

2. Úrgangsefni eða önnur efni, sem eru talin upp í málsgreinum 1.4 og 1.7, kemur til greina að varpa í sjó, svo fremi að efni, sem gætu myndað fljótandi brak eða valdið mengun hafrýmisins á annan hátt, hafi verið fjarlægð, eftir því sem kostur er, og svo fremi að efni, sem er varpað í sjó, verði ekki til mikils trafala við fiskveiðar eða siglingar.
3. Þrátt fyrir það sem að framan greinir skulu efni, sem eru talin upp í málsgreinum 1.1 til 1.7 og eru geislavirk í meira mæli en það lágmark sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur sett og samningsaðilar hafa samþykkt, ekki talin hæf til varps; enn fremur er tilskilið að samningsaðilar skuli, innan 25 ára frá 20. febrúar 1994 og eftir það á 25 ára fresti, hafa lokið vísindalegri rannsókn á öllum geislavirkum úrgangsefnum og öðrum geislavirkum efnum, nema úrgangsefnum og öðrum efnum sem eru mjög geislavirk, þar sem tekið er tillit til annarra þátta sem samningsaðilar telja skipta máli. Samningsaðilar skulu endurskoða bann við varpi slíkra efna í samræmi við verklagsreglurnar sem eru settar fram í 22. gr.

ANNEX 1
Wastes or other Matter that may be considered for Dumping

1. The following wastes or other matter are those that may be considered for dumping being mindful of the Objectives and General Obligations of this Protocol set out in articles 2 and 3:
1.1. dredged material;
1.2. sewage sludge;
1.3. fish waste, or material resulting from industrial fish processing operations;
1.4. vessels and platforms or other man-made structures at sea;
1.5. inert, inorganic geological material;
1.6. organic material of natural origin; and
1.7. bulky items primarily comprising iron, steel, concrete and similarly unharmful materials for which the concern is physical impact, and limited to those circumstances where such wastes are generated at locations, such as small islands with isolated communities, having no practicable access to disposal options other than dumping.
2. The wastes or other matter listed in paragraphs 1.4 and 1.7 may be considered for dumping, provided that material capable of creating floating debris or otherwise contributing to pollution of the marine environment has been removed to the maximum extent and provided that the material dumped poses no serious obstacle to fishing or navigation.
3. Notwithstanding the above, materials listed in paragraphs 1.1 to 1.7 containing levels of radioactivity greater than de minimis (exempt) concentrations as defined by the IAEA and adopted by Contracting Parties, shall not be considered eligible for dumping; provided further that within 25 years of 20 February 1994, and at each 25 year interval thereafter, Contracting Parties shall complete a scientific study relating to all radioactive wastes and other radioactive matter other than high level wastes or matter, taking into account such other factors as Contracting Parties consider appropriate and shall review the prohibition on dumping of such substances in accordance with the procedures set forth in article 22.

2. VIÐAUKI
Mat á úrgangsefnum eða öðrum efnum sem kemur til greina að varpa.

Almennt.

1. Jafnvel þó varp við tilteknar aðstæður sé tekið gilt hefur það engin áhrif á þær skyldur, samkvæmt viðauka þessum, að halda áfram þeirri viðleitni að draga úr nauðsyn þess að varp fari fram.

Úttekt á forvörnum gegn úrgangsefnum.

2. Þegar meta skal aðra valkosti en varp skal í fyrstu, meðal annars og eftir atvikum, leggja mat á eftirfarandi:

2.1. tegundir, magn og hættustig samfara úrgangsefnum sem til falla;

2.2. einstaka framleiðsluþætti og uppsprettur úrgangsefna innan hvers þáttar fyrir sig; og

2.3. hagkvæmni þeirrar tækni sem gerir kleift að takmarka úrgangsefni eða útiloka þau og hér greinir:

2.3.1. að endurbæta samsetningu vara;

2.3.2. að koma á hreinni framleiðslutækni;

2.3.3. að endurbæta vinnsluferli;

2.3.4. að skipta um aðföng; og

2.3.5. að endurvinnsla fari fram í lokaðri hringrás á framleiðslustað.

3. Almennt orðað, leiði tilskilin úttekt í ljós að unnt sé að útiloka úrgangsefni, þar sem þau falla til, er ætlast til þess að umsækjandi semji og framkvæmi áætlun um forvarnir gegn úrgangsefnum, í samstarfi við hlutaðeigandi svæðis- eða landsstofnanir, þar sem skilgreind eru tiltekin markmið að því er takmörkun úrgangsefna varðar og gert ráð fyrir frekari úttektum á forvörnum gegn úrgangsefnum í því skyni að tryggja að þessum markmiðum verði náð. Við útgáfu eða endurnýjum leyfa í kjölfarið skal ganga úr skugga um að kröfum um að takmarka úrgangsefni og útiloka þau sé fullnægt.

4. Með meðferð úrgangsefna, að því er varðar uppgröft og seyru, skal stefnt að því að finna og fylgjast með uppsprettum mengunar. Markmiði þessu skal náð með því að framkvæma áætlun um forvarnir gegn úrgangsefnum með samstilltu átaki svæðis- og landsstofnana sem hafa eftirlit með staðbundnum og óstaðbundnum uppsprettum mengunar. Heimilt er, þar til þessu markmiði er náð, að leysa vandamál

ANNEX 2
Assessment of Wastes or other Matter that may be considered for Dumping

General

1. The acceptance of dumping under certain circumstances shall not remove the obligations under this Annex to make further attempts to reduce the necessity for dumping.

Waste Prevention Audit

2. The initial stages in assessing alternatives to dumping should, as appropriate, include an evaluation of:

2.1. types, amounts and relative hazard of wastes generated;

2.2. details of the production process and the sources of wastes within that process; and

2.3. feasibility of the following waste reduction/prevention techniques:

2.3.1. product reformulation;

2.3.2. clean production technologies;

2.3.3. process modification;

2.3.4. input substitution; and

2.3.5. on-site, closed-loop recycling.

3. In general terms, if the required audit reveals that opportunities exist for waste prevention at source, an applicant is expected to formulate and implement a waste prevention strategy, in collaboration with relevant local and national agencies, which includes specific waste reduction targets and provision for further waste prevention audits to ensure that these targets are being met. Permit issuance or renewal decisions shall assure compliance with any resulting waste reduction and prevention requirements.

4. For dredged material and sewage sludge, the goal of waste management should be to identify and control the sources of contamination. This should be achieved through implementation of waste prevention strategies and requires collaboration between the relevant local and national agencies involved with the control of point and non-point sources of pollution. Until this objective is met, the problems

samfara menguðum uppgreftri með því að beita aðferðum við förgun á hafi úti eða í landi.

Mat á valkostum við meðferð úrgangsefna.

5. Í umsóknum um leyfi til þess að varpa úrgangsefnum eða öðrum efnum í sjó skal sýna fram á að tekið hafi verið eðlilegt tillit til eftirfarandi forgangsröðunar við meðferð úrgangsefna sem gefur stigvaxandi umhverfisáhrif til kynna:

5.1. endurnotkunar;

5.2. endurvinnslu annars staðar;

5.3. eyðingar hættulegra efnisþátta;

5.4. meðferðar í því skyni að minnka eða fjarlægja hættulega efnisþætti; og

5.5. förgunar á landi, út í andrúmsloftið eða á legi.

6. Synja ber um heimild til þess að varpa úrgangsefnum eða öðrum efnum í sjó ef viðkomandi yfirvald telur að kjörið tækifæri gefist til þess að endurnota, endurvinna eða meðhöndla úrgangsefni án þess að heilsu manna eða umhverfi sé ótilhlýðileg hætta búin eða af hljótist óhóflegur kostnaður. Leggja ber mat á aðrar raunhæfar förgunarleiðir með hliðsjón af áhættumati þar sem varp er borið saman við aðra kosti.

Efnafræðilegir, eðlisfræðilegir og líffræðilegir eiginleikar.

7. Nákvæm lýsing og eðlisgreining úrgangsefna er nauðsynleg forsenda fyrir mati á öðrum valkostum og grundvöllur að ákvörðun um það hvort heimila beri varp þeirra. Séu upplýsingar um eðli úrgangsefna svo ófullkomnar að ókleift sé að meta hugsanleg áhrif þeirra á heilsu manna og umhverfið á tilhlýðilegan hátt skal ekki varpa þeim í sjó.

8. Þegar úrgangsefni og efnisþættir þeirra eru greindir skal kanna:

8.1. uppruna, heildarmagn, gerð og meðaltalssamsetningu;

8.2. eiginleika, það er eðlisfræðilega, efnafræðilega, lífefnafræðilega og líffræðilega eiginleika;

8.3. eiturhrif;

8.4. eðlisfræðilega, efnafræðilega og líffræðilega þrávirkni; og

8.5. uppsöfnun og niðurbrot í lífverum eða setlögum.

of contaminated dredged material may be addressed by using disposal management techniques at sea or on land.

Consideration of Waste Management Options

5. Applications to dump wastes or other matter shall demonstrate that appropriate consideration has been given to the following hierarchy of waste management options, which implies an order of increasing environmental impact:

5.1. re-use;

5.2. off-site recycling;

5.3. destruction of hazardous constituents;

5.4. treatment to reduce or remove the hazardous constituents; and

5.5. disposal on land, into air and in water.

6. A permit to dump wastes or other matter shall be refused if the permitting authority determines that appropriate opportunities exist to re-use, recycle or treat the waste without undue risks to human health or the environment or disproportionate costs. The practical availability of other means of disposal should be considered in the light of a comparative risk assessment involving both dumping and the alternatives.

Chemical, Physical and Biological Properties

7. A detailed description and characterization of the waste is an essential precondition for the consideration of alternatives and the basis for a decision as to whether a waste may be dumped. If a waste is so poorly characterized that proper assessment cannot be made of its potential impacts on human health and the environment, that waste shall not be dumped.

8. Characterization of the wastes and their constituents shall take into account:

8.1. origin, total amount, form and average composition;

8.2. properties: physical, chemical, biochemical and biological;

8.3. toxicity;

8.4. persistence: physical, chemical and biological; and

8.5. accumulation and biotransformation in biological materials or sediments.

Aðgerðaskrá.

9. Sérhver samningsaðili skal taka saman aðgerðaskrá fyrir land sitt í því skyni að þróa aðferð til þess að grannskoða hugsanleg úrgangsefni og efnisþætti þeirra með tilliti til hugsanlegra áhrifa þeirra á heilsu manna og hafrýmið. Þegar velja á efni í aðgerðaskrá skal fyrst og fremst huga að eiturefnum, þrávirkum efnum og efnum þar sem aukning á styrk á sér stað upp fæðukeðjuna og sem eiga upptök sín vegna starfsemi manna (t.d. kadmíum, kvikasilfri, lífrænum halógensamböndum, kolvatnsefnum í jarðolíu, og, þegar við á, arseni, blýi, kopar, sinki, beryllíum, krómi, nikkel og vanadíum, lífrænum kísilsamböndum, blásýrusöltum, flúoríði og varnarefnum eða aukaafurðum þeirra, öðrum en lífrænum halógensamböndum). Aðgerðalista má einnig nota sem aðferð til þess að hrinda af stað frekari umfjöllun um forvarnir gegn úrgangsefnum.

10. Í aðgerðaskrá skal tilgreina efri mörk en einnig er heimilt að tilgreina neðri mörk. Ákvarða ber efri mörk með það í huga að koma í veg fyrir bráð eða varanleg áhrif á heilsu manna eða viðkvæmar sjávarlífverur sem eru hluti af vistkerfi hafsins. Notkun aðgerðaskrár leiðir til þriggja þátta skiptingar úrgangsefna:

10.1. úrgangsefnum, sem innihalda tilgreind efni eða valda líffræðilegum viðbrögðum og eru ofan viðeigandi efri marka, skal ekki varpa í sjó nema því aðeins að ásættanlegt sé að varpa þeim þangað að undangenginni meðferð eða vinnslu;

10.2. úrgangsefni, sem innihalda tilgreind efni eða valda líffræðilegum viðbrögðum og eru neðan viðeigandi neðri marka, skulu talin valda litlum umhverfisvanda að því er varp varðar; og

10.3. úrgangsefni, sem innihalda tilgreind efni eða valda líffræðilegum viðbrögðum og eru neðan efri marka en ofan neðri marka, þarf að rannsaka betur áður en ákvörðun er tekin um það hvort óhætt sé að varpa þeim í sjó.

Val á varpsvæðum.

11. Eftirfarandi skal meðal annars felast í upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að velja varpsvæði:

Action List

9. Each Contracting Party shall develop a national Action List to provide a mechanism for screening candidate wastes and their constituents on the basis of their potential effects on human health and the marine environment. In selecting substances for consideration in an Action List, priority shall be given to toxic, persistent and bioaccumulative substances from anthropogenic sources (e.g., cadmium, mercury, organohalogens, petroleum hydrocarbons, and, whenever relevant, arsenic, lead, copper, zinc, beryllium, chromium, nickel and vanadium, organosilicon compounds, cyanides, fluorides and pesticides or their by-products other than organohalogens). An Action List can also be used as a trigger mechanism for further waste prevention considerations.

10. An Action List shall specify an upper level and may also specify a lower level. The upper level should be set so as to avoid acute or chronic effects on human health or on sensitive marine organisms representative of the marine ecosystem. Application of an Action List will result in three possible categories of waste:

10.1. wastes which contain specified substances, or which cause biological responses, exceeding the relevant upper level shall not be dumped, unless made acceptable for dumping through the use of management techniques or processes;

10.2. wastes which contain specified substances, or which cause biological responses, below the relevant lower levels should be considered to be of little environmental concern in relation to dumping; and

10.3. wastes which contain specified substances, or which cause biological responses, below the upper level but above the lower level require more detailed assessment before their suitability for dumping can be determined.

Dump-Site Selection

11. Information required to select a dump-site shall include:

11.1. eðlisfræðileg, efnafræðileg og líffræðileg einkenni viðkomandi hafsvæðis frá yfirborði niður á botn og botnsins;

11.2. staðsetning eftirsóknarverðra útivistarsvæða, gildi og önnur not sjávar á því svæði sem er til umfjöllunar;

11.3. mat á flæði efnisþátta, sem tengist varpi, samanborið við ríkjandi flæði efna í hafrýminu; og

11.4. efnahagsleg og rekstrarleg hagkvæmni.

Mat á hugsanlegum áhrifum.

12. Að loknu mati á hugsanlegum umhverfisáhrifum skal leggja fram gagnorða ályktun um væntanlegar afleiðingar mismunandi förgunar í sjó eða á landi, þ.e. „tilgátu um áhrif". Með slíkri tilgátu er lagður grundvöllur að ákvörðun um hvort samþykkja beri eða hafna þeirri förgunarleið sem tillaga er gerð um og að skilgreiningu á kröfum um umhverfiseftirlit.

13. Í varpsmati skal samtvinna upplýsingar um einkenni úrgangsefna, aðstæður á fyrirhuguðu varpsvæði eða -svæðum, flæði og þá förgunartækni sem fyrirhugað er að nota og tilgreina hugsanleg áhrif á heilsu manna, lifandi auðlindir, eftirsóknarverð útivistarsvæði og önnur lögmæt not hafsins. Í matinu skal skilgreina eðli væntanlegra áhrifa, umfang þeirra í tíma og rúmi og hversu lengi þeirra gætir og byggja slíkt mat á hæfilega varlegum ályktunum.

14. Skilgreina ber hverja förgunarleið með því að leggja samanburðarmat á eftirfarandi þætti: heilsufarshættu, umhverfiskostnað, hættur (þar með talin slys), efnahagslega þætti og útilokun nýtingar í framtíðinni. Leiði matið í ljós að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar til þess að unnt sé að segja fyrir um þau áhrif, sem fyrirhuguð förgunarleið kann að hafa, ber að leggja hana til hliðar. Leiði fyrrnefnt samanburðarmat enn fremur í ljós að sá varpkostur, sem um ræðir, sé ekki góður kostur skal ekki veita leyfi til varps í sjó.

15. Hverju mati skal ljúka með yfirlýsingu þar sem mælt er með því að veita beri leyfi til varps í sjó eða synja beri um slíkt leyfi.

Eftirlit.

16. Eftirlit er viðhaft í því skyni að sannprófa hvort leyfisskilmálum sé fullnægt - eftirlit

11.1. physical, chemical and biological characteristics of the water-column and the seabed;

11.2. location of amenities, values and other uses of the sea in the area under consideration;

11.3. assessment of the constituent fluxes associated with dumping in relation to existing fluxes of substances in the marine environment; and

11.4. economic and operational feasibility.

Assessment of Potential Effects

12. Assessment of potential effects should lead to a concise statement of the expected consequences of the sea or land disposal options, i.e., the "Impact Hypothesis". It provides a basis for deciding whether to approve or reject the proposed disposal option and for defining environmental monitoring requirements.

13. The assessment for dumping should integrate information on waste characteristics, conditions at the proposed dump-site(s), fluxes, and proposed disposal techniques and specify the potential effects on human health, living resources, amenities and other legitimate uses of the sea. It should define the nature, temporal and spatial scales and duration of expected impacts based on reasonably conservative assumptions.

14. An analysis of each disposal option should be considered in the light of a comparative assessment of the following concerns: human health risks, environmental costs, hazards, (including accidents), economics and exclusion of future uses. If this assessment reveals that adequate information is not available to determine the likely effects of the proposed disposal option then this option should not be considered further. In addition, if the interpretation of the comparative assessment shows the dumping option to be less preferable, a permit for dumping should not be given.

15. Each assessment should conclude with a statement supporting a decision to issue or refuse a permit for dumping.

Monitoring

16. Monitoring is used to verify that permit conditions are met – compliance monitor-

með því að skilyrðum sé fullnægt - og hvort ályktanir, sem voru dregnar meðan endurskoðun leyfisveitingar stóð yfir og svæðisval, hafi verið réttar og dugi til þess að vernda umhverfið og heilsu manna - svæðiseftirlit. Nauðsynlegt er að markmiðin með slíkum eftirlitsáætlunum séu vel skilgreind.

Leyfi og leyfisskilmálar.

17. Því aðeins skal taka ákvörðun um að gefa út leyfi að öllu mati á áhrifum sé lokið og að kröfur um eftirlit hafi verið ákveðnar. Leyfisskilmálar skulu tryggja, eftir því sem frekast er unnt, að röskun og tjón á umhverfinu verði í lágmarki og ávinningur sem mestur. Öll leyfi, sem gefin eru út, skulu innihalda gögn og upplýsingar þar sem eftirfarandi er tilgreint:

17.1. gerð og uppspretta efna sem varpa á í sjó;

17.2. staðsetning varpsvæðis eða -svæða;

17.3. varpsaðferð; og

17.4. kröfur um eftirlit og skýrslugjöf.

18. Leyfi skal endurskoða reglulega að teknu tilliti til niðurstaðna eftirlits og markmiða eftirlitsáætlana. Endurskoðun niðurstaðna eftirlits mun gefa til kynna hvort ástæða sé til að svæðisáætlunum sé fram haldið, þær séu endurskoðaðar eða hætt sé við þær og mun stuðla að því að unnt sé að taka vel ígrundaðar ákvarðanir um að leyfi skuli gilda áfram, gera skuli á þeim breytingar eða ógilda þau. Hér er um mikilvægt kerfi upplýsingaflæðis að ræða sem stuðlar að því að unnt sé að vernda heilsu manna og hafrýmið.

ing - and that the assumptions made during the permit review and site selection process were correct and sufficient to protect the environment and human health - field monitoring. It is essential that such monitoring programmes have clearly defined objectives.

Permit and Permit Conditions

17. A decision to issue a permit should only be made if all impact evaluations are completed and the monitoring requirements are determined. The provisions of the permit shall ensure, as far as practicable, that environmental disturbance and detriment are minimized and the benefits maximized. Any permit issued shall contain data and information specifying:

17.1. the types and sources of materials to be dumped;

17.2. the location of the dump-site(s);

17.3. the method of dumping; and

17.4. monitoring and reporting requirements.

18. Permits should be reviewed at regular intervals, taking into account the results of monitoring and the objectives of monitoring programmes. Review of monitoring results will indicate whether field programmes need to be continued, revised or terminated and will contribute to informed decisions regarding the continuance, modification or revocation of permits. This provides an important feedback mechanism for the protection of human health and the marine environment.

3. VIÐAUKI
Gerðardómsmeðferð.

1. gr.

1. Stofnsetja skal gerðardóm (hér á eftir nefndur „dómurinn“) komi fram beiðni þar um sem samningsaðili beinir til annars samningsaðila í samræmi við ákvæði 16. gr. bókunar þessarar. Í beiðni um gerðardómsmeðferð skal málið lagt fram ásamt fylgiskjölum.

2. Samningsaðilinn, sem leggur fram beiðnina, skal tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um:

2.1. beiðni sína um gerðardómsmeðferð; og

2.2. þau túlkunar- eða framkvæmdaratriði, að því er varðar ákvæði bókunar þessarar, sem hann telur að deilan snúist um.

3. Aðalframkvæmdastjóri sendir þær upplýsingar sem um ræðir áfram til allra aðildarríkja.

2. gr.

1. Einn gerðardómsmaður skal sitja í dóminum komi deiluaðilar sér saman um það innan 30 daga frá móttökudegi beiðninnar um gerðardómsmeðferð.

2. Falli gerðardómsmaður frá, geti hann ekki sinnt starfi sínu eða vanræki skyldur sínar geta deiluaðilar komið sér saman um að skipa annan í hans stað innan 30 daga frá því að sá fyrrnefndi féll frá, varð ófær um að sinna starfi sínu eða gerði sig sekan um vanrækslu.

3. gr.

1. Komist deiluaðilar ekki að samkomulagi um dóminn, í samræmi við 2. gr. þessa viðauka, skulu þrír gerðardómsmenn skipa dóminn:

1.1. einn tilnefndur af hvorum deiluaðila; og

1.2. sá þriðji, sem hinir tveir fyrrnefndu koma sér saman um að tilnefna, og skal hann vera forseti dómsins.

2. Hafi forseti dómsins ekki verið tilnefndur innan 30 daga frá því að annar gerðardómsmaðurinn var tilnefndur skulu deiluaðilar, að beiðni annars þeirra, senda aðalframkvæmdastjóranum, innan frekari 30 daga frests, lista yfir hæfa einstaklinga sem þeir koma sér saman um. Aðalfram-

ANNEX 3
Arbitral Procedure

Article 1

1. An Arbitral Tribunal (hereinafter referred to as the "Tribunal") shall be established upon the request of a Contracting Party addressed to another Contracting Party in application of article 16 of this Protocol. The request for arbitration shall consist of a statement of the case together with any supporting documents.

2. The requesting Contracting Party shall inform the Secretary-General of:

2.1. its request for arbitration; and

2.2. the provisions of this Protocol the interpretation or application of which is, in its opinion, the subject of disagreement.

3. The Secretary-General shall transmit this information to all Contracting States.

Article 2

1. The Tribunal shall consist of a single arbitrator if so agreed between the parties to the dispute within 30 days from the date of receipt of the request for arbitration.

2. In the case of the death, disability or default of the arbitrator, the parties to a dispute may agree upon a replacement within 30 days of such death, disability or default.

Article 3

1. Where the parties to a dispute do not agree upon a Tribunal in accordance with article 2 of this Annex, the Tribunal shall consist of three members:

1.1. one arbitrator nominated by each party to the dispute; and

1.2. a third arbitrator who shall be nominated by agreement between the two first named and who shall act as its Chairman.

2. If the Chairman of a Tribunal is not nominated within 30 days of nomination of the second arbitrator, the parties to a dispute shall, upon the request of one party, submit to the Secretary-General within a further period of 30 days an agreed list of qualified persons. The Secretary-General

kvæmdastjórinn skal velja forseta dómsins af fyrrnefndum lista eins fljótt og frekast er unnt. Honum er óheimilt að velja forseta, sem er eða hefur verið ríkisborgari annars deiluaðila, nema með samþykki hins.

3. Tilnefni annar deiluaðili ekki gerðardómsmann innan 60 daga frá móttökudegi beiðni um gerðardómsmeðferð, eins og kveðið er á um í málsgrein 1.1, getur hinn aðilinn óskað eftir því að fá að leggja samþykktan lista yfir hæfa einstaklinga fyrir aðalframkvæmdastjórann innan 30 daga. Aðalframkvæmdastjórinn skal velja forseta dómsins af listanum eins fljótt og frekast er unnt. Forseti dómsins skal síðan fara þess á leit við deiluaðilann, sem hefur ekki tilnefnt gerðardómsmann, að hann geri það. Tilnefni sá deiluaðili ekki gerðardómsmann innan 15 daga frá því að slík beiðni er lögð fram skal aðalframkvæmdastjórinn, að beiðni forseta dómsins, tilnefna gerðardómsmanninn af listanum yfir hæfa einstaklinga sem hefur verið samþykktur.

4. Falli gerðardómsmaður frá, geti hann ekki sinnt starfi sínu eða vanræki skyldur sínar skal sá deiluaðili, sem tilnefndi hann, tilnefna annan gerðardómsmann í hans stað innan 30 daga frá því að sá fyrrnefndi féll frá, varð ófær um að sinna starfi sínu eða gerði sig sekan um vanrækslu. Tilnefni deiluaðilinn ekki annan gerðardómsmann skal gerðardómsmeðferð fram haldið með þeim gerðardómsmönnum sem eftir eru. Falli forseti gerðardómsins frá, geti hann ekki sinnt starfi sínu eða vanræki skyldur sínar skal tilnefna annan forseta í hans stað, í samræmi við ákvæði málsgreinar 1.2 og 2. mgr., innan 90 daga frá því að forseti féll frá, varð ófær um að sinna starfi sínu eða gerði sig sekan um vanrækslu.

5. Aðalframkvæmdastjórinn skal halda lista yfir gerðardómsmenn og skulu hæfir einstaklingar, sem samningsaðilar tilnefna, vera á honum. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að tilnefna fjóra einstaklinga á listann sem þurfa ekki nauðsynlega að vera ríkisborgarar í landi hans. Hafi deiluaðilar ekki lagt fyrir aðalframkvæmdastjórann samþykktan lista yfir hæfa einstaklinga innan tiltekins frests og í samræmi við ákvæði 2., 3. og 4. mgr. skal

shall select the Chairman from such list as soon as possible. He shall not select a Chairman who is or has been a national of one party to the dispute except with the consent of the other party to the dispute.

3. If one party to a dispute fails to nominate an arbitrator as provided in paragraph 1.1 within 60 days from the date of receipt of the request for arbitration, the other party may request the submission to the Secretary-General within a period of 30 days of an agreed list of qualified persons. The Secretary-General shall select the Chairman of the Tribunal from such list as soon as possible. The Chairman shall then request the party which has not nominated an arbitrator to do so. If this party does not nominate an arbitrator within 15 days of such request, the Secretary-General shall, upon request of the Chairman, nominate the arbitrator from the agreed list of qualified persons.

4. In the case of the death, disability or default of an arbitrator, the party to the dispute who nominated him shall nominate a replacement within 30 days of such death, disability or default. If the party does not nominate a replacement, the arbitration shall proceed with the remaining arbitrators. In the case of the death, disability or default of the Chairman, a replacement shall be nominated in accordance with the provision of paragraphs 1.2 and 2 within 90 days of such death, disability or default.

5. A list of arbitrators shall be maintained by the Secretary-General and composed of qualified persons nominated by the Contracting Parties. Each Contracting Party may designate for inclusion in the list four persons who shall not necessarily be its nationals. If the parties to the dispute have failed within the specified time limits to submit to the Secretary-General an agreed list of qualified persons as provided for in paragraphs 2, 3 and 4, the

aðalframkvæmdastjórinn velja þann gerðardómsmann eða -menn, sem hafa ekki enn verið tilnefndir, af þeim lista sem hann hefur undir höndum.

Secretary-General shall select from the list maintained by him the arbitrator or arbitrators not yet nominated.

4. gr.

Dómurinn getur hlýtt á málflutning og tekið ákvarðanir um gagnkröfur sem eru beinlínis byggðar á deiluefninu.

Article 4

The Tribunal may hear and determine counterclaims arising directly out of the subject matter of the dispute.

5. gr.

Hvor deiluaðili um sig er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem hlýst af undirbúningi máls hans. Deiluaðilar skulu greiða að jöfnu þóknun til gerðardómsmanna og allan almennan kostnað vegna gerðardómsmeðferðarinnar. Dómurinn skal halda skýrslu yfir öll útgjöld vegna starfsemi sinnar og senda deiluaðilum lokaskýrslu þar um.

Article 5

Each party to the dispute shall be responsible for the costs entailed by the preparation of its own case. The remuneration of the members of the Tribunal and of all general expenses incurred by the arbitration shall be borne equally by the parties to the dispute. The Tribunal shall keep a record of all its expenses and shall furnish a final statement thereof to the parties.

6. gr.

Sérhverjum samningsaðila, sem hefur lagalegra hagsmuna að gæta sem gerðardómsúrskurður í tilteknu máli getur haft áhrif á, er heimilt að hafa afskipti af gerðardómsmeðferðinni, með samþykki gerðardómsins og á eigin kostnað, eftir að hafa tilkynnt deiluaðilunum, sem hófu gerðardómsmeðferðina í upphafi, um það skriflega. Hverjum þeim, sem hefur afskipti af máli með þessum hætti, er heimilt að leggja fram sönnunargögn, yfirlit og munnleg rök, er varða þau efnisatriði sem leiddu til afskipta hans, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem hafa verið settar skv. 7. gr. þessa viðauka, en viðkomandi hefur engan rétt varðandi skipan dómsins.

Article 6

Any Contracting Party which has an interest of a legal nature which may be affected by the decision in the case may, after giving written notice to the parties to the dispute which have originally initiated the procedure, intervene in the arbitration procedure with the consent of the Tribunal and at its own expense. Any such intervenor shall have the right to present evidence, briefs and oral argument on the matters giving rise to its intervention, in accordance with procedures established pursuant to article 7 of this Annex, but shall have no rights with respect to the composition of the Tribunal.

7. gr.

Gerðardómur, sem er stofnsettur samkvæmt ákvæðum þessa viðauka, setur sér eigin reglur um málsmeðferð.

Article 7

A Tribunal established under the provisions of this Annex shall decide its own rules of procedure.

8. gr.

1. Meirihluti gerðardómsmanna skal, svo fremi að ekki sé aðeins um einn gerðardómsmann að ræða, setja reglur um málsmeðferð fyrir dóminum, ákveða hvar hann kemur saman og taka ákvarðanir um öll vafaatriði sem tengjast deilumáli sem er lagt fyrir hann. Fjarvera eða hjáseta gerðardómsmanns, sem var tilnefndur af deiluaðila, við atkvæðagreiðslu skal þó ekki koma í veg fyrir að dómurinn kveði upp úrskurð. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði forseta.

Article 8

1. Unless a Tribunal consists of a single arbitrator, decisions of the Tribunal as to its procedure, its place of meeting, and any question related to the dispute laid before it, shall be taken by majority vote of its members. However, the absence or abstention of any member of the Tribunal who was nominated by a party to the dispute shall not constitute an impediment to the Tribunal reaching a decision. In case of equal voting, the vote of the Chairman shall be decisive.

2. Deiluaðilar skulu auðvelda störf dómsins og skulu einkum, í samræmi við löggjöf sína og með öllum tiltækum ráðum:

2.1. láta dóminum í té öll nauðsynleg skjöl og upplýsingar; og

2.2. gera dóminum kleift að fara inn á landsvæði sitt í því skyni að yfirheyra vitni eða sérfræðinga og fara í vettvangsheimsókn.

3. Enda þótt deiluaðili uppfylli ekki ákvæði 2. mgr. kemur það ekki í veg fyrir að dómurinn komist að niðurstöðu og kveði upp úrskurð.

9. gr.

Dómurinn skal fella úrskurð innan fimm mánaða frá því er hann er stofnsettur, nema dómurinn telji nauðsynlegt að framlengja þann frest um allt að fimm mánuði. Úrskurði dómsins skal fylgja rökstuðningur. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og verður honum ekki áfrýjað. Tilkynna ber aðalframkvæmdastjóranum um úrskurðinn sem aftur tilkynnir samningsaðilum um hann. Deiluaðilar skulu hlíta úrskurðinum án tafar.

2. The parties to the dispute shall facilitate the work of the Tribunal and in particular shall, in accordance with their legislation and using all means at their disposal:

2.1. provide the Tribunal with all necessary documents and information; and

2.2. enable the Tribunal to enter their territory, to hear witnesses or experts, and to visit the scene.

3. The failure of a party to the dispute to comply with the provisions of paragraph 2 shall not preclude the Tribunal from reaching a decision and rendering an award.

Article 9

The Tribunal shall render its award within five months from the time it is established unless it finds it necessary to extend that time limit for a period not to exceed five months. The award of the Tribunal shall be accompanied by a statement of reasons for the decision. It shall be final and without appeal and shall be communicated to the Secretary-General who shall inform the Contracting Parties. The parties to the dispute shall immediately comply with the award.

AUGLÝSING

um bókun um þrávirk lífræn efni við samning frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

Hinn 29. maí 2003 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar um þrávirk lífræn efni við samning frá 13. nóvember 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, sem gerð var í Árósum 24. júní 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1983 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlast gildi 23. október 2003.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. júlí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um þrávirk lífræn efni við samning frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

Aðilar bókunar þessarar

hafa einsett sér að koma til framkvæmdar samningnum um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa,

gera sér ljóst að útstreymi fjölmargra þrávirkra lífrænna efna berst yfir landamæri ríkja og falla þau til jarðar í Evrópu, Norður-Ameríku og við Norðurheimskautið, fjarri upprunastað sínum, og að lofthjúpur jarðar er helsta flutningsleiðin,

gera sér grein fyrir að þrávirk lífræn efni eru treg til að brotna niður við náttúrulegar aðstæður og að þau eru talin tengjast skaðlegum áhrifum á heilsu manna og umhverfi,

hafa áhyggjur af því að þrávirk lífræn efni geti lífmagnast í efri þrepum fæðukeðjunnar og náð styrkleika sem kynni að hafa áhrif á heilsu manna og villtra dýra sem fyrir þeim verða,

viðurkenna að vistkerfi norðurslóða, ekki síst frumbyggjar þar, sem lifa á fiski og spendýrum norðurslóða, eru í sérstakri hættu vegna lífmögnunar þrávirkra lífrænna efna,

PROTOCOL
to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution on Persistent Organic Pollutants

The Parties,

Determined to implement the Convention on Long-range Transboundary Air Pollution,

Recognizing that emissions of many persistent organic pollutants are transported across international boundaries and are deposited in Europe, North America and the Arctic, far from their site of origin, and that the atmosphere is the dominant medium of transport,

Aware that persistent organic pollutants resist degradation under natural conditions and have been associated with adverse effects on human health and the environment,

Concerned that persistent organic pollutants can biomagnify in upper trophic levels to concentrations which might affect the health of exposed wildlife and humans,

Acknowledging that the Arctic ecosystems and especially its indigenous people, who subsist on Arctic fish and mammals, are particularly at risk because of the biomagnification of persistent organic pollutants,

taka mið af því að aðgerðir til að ná tökum á útstreymi þrávirkra lífrænna efna myndu einnig stuðla að verndun umhverfisins og heilsu manna á svæðum utan áhrifasvæðis efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, þ.m.t. norðurslóðir og alþjóðleg hafsvæði,

einsetja sér að gera ráðstafanir til þess að sjá fyrir, fyrirbyggja eða halda í lágmarki útstreymi þrávirkra lífrænna efna, með hliðsjón af varúðarleiðinni, sem sett er fram í 15. meginreglu Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun,

árétta að samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglum þjóðréttar hafa ríki óskoraðan rétt til þess að nýta auðlindir sínar í samræmi við eigin stefnu í umhverfis- og þróunarmálum, en einnig hvílir á þeim sú skylda að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða undir stjórn þeirra valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða svæða sem liggja utan lögsögu einstakra ríkja,

gera sér ljósa þörfina á aðgerðum um heim allan vegna þrávirkra lífrænna efna og minnast þess hlutverks sem svæðisbundnum samningum var ætlað að gegna í 9. kafla Dagskrár 21 í þeirri viðleitni að draga um heim allan úr loftmengun sem berst yfir landamæri, og sér í lagi að efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu var ætlað að miðla öðrum heimshlutum af svæðisbundinni reynslu sinni,

viðurkenna að á svæðum, innan svæðishluta og á heimsvísu eru fyrir hendi stjórnkerfi, þar með taldir alþjóðlegir gerningar, sem gilda um meðferð á hættulegum úrgangi, flutning slíks úrgangs yfir landamæri og förgun, og má þá sérstaklega nefna Basel-samninginn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra,

álíta að helsta orsök loftmengunar, sem stuðlar að uppsöfnun þrávirkra lífrænna efna, sé notkun tiltekinna tegunda varnarefna, framleiðsla og notkun tiltekinna kemískra efna, og óáformuð myndun tiltekinna efna við brennslu úrgangs, bruna, málmvinnslu og hreyfanlegar uppsprettur,

gera sér grein fyrir að fyrir hendi eru tækni og aðgerðir til að draga úr útstreymi þrávirkra lífrænna efna út í andrúmsloftið,

gera sér ljósa þörfina á hagkvæmri svæðisbundinni nálgun til að berjast gegn loftmengun,

gera sér ljóst mikilvægt framlag einkaaðila og frjálsra félagasamtaka til þekkingar á áhrifum

Mindful that measures to control emissions of persistent organic pollutants would also contribute to the protection of the environment and human health in areas outside the United Nations Economic Commission for Europe's region, including the Arctic and international waters,

Resolved to take measures to anticipate, prevent or minimize emissions of persistent organic pollutants, taking into account the application of the precautionary approach, as set forth in principle 15 of the Rio Declaration on Environment and Development,

Reaffirming that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental and development policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction,

Noting the need for global action on persistent organic pollutants and recalling the role envisaged in chapter 9 of Agenda 21 for regional agreements to reduce global transboundary air pollution and, in particular, for the United Nations Economic Commission for Europe to share its regional experience with other regions of the world,

Recognizing that there are subregional, regional and global regimes in place, including international instruments governing the management of hazardous wastes, their transboundary movement and disposal, in particular the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal,

Considering that the predominant sources of air pollution contributing to the accumulation of persistent organic pollutants are the use of certain pesticides, the manufacture and use of certain chemicals, and the unintentional formation of certain substances in waste incineration, combustion, metal production and mobile sources,

Aware that techniques and management practices are available to reduce emissions of persistent organic pollutants into the air,

Conscious of the need for a cost-effective regional approach to combating air pollution,

Noting the important contribution of the private and non-governmental sectors to knowledge

sem tengd eru þrávikum lífrænum efnum, staðgengilsefnum og útstreymistakmarkandi tæknilausnum sem völ er á, ásamt þætti þeirra í að stuðla að minnkun útstreymis þrávirkra lífrænna efna,

hafa hugfast að aðgerðir til að draga úr útstreymi þrávirkra lífrænna efna ættu ekki að vera leið til handahófskenndrar eða óréttlætanlegrar mismununar eða til að leggja dulbúnar hömlur á alþjóðlega samkeppni og viðskipti,

taka mið af fyrirliggjandi vísindalegum og tæknilegum gögnum um útstreymi þrávirkra lífrænna efna, ferli þeirra í lofthjúpnum og áhrifum þeirra á heilsu manna og umhverfið, svo og um kostnað við varnaraðgerðir, og viðurkenna þörfina fyrir áframhaldandi samvinnu á sviði vísinda og tækni til að efla frekari skilning á þessum málaflokki,

gera sér ljósar þær aðgerðir sem sumir aðilar hafa þegar gripið til varðandi þrávirk lífræn efni, bæði á innlendum vettvangi og/eða á grundvelli annarra alþjóðlegra samninga,

og hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í bókun þessari gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „samningur“ merkir samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa sem gerður var í Genf hinn 13. nóvember 1979;
2. „EMEP“ merkir samstarfsáætlun um eftirlit með og mat á tilfærslu loftmengunarefna langar leiðir í Evrópu;
3. „framkvæmdastofnun“ merkir framkvæmdastofnun samningsins sem stofnuð er skv. 1. mgr. 10. gr. samningsins;
4. „nefnd“ merkir Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu;
5. „aðilar“ merkir aðila að þessari bókun, nema samhengið sýni annað;
6. „landfræðilegt umfang EMEP“ merkir það landsvæði sem skilgreint er í 4. mgr. 1. gr. bókunar við samning um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979, um langtímafjármögnun á samstarfsáætlun um eftirlit með og mat á tilfærslu loftmengunarefna langar leiðir í Evrópu (EMEP), sem gerð var í Genf hinn 28. september 1984;

of the effects associated with persistent organic pollutants, available alternatives and abatement techniques, and their role in assisting in the reduction of emissions of persistent organic pollutants,

Bearing in mind that measures taken to reduce persistent organic pollutant emissions should not constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination or a disguised restriction on international competition and trade,

Taking into consideration existing scientific and technical data on emissions, atmospheric processes and effects on human health and the environment of persistent organic pollutants, as well as on abatement costs, and acknowledging the need to continue scientific and technical cooperation to further the understanding of these issues,

Recognizing the measures on persistent organic pollutants already taken by some of the Parties on a national level and/or under other international conventions,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of the present Protocol,

1. "Convention" means the Convention on Long-range Transboundary Air Pollution, adopted in Geneva on 13 November 1979;
2. "EMEP" means the Cooperative Programme for Monitoring and Evaluation of the Long-range Transmission of Air Pollutants in Europe;
3. "Executive Body" means the Executive Body for the Convention constituted under article 10, paragraph 1, of the Convention;
4. "Commission" means the United Nations Economic Commission for Europe;
5. "Parties" means, unless the context otherwise requires, the Parties to the present Protocol;
6. "Geographical scope of EMEP" means the area defined in article 1, paragraph 4, of the Protocol to the 1979 Convention on Long-range Transboundary Air Pollution on Long-term Financing of the Cooperative Programme for Monitoring and Evaluation of the Long-range Transmission of Air Pollutants in Europe (EMEP), adopted in Geneva on 28 September 1984;

7. „þrávirk lífræn efni“ (POPs) merkir lífræn efni sem:
   (i) hafa eitrandi eiginleika;
   (ii) eru þrávirk;
   (iii) safnast fyrir í lífríkinu;
   (iv) hafa tilhneigingu til að berast langar leiðir í lofthjúpnum og falla til jarðar; og
   (v) eru líkleg til þess að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á heilsu manna eða umhverfi, bæði nærri og fjarri uppruna sínum;
8. „efni“ merkir einstakt kemískt efni, eða nokkrar tegundir kemískra efna, sem mynda sérstakan flokk vegna þess að þau:
   (a) hafa svipaða eiginleika og streyma saman út í umhverfið; eða
   (b) mynda blöndu sem er að jafnaði sett á markað sem stök vara;
9. „útstreymi“ merkir losun efnis frá stökum eða dreifðum uppsrettum út í andrúmsloftið;
10. „staðbundnar uppsprettur“ merkir hvers kyns stakar byggingar, mannvirki, aðstöðu, eða búnað sem veldur eða kann að valda útstreymi hvers kyns þrávirkra lífrænna efna í andrúmsloftið, beint eða óbeint;
11. „flokkur staðbundinna meginuppspretta“ merkir einhvern þeirra staðbundnu uppsprettuflokka sem taldir eru upp í viðauka VIII;
12. „nýjar staðbundnar uppsprettur“ merkir staðbundnar uppsprettur þar sem framkvæmdir eða verulegar breytingar hefjast eftir að tvö ár eru liðin frá gildistöku: (i) bókunar þessarar; eða (ii) breytingar á viðauka III eða VIII þegar hinar staðbundnu uppsprettur falla undir ákvæði þessarar bókunar einungis vegna breytingarinnar. Það er á valdi lögbærra stjórnvalda í hverju landi að ákveða hvort breyting telst veruleg eða ekki, með hliðsjón af þáttum á borð við umhverfislegan ávinning af breytingunni.

2. gr.
Markmið.

Markmið bókunar þessarar er að takmarka, draga úr eða uppræta losun, útstreymi og tap þrávirkra lífrænna efna.

7. "Persistent organic pollutants" (POPs) are organic substances that:
   (i) possess toxic characteristics;
   (ii) are persistent;
   (iii) bioaccumulate;
   (iv) are prone to long-range transboundary atmospheric transport and deposition; and
   (v) are likely to cause significant adverse human health or environmental effects near to and distant from their sources;
8. "Substance" means a single chemical species, or a number of chemical species which form a specific group by virtue of
   (a) having similar properties and being emitted together into the environment; or
   (b) forming a mixture normally marketed as a single article;
9. "Emission" means the release of a substance from a point or diffuse source into the atmosphere;
10. "Stationary source" means any fixed building, structure, facility, installation, or equipment that emits or may emit any persistent organic pollutant directly or indirectly into the atmosphere;
11. "Major stationary source category" means any stationary source category listed in annex VIII;
12. "New stationary source" means any stationary source of which the construction or substantial modification is commenced after the expiry of two years from the date of entry into force of: (i) this Protocol; or (ii) an amendment to annex III or VIII, where the stationary source becomes subject to the provisions of this Protocol only by virtue of that amendment. It shall be a matter for the competent national authorities to decide whether a modification is substantial or not, taking into account such factors as the environmental benefits of the modification.

Article 2
Objective

The objective of the present Protocol is to control, reduce or eliminate discharges, emissions and losses of persistent organic pollutants.

3. gr.
Meginskyldur.

1. Ef ekki er um að ræða sérstaka undanþágu skv. 4. gr. skal sérhver aðili grípa til skilvirkra aðgerða:
   (a) til að stöðva framleiðslu og notkun þeirra efna sem talin eru upp í viðauka I í samræmi við þær kröfur um efndir sem þar eru tilgreindar;
   (b) (i) til að tryggja að þegar efnunum, sem talin eru upp í viðauka I, er eytt eða fargað, sé það gert á vistvænan hátt að teknu tilliti til reglna um eftirlit með hættulegum úrgangsefnum og förgun þeirra sem gilda á viðkomandi svæðishluta, svæði eða á heimsvísu, einkum Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra;

   (ii) til að leitast við að tryggja að förgun efna, sem talin eru upp í viðauka I, fari fram innanlands, að teknu tilliti til viðeigandi umhverfissjónarmiða;

   (iii) til að tryggja að flutningur yfir landamæri á efnum, sem talin eru upp í viðauka I, fari fram á vistvænan hátt að teknu tilliti til reglna um eftirlit með hættulegum úrgangsefnum og förgun þeirra sem gilda á viðkomandi svæðishluta, svæði eða á heimsvísu, einkum Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra;

   (c) til að takmarka notkun efna sem talin eru upp í viðauka II við þá notkun sem þar er lýst, í samræmi við þær kröfur um efndir sem þar eru tilgreindar.
2. Kröfurnar sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr. skulu öðlast gildi fyrir hvert efni þann dag sem framleiðslu eða notkun efnisins er útrýmt, hvort sem síðar gerist.

3. Að því er varðar efni, sem talin eru upp í viðaukum I, II og III, ætti hver aðili um sig að þróa viðeigandi aðferðir til að leita uppi hluti sem enn eru í notkun og innihalda slík efni, svo og úrgang sem inniheldur slík efni, og gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að

Article 3
Basic Obligations

1. Except where specifically exempted in accordance with article 4, each Party shall take effective measures:
   (a) To eliminate the production and use of the substances listed in annex I in accordance with the implementation requirements specified therein;
   (b) (i) To ensure that, when the substances listed in annex I are destroyed or disposed of, such destruction or disposal is undertaken in an environmentally sound manner, taking into account relevant subregional, regional and global regimes governing the management of hazardous wastes and their disposal, in particular the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal;
   (ii) To endeavour to ensure that the disposal of substances listed in annex I is carried out domestically, taking into account pertinent environmental considerations;
   (iii) To ensure that the transboundary movement of the substances listed in annex I is conducted in an environmentally sound manner, taking into consideration applicable subregional, regional, and global regimes governing the transboundary movement of hazardous wastes, in particular the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal;
   (c) To restrict the substances listed in annex II to the uses described, in accordance with the implementation requirements specified therein.
2. The requirements specified in paragraph 1 (b) above shall become effective for each substance upon the date that production or use of that substance is eliminated, whichever is later.
3. For substances listed in annex I, II, or III, each Party should develop appropriate strategies for identifying articles still in use and wastes containing such substances, and shall take appropriate measures to ensure that such wastes and such articles, upon becoming

slíkum úrgangi og slíkum hlutum sem verða að úrgangi, sé eytt eða fargað á vistvænan hátt.

4. Að því er varðar 1. til 3. mgr. hér að framan skal túlka hugtökin úrgang, förgun og vistvænn í samræmi við Baselsamninginn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra.

5. Sérhver aðili skal:
   (a) draga úr árlegu heildarútstreymi allra efna, sem talin eru upp í viðauka III, frá útstreymisstigi viðmiðunarárs, sem ákvarðað er í samræmi við þann viðauka, með því að grípa til skilvirkra aðgerða sem hæfa aðstæðum hjá viðkomandi aðila;
   (b) eigi síðar en innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í viðauka VI:
      (i) beita bestu fáanlegu tækni, með hliðsjón af viðauka V, varðandi sérhverjar nýjar staðbundnar uppsprettur í flokki staðbundinna meginuppspretta, í tilvikum þar sem besta fáanlega tækni er tilgreind í viðauka V;
      (ii) setja viðmiðunarmörk, sem eru í það minnsta eins ströng og þau sem tilgreind eru í viðauka IV, fyrir sérhverjar nýjar staðbundnar uppsprettur innan flokks sem getið er um í þeim viðauka, með hliðsjón af viðauka V. Aðilum er heimilt að velja þann kost að beita öðrum aðferðum við að draga úr útstreymi ef þær leiða til sambærilegrar heildarminnkunar útstreymis;
      (iii) beita bestu fáanlegu tækni, með hliðsjón af viðauka V, varðandi sérhverjar staðbundnar uppsprettur sem þegar eru til staðar í flokki staðbundinna meginuppspretta, þar sem í viðauka V er tilgreind besta fáanlega tækni, að því marki sem það er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt. Aðilum er heimilt að velja þann kost að beita öðrum aðferðum við að draga úr útstreymi ef þær leiða til sambærilegrar heildarminnkunar útstreymis;
      (iv) setja viðmiðunarmörk, sem eru í það minnsta eins ströng og þau sem tilgreind eru í viðauka IV, fyrir sérwastes, are destroyed or disposed of in an environmentally sound manner.

4. For the purposes of paragraphs 1 to 3 above, the terms waste, disposal, and environmentally sound shall be interpreted in a manner consistent with the use of those terms under the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal.

5. Each Party shall:
   (a) Reduce its total annual emissions of each of the substances listed in annex III from the level of the emission in a reference year set in accordance with that annex by taking effective measures, appropriate in its particular circumstances;
   (b) No later than the timescales specified in annex VI, apply:
      (i) The best available techniques, taking into consideration annex V, to each new stationary source within a major stationary source category for which annex V identifies best available techniques;
      (ii) Limit values at least as stringent as those specified in annex IV to each new stationary source within a category mentioned in that annex, taking into consideration annex V. A Party may, as an alternative, apply different emission reduction strategies that achieve equivalent overall emission levels;
      (iii) The best available techniques, taking into consideration annex V, to each existing stationary source within a major stationary source category for which annex V identifies best available techniques, insofar as this is technically and economically feasible. A Party may, as an alternative, apply different emission reduction strategies that achieve equivalent overall emission reductions;
      (iv) Limit values at least as stringent as those specified in annex IV to each existing stationary source within a

hverjar nýjar staðbundnar uppsprettur innan flokks sem getið er um í þeim viðauka, að því marki sem það er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt, með hliðsjón af viðauka V. Aðilum er heimilt að velja þann kost að beita öðrum aðferðum við að draga úr útstreymi ef þær leiða til sambærilegrar heildarminnkunar útstreymis;

(v) grípa til skilvirkra aðgerða til að takmarka útstreymi frá hreyfanlegum uppsprettum, með hliðsjón af viðauka VII.

6. Að því er varðar brennslu á heimilum, skulu allar þær kröfur sem settar eru fram í liðum (i) og (ii) í b-lið 5. mgr. hér að framan eiga við um allar staðbundnar uppsprettur í þeim flokki samanlagt.

7. Geti aðili, sem hefur beitt b-lið 5. mgr. hér að framan, ekki uppfyllt kröfur a-liðar 5. mgr. hér að framan að því er varðar efni sem tilgreint er í viðauka III skal hann undanþeginn skyldum sínum skv. a-lið 5. mgr hér að framan að því er það efni varðar.

8. Hver aðili um sig skal taka saman og halda útstreymisskrár yfir þau efni sem talin eru upp í viðauka III og safna saman tiltækum upplýsingum um framleiðslu og sölu efna sem talin eru upp í viðaukum I og II, og skulu aðilar, sem falla undir landfræðilegt umfang EMEP, nota í það minnsta þá aðferðafræði og rýmis- og tímaupplausn sem tilgreind er af stjórnarstofnun EMEP, en aðilar, sem eru utan við landfræðilegt umfang EMEP, skulu taka mið af þeirri aðferðafræði sem þróuð hefur verið innan vinnuáætlunar framkvæmdastofnunarinnar. Gefa skal skýrslu um þessar upplýsingar í samræmi við þær kröfur um skýrslugerð sem settar eru fram í 9. gr. hér að neðan.

4. gr.
Undanþágur.

1. 1. mgr. 3. gr. gildir ekki um efnismagn til nota við rannsóknir á tilraunastofum eða sem viðmiðunarstaðall.

2. Aðilum er heimilt að veita undanþágu frá a- og c-liðum 1. mgr. 3. gr. að því er varðar tiltekið efni, að því tilskildu að undanþágan sé ekki veitt eða notuð á nokkurn þann hátt sem myndi grafa undan markmiðum bókunar

category mentioned in that annex, insofar as this is technically and economically feasible, taking into consideration annex V. A Party may, as an alternative, apply different emission reduction strategies that achieve equivalent overall emission reductions;

(v) Effective measures to control emissions from mobile sources, taking into consideration annex VII.

6. In the case of residential combustion sources, the obligations set out in paragraph 5 (b) (i) and (iii) above shall refer to all stationary sources in that category taken together.

7. Where a Party, after the application of paragraph 5 (b) above, cannot achieve the requirements of paragraph 5 (a) above for a substance specified in annex III, it shall be exempted from its obligations in paragraph 5 (a) above for that substance.

8. Each Party shall develop and maintain emission inventories for the substances listed in annex III, and shall collect available information relating to the production and sales of the substances listed in annexes I and II, for those Parties within the geographical scope of EMEP, using, as a minimum, the methodologies and the spatial and temporal resolution specified by the Steering Body of EMEP, and, for those Parties outside the geographical scope of EMEP, using as guidance the methodologies developed through the work plan of the Executive Body. It shall report this information in accordance with the reporting requirements set out in article 9 below.

Article 4
Exemptions

1. Article 3, paragraph 1, shall not apply to quantities of a substance to be used for laboratory-scale research or as a reference standard.

2. A Party may grant an exemption from article 3, paragraphs 1 (a) and (c), in respect of a particular substance, provided that the exemption is not granted or used in a manner that would undermine the objectives of the

þessarar og aðeins í eftirfarandi tilgangi og við eftirfarandi aðstæður:

(a) til rannsókna annarra en þeirra sem vísað er til í 1. mgr. hér að framan, ef:
   (i) ekki er gert ráð fyrir að umtalsvert magn efnisins dreifist út í umhverfið við fyrirhugaða notkun og förgun að henni lokinni;
   (ii) markmið og skilyrði slíkra rannsókna eru háð mati og heimild aðilans; og
   (iii) verði um að ræða marktæka losun efnis út í umhverfið fellur undanþágan umsvifalaust úr gildi og ráðstafanir verða gerðar til að draga úr áhrifum losunarinnar eftir því sem við á og árangur ráðstafananna metinn áður en rannsóknirnar mega hefjast á ný;

(b) til að bregðast eftir þörfum við neyðarástandi sem ógnar heilsu almennings, ef
   (i) aðilinn á ekki kost á öðrum viðeigandi aðgerðum til að fást við vandann;
   (ii) aðgerðirnar sem gripið er til taka mið af umfangi og alvarleika neyðarástandsins;
   (iii) viðeigandi varúðarráðstafanir eru gerðar til að vernda heilsu fólks og umhverfið og til að tryggja að efnið verði ekki notað utan þess landsvæðis þar sem neyðarástandið ríkir;
   (iv) undanþágan er veitt fyrir tímabil sem ekki er lengra en neyðarástandið varir; og
   (v) allar afgangsbirgðir efnisins falla undir ákvæði b-liðar 1. mgr. 3. gr. að neyðarástandi loknu;

(c) við minni háttar notkun sem aðili telur nauðsynlega, ef:
   (i) undanþágan er veitt að hámarki til fimm ára;
   (ii) undanþágan hefur ekki áður verið veitt af aðilanum samkvæmt þessari grein;
   (iii) engin hentug staðgengilsefni hæfa fyrirhugaðri notkun;
   (iv) aðilinn hefur áætlað útstreymi efnisins af völdum undanþágunnar og hlut þess í heildarútstreymi efnisins frá aðilunum;

present Protocol, and only for the following purposes and under the following conditions:

(a) For research other than that referred to in paragraph 1 above, if:
   (i) No significant quantity of the substance is expected to reach the environment during the proposed use and subsequent disposal;
   (ii) The objectives and parameters of such research are subject to assessment and authorization by the Party; and
   (iii) In the event of a significant release of a substance into the environment, the exemption will terminate immediately, measures will be taken to mitigate the release as appropriate, and an assessment of the containment measures will be conducted before research may resume;

(b) To manage as necessary a public health emergency, if:
   (i) No suitable alternative measures are available to the Party to address the situation;
   (ii) The measures taken are proportional to the magnitude and severity of the emergency;
   (iii) Appropriate precautions are taken to protect human health and the environment and to ensure that the substance is not used outside the geographical area subject to the emergency;
   (iv) The exemption is granted for a period of time that does not exceed the duration of the emergency; and
   (v) Upon termination of the emergency, any remaining stocks of the substance are subject to the provisions of article 3, paragraph 1 (b);

(c) For a minor application judged to be essential by the Party, if:
   (i) The exemption is granted for a maximum of five years;
   (ii) The exemption has not previously been granted by it under this article;
   (iii) No suitable alternatives exist for the proposed use;
   (iv) The Party has estimated the emissions of the substance resulting from the exemption and their contribution to the total emissions of the substance from the Parties;

(v) fullnægjandi varúðarráðstafanir eru gerðar til að tryggja að útstreymi til umhverfisins sé í lágmarki; og
(vi) allar afgangsbirgðir efnisins falla undir ákvæði b-liðar 1. mgr. 3. gr. þegar undanþágan rennur út.

3. Eigi síðar en níutíu dögum eftir að undanþága er veitt skv. 2. mgr. þessarar greinar skal sérhver aðili veita skrifstofunni eftirfarandi upplýsingar, að lágmarki:
(a) efnafræðiheiti efnisins sem undanþágan var veitt fyrir;
(b) tilganginn sem undanþágan var veitt fyrir;
(c) skilyrðin sem sett voru fyrir veitingu undanþágunnar;
(d) gildistíma undanþágunnar;
(e) hvaða aðila eða stofnana undanþágan nær til; og
(f) áætlað útstreymi efnisins af völdum undanþágu sem er veitt skv. a- og c-liðum 2. mgr. og mat á hlutdeild þess í heildarútstreymi efnisins frá aðilunum.

4. Skrifstofan skal gera upplýsingarnar, sem henni berast skv. 3. mgr. hér að framan, aðgengilegar öllum aðilunum.

5. gr.
Miðlun upplýsinga og tækni.

Aðilar skulu, í samræmi við eigin lög, reglur og venjur, skapa hagstæð skilyrði til að auðvelda miðlun á upplýsingum og tækni, sem er ætlað að draga úr myndun og útstreymi þrávirkra lífrænna efna, og þróa hagkvæm staðgengilsefni með því að efla, meðal annars:

(a) tengsl og samvinnu milli viðeigandi stofnana og einstaklinga í einkarekstri og á vegum hins opinbera, sem geta látið í té tæknilausnir, hönnunar- og verkfræðiþjónustu, búnað eða fjármagn;
(b) miðlun og aðgang að upplýsingum um þróun og notkun staðgengilsefna þrávirkra lífrænna efna, sem og um mat á þeirri áhættu sem heilsu manna og umhverfinu kann að stafa af slíkum staðgengilsefnum, svo og upplýsingar um fjárhagslegan og félagslegan kostnað slíkra staðgengilsefna;
(c) samantekt og reglubundna uppfærslu lista

(v) Adequate precautions are taken to ensure that the emissions to the environment are minimized; and
(vi) Upon termination of the exemption, any remaining stocks of the substance are subject to the provisions of article 3, paragraph 1 (b).

3. Each Party shall, no later than ninety days after granting an exemption under paragraph 2 above, provide the secretariat with, as a minimum, the following information:
(a) The chemical name of the substance subject to the exemption;
(b) The purpose for which the exemption has been granted;
(c) The conditions under which the exemption has been granted;
(d) The length of time for which the exemption has been granted;
(e) Those to whom, or the organization to which, the exemption applies; and
(f) For an exemption granted under paragraphs 2 (a) and (c) above, the estimated emissions of the substance as a result of the exemption and an assessment of their contribution to the total emissions of the substance from the Parties.

4. The secretariat shall make available to all Parties the information received under paragraph 3 above.

Article 5
Exchange of Information and Technology

The Parties shall, in a manner consistent with their laws, regulations and practices, create favourable conditions to facilitate the exchange of information and technology designed to reduce the generation and emission of persistent organic pollutants and to develop cost-effective alternatives, by promoting, inter alia:

(a) Contacts and cooperation among appropriate organizations and individuals in the private and public sectors that are capable of providing technology, design and engineering services, equipment or finance;
(b) The exchange of and access to information on the development and use of alternatives to persistent organic pollutants as well as on the evaluation of the risks that such alternatives pose to human health and the environment, and information on the economic and social costs of such alternatives;
(c) The compilation and regular updating of lists

yfir stjórnvöld sem þeir hafa tilnefnt og fást við sams konar verkefni á öðrum alþjóðlegum vettvangi; og
(d) miðlun upplýsinga um starfsemi sem fram fer á öðrum alþjóðlegum vettvangi.

6. gr.
Almenningsvitund.

Aðilar skulu, í samræmi við eigin lög, reglur og venjur, efla miðlun upplýsinga til almennings, þ.m.t. til einstaklinga sem eru beinir notendur þrávirkra lífrænna efna. Þessar upplýsingar gætu meðal annars falið í sér:

(a) upplýsingar, þ.m.t. vörumerkingar, um áhættumat og hættu;
(b) upplýsingar um hvernig draga megi úr áhættu;
(c) upplýsingar sem hvetja til útrýmingar þrávirkra lífrænna efna eða að dregið verði úr notkun þeirra, þ.m.t., þar sem við á, upplýsingar um samþætta skaðvaldsstjórnun og samþætta uppskerustjórnun, og um efnahagsleg og félagsleg áhrif þess að notkun slíkra efna verði hætt eða úr henni dregið; og
(d) upplýsingar um staðgengilsefni þrávirkra lífrænna efna, ásamt mati á þeirri áhættu sem heilsu manna og umhverfinu kann að stafa af slíkum staðgengilsefnum, svo og upplýsingar um efnahagsleg og félagsleg áhrif slíkra staðgengilsefna.

7. gr.
Langtímaáætlanir, stefnumið, áætlanir, aðgerðir og upplýsingar.

1. Eigi síðar en sex mánuðum frá þeim degi sem bókun þessi tekur gildi gagnvart aðila skal sá aðili marka sér stefnu og gera áætlanir til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessari bókun.
2. Sérhver aðili skal:
   (a) hvetja til þess að notaðar séu hagkvæmar, vistvænar stjórnunaraðferðir, þ.m.t. bestu umhverfisvenjur, að því er varðar alla þætti notkunar, framleiðslu, losunar, vinnslu, dreifingar, meðferðar, flutnings og endurvinnslu á efnum sem heyra undir bókun þessa og einnig framleiðsluvörum, blöndum og lausnum sem innihalda slík efni;

   (b) hvetja til þess að hrint verði í framkvæmd öðrum stjórnunaráætlunum til að draga úr

of their designated authorities engaged in similar activities in other international forums;
(d) The exchange of information on activities conducted in other international forums.

Article 6
Public Awareness

The Parties shall, consistent with their laws, regulations and practices, promote the provision of information to the general public, including individuals who are direct users of persistent organic pollutants. This information may include, inter alia:
(a) Information, including labelling, on risk assessment and hazard;
(b) Information on risk reduction;

(c) Information to encourage the elimination of persistent organic pollutants or a reduction in their use, including, where appropriate, information on integrated pest management, integrated crop management and the economic and social impacts of this elimination or reduction; and
(d) Information on alternatives to persistent organic pollutants, as well as an evaluation of the risks that such alternatives pose to human health and the environment, and information on the economic and social impacts of such alternatives.

Article 7
Strategies, Policies, Programmes, Measures and Information

1. Each Party shall, no later than six months after the date on which this Protocol enters into force for it, develop strategies, policies and programmes in order to discharge its obligations under the present Protocol.
2. Each Party shall:
   (a) Encourage the use of economically feasible, environmentally sound management techniques, including best environmental practices, with respect to all aspects of the use, production, release, processing, distribution, handling, transport and reprocessing of substances subject to the present Protocol and manufactured articles, mixtures or solutions containing such substances;
   (b) Encourage the implementation of other management programmes to reduce emis-

útstreymi þrávirkra lífrænna efna, þar á meðal valfrjálsum áætlunum og áætlunum sem byggja á notkun hagstjórnartækja;

(c) huga að frekari stefnumótun og ráðstöfunum, eftir því sem við á miðað við sérstakar aðstæður hjá viðkomandi aðila hverju sinni, t.a.m. ráðstöfunum sem ekki byggja á stjórnvaldsaðgerðum;

(d) grípa til markvissra og efnahagslega hagkvæmra aðgerða til að draga úr magni efna sem heyra undir þessa bókun og eru bundin sem aðskotaefni í öðrum efnum, kemískum vörum eða framleiðsluvörum um leið og staðfest er að um sé að ræða uppsprettur sem falla undir bókun þessa;

(e) taka í áætlunum sínum um mat á efnum tillit til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 1. mgr. ákvörðunar framkvæmdastofnunarinnar nr. 1998/2 varðandi upplýsingar sem ber að veita og aðferðir við að bæta efnum í viðauka I, II eða III, með áorðnum breytingum.

3. Aðilarnir geta gripið til strangari aðgerða en krafist er í bókun þessari.

sions of persistent organic pollutants, including voluntary programmes and the use of economic instruments;

(c) Consider the adoption of additional policies and measures as appropriate in its particular circumstances, which may include non-regulatory approaches;

(d) Make determined efforts that are economically feasible to reduce levels of substances subject to the present Protocol that are contained as contaminants in other substances, chemical products or manufactured articles, as soon as the relevance of the source has been established;

(e) Take into consideration in its programmes for evaluating substances, the characteristics specified in paragraph 1 of Executive Body decision 1998/2 on information to be submitted and procedures for adding substances to annex I, II or III, including any amendments thereto.

3. The Parties may take more stringent measures than those required by the present Protocol.

8. gr.

Rannsóknir, þróun og vöktun.

Aðilar skulu hvetja til rannsókna, þróunar, vöktunar og samvinnu sem varðar en takmarkast ekki við:

(a) útstreymi, flutning um langar leiðir, ákomustig og líkanagerð þar að lútandi, núverandi magn í lífrænu og ólífrænu umhverfi, útfærslu á starfsaðferðum til að samræma viðeigandi aðferðafræði;

(b) flutningsleiðir mengunarefna, svo og tegundir þeirra og styrk í dæmigerðum vistkerfum;

(c) mikilvæg áhrif á heilsu manna og umhverfið og greiningu á umfangi áhrifanna;

(d) bestu fáanlegu tækni og aðferðir, þ.m.t. búskaparhætti, og útstreymistakmarkandi tækjabúnað og aðferðir sem þegar eru í notkun hjá aðilum eða eru í þróun;

(e) aðferðafræði sem gerir kleift að taka tillit til félagslegra og efnahagslegra þátta við mat á þeim aðferðum til útstreymistakmörkunar sem um er að velja;

Article 8

Research, Development and Monitoring

The Parties shall encourage research, development, monitoring and cooperation related, but not limited, to:

(a) Emissions, long-range transport and deposition levels and their modelling, existing levels in the biotic and abiotic environment, the elaboration of procedures for harmonizing relevant methodologies;

(b) Pollutant pathways and inventories in representative ecosystems;

(c) Relevant effects on human health and the environment, including quantification of those effects;

(d) Best available techniques and practices, including agricultural practices, and emission control techniques and practices currently employed by the Parties or under development;

(e) Methodologies permitting consideration of socio-economic factors in the evaluation of alternative control strategies;

(f) nálgun sem byggist á áhrifum mengunar og samþættir viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar sem aflað er skv. a- til e-liðum hér að framan, um mælt eða áætlað magn í umhverfinu, flutningsleiðir og áhrif á heilsu manna og umhverfið í því skyni að móta framtíðaráætlanir um takmörkun útstreymis sem taka einnig tillit til efnahagslegra og tæknilegra þátta;

(g) aðferðir til að áætla útstreymi þrávirkra lífrænna efna á landsvísu og spá fyrir um útstreymi einstakra þrávirkra lífrænna efna í framtíðinni, sem og til að meta hvernig slíkar áætlanir og spár geti nýst við mótun skuldbindinga í framtíðinni;

(h) magn efna sem heyra undir þessa bókun og eru bundin sem aðskotaefni í öðrum efnum, kemískum vörum eða framleiðsluvörum og þýðingu þessa magns fyrir flutning um langar leiðir ásamt aðferðum til að draga úr magni þessara aðskotaefna og enn fremur því magni þrávirkra lífrænna efna sem myndast á líftíma timburs sem meðhöndlað er með pentaklórfenóli.

Rannsóknir á þeim efnum sem líklegast er að gerð verði tillaga um samkvæmt aðferðinni sem lýst er í 6. mgr. 14. gr. ættu að hafa forgang.

(f) An effects-based approach which integrates appropriate information, including information obtained under subparagraphs (a) to (e) above, on measured or modelled environmental levels, pathways, and effects on human health and the environment, for the purpose of formulating future control strategies which also take into account economic and technological factors;

(g) Methods for estimating national emissions and projecting future emissions of individual persistent organic pollutants and for evaluating how such estimates and projections can be used to structure future obligations;

(h) Levels of substances subject to the present Protocol that are contained as contaminants in other substances, chemical products or manufactured articles and the significance of these levels for long-range transport, as well as techniques to reduce levels of these contaminants, and, in addition, levels of persistent organic pollutants generated during the life cycle of timber treated with pentachlorophenol.

Priority should be given to research on substances considered to be the most likely to be submitted under the procedures specified in article 14, paragraph 6.

9. gr.
Skýrslugjöf.

1. Að teknu tilliti til laga um leynd viðskiptaupplýsinga:
   (a) skal hver aðili um sig, fyrir milligöngu framkvæmdastjóra nefndarinnar, gefa skýrslu til framkvæmdastofnunarinnar með reglubundnum hætti, samkvæmt ákvörðun sem tekin hefur verið á fundum aðilanna innan framkvæmdastofnunarinnar, þar sem upplýst er um ráðstafanir sem þeir hafa gert til að efna bókun þessa;
   (b) skal hver aðili um sig innan landfræðilegs umfangs EMEP, fyrir milligöngu framkvæmdastjóra nefndarinnar, gefa skýrslu til EMEP með reglubundnum hætti samkvæmt ákvörðun stjórnarstofnunar EMEP með samþykki aðilanna á fundi framkvæmdastofnunarinnar, þar sem upplýst er um magn útstreymis þrávirkra lífrænna efna, og nota við skýrslugjöfina, að lágmarki, þá aðferðafræði og tíma- og rýmis-

Article 9
Reporting

1. Subject to its laws governing the confidentiality of commercial information:
   (a) Each Party shall report, through the Executive Secretary of the Commission, to the Executive Body, on a periodic basis as determined by the Parties meeting within the Executive Body, information on the measures that it has taken to implement the present Protocol;

   (b) Each Party within the geographical scope of EMEP shall report, through the Executive Secretary of the Commission, to EMEP, on a periodic basis to be determined by the Steering Body of EMEP and approved by the Parties at a session of the Executive Body, information on the levels of emissions of persistent organic pollutants using, as a minimum, the methodologies and the temporal and

upplausn sem tilgreind er af stjórnarstofnun EMEP. Aðilar utan landfræðilegs umfangs EMEP skulu láta framkvæmdastofnuninni í té sams konar upplýsingar sé þess óskað. Hver aðili um sig skal einnig veita upplýsingar um útstreymismagn efna sem talin eru upp í viðauka III fyrir viðmiðunarárið sem tilgreint er í þeim viðauka.

2. Þær upplýsingar sem gefa skal skýrslu um skv. a-lið 1. mgr. hér að framan skulu vera í samræmi við ákvörðun um uppsetningu og innihald sem samþykkt verður af aðilunum á fundi framkvæmdastofnunarinnar. Skilmálar þeirrar ákvörðunar skulu yfirfarnir eftir þörfum í því skyni að greina hvers kyns viðbótarþætti varðandi uppsetningu eða innihald upplýsinganna sem setja á í skýrslurnar.
3. Tímanlega fyrir hvern ársfund framkvæmdastofnunarinnar skal EMEP veita upplýsingar um flutning þrávirkra lífrænna efna um langar leiðir og ákomu þeirra.

10. gr.

Endurskoðun af hálfu aðila á fundum framkvæmdastofnunarinnar.

1. Á fundum framkvæmdastofnunarinnar skulu aðilarnir, skv. a-lið 2. mgr. 10. gr. samningsins, fara yfir þau gögn sem berast frá aðilum, EMEP og öðrum undirstofnunum auk skýrslna framkvæmdanefndarinnar sem vísað er til í 11. gr. bókunar þessarar.

2. Á fundum framkvæmdastofnunarinnar skulu aðilar fylgjast með þeim árangri sem náðst hefur við að uppfylla skuldbindingarnar sem tilgreindar eru í bókun þessari.
3. Á fundum framkvæmdastofnunarinnar skulu aðilar taka til endurskoðunar hvort skuldbindingar þær sem tilgreindar eru í bókun þessari séu fullnægjandi og skilvirkar. Við slíka endurskoðun skal tekið tillit til bestu fáanlegra vísindalegra upplýsinga um áhrif ákomu þrávirkra lífrænna efna, mats á tækniþróun, breytinga á efnahagslegum aðstæðum og hvort skuldbindingar varðandi útstreymismagn séu uppfylltar. Starfshættir, aðferðir og tímasetningar slíkra endurskoðana skulu tilgreind af aðilum á fundi framkvæmdastofnunarinnar. Fyrstu endurskoðun af þessu tagi skal lokið eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku bókunar þessarar.

spatial resolution specified by the Steering Body of EMEP. Parties in areas outside the geographical scope of EMEP shall make available similar information to the Executive Body if requested to do so. Each Party shall also provide information on the levels of emissions of the substances listed in annex III for the reference year specified in that annex.

2. The information to be reported in accordance with paragraph 1 (a) above shall be in conformity with a decision regarding format and content to be adopted by the Parties at a session of the Executive Body. The terms of this decision shall be reviewed as necessary to identify any additional elements regarding the format or the content of the information that is to be included in the reports.
3. In good time before each annual session of the Executive Body, EMEP shall provide information on the long-range transport and deposition of persistent organic pollutants.

Article 10

Reviews by the Parties at Sessions of the Executive Body

1. The Parties shall, at sessions of the Executive Body, pursuant to article 10, paragraph 2 (a), of the Convention, review the information supplied by the Parties, EMEP and other subsidiary bodies, and the reports of the Implementation Committee referred to in article 11 of the present Protocol.
2. The Parties shall, at sessions of the Executive Body, keep under review the progress made towards achieving the obligations set out in the present Protocol.
3. The Parties shall, at sessions of the Executive Body, review the sufficiency and effectiveness of the obligations set out in the present Protocol. Such reviews will take into account the best available scientific information on the effects of the deposition of persistent organic pollutants, assessments of technological developments, changing economic conditions and the fulfilment of the obligations on emission levels. The procedures, methods and timing for such reviews shall be specified by the Parties at a session of the Executive Body. The first such review shall be completed no later than three years after the present Protocol enters into force.

11. gr.
Efndir.

Endurskoða skal reglulega hvernig hverjum aðila um sig hefur tekist að efna skuldbindingar sínar samkvæmt bókun þessari. Framkvæmdanefndin, sem stofnuð var með ákvörðun framkvæmdastofnunarinnar nr. 1997/2 á fimmtánda fundi stofnunarinnar, skal annast endurskoðunina og gefa aðilum á fundi sínum í framkvæmdastofnuninni skýrslu í samræmi við ákvæðin sem er að finna í viðauka við ákvörðunina, með áorðnum breytingum.

12. gr.
Lausn deilumála.

1. Rísi deila milli tveggja eða fleiri aðila varðandi túlkun eða beitingu bókunar þessarar skulu aðilarnir sem í hlut eiga leita lausnar á deilunni með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum aðferðum eftir eigin vali. Aðilar að deilunni skulu tilkynna framkvæmdastofnuninni um deiluna.

2. Aðila að bókun þessari, sem ekki er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, er heimilt, þegar hann fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni, eða hvenær sem er síðar, að senda vörsluaðila skriflega yfirlýsingu um að rísi deila vegna túlkunar eða beitingar bókunarinnar skuldbindi viðkomandi sig til að hlíta annarri eða báðum eftirfarandi leiða til lausnar deilunni, sjálfkrafa og án sérstaks samkomulags, gagnvart aðila sem undirgengst sömu skuldbindingu:
   (a) að vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins;

   (b) að vísa deilunni til gerðardóms samkvæmt starfsreglum, sem aðilar munu samþykkja á fundi sínum í stjórnarstofnuninni svo fljótt sem auðið er, í viðauka um gerðardómsmeðferð.

   Aðila, sem er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, er heimilt að gefa út yfirlýsingu með sambærilegum áhrifum að því er varðar gerðardómsmeðferð samkvæmt aðferðinni sem vísað er til í b-lið hér að framan.
3. Yfirlýsing sem gefin er skv. 2. mgr. hér að framan gildir þar til hún rennur út samkvæmt eigin ákvæðum eða þar til þrír mánuðir eru liðnir frá því að skrifleg yfirlýsing um afturköllun hennar hefur borist vörsluaðila.
4. Ný yfirlýsing, tilkynning um afturköllun eða gildislok yfirlýsingar skulu ekki hafa nein

Article 11
Compliance

Compliance by each Party with its obligations under the present Protocol shall be reviewed regularly. The Implementation Committee established by decision 1997/2 of the Executive Body at its fifteenth session shall carry out such reviews and report to the Parties meeting within the Executive Body in accordance with the terms of the annex to that decision, including any amendments thereto.

Article 12
Settlement of Disputes

1. In the event of a dispute between any two or more Parties concerning the interpretation or application of the present Protocol, the Parties concerned shall seek a settlement of the dispute through negotiation or any other peaceful means of their own choice. The parties to the dispute shall inform the Executive Body of their dispute.
2. When ratifying, accepting, approving or acceding to the present Protocol, or at anytime thereafter, a Party which is not a regional economic integration organization may declare in a written instrument submitted to the Depositary that, in respect of any dispute concerning the interpretation or application of the Protocol, it recognizes one or both of the following means of dispute settlement as compulsory ipso facto and without special agreement, in relation to any Party accepting the same obligation:
   (a) Submission of the dispute to the International Court of Justice;
   (b) Arbitration in accordance with procedures to be adopted by the Parties at a session of the Executive Body, as soon as practicable, in an annex on arbitration.

   A Party which is a regional economic integration organization may make a declaration with like effect in relation to arbitration in accordance with the procedures referred to in subparagraph (b) above.
3. A declaration made under paragraph 2 above shall remain in force until it expires in accordance with its terms or until three months after written notice of its revocation has been deposited with the Depositary.
4. A new declaration, a notice of revocation or the expiry of a declaration shall not in any

áhrif á málaferli fyrir Alþjóðadómstólnum eða gerðardómi nema deiluaðilar séu sammála um annað.

5. Nú líða 12 mánuðir frá þeim degi að aðili tilkynnir öðrum aðila um að deila sé risin milli þeirra og aðilarnir hafa ekki getað leyst deiluna með þeim úrræðum sem tilgreind eru í 1. mgr. hér að framan, og skal þá deilan lögð fyrir sáttanefnd ef ósk kemur fram um slíkt af hálfu einhvers deiluaðila, enda sé málum ekki svo háttað að deiluaðilar hafi orðið ásáttir um sömu leið til lausnar deilum skv. 2. mgr.

6. Sáttanefnd skal stofnuð í tilgangi 5. mgr. Nefndin skal skipuð jöfnum fjölda nefndarmanna sem tilnefndir eru af hverjum málsaðila eða, ef aðilarnir að sáttargerðinni eiga sömu hagsmuna að gæta, úr hópi þeirra aðila sem eiga sameiginlega hagsmuni, og formanni sem valinn er sameiginlega af nefndarmönnunum sem þannig hafa verið skipaðir. Nefndin skal skila tillögu að sátt sem aðilarnir skulu ígrunda í góðri trú.

13. gr.
Viðaukar.

Viðaukar við bókun þessa eru óaðskiljanlegur hluti hennar. Viðaukar V og VII eru í formi tilmæla.

14. gr.
Breytingar.

1. Sérhverjum aðila er heimilt að gera tillögu um breytingar á bókun þessari.
2. Breytingartillögur skulu lagðar fram skriflega fyrir framkvæmdastjóra nefndarinnar sem sér um að koma þeim áfram til allra aðila. Þeir aðilar sem koma saman á fundi í framkvæmdastofnuninni ræða breytingatillögur sem komið hafa fram á næsta fundi sínum, enda hafi framkvæmdastjórinn dreift tillögunum til aðilanna að minnsta kosti níutíu dögum áður.
3. Breytingar við bókun þessa, sem og við viðauka I, IV, VI og VIII, skulu einróma samþykktar af þeim aðilum sem viðstaddir eru á fundi framkvæmdastofnunarinnar og öðlast þær gildi gagnvart aðilunum sem hafa samþykkt þær á nítugasta degi eftir að tveir þriðju hlutar aðilanna hafa lagt fram skjöl um staðfestingu þeirra hjá vörsluaðila. Breytway affect proceedings pending before the International Court of Justice or the arbitral tribunal, unless the parties to the dispute agree otherwise.

5. Except in a case where the parties to a dispute have accepted the same means of dispute settlement under paragraph 2, if after twelve months following notification by one Party to another that a dispute exists between them, the Parties concerned have not been able to settle their dispute through the means mentioned in paragraph 1 above, the dispute shall be submitted, at the request of any of the parties to the dispute, to conciliation.
6. For the purpose of paragraph 5, a conciliation commission shall be created. The commission shall be composed of equal numbers of members appointed by each Party concerned or, where the Parties in conciliation share the same interest, by the group sharing that interest, and a chairperson chosen jointly by the members so appointed. The commission shall render a recommendatory award, which the Parties shall consider in good faith.

Article 13
Annexes

The annexes to the present Protocol shall form an integral part of the Protocol. Annexes V and VII are recommendatory in character.

Article 14
Amendments

1. Any Party may propose amendments to the present Protocol.
2. Proposed amendments shall be submitted in writing to the Executive Secretary of the Commission, who shall communicate them to all Parties. The Parties meeting within the Executive Body shall discuss the proposed amendments at its next session, provided that the proposals have been circulated by the Executive Secretary to the Parties at least ninety days in advance.
3. Amendments to the present Protocol and to annexes I to IV, VI and VIII shall be adopted by consensus of the Parties present at a session of the Executive Body, and shall enter into force for the Parties which have accepted them on the ninetieth day after the date on which two thirds of the Parties have deposited with the Depositary their instru-

ingar öðlast gildi gagnvart sérhverjum öðrum aðila á nítugasta degi frá þeim degi sem viðkomandi aðili afhendir skjal sitt um staðfestingu þeirra.

4. Breytingar á viðaukum V og VII skulu einróma samþykktar af þeim aðilum sem viðstaddir eru á fundi framkvæmdastofnunarinnar. Að níutíu dögum liðnum frá því að framkvæmdastjóri nefndarinnar hefur tilkynnt öllum aðilum um breytingu, öðlast hún gildi gagnvart þeim aðilum sem ekki hafa lagt fram tilkynningu hjá vörsluaðila í samræmi við ákvæði 5. mgr. hér að neðan, enda hafi þá sextán aðilar hið minnsta ekki lagt fram slíka tilkynningu.

5. Aðili sem ekki getur staðfest breytingu á viðauka V eða VII skal tilkynna vörsluaðila skriflega um það innan níutíu daga frá þeim degi sem tilkynningin um samþykkt hennar var gefin út. Vörsluaðili skal tafarlaust tilkynna öllum aðilum um hverja slíka tilkynningu sem berst. Aðili getur hvenær sem er lagt fram staðfestingu í stað fyrri tilkynningar og öðlast þá breytingin á þeim viðauka gildi gagnvart viðkomandi aðila þegar skjal um staðfestingu hefur verið lagt fram hjá vörsluaðila.
6. Ef um er að ræða tillögu um breytingar á viðauka I, II eða III sem fela í sér efnislega viðbót við þessa bókun:
   (a) skal sá aðili sem tillöguna gerir veita framkvæmdastofnuninni þær upplýsingar sem tilgreindar eru í ákvörðun framkvæmdastofnunarinnar nr. 1998/2, með áorðnum breytingum; og
   (b) skulu þá aðilar leggja mat á tillöguna í samræmi við þær starfsreglur sem settar eru fram í ákvörðun framkvæmdastofnunarinnar nr. 1998/2, með áorðnum breytingum.
7. Ákvarðanir um að breyta ákvörðun framkvæmdastofnunar nr. 1998/2 skulu teknar með einróma samþykki aðila á fundi framkvæmdastofnunarinnar og öðlast gildi sextíu dögum eftir dagsetningu þeirra.

15. gr.
Undirritun.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Árósum (Danmörku) 24. og 25. júní 1998 og síðan í höfuðstöðvum Sameinuðu

ments of acceptance thereof. Amendments shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after the date on which that Party has deposited its instrument of acceptance thereof.

4. Amendments to annexes V and VII shall be adopted by consensus of the Parties present at a session of the Executive Body. On the expiry of ninety days from the date of its communication to all Parties by the Executive Secretary of the Commission, an amendment to any such annex shall become effective for those Parties which have not submitted to the Depositary a notification in accordance with the provisions of paragraph 5 below, provided that at least sixteen Parties have not submitted such a notification.
5. Any Party that is unable to approve an amendment to annex V or VII shall so notify the Depositary in writing within ninety days from the date of the communication of its adoption. The Depositary shall without delay notify all Parties of any such notification received. A Party may at any time substitute an acceptance for its previous notification and, upon deposit of an instrument of acceptance with the Depositary, the amendment to such an annex shall become effective for that Party.
6. In the case of a proposal to amend annex I, II, or III by adding a substance to the present Protocol:
   (a) The proposer shall provide the Executive Body with the information specified in Executive Body decision 1998/2, including any amendments thereto; and
   (b) The Parties shall evaluate the proposal in accordance with the procedures set forth in Executive Body decision 1998/2, including any amendments thereto.
7. Any decision to amend Executive Body decision 1998/2 shall be taken by consensus of the Parties meeting within the Executive Body and shall take effect sixty days after the date of adoption.

Article 15
Signature

1. The present Protocol shall be open for signature at Aarhus (Denmark) from 24 to 25 June 1998, then at United Nations Head-

þjóðanna í New York til 21. desember 1998 fyrir ríki sem eiga sæti í nefndinni svo og ríki sem hafa stöðu samráðsaðila hjá nefndinni skv. 8. mgr. ályktunar Efnahags- og félagsmálaráðs nr. 36 (IV) frá 28. mars 1947, sem og fyrir svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu sem stofnað er til af fullvalda ríkjum sem eiga sæti í nefndinni, sem umboð hafa til samningaviðræðna, samningsgerðar og beitingar alþjóðasamninga um málefni sem heyra undir bókun þessa, enda séu viðkomandi ríki og stofnanir aðilar samningsins.

2. Eftir því sem umboð þeirra nær til skulu slíkar svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu, af eigin hálfu, neyta þeirra réttinda og uppfylla þær skyldur sem bókun þessi leggur á aðildarríki þeirra. Í slíkum tilfellum er aðildarríkjum þessara stofnana ekki heimilt að neyta slíkra réttinda hverju um sig.

16. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Bókun þessi er háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þeirra er undirrita hana.

2. Ríkjum og stofnunum sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 15. gr. skal heimilt að gerast aðilar að bókun þessari frá og með 21. desember 1998.

17. gr.
Vörsluaðili.

Öll skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki og aðild skulu lögð inn hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem gegnir hlutverki vörsluaðila.

18. gr.
Gildistaka.

1. Bókun þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir að sextánda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur borist vörsluaðila.

2. Gagnvart sérhverju ríki eða stofnun sem vísað er til í 1. mgr. 15. gr., sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að sextánda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent, skal bókunin öðlast

quarters in New York until 21 December 1998, by States members of the Commission as well as States having consultative status with the Commission pursuant to paragraph 8 of Economic and Social Council resolution 36 (IV) of 28 March 1947, and by regional economic integration organizations, constituted by sovereign States members of the Commission, which have competence in respect of the negotiation, conclusion and application of international agreements in matters covered by the Protocol, provided that the States and organizations concerned are Parties to the Convention.

2. In matters within their competence, such regional economic integration organizations shall, on their own behalf, exercise the rights and fulfil the responsibilities which the present Protocol attributes to their member States. In such cases, the member States of these organizations shall not be entitled to exercise such rights individually.

Article 16
Ratification, Acceptance, Approval and Accession

1. The present Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval by Signatories.
2. The present Protocol shall be open for accession as from 21 December 1998 by the States and organizations that meet the requirements of article 15, paragraph 1.

Article 17
Depositary

The instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who will perform the functions of Depositary.

Article 18
Entry into Force

1. The present Protocol shall enter into force on the ninetieth day following the date on which the sixteenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession has been deposited with the Depositary.
2. For each State and organization referred to in article 15, paragraph 1, which ratifies, accepts or approves the present Protocol or accedes thereto after the deposit of the sixteenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Protocol shall

gildi á nítugasta degi eftir að sá aðili hefur afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

19. gr.
Uppsögn.

Hvenær sem er eftir að fimm ár eru liðin frá því að bókun þessi öðlaðist gildi gagnvart aðila er þeim aðila heimilt að segja henni upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila. Uppsögn öðlast gildi á nítugasta degi frá því að hún berst vörsluaðila, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í tilkynningunni.

20. gr.
Gildir textar.

Frumriti bókunar þessarar skal koma til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og eru enski, franski, og rússneski textinn jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Árósum (Danmörku), 24. júní 1998.

enter into force on the ninetieth day following the date of deposit by such Party of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 19
Withdrawal

At any time after five years from the date on which the present Protocol has come into force with respect to a Party, that Party may withdraw from it by giving written notification to the Depositary. Any such withdrawal shall take effect on the ninetieth day following the date of its receipt by the Depositary, or on such later date as may be specified in the notification of the withdrawal.

Article 20
Authentic Texts

The original of the present Protocol, of which the English, French and Russian texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed the present Protocol.

Done at Aarhus (Denmark), this twenty-fourth day of June, one thousand nine hundred and ninety-eight.

VIÐAUKI I
Efni sem skulu framvegis ekki framleidd eða notuð.

Ef ekki er annað tekið fram í bókun þessari á viðauki þessi ekki við um neðangreind efni, komi þau fyrir:
(i) sem aðskotaefni í framleiðsluvörum; eða
(ii) í hlutum sem framleiddir hafa verið eða eru í notkun fyrir þann tíma sem bókunin kemur til framkvæmda; eða
(iii) sem staðbundin milliefni í framleiðslu eins eða fleiri mismunandi efna og verði því fyrir efnabreytingum.

Sérhver skuldbinding hér að neðan tekur gildi þann dag sem bókunin gengur í gildi, nema annað sé tekið fram.

ANNEX I
Substances scheduled for Elimination

Unless otherwise specified in the present Protocol, this annex shall not apply to the substances listed below when they occur:
(i) as contaminants in products; or
(ii) in articles manufactured or in use by the implementation date; or
(iii) as site-limited chemical intermediates in the manufacture of one or more different substances and are thus chemically transformed.

Unless otherwise specified, each obligation below is effective upon the date of entry into force of the Protocol.

Efni	Kröfur um framkvæmd	
	Stöðvun	Skilyrði
Aldrín Cas: 309-00-2	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin
Klórdan CAS: 57-74-9	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin
Klórdekón CAS: 143-50-0	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin
DDT CAS: 50-29-3	Framleiðslu	1. Stöðvun framleiðslu innan árs frá einróma samþykki aðila um að til séu hentug staðgengilsefni DDT til verndar heilsu almennings gegn sjúkdómum svo sem malaríu og heilabólgu. 2. Með það fyrir augum að stöðva framleiðslu DDT sem fyrst, skulu aðilar, eigi síðar en einu ári frá gildistöku bókunar þessarar og með reglubundnum hætti þar á eftir, eftir því sem þurfa þykir, og í samráði við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, Matvæla- og landbúnaðarstofnunina og Umhverfisstofnun Sþ, kanna hvort fyrir hendi séu hagkvæm staðgengilsefni og, eftir því sem við á, efla söluhæfi öruggari og efnahagslega raunhæfra staðgengilsefna DDT.
	Notkunar	Engin, utan þeirra sem tilgreind eru í viðauka II.
Díeldrín CAS: 60-51-1	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin
Endrín CAS: 72-20-8	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin
Heptaklór CAS: 76-44-8	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin, nema til notkunar af viðurkenndum aðilum til að sporna gegn eldmaurum í lokuðum raftengikössum sem notaðir eru í tengslum við atvinnurekstur. Slíka notkun skal endurskoða skv. bókun þessari eigi síðar en tveimur árum eftir að hún öðlast gildi.
Hexabrómbífenýl CAS: 36355-01-8	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin
Hexaklórbensen CAS: 118-74-1	Framleiðslu	Engin, nema til framleiðslu í afmörkuðum tilgangi sem tilgreindur er í yfirlýsingu sem lögð er fram af landi sem er á efnahagslegu breytingarskeiði við undirritun eða aðild.
	Notkunar	Engin, nema til afmarkaðrar notkunar sem tilgreind er í yfirlýsingu sem lögð er fram af landi sem er á efnahagslegu breytingarskeiði við undirritun eða aðild.
Mírex CAS: 2385-85-5	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin
PCB[a/]	Framleiðslu	Engin, nema hjá löndum sem eru á efnahagslegu breytingarskeiði, en þau skulu stöðva framleiðslu eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 31. desember 2005 og gefa um þá ætlan sína yfirlýsingu, sem skal lögð fram ásamt skjali þeirra um fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild.
	Notkunar	Engin, utan þeirra sem tilgreind eru í viðauka II.
Toxafen CAS: 8001-35-2	Framleiðslu	Engin
	Notkunar	Engin

a/ Aðilar samþykkja að endurmeta, innan ramma bókunarinnar, fyrir 31. desember 2004, framleiðslu og notkun fjölklóraðs terfenýls og „ugilecs".

Substance	Implementation requirements	
	Elimination of	Conditions
Aldrin CAS: 309-00-2	Production	None
	Use	None
Chlordane CAS: 57-74-9	Production	None
	Use	None
Chlordecone CAS: 143-50-0	Production	None
	Use	None
DDT CAS: 50-29-3	Production	1. Eliminate production within one year of consensus by the Parties that suitable alternatives to DDT are available for public health protection from diseases such as malaria and encephalitis. 2. With a view to eliminating the production of DDT at the earliest opportunity, the Parties shall, no later than one year after the date of entry into force of the present Protocol and periodically thereafter as necessary, and in consultation with the World Health Organization, the Food and Agriculture Organization of the United Nations and the United Nations Environment Programme, review the availability and feasibility of alternatives and, as appropriate, promote the commercialization of safer and economically viable alternatives to DDT.
	Use	None, except as identified in annex II.
Dieldrin CAS: 60-57-1	Production	None
	Use	None
Endrin CAS: 72-20-8	Production	None
	Use	None
Heptachlor CAS: 76-44-8	Production	None
	Use	None, except for use by certified personnel for the control of fire ants in closed industrial electrical junction boxes. Such use shall be re-evaluated under this Protocol no later than two years after the date of entry into force.
Hexabromobiphenyl CAS: 36355-01-8	Production	None
	Use	None
Hexachlorobenzene CAS: 118-74-1	Production	None, except for production for a limited purpose as specified in a statement deposited by a country with an economy in transition upon signature or accession.
	Use	None, except for a limited use as specified in a statement deposited by a country with an economy in transition upon signature or accession.
Mirex CAS: 2385-85-5	Production	None
	Use	None
PCB a/	Production	None, except for countries with economies in transition which shall eliminate production as soon as possible and no later than 31 December 2005 and which state in a declaration to be deposited together with their instrument of ratification, acceptance, approval or accession, their intention to do so.
	Use	None, except as identified in annex II.
Toxaphene CAS: 8001-35-2	Production	None
	Use	None

a/ The Parties agree to reassess under the Protocol by 31 December 2004 the production and use of polychlorinated terphenyls and "ugilec".

VIÐAUKI II
Efni sem takmarka skal notkun á.

Ef annað er ekki tekið fram í bókun þessari á viðauki þessi ekki við um neðangreind efni, komi þau fyrir:
(i) sem aðskotaefni í framleiðsluvörum; eða
(ii) í hlutum sem framleiddir hafa verið eða eru í notkun fyrir þann tíma sem bókunin kemur til framkvæmda; eða
(iii) sem staðbundin milliefni í framleiðslu eins eða fleiri mismunandi efna og verði því fyrir efnabreytingum.

Sérhver skuldbinding hér að neðan tekur gildi þann dag sem bókunin gengur í gildi, nema annað sé tekið fram.

Efni	Kröfur um framkvæmd	
	Takmarkist við notkun	**Skilyrði**
DDT CAS: 50-29-3	1. Til verndar heilsu almennings gegn sjúkdómum svo sem malaríu og heilabólgu. 2. Sem milliefni til framleiðslu díkófóls.	1. Notkun eingöngu leyfð sem hluti af samþættri skaðvaldsstjórnun og þá aðeins að því marki sem nauðsynlegt er og aðeins í eitt ár eftir þann dag sem framleiðsla er stöðvuð í samræmi við viðauka 1. 2. Slíka notkun skal endurmeta eigi síðar en tveimur árum eftir að bókun þessi gengur í gildi.
HCH CAS: 608-73-1	Tæknilegt HCH (þ.e. HCH-ísómerblanda) er eingöngu leyft sem milliefni í efnaframleiðslu. Notkun framleiðsluvara sem innihalda HCH þar sem a.m.k. 99% af HCH-ísómerunum eru á gamma formi (þ.e.a.s. lindan, CAS 58-89-9) er takmörkuð við: 1. Meðhöndlun fræja. 2. Not í jarðvegi með tafarlausri plægingu niður í efsta jarðvegslag. 3. Varnar- og iðnaðarmeðhöndlun fagmanna á viði, timbri og trjábolum. 4. Staðbundna notkun sem skordýraeitur til heilsuverndar og til dýralækninga. 5. Notkun – aðra en úðun – á trjáplöntugræðlinga, notkun í litlum mæli á grasflatir sem og notkun á plöntugræðlinga og skrautjurtir innanhúss og utan. 6. Innanhússnotkun í iðnaði og á heimilum.	Alla takmarkaða notkun lindans skal endurmeta skv. bókun þessari eigi síðar en tveimur árum eftir að hún öðlast gildi.
PCB [a/]	PCB-efni sem eru í notkun þann dag sem bókun þessi gengur í gildi eða eru framleidd allt til 31. desember 2005 í samræmi við fyrirmæli í viðauka I.	Aðilar skulu leggja sérstaka áherslu á aðgerðir sem leiða til: (a) stöðvunar á notkun greinanlegs PCB í búnaði (t.d. straumbreytum, þéttum og öðrum hylkjum sem innihalda afgangsvökva) sem inniheldur PCB í meira magni en 5dm^3

ANNEX II
Substances scheduled for Restrictions on Use

Unless otherwise specified in the present Protocol, this annex shall not apply to the substances listed below when they occur:
(i) as contaminants in products; or
(ii) in articles manufactured or in use by the implementation date; or

(iii) as site-limited chemical intermediates in the manufacture of one or more different substances and are thus chemically transformed.

Unless otherwise specified, each obligation below is effective upon the date of entry into force of the Protocol.

	Implementation requirements	
Substance	**Restricted to uses**	**Conditions**
DDT CAS: 50-29-3	1. For public health protection from diseases such as malaria and encephalitis. 2. As a chemical intermediate to produce Dicofol.	1. Use allowed only as a component of an integrated pest management strategy and only to the extent necessary and only until one year after the date of the elimination of production in accordance with annex I. 2. Such use shall be reassessed no later than two years after the date of entry into force of the present Protocol.
HCH CAS:608-73-1	Technical HCH (i.e. HCH mixed isomers) is restricted to use as an intermediate in chemical manufacturing.	
	Products in which at least 99% of the HCH isomer is in the gamma form (i.e. lindane, CAS: 58-89-9) are restricted to the following uses: Seed treatment. 2. Soil applications directly followed by incorporation into the topsoil surface layer. 3. Professional remedial and industrial treatment of lumber, timber and logs. 4. Public health and veterinary topical insecticide. 5. Non-aerial application to tree seedlings, small-scale lawn use, and indoor and outdoor use for nursery stock and ornamentals. 6. Indoor industrial and residential applications.	All restricted uses of lindane shall be reassessed under the Protocol no later than two years after the date of entry into force.
PCB [a/]	PCBs in use as of the date of entry into force or produced up to 31 December 2005 in accordance with the provisions of annex I.	Parties shall make determined efforts designed to lead to: (a) The elimination of the use of identifiable PCBs in equipment (i.e. transformers, capacitors or other receptacles containing residual liquid stocks) containing PCBs in volumes greater than 5 dm^3 and having a concentration of 0.05%

Efni	Kröfur um framkvæmd	
	Takmarkist við notkun	Skilyrði
		og með hærri styrk PCB en 0,05%, eins skjótt og unnt er, en eigi síðar en 31. desember 2010 eða 31. desember 2015 fyrir lönd sem eru á efnahagslegu breytingarskeiði; (b) vistvænnar eyðingar eða hreinsunar alls vökvakennds PCB sem vitnað er til í a-lið, og annars fljótandi PCB sem innihalda meira en 0,005% PCB sem ekki eru í búnaði, eins skjótt og unnt er en eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2020 fyrir lönd sem eru á efnahagslegu breytingarskeiði; og (c) vistvænnar hreinsunar eða förgunar búnaðar sem vísað er til í a-lið.

a/ Aðilar samþykkja að endurmeta, innan ramma bókunarinnar, fyrir 31. desember 2004, framleiðslu og notkun fjölklóraðs terfenýls og „ugilecs".

VIÐAUKI III
Efni sem vísað er til í a-lið 5. mgr. 3. gr. og viðmiðunarár skuldbindingarinnar.

Efni	Viðmiðunarár
PAH-efni [a/]	1990 eða annað ár á tímabilinu 1985 til 1995, að báðum árum meðtöldum, sem tilgreint er af aðila við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.
Díoxín/fúranefni [b/]	1990 eða annað ár á tímabilinu 1985 til 1995, að báðum árum meðtöldum, sem tilgreint er af aðila við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.
Hexaklóróbensen	1990 eða annað ár á tímabilinu 1985 til 1995, að báðum árum meðtöldum, sem tilgreint er af aðila við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

a/ Fjölhringja arómatísk kolvetni (PAH efni). Að því er varðar útstreymisskrár skulu eftirfarandi fjögur efni notuð til viðmiðunar: bensó(a)pyrín, bensó(b)flúoranthín, bensó(k)flúoranthín og indenó(1,2,3-cd)pýrín.
b/ Díoxín og fúrön (PCDD/F): Fjölklóruð díbensó-p-díoxín (PCDD) og fjölklóruð díbensófúrön (PCDF) eru þríhringja, arómatísk efnasambönd mynduð af tveimur bensenhringjum, sem tengdir eru með tveimur súrefnisfrumeindum í PCDD og einni súrefnisfrumeind í PCDF, og hægt er að skipta út vetnisfrumeindunum með allt að átta klórfrumeindum.

Substance	Implementation requirements	
	Restricted to uses	Conditions
		PCBs or greater, as soon as possible, but no later than 31 December 2010, or 31 December 2015 for countries with economies in transition; (b) The destruction or decontamination in an environmentally sound manner of all liquid PCBs referred to in subparagraph (a) and other liquid PCBs containing more than 0.005% PCBs not in equipment, as soon as possible, but no later than 31 December 2015, or 31 December 2020 for countries with economies in transition; and (c) The decontamination or disposal of equipment referred to in subparagraph (a) in an environmentally sound manner.

a/ The Parties agree to reassess under the Protocol by 31 December 2004 the production and use of polychlorinated terphenyls and "ugilec".

ANNEX III
Substances referred to in Article 3, Paragraph 5 (a), and the Reference Year for the Obligation

Substance	Reference year
PAHs a/	1990; or an alternative year from 1985 to 1995 inclusive, specified by a Party upon ratification, acceptance, approval or accession.
Dioxins/furans b/	1990; or an alternative year from 1985 to 1995 inclusive, specified by a Party upon ratification, acceptance, approval or accession.
Hexachlorobenzene	1990; or an alternative year from 1985 to 1995 inclusive, specified by a Party upon ratification, acceptance, approval or accession.

a/ Polycyclic aromatic hydrocarbons (PAHs): For the purposes of emission inventories, the following four indicator compounds shall be used: benzo(a)pyrene, benzo(b)fluoranthene, benzo(k)fluoranthene, and indeno(1,2,3-cd)pyrene.
b/ Dioxins and furans (PCDD/F): Polychlorinated dibenzo-p-dioxins (PCDD) and polychlorinated dibenzofurans (PCDF) are tricyclic, aromatic compounds formed by two benzene rings which are connected by two oxygen atoms in PCDD and by one oxygen atom in PCDF and the hydrogen atoms of which may be replaced by up to eight chlorine atoms.

VIÐAUKI IV

Viðmiðunarmörk fyrir PCDD/F frá staðbundnum meginuppsprettum.

I. Inngangur.

1. Skilgreiningu á díoxínum- og fúrönum (PCDD/F) er að finna í viðauka III við bókun þessa.
2. Viðmiðunarmörk eru tilgreind í ng/m^3 eða mg/m^3 við staðalskilyrði (273,15 K, 101,3 kPa og þurrt gas).
3. Viðmiðunarmörk gilda fyrir eðlilega starfsemi, að meðtöldum gangsetningar- og stöðvunarferlum, nema ákveðin viðmiðunarmörk hafi verið skilgreind fyrir þær aðstæður.
4. Sýnataka og greining allra mengunarefna skal fara fram í samræmi við staðla sem settir eru af Staðlasamtökum Evrópu (CEN), Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO) eða í samræmi við samsvarandi bandarískar eða kanadískar viðmiðunaraðferðir. Á meðan beðið er eftir þróun staðla hjá CEN og ISO skulu landsstaðlar gilda.
5. Í þeim tilgangi að sannreyna niðurstöður mælinga skal túlkun þeirra, með tilliti til viðmiðunarmarka, einnig taka mið af ónákvæmni mæliaðferðarinnar. Viðmiðunarmörkum skal talið náð ef niðurstaða mælingarinnar, að frádreginni ónákvæmni mælingaraðferðarinnar, er ekki yfir þeim.

6. Útstreymi mismunandi afbrigða PCDD/F er gefið upp í eiturjafngildum (TE, toxic equivalency) í samanburði við 2,3,7,8,-TCDD og er notast við kerfi sem lagt var til af NATO-CCMS (NATO Committee on the Challenges of Modern Society) árið 1988.

II. Viðmiðunarmörk fyrir staðbundnar meginuppsprettur.

7. Eftirfarandi viðmiðunarmörk, sem miða við að styrkur O_2 sé 11% í afgasi, eiga við um brennsluofna sem brenna eftirfarandi gerðum úrgangs:

Heimilisúrgangi (brenna meira en 3 tonnum á klukkustund)
0.1 ng TE/m^3

Úrgangi frá heilbrigðisstofnunum (brenna meira en 1 tonni á klukkustund)
0,5 ng TE/m^3

Hættulegum úrgangi (brenna meira en 1 tonni á klukkustund)
0,2 ng TE/m^3

VIÐAUKI V

Besta fáanlega tækni til að takmarka útstreymi þrávirkra lífrænna efna frá staðbundnum meginuppsprettum.

I. Inngangur.

1. Tilgangur þessa viðauka er að veita aðilum samningsins leiðsögn um val á bestu fáanlegri tækni og gera þeim kleift að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 5. mgr. 3. gr. bókunarinnar.

2. „Besta fáanlega tækni“ (BAT – Best Available Techniques) merkir árangursríkasta og fullkomnasta stig þróunar á starfsemi og aðferðum við framkvæmd hennar sem gefur til kynna hversu hentug ákveðin tækni er til að ákvarða grundvöllinn fyrir viðmiðunarmörkum útstreymis sem miða að því að koma í veg fyrir útstreymi, og þar sem það er ekki hentugt, að draga úr útstreymi og áhrifum þess á umhverfið í heild.
   - „tækni“ tekur bæði til tækninnar sem notuð er sem og hvernig búnaðurinn er hannaður, byggður, honum haldið við, hann starfræktur og tekinn úr notkun;
   - „fáanleg“ tækni merkir tækni sem er þróuð að því marki sem gerir hagnýtingu hennar í viðkomandi atvinnugrein mögulega, við skilyrði sem eru raunhæf út frá hagkvæmni- og tæknisjónarmiðum, að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings, hvort sem tæknin er notuð eða upprunnin innan umráðasvæðis viðkomandi aðila eður ei, svo fremi að hún sé hæfilega aðgengileg rekstraraðila;

ANNEX IV

Limit Values for PCDD/F from Major Stationary Sources

I. Introduction

1. A definition of dioxins and furans (PCDD/F) is provided in annex III to the present Protocol.
2. Limit values are expressed as ng/m^3 or mg/m^3 under standard conditions (273.15 K, 101.3 kPa, and dry gas).
3. Limit values relate to the normal operating situation, including start-up and shutdown procedures, unless specific limit values have been defined for those situations.
4. Sampling and analysis of all pollutants shall be carried out according to the standards laid down by the Comité européen de normalisation (CEN), the International Organization for Standardization (ISO), or the corresponding United States or Canadian reference methods. While awaiting the development of CEN or ISO standards, national standards shall apply.
5. For verification purposes, the interpretation of measurement results in relation to the limit value must also take into account the inaccuracy of the measurement method. A limit value is considered to be met if the result of the measurement, from which the inaccuracy of the measurement method is subtracted, does not exceed it.
6. Emissions of different congeners of PCDD/F are given in toxicity equivalents (TE) in comparison to 2,3,7,8-TCDD using the system proposed by the NATO Committee on the Challenges of Modern Society (NATO-CCMS) in 1988.

II. Limit Values for Major Stationary Sources

7. The following limit values, which refer to 11% O_2 concentration in flue gas, apply to the following incinerator types:

Municipal solid waste (burning more than 3 tonnes per hour)
0.1 ng TE/m^3

Medical solid waste (burning more than 1 tonne per hour)
0.5 ng TE/m^3

Hazardous waste (burning more than 1 tonne per hour)
0.2 ng TE/m^3

ANNEX V

Best Available Techniques to Control Emissions of Persistent Organic Pollutants from Major Stationary Sources

I. Introduction

1. The purpose of this annex is to provide the Parties to the Convention with guidance in identifying best available techniques to allow them to meet the obligations in article 3, paragraph 5, of the Protocol.
2. "Best available techniques" (BAT) means the most effective and advanced stage in the development of activities and their methods of operation which indicate the practical suitability of particular techniques for providing in principle the basis for emission limit values designed to prevent and, where that is not practicable, generally to reduce emissions and their impact on the environment as a whole:
   - "Techniques" includes both the technology used and the way in which the installation is designed, built, maintained, operated and decommissioned;
   - "Available" techniques means those developed on a scale which allows implementation in the relevant industrial sector, under economically and technically viable conditions, taking into consideration the costs and advantages, whether or not the techniques are used or produced inside the territory of the Party in question, as long as they are reasonably accessible to the operator;

– „besta“ merkir skilvirkustu leiðina til að ná fram háu almennu verndarstigi fyrir umhverfið í heild sinni.

Við ákvörðun bestu fáanlegrar tækni ætti að huga sérstaklega að eftirfarandi þáttum, bæði almennt og í einstökum tilfellum, með hliðsjón af líklegum kostnaði og ávinningi einstakra aðgerða og grundvallarreglum um varúð og varnir:

– notkun tækni sem hefur litla úrgangsmyndun í för með sér;
– notkun hættuminni efna;
– að stuðla að endurheimt og endurvinnslu efna sem myndast og eru notuð í vinnsluferlinu, sem og á úrgangi;
– sambærilegum vinnsluferlum, aðstöðu eða rekstraraðferðum sem hafa verið reyndar í atvinnugreinum með góðum árangri;
– tækniframförum og breytingum á vísindalegri þekkingu og skilningi;
– eðli, áhrifum og umfangi útstreymisins sem um er að ræða;
– gangsetningardögum nýrra eða starfandi mannvirkja;
– tímanum sem þarf til að innleiða bestu fáanlegu tækni;
– notkun og eðli hráefna (þ.á m. vatns) sem notuð eru í vinnsluferlinu og orkunýtingu þeirra;
– þörfinni á því að koma í veg fyrir eða lágmarka heildaráhrif útstreymis á umhverfið og áhættuna fyrir það;
– þörfinni á því að koma í veg fyrir slys og lágmarka afleiðingar þeirra fyrir umhverfið.

Hugtakinu „besta fáanlega tækni“ er ekki ætlað að mæla fyrir um tiltekna aðferð eða tækni heldur að taka mið af tæknilegum sérkennum viðkomandi mannvirkis, staðsetningu þess og aðstæðum í umhverfi þess.

3. Upplýsingar varðandi skilvirkni og kostnað við útstreymistakmarkandi aðgerðir eru byggðar á gögnum sem hafa borist og verið yfirfarin af sérstökum vinnuhópi og undirbúningshópi um þrávirk lífræn efni. Tækniaðferðirnar, sem taldar eru upp, eru taldar hafa fest sig í sessi á grundvelli reynslu af notkun þeirra í rekstri, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
4. Reynslan af nýjum verksmiðjum sem nota tækniaðferðir sem halda útstreymi í lágmarki og af endurbótum á starfandi verksmiðjum fer stöðugt vaxandi. Því verður nauðsynlegt að gera reglulegar endurbætur og breytingar á viðaukanum. Bestu fáanlegu tækni (BAT) sem þekkt er fyrir nýjar verksmiðjur má að öllu jöfnu koma við í þeim verksmiðjum sem þegar eru starfræktar, svo fremi að nægur aðlögunartími sé veittur og að tæknin sé löguð að viðkomandi verksmiðju.
5. Í viðaukanum eru taldar upp fjölmargar útstreymistakmarkandi aðgerðir sem spanna vítt svið að því er varðar kostnað og skilvirkni. Val á aðgerðum fyrir hvert einstakt tilvik er háð mörgum þáttum, þar á meðal efnahagslegum aðstæðum, tæknilegri uppbyggingu og afkastagetu, svo og þeim aðgerðum til að takmarka loftmengun sem þegar eru í notkun.
6. Mikilvægustu þrávirku lífrænu efnin sem losuð eru frá staðbundnum uppsprettum eru:
   (a) fjölklóruð díbensó-p-díoxín/fúrön (PCDD/F);
   (b) hexaklórbensen (HCB);
   (c) fjölhringja arómatísk kolvetni (PAH-efni).

Viðeigandi skilgreiningar er að finna í viðauka III við bókun þessa.

II. Staðbundnar meginuppsprettur útstreymis þrávirkra lífrænna efna.

7. PCDD/F eru losuð í varmaferlum, þar sem lífræn efni og klór koma við sögu, sem afleiðing af ófullkomnum bruna eða efnahvörfum. Staðbundnar meginuppsprettur PCDD/F geta verið eftirfarandi:
   (a) brennsla sorps, þar með talin sambrennsla sorps með öðru eldsneyti;
   (b) málmvinnsla við hita, t.d. framleiðsla áls og annarra ójárnkenndra málma, sem og járn- og stálframleiðsla;
   (c) brennslustöðvar sem framleiða orku;
   (d) brennsla í heimahúsum; og
   (e) tiltekin efnaframleiðsluferli sem gefa frá sér milliefni og aukaefni.

- "Best" means most effective in achieving a high general level of protection of the environment as a whole.

In determining the best available techniques, special consideration should be given, generally or in specific cases, to the factors below, bearing in mind the likely costs and benefits of a measure and the principles of precaution and prevention:

- The use of low-waste technology;
- The use of less hazardous substances;
- The furthering of recovery and recycling of substances generated and used in the process and of waste;
- Comparable processes, facilities or methods of operation which have been tried with success on an industrial scale;
- Technological advances and changes in scientific knowledge and understanding;
- The nature, effects and volume of the emissions concerned;
- The commissioning dates for new or existing installations;
- The time needed to introduce the best available technique;
- The consumption and nature of raw materials (including water) used in the process and its energy efficiency;
- The need to prevent or reduce to a minimum the overall impact of the emissions on the environment and the risks to it;
- The need to prevent accidents and to minimize their consequences for the environment.

The concept of best available techniques is not aimed at the prescription of any specific technique or technology, but at taking into account the technical characteristics of the installation concerned, its geographical location and the local environmental conditions.

3. Information regarding the effectiveness and costs of control measures is based on documents received and reviewed by the Task Force and the Preparatory Working Group on POPs. Unless otherwise indicated, the techniques listed are considered to be well established on the basis of operational experience.
4. Experience with new plants incorporating low-emission techniques, as well as with retrofitting of existing plants, is continuously growing. The regular elaboration and amendment of the annex will therefore be necessary. Best available techniques (BAT) identified for new plants can usually be applied to existing plants provided there is an adequate transition period and they are adapted.

5. The annex lists a number of control measures which span a range of costs and efficiencies. The choice of measures for any particular case will depend on a number of factors, including economic circumstances, technological infrastructure and capacity, and any existing air pollution control measures.
6. The most important POPs emitted from stationary sources are:
   (a) Polychlorinated dibenzo-p-dioxins/furans (PCDD/F);
   (b) Hexachlorobenzene (HCB);
   (c) Polycyclic aromatic hydrocarbons (PAHs).

   Relevant definitions are provided in annex III to the present Protocol.

II. Major Stationary Sources of POP Emissions

7. PCDD/F are emitted from thermal processes involving organic matter and chlorine as a result of incomplete combustion or chemical reactions. Major stationary sources of PCDD/F may be as follows:
   (a) Waste incineration, including co-incineration;
   (b) Thermal metallurgical processes, e.g. production of aluminium and other non-ferrous metals, iron and steel;
   (c) Combustion plants providing energy;
   (d) Residential combustion; and
   (e) Specific chemical production processes releasing intermediates and by-products.

8. Staðbundnar meginuppsprettur PAH-efna geta verið eftirfarandi:
   (a) brennsla viðar og kola á heimilum til húsahitunar;
   (b) opnir eldar, svo sem sorpbrennsla, skógareldar og sinubrunar;
   (c) koks- og rafskautaframleiðsla;
   (d) álframleiðsla (með Söderberg-aðferðinni); og
   (e) fúavarnarverksmiðjur, nema þegar um er að ræða aðila þar sem þessi tegund losunar er ekki umtalsverður hluti af heildarlosun PAH-efna (sbr. skilgreiningu í viðauka III).
9. Útstreymi HCB stafar af sams konar varma- og efnaferlum og útstreymi PCDD/F, og HCB myndast með svipuðum hætti. Meginuppsprettur HCB geta verið eftirfarandi:

   (a) sorpbrennslustöðvar, þar með talin sambrennsla sorps með öðru eldsneyti;
   (b) varmauppsprettur í málmiðnaði; og
   (c) notkun klóraðs eldsneytis í brennsluofnum.

III. Almennar leiðir til að takmarka útstreymi þrávirkra lífrænna efna.

10. Til eru ýmsar leiðir til að takmarka eða koma í veg fyrir útstreymi þrávirkra lífrænna efna frá staðbundnum uppsprettum. Meðal annars má skipta út aðföngum sem skipta máli, breyta vinnsluferlum (þ.m.t. viðhaldi og rekstrareftirliti) og endurbæta starfandi verksmiðjur. Eftirfarandi upptalning gefur almenna mynd af tiltækum aðgerðum sem beita má, ýmist einum sér eða saman:

    (a) að skipta út aðföngum sem eru þrávirk lífræn efni eða þar sem bein tengsl eru milli efnanna og útstreymis þrávirkra lífrænna efna frá uppsprettum;
    (b) að beita bestu umhverfisvenjum, s.s. góðum starfsháttum, fyrirbyggjandi viðhaldsáætlunum eða breytingum á vinnsluferlum, t.a.m. í lokuð kerfi, (t.d. í koksverksmiðjum eða með notkun hvarftregra rafskauta til rafgreiningar);
    (c) að breyta hönnun vinnsluferla til að tryggja fullkominn bruna og koma þannig í veg fyrir myndun þrávirkra lífrænna efna með stýringu á breytum á borð við brunahita eða viðverutíma;

    (d) aðferðir til að hreinsa afgas, s.s. með hita- eða hvatabrennslu eða -oxun, rykútfellingu og aðsogi;

    (e) meðhöndlun leifa, úrgangs og seyru, t.d. með hitameðferð eða með því að gera þau hvarftreg.

11. Útstreymismagn sem gefið er upp fyrir hinar mismunandi aðgerðir í töflum 1, 2, 4, 5, 6, 8 og 9 er yfirleitt bundið við einstök tilvik. Tölurnar eða talnabilin lýsa útstreymismagninu sem hundraðshluta af viðmiðunarmörkum útstreymis við notkun hefðbundinna aðferða.
12. Athugun á hagkvæmni má byggja á heildarkostnaði á ári fyrir hverja einingu sem útstreymi minnkar um (að meðtöldum stofn- og rekstrarkostnaði). Kostnað við minnkun á útstreymi þrávirkra lífrænna efna ætti einnig að skoða innan ramma heildarhagstjórnar framleiðsluferlisins, t.d. í ljósi áhrifa útstreymistakmarkandi aðgerða og framleiðslukostnaðar. Í ljósi þess hversu áhrifaþættir eru margir, eru tölur um stofn- og rekstrarkostnað að verulegu leyti bundnar við einstök tilvik.

IV. Tækniaðferðir til að draga úr útstreymi PCDD/F.

A. Sorpbrennsla.

13. Sorpbrennsla tekur til brennslu á heimilisúrgangi, hættulegum úrgangi, úrgangi frá heilbrigðisstofnunum og seyru.
14. Helstu aðgerðir til að draga úr útstreymi PCDD/F frá sorpbrennslustöðvum eru:
    (a) 1. stigs aðgerðir varðandi brenndan úrgang;
    (b) 1. stigs aðgerðir varðandi tæknilega útfærslu ferla;
    (c) aðgerðir til að stýra eðlisfræðilegum breytum í brennsluferlinu og í útblásturslofti (t.d. hitastigi, kælingarhraða, O_2 innihaldi o.s.frv.);
    (d) hreinsun afgass; og
    (e) meðhöndlun leifa hreinsunarferlisins.

8. Major stationary sources of PAH emissions may be as follows:
   (a) Domestic wood and coal heating;
   (b) Open fires such as refuse burning, forest fires and after-crop burning;
   (c) Coke and anode production;
   (d) Aluminium production (via Soederberg process); and
   (e) Wood preservation installations, except for a Party for which this category does not make a significant contribution to its total emissions of PAH (as defined in annex III).
9. Emissions of HCB result from the same type of thermal and chemical processes as those emitting PCDD/F, and HCB is formed by a similar mechanism. Major sources of HCB emissions may be as follows:
   (a) Waste incineration plants, including co-incineration;
   (b) Thermal sources of metallurgical industries; and
   (c) Use of chlorinated fuels in furnace installations.

III. General Approaches to controlling Emissions of POP´s

10. There are several approaches to the control or prevention of POP emissions from stationary sources. These include the replacement of relevant feed materials, process modifications (including maintenance and operational control) and retrofitting existing plants. The following list provides a general indication of available measures, which may be implemented either separately or in combination:
    (a) Replacement of feed materials which are POPs or where there is a direct link between the materials and POP emissions from the source;
    (b) Best environmental practices such as good housekeeping, preventive maintenance programmes, or process changes such as closed systems (for instance in cokeries or use of inert electrodes for electrolysis);
    (c) Modification of process design to ensure complete combustion, thus preventing the formation of persistent organic pollutants, through the control of parameters such as incineration temperature or residence time;
    (d) Methods for flue-gas cleaning such as thermal or catalytic incineration or oxidation, dust precipitation, adsorption;
    (e) Treatment of residuals, wastes and sewage sludge by, for example, thermal treatment or rendering them inert.
11. The emission levels given for different measures in tables 1, 2, 4, 5, 6, 8, and 9 are generally case-specific. The figures or ranges give the emission levels as a percentage of the emission limit values using conventional techniques.
12. Cost-efficient considerations may be based on total costs per year per unit of abatement (including capital and operational costs). POP emission reduction costs should also be considered within the framework of the overall process economics, e.g. the impact of control measures and costs of production. Given the many influencing factors, investment and operating cost figures are highly case-specific.

IV. Control Techiques for the Reduction of PCDD/F Emissions

A. *Waste incineration*

13. Waste incineration includes municipal waste, hazardous waste, medical waste and sewage sludge incineration.
14. The main control measures for PCDD/F emissions from waste incineration facilities are:
    (a) Primary measures regarding incinerated wastes;
    (b) Primary measures regarding process techniques;
    (c) Measures to control physical parameters of the combustion process and waste gases (e.g. temperature stages, cooling rate, O_2 content, etc.);
    (d) Cleaning of the flue gas; and
    (e) Treatment of residuals from the cleaning process.

15. 1. stigs aðgerðir varðandi brenndan úrgang, sem fela í sér stýringu á þeim aðföngum sem fara til brennslu með því að draga úr halógenuðum efnum og setja í þeirra stað efni sem ekki innihalda halógen, eiga ekki við í brennslu á heimilisúrgangi eða hættulegum úrgangi. Áhrifaríkara er að breyta brennsluferlinu og beita 2. stigs aðgerðum til að hreinsa afgas. Stýring aðfanga er hentug 1. stigs aðgerð til að draga úr magni úrgangs og hefur auk þess hugsanlega þau jákvæðu áhrif að leiða til endurvinnslu. Þetta getur leitt óbeint til þess að losun PCDD/F-efna minnkar þar sem dregið er úr magni úrgangs sem brenndur er.
16. Breytingar á tæknilegum útfærslum ferla til að besta brennsluskilyrði eru mikilvægar og áhrifaríkar aðgerðir til að draga úr PCDD/F-útstreymi (venjulega 850°C eða meira, mat á súrefnisinngjöf eftir hitagildi og samsetningu úrgangsins, nægilegur viðverutími – 850°C í u.þ.b. 2 sek. – og nægileg ólga gassins, að komast hjá köldum gassvæðum í brennsluofninum, o.s.frv.). Svifbeðsbrennsluofnar starfa við lægri hita en 850°C með ásættanlegum árangri að því er varðar losun. Fyrir brennsluofna, sem þegar eru í notkun, myndi þetta að jafnaði fela í sér endurhönnun verksmiðju og/eða endurbyggingu – kostur sem kann að vera efnahagslega óframkvæmanlegur í sumum löndum. Lágmarka ber kolefnisinnihald öskunnar.
17. Aðgerðir varðandi afgas. Eftirfarandi aðgerðir geta hugsanlega dregið úr PCDD/F-magni í afgasi á tiltölulega skilvirkan hátt. Endurmyndun (*de novo synthesis*) á sér stað á bilinu 250 til 450°C. Þessar aðgerðir eru forsenda frekari minnkunar til að ná fram æskilegu útstreymisgildi við rörenda:

    (a) að snöggkæla afgas (mjög áhrifaríkt og tiltölulega ódýrt);
    (b) að bæta við hindrunum á borð við tríetanólamín eða tríetýlamín (getur enn fremur dregið úr köfnunarefnisoxíðum), en af öryggisástæðum verður að gæta að hliðarhvörfum;
    (c) að nota ryksöfnunarkerfi við hita milli 800 og 1000°C, t.d. keramiksíur og rykskiljur;

    (d) að nota kerfi sem nota lághita-rafúrhleðslubúnað; og
    (e) að forðast útfellingu svifösku í afgaskerfinu.
18. Aðferðir til afgashreinsunar eru:
    (a) hefðbundin rykhreinsikerfi til að draga úr rykbundnu PCDD/F;
    (b) sérvirk hvötuð afoxun (*SCR–selective catalytic reduction*) eða sérvirk óhvötuð afoxun (*SNCR–selective non-catalytic reduction*);
    (c) aðsog með ávirkum viðarkolum eða koksi í föstum eða vökvakenndum kerfum;
    (d) mismunandi aðsogsaðferðir og bestuð hreinsikerfi með blöndu af ávirkum viðarkolum, hlóðakolum, kalk- og kalksteinslausnum í fastbeðs-, hreyfibeðs- og svifbeðsbrennsluofnum; með því að fóðra pokasíu með þar til gerðu lagi af ávirku koksi má auka söfnunarvirkni pokasíunnar að því er varðar loftkennt PCDD/F;
    (e) H_2O_2 oxun; og
    (f) hvataðar brennsluaðferðir þar sem notaðar eru mismunandi tegundir hvata (t.d. Pt/Al_2O_3 eða kopar-krómíð hvatar með mismunandi örvum til að gera yfirborð stöðugt og draga úr hrörnun hvatanna).
19. Með aðferðunum sem getið er hér að framan má ná útstreymismagni allt niður í 0,1ng TE/m^3 af PCDD/F í afgasinu. Þó verður að gæta þess við notkun kerfa með ávirkum viðarkola- eða koksaðsogsbúnaði eða -síum að útstreymi PCDD/F aukist ekki aftar í ferlinu af völdum kolaryks sem sleppur út. Enn fremur þarf að huga að því að aðsogs- og rykhreinsikerfi sem staðsett eru framar í ferlinu en hvatar (SCR tækni) leiða til PCDD/F-hlaðinna leifa sem þarf að meðhöndla að nýju eða farga á viðeigandi hátt.
20. Mjög flókið er að bera saman ólíkar aðgerðir til að draga úr PCDD/F í afgasi. Samanburðurinn mundi þurfa að ná yfir breitt svið margbreytilegra iðnaðarverksmiðja með ólík afköst og útfærslur. Breytur í kostnaðarútreikningi eru m.a. aðgerðir til þess að draga úr öðrum mengunarefnum, svo sem þungmálmum (rykbundnum eða órykbundnum). Í flestum tilfellum er því ekki hægt að einangra bein tengsl við minnkun á PCDD/F í útstreymi eingöngu.
    Yfirlit yfir fáanleg gögn um hinar ýmsu útstreymistakmarkandi aðgerðir er að finna í töflu 1.

15. The primary measures regarding the incinerated wastes, involving the management of feed material by reducing halogenated substances and replacing them by non-halogenated alternatives, are not appropriate for municipal or hazardous waste incineration. It is more effective to modify the incineration process and install secondary measures for flue-gas cleaning. The management of feed material is a useful primary measure for waste reduction and has the possible added benefit of recycling. This may result in indirect PCDD/F reduction by decreasing the waste amounts to be incinerated.
16. The modification of process techniques to optimize combustion conditions is an important and effective measure for the reduction of PCDD/F emissions (usually 850°C or higher, assessment of oxygen supply depending on the heating value and consistency of the wastes, sufficient residence time – 850°C for ca. 2 sec – and turbulence of the gas, avoidance of cold gas regions in the incinerator, etc.). Fluidized bed incinerators keep a lower temperature than 850°C with adequate emission results. For existing incinerators this would normally involve redesigning and/or replacing a plant – an option which may not be economically viable in all countries. The carbon content in ashes should be minimized.
17. Flue gas measures. The following measures are possibilities for lowering reasonably effectively the PCDD/F content in the flue gas. The de novo synthesis takes place at about 250 to 450°C. These measures are a prerequisite for further reductions to achieve the desired levels at the end of the pipe:
    (a) Quenching the flue gases (very effective and relatively inexpensive);
    (b) Adding inhibitors such as triethanolamine or triethylamine (can reduce oxides of nitrogen as well), but side-reactions have to be considered for safety reasons;
    (c) Using dust collection systems for temperatures between 800 and 1000°C, e.g. ceramic filters and cyclones;
    (d) Using low-temperature electric discharge systems; and
    (e) Avoiding fly ash deposition in the flue gas exhaust system.
18. Methods for cleaning the flue gas are:
    (a) Conventional dust precipitators for the reduction of particle-bound PCDD/F;
    (b) Selective catalytic reduction (SCR) or selective non-catalytic reduction (SNCR);
    (c) Adsorption with activated charcoal or coke in fixed or fluidized systems;
    (d) Different types of adsorption methods and optimized scrubbing systems with mixtures of activated charcoal, open hearth coal, lime and limestone solutions in fixed bed, moving bed and fluidized bed reactors. The collection efficiency for gaseous PCDD/F can be improved with the use of a suitable pre-coat layer of activated coke on the surface of a bag filter;
    (e) H_2O_2-oxidation; and
    (f) Catalytic combustion methods using different types of catalysts (i.e. Pt/Al_2O_3 or copper-chromite catalysts with different promoters to stabilize the surface area and to reduce ageing of the catalysts).
19. The methods mentioned above are capable of reaching emission levels of 0.1 ng TE/m^3 PCDD/F in the flue gas. However, in systems using activated charcoal or coke adsorbers/filters care must be taken to ensure that fugitive carbon dust does not increase PCDD/F emissions downstream. Also, it should be noted that adsorbers and dedusting installations prior to catalysts (SCR technique) yield PCDD/F-laden residues, which need to be reprocessed or require proper disposal.

20. A comparison between the different measures to reduce PCDD/F in flue gas is very complex. The resulting matrix includes a wide range of industrial plants with different capacities and configuration. Cost parameters include the reduction measures for minimizing other pollutants as well, such as heavy metals (particle-bound or not particle-bound). A direct relation for the reduction in PCDD/F emissions alone cannot, therefore, be isolated in most cases.
    A summary of the available data for the various control measures is given in table 1.

Tafla 1: Samanburður á mismunandi aðferðum við hreinsun afgass og breytingar á ferlum í sorpbrennslustöðvum til að draga úr útstreymi PCDD/F.

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útblásturs (%) [a/]	Áætlaður kostnaður	Áhætta
1. stigs aðgerðir með breytingum á aðföngum: – útilokun forefna og aðfanga sem innihalda klór; og – stjórnun úrgangsflæðis.	Afleiddur útblástur ekki magngreindur; virðist ekki línulega háður magni aðfanga.		Forflokkun aðfanga ekki skilvirk; aðeins hægt að safna hluta; ekki hægt að koma í veg fyrir önnur efni sem innihalda klór, t.d. matarsalt, pappír o.s.frv. Ekki æskilegt fyrir hættulegan efnaúrgang. Gagnleg 1. stigs aðgerð og framkvæmanleg í sérstökum tilfellum (t.d. varðandi úrgangsolíu, rafbúnaðarhluti o.s.frv.) með þeim hugsanlega viðbótarkosti að endurnýta efnin.
Breytingar á tæknilegum útfærslum ferla: – brunaskilyrði bestuð; - komist hjá hitastigi undir 850°C og köldum svæðum í afgasi; – nægilegt súrefnisinnihald, stýring á súrefnisinngjöf háð hitagildi og samsetning aðfanga; og – nægilegur viðverutími og ólga gassins.			Krefst uppfærslu á öllu ferlinu.
Aðgerðir sem tengjast afgasi: Komist hjá útfellingu rykagna með: – sótthreinsibúnaði, bankvélum, hljóðbylgju- eða gufu-sótblásurum.			Gufublástur sóts getur aukið myndunarhraða PCDD/F.
Rykhreinsun, yfirleitt í sorpbrennsluofnum:	< 10	Í meðallagi	Fjarlæging á PCDD/F sem er aðsogað á agnir. Aðferðir við að fjarlægja agnir úr heitum afgasstraumnum eru aðeins notaðar í tilraunastöðvum.
– dúksíur;	1 – 0,1	Hærri	Notist við hitastig < 150°C
– keramiksíur;	Lítil skilvirkni		Notist við 800-1000°C.
– skiljur; og	Lítil skilvirkni	Í meðallagi	

Table 1: Comparison of different flue-gas cleaning measures and process modifications in waste incineration plants to reduce PCDD/F emissions

Management options	Emission level (%)[a/]	Estimated costs	Management risks
Primary measures by modification of feed materials: - Elimination of precursors and chlorine-containing feed material; and - Management of waste streams.	Resulting emission level not quantified; seems not to be linearly dependent on the amount of the feed material.		Pre-sorting of feed material not effective; only parts could be collected; other chlorine-containing material, for instance kitchen salt, paper, etc., cannot be avoided. For hazardous chemical waste this is not desirable. Useful primary measure and feasible in special cases (for instance, waste oils, electrical components, etc.) with the possible added benefit of recycling of the materials.
Modification of process technology: - Optimized combustion conditions; - Avoidance of temperatures below 850°C and cold regions in flue gas; - Sufficient oxygen content; control of oxygen input depending on the heating value and consistency of feed material; and - Sufficient residence time and turbulence.			Retrofitting of the whole process needed.
Flue gas measures: Avoiding particle deposition by: - Soot cleaners, mechanical rappers, sonic or steam soot blowers.			Steam soot blowing can increase PCDD/F formation rates.
Dust removal, generally in waste incinerators:	< 10	Medium	Removal of PCDD/F adsorbed onto particles. Removal methods of particles in hot flue gas streams used only in pilot plants.
- Fabric filters;	1 - 0.1	Higher	Use at temperatures < 150°C.
- Ceramic filters;	Low efficiency		Use at temperatures of 800-1000°C.
- Cyclones; and	Low efficiency	Medium	

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útblásturs (%) [a/]	Áætlaður kostnaður	Áhætta
– rafstöðuútfelling.	Skilvirkni í meðallagi		Notist við 450°C; efling á endurmyndun PCDD/F hugsanleg, hærra útstreymi NO_x, dregur úr möguleikum á endurheimt varma.
Hvötuð oxun.			Notist við 800°-1000°C. Aðskilinn gasfasahreinsibúnaður nauðsynlegur.
Snöggkæling gass.			
Afkastamikill aðsogsbúnaður að viðbættum ávirkum viðarkolaögnum (rafstýrðir spíssar).			
Sérvirk hvötuð afoxun (SCR).		Mikill stofnkostnaður en lágur rekstrar-kostnaður	Dregur úr NO_x ef NH_3 er bætt við; þarf mikið rými, notuðum hvötum og leifum af ávirku kolefni (*AC, activated carbon*) eða koksi úr brúnkolum (*ALC, activated lignite coke*) má farga, framleiðendur geta í flestum tilfellum endurunnið hvata. Ávirkt kolefni og brúnkolakoks má brenna undir ströngu eftirliti.
Mismunandi gerðir votra og þurra aðsogsaðferða með blöndum af ávirkum viðarkolum, hlóðakoksi, kalk- og kalksteinslausnum í fastbeðs-, hreyfibeðs- eða svifbeðsbrennsluofnum:			
– fastbeðsbrennsluofn, aðsog með ávirkum viðarkolum eða hlóðakoksi; og	< 2 (0,1 ng TE/m^3)	Hár stofnkostnaður, rekstrar-kostnaður í meðallagi.	Fjarlæging leifa, mikil rýmisþörf.
– svifbeðsbrennsluofn með beinflæði- eða hringflæði að viðbættum ávirkum koks/kalk- eða kalksteinslausnum og dúksía þar á eftir.	< 10 (0,1 ng TE/m^3)	Lágur stofn-kostnaður, rekstrarkostn-aður í meðallagi	Fjarlæging leifa
Viðbætt H_2O_2.	< 2 - 5 (0,1 ng TE/m^3)	Lágur stofnkostnaður, lágur rekstrar-kostnaður	

a/ Eftirstandandi útstreymi samanborið við rekstur án hreinsunar.

Management options	**Emission level (%)**[a/]	**Estimated costs**	**Management risks**
- Electrostatic precipitation.	Medium efficiency		Use at a temperature of 450°C; promotion of the de novo synthesis of PCDD/F possible, higher NO_x emissions, reduction of heat recovery.
Catalytic oxidation.			Use at temperatures of 800-1000°C. Separate gas phase abatement necessary.
Gas quenching.			
High-performance adsorption unit with added activated charcoal particles (electrodynamic venturi).			
Selective catalytic reduction (SCR).		High investment and low operating costs	NO_x reduction if NH_3 is added; high space demand, spent catalysts and residues of activated carbon (AC) or lignite coke (ALC) may be disposed of, catalysts can be reprocessed by manufacturers in most cases, AC and ALC can be combusted under strictly controlled conditions.
Different types of wet and dry adsorption methods with mixtures of activated charcoal, open-hearth coke, lime and limestone solutions in fixed bed, moving bed and fluidized bed reactors:			
- Fixed bed reactor, adsorption with activated charcoal or open-hearth coke; and	< 2 (0.1 ng TE/m^3)	High investment, medium operating costs	Removal of residuals; high demand of space.
- Entrained flow or circulating fluidized bed reactor with added activated coke/lime or limestone solutions and subsequent fabric filter.	< 10 (0.1 ng TE/m^3)	Low investment, medium operating costs	Removal of residuals.
Addition of H_2O_2.	< 2 - 5 (0.1 ng TE/m^3)	Low investment, low operating costs	

a/ Remaining emission compared to unreduced mode.

21. Brennsluofnar fyrir úrgang frá heilbrigðisstofnunum geta verið meginupptök PCDD/F í mörgum löndum. Viss úrgangur frá heilbrigðisstofnunum, svo sem líkamshlutar, sóttmengaður úrgangur, nálar, blóð, blóðvökvi og frumuhemjandi efni, eru meðhöndluð sem sérstakt form spilliefna en annar úrgangur heilbrigðisstofnana er oft brenndur í lotum á staðnum. Brennsluofnar sem starfræktir eru í lotum geta uppfyllt sömu kröfur varðandi minnkun á PCDD/F og aðrir sorpbrennsluofnar.
22. Aðilar kunna að vilja taka upp þá stefnu að stuðla að brennslu heimilisúrgangs og úrgangs frá heilbrigðisstofnunum í stórum svæðisbundnum brennslustöðvum frekar en í smærri brennslustöðvum. Þannig gæti beiting bestu fáanlegrar tækni orðið hagkvæmari.
23. *Meðhöndlun leifa frá afgashreinsunarferlum.* Ólíkt ösku úr brennsluofnum innihalda þessar leifar tiltölulega mikið magn af þungmálmum, lífrænum mengunarefnum (þar með töldum PCDD/F-efnum), klórsamböndum og brennisteinssamböndum. Gott eftirlit verður því að vera með förgun þeirra. Sérstaklega myndast mikið magn af súrum og menguðum fljótandi úrgangi þegar vothreinsibúnaðar er notaður. Nokkrar sérstakar meðhöndlunaraðferðir eru til, svo sem:
    (a) efnahvatameðhöndlun ryks úr dúksíum við lágan hita og súrefnisskort;

    (b) hreinsun dúksíuryks með 3-R aðferðinni (útdrætti þungmálma með sýrum og eyðing lífrænna efna með brennslu);
    (c) glerjun dúksíuryks;
    (d) frekari aðferðir til fastbindingar; og
    (e) notkun plasmatækni.

B. *Varmaferli í málmiðnaði.*

24. Ákveðin vinnsluferli í málmiðnaði kunna að vera mikilvæg eftirstandandi upptök PCDD/F-útstreymis.
    Þetta eru:
    (a) frumvinnsla í járn- og stáliðnaði (t.d. málmbræðsluofnar, sindurverksmiðjur, járngrýtiskúlugerð);
    (b) endurvinnsla í járn- og stáliðnaði; og
    (c) frum- og endurvinnsluiðnaður annarra ójárnkennda málma (framleiðsla kopars).
    Yfirlit yfir aðgerðir til að takmarka PCDD/F-útstreymi í málmiðnaði er að finna í töflu 2.
25. Með því að beita útstreymistakmarkandi aðgerðum í málmvinnslu- og meðhöndlunarverksmiðjum sem losa PCDD/F er hægt að uppfylla kröfur um að hámarksútstreymisstyrkur sé minni en 0,1 ng TE/m^3 (ef rúmmálsstraumur afgass > 5000 m^3/klst.).

21. Medical waste incinerators may be a major source of PCDD/F in many countries. Specific medical wastes such as human anatomical parts, infected waste, needles, blood, plasma and cytostatica are treated as a special form of hazardous waste, while other medical wastes are frequently incinerated on-site in a batch operation. Incinerators operating with batch systems can meet the same requirements for PCDD/F reduction as other waste incinerators.

22. Parties may wish to consider adopting policies to encourage the incineration of municipal and medical waste in large regional facilities rather than in smaller ones. This approach may make the application of BAT more cost-effective.
23. *The treatment of residuals from the flue-gas cleaning process.* Unlike incinerator ashes, these residuals contain relatively high concentrations of heavy metals, organic pollutants (including PCDD/F), chlorides and sulphides. Their method of disposal, therefore, has to be well controlled. Wet scrubber systems in particular produce large quantities of acidic, contaminated liquid waste. Some special treatment methods exist. They include:
    (a) The catalytic treatment of fabric filter dusts under conditions of low temperatures and lack of oxygen;
    (b) The scrubbing of fabric filter dusts by the 3-R process (extraction of heavy metals by acids and combustion for destruction of organic matter);
    (c) The vitrification of fabric filter dusts;
    (d) Further methods of immobilization; and
    (e) The application of plasma technology.

B. *Thermal processes in the metallurgical industry*

24. Specific processes in the metallurgical industry may be important remaining sources of PCDD/F emissions.
    These are:
    (a) Primary iron and steel industry (e.g. blast furnaces, sinter plants, iron pelletizing);
    (b) Secondary iron and steel industry; and
    (c) Primary and secondary non-ferrous metal industry (production of copper).
    PCDD/F emission control measures for the metallurgical industries are summarized in table 2.
25. Metal production and treatment plants with PCDD/F emissions can meet a maximum emission concentration of 0.1 ng TE/m^3 (if waste gas volume flow > 5000 m^3/h) using control measures.

Tafla 2: Minnkun á útstreymi PCDD/F í málmiðnaði.

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útblásturs (%) [a/]	Áætlaður kostnaður	Áhætta
Sindurverksmiðjur			
1. stigs aðgerðir:			
– bestun á skilvirkni eða umlúkning færibanda sem flytja sindur;		Lágur	Ekki 100% framkvæmanlegt
– endurhringrásun útblásturs, t.d. útstreymislágmörkuð sindrun (*EOS, emission optimized sintering*) til að minnka flæði útblásturs um 35% (minni kostnaður við frekari 2. stigs aðgerðir vegna minna afgasflæðis), vinnslugeta 1 milljón Nm^3/klst;	40	Lágur	
2. stigs aðgerðir:			
– rafstöðuútfelling + sameindasía;	Skilvirkni í meðallagi	Í meðallagi	
– blöndu kalksteins/ávirks kolefnis bætt við;	Mikil skilvirkni (0,1 ng TE/m^3)	Í meðallagi	
Hágæðahreinsibúnaður - starfandi verksmiðja: AIRFINE (Voest Alpine Stahl Linz) síðan 1993 fyrir 600 000 Nm^3/klst.; önnur verksmiðja ráðgerð í Hollandi (Hoogoven) árið 1998.	Mikil skilvirkni minnkun útstreymis niður í 0,2-0,4 ngTE/m^3	Í meðallagi	Ná mætti 0,1ng TE/m^3 með meiri orkuþörf, slíkur búnaður er hvergi starfræktur.
Vinnsla málma annarra en járns (t.d. kopars)			
1. stigs aðgerðir:			
– forflokkun brotamálms, sneitt hjá aðföngum eins og brotamálmi, sem inniheldur plastefni eða PVC, fjarlæging húðar og notkun klórlausra einangrunarefna;		Lágur	
2. stigs aðgerðir:			
– snöggkæling heits afgass;	Mikil skilvirkni	Lágur	
– notkun súrefnis eða súrefnisbætts lofts við brennslu, súrefnisinnspýting inn í Kupel-ofn (til að ná fram fullkomnum bruna og lágmarka magn afgass);	5 - 7 (1,5-2 ng TE/m^3)	Hár	
– fastbeðsbrennsluofn (*fixed bed reactor*) eða loftstraumssvifbeðsbrennsluofn (*fluidized jet stream reactor*) með aðsogun með ávirkum viðarkolum eða hlóðakoksryki;	(0,1 ng TE/m^3)	Hár	
– hvötuð oxun; og	(0,1 ng TE/m^3)	Hár	
– stytting viðverutíma á krítísku hitasvæði afgaskerfisins.			

Table 2: Emission reduction of PCDD/F in the metallurgical industry

Management options	Emission level (%)[a/]	Estimated costs	Management risks
Sinter plants			
Primary measures:			
- Optimization/encapsulation of sinter conveying belts;		Low	Not 100% achievable
- Waste gas recirculation e.g. emission optimized sintering (EOS) reducing waste gas flow by ca. 35% (reduced costs of further secondary measures by the reduced waste gas flow), cap. 1 million Nm^3/h;	40	Low	
Secondary measures:			
- Electrostatic precipitation + molecular sieve;	Medium efficiency	Medium	
- Addition of limestone/activated carbon mixtures;	High efficiency (0.1 ng TE/m^3)	Medium	
- High-performance scrubbers - existing installation: AIRFINE (Voest Alpine Stahl Linz) since 1993 for 600 000 Nm^3/h; second installation planned in the Netherlands (Hoogoven) for 1998.	High efficiency emission reduction to 0.2-0.4 ng TE/m^3	Medium	0.1 ng TE/m^3 could be reached with higher energy demand; no existing installation.
Non-ferrous production (e.g. copper)			
Primary measures:			
- Pre-sorting of scrap, avoidance of feed material like plastics and PVC-contaminated scrap, stripping of coatings and use of chlorine-free insulating materials;		Low	
Secondary measures:			
- Quenching the hot waste gases;	High efficiency	Low	
- Use of oxygen or of oxygen-enriched air in firing, oxygen injection in the shaft kiln (providing complete combustion and minimization of waste gas volume);	5 - 7 (1.5-2 ng TE/m^3)	High	
- Fixed bed reactor or fluidized jet stream reactor by adsorption with activated charcoal or open-hearth coal dust;	(0.1 ng TE/m^3)	High	
- Catalytic oxidation; and	(0.1ng TE/m^3)	High	
- Reduction of residence time in the critical region of temperature in the waste gas system.			

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útblásturs (%) [a/]	Áætlaður kostnaður	Áhætta
Járn- og stálframleiðsla			
1. stigs aðgerðir:			
– hreinsa olíu af brotamálmi áður en honum er hlaðið í framleiðsluker;		Lágur	Nota þarf leysiefni.
– fjarlægja lífræn fylgiefni svo sem olíur, fleyti, feiti, málningu og plastefni úr aðfangahreinsun;		Lágur	
– minnka hátt eðlisrúmmál afgass;		Í meðallagi	
– aðskilja söfnun og meðhöndlun útstreymis frá hleðslu og losun;		Lágur	
2. stigs aðgerðir:			
– aðskilja söfnun og meðhöndlun útstreymis frá hleðslu og losun; og		Lágur	
– nota dúksíu samfara innspýtingu koks.	< 1	Í meðallagi	
Endurvinnsla áls			
1. stigs aðgerðir:			
– forðast notkun halógenaðra efna (hexaklóretans);		Lágur	
– forðast smurolíur sem innihalda klór (t.d. klórað parafín); og		Lágur	
– hreinsa og flokka óhreinan brotamálm, t.d. með hreinsun olíuhúðar af svarfi og þurrkun, aðgreiningu með fellingu/fleytingu og hringiðuaðgreiningu;			
2. stigs aðgerðir:			
– eins þreps eða margþrepa dúksía með aukinni virkni vegna innspýtingar kalksteins/ávirks kolefnis fyrir framan síuna;	< 1 (0,1 ng TE/m^3)	Í meðallagi/mikil	
– lágmörkun og sérflutningur og hreinsun á afgasi með mismunandi mengunarefnum;		Í meðallagi/mikil	
– forðast að rykagnir falli úr afgasinu og stuðla að því að afgasið fari hratt í gegnum krítíska hitastigssvæðið; og		Í meðallagi/mikil	
– bætt formeðferð á brotamálmi úr áltæturum með því að nota aðgreiningaraðferðir með fellingu/fleytingu og hringiðuaðgreiningu til stærðarflokkunar.		Í meðallagi/mikil	

a/ Eftirstandandi útstreymi samanborið við rekstur án hreinsunar.

Management options	Emission level (%)[a/]	Estimated costs	Management risks
Iron and steel production			
Primary measures:			
- Cleaning of the scrap from oil prior to charging of production vessels;		Low	Cleaning solvents have to be used.
- Elimination of organic tramp materials such as oils, emulsions, greases, paint and plastics from feedstock cleaning;		Low	
- Lowering of the specific high waste gas volumes;		Medium	
- Separate collection and treatment of emissions from loading and discharging;		Low	
Secondary measures:			
- Separate collection and treatment of emissions from loading and discharging; and		Low	
- Fabric filter in combination with coke injection.	< 1	Medium	
Secondary aluminium production			
Primary measures:			
- Avoidance of halogenated material (hexachloroethane);		Low	
- Avoidance of chlorine-containing lubricants (for instance chlorinated paraffins); and		Low	
- Clean-up and sorting of dirty scrap charges, e.g. by swarf decoating and drying, swim-sink separation techniques and whirling stream deposition;			
Secondary measures:			
- Single- and multi-stage fabric filter with added activation of limestone/ activated carbon in front of the filter;	< 1 (0.1 ng TE/m^3)	Medium/ high	
- Minimization and separate removal and purification of differently contaminated waste gas flows;		Medium/ high	
- Avoidance of particulate deposition from the waste gas and promotion of rapid passing of the critical temperature range; and		Medium/ high	
- Improved pretreatment of aluminium scrap shredders by using swim-sink separation techniques and grading through whirling stream deposition.		Medium/ high	

a/ Remaining emission compared to unreduced mode.

Sindurverksmiðjur.

26. Mælingar í sindurverksmiðjum í járn- og stáliðnaði hafa yfirleitt leitt í ljós PCDD/F-útstreymi á bilinu 0,4 til 4 ng TE/m^3. Stök mæling við eina verksmiðju án nokkurra ústreymistakmarkandi aðgerða leiddi í ljós 43 ng TE/m^3 útstreymisstyrk.
27. Halógenuð efnasambönd geta valdið myndun PCDD/F ef þau berast til sindurverksmiðja með aðföngum (koksgrús, saltinnihaldi í málmgrýtinu) og í viðbættum, endurnýttum efnum, (t.d. eldhúð (*millscale*): hvítt ryð sem myndast þegar heitar valsaðar stálplötur byrja að kólna), ryki frá gufum úr málmbræðsluofnum, síuryki og eðju sem verður til við meðhöndlun frárennslis). Engu að síður eru – eins og í sorpbrennslu – engin bein sjáanleg tengsl milli klórinnihalds aðfanganna og PCDD/F-útstreymis. Viðeigandi aðgerðir gætu verið að forðast notkun mengaðra afgangsefna og að hreinsa olíu og fitu af eldhúð (*millscale*) áður en hún er sett í sindurverksmiðjuna.
28. Skilvirkustu minnkun á PCDD/F-útstreymi má ná fram með því að tvinna saman ýmsar 2. stigs aðgerðir. Dæmi:
    (a) endurhringrásun afgass dregur verulega úr PCDD/F-útstreymi. Enn fremur minnkar afgasflæðið umtalsvert og þar með kostnaður við uppsetningu hvers konar rörendahreinsikerfa (*end-of-pipe control systems*) til viðbótar;
    (b) uppsetning dúksía (í sumum tilfellum samtvinnað rafstöðuskiljum) eða rafstöðuskilja með innspýtingu blandaðs ávirks kolefnis/hlóðakola/kalksteinsblanda inn í afgasið;
    (c) þróaðar hafa verið hreinsiaðferðir sem fela í sér forkælingu afgass, útskolun með háafkastahreinsun og aðskilnaði með dropaútfellingu. Útstreymi má ná niður í 0,2 til 0,4 ng TE/m^3. Með því að bæta viðeigandi aðsogsefnum við, svo sem brúnkolakoksi/kolagrús, má ná ústreymisstyrknum niður í 0,1 ng TE/m^3.

Frum- og endurvinnsla kopars.

29. Starfandi verksmiðjur til frum- og endurvinnslu kopars geta eftir hreinsun á afgasi náð PCDD/F-útstreymismagni frá fáeinum píkógrömmum til 2 ng TE/m^3. Stakur koparbræðsluofn losaði allt að 29 ng TE/m^3 af PCDD/F áður en gerðar voru endurbætur á mylsnu. Almennt liggur magn PCDD/F-útstreymis frá þessum verksmiðjum á breiðu bili vegna hins mikla munar á hráefnum sem eru notuð í hina ýmsu mylsnu og framleiðsluaðferðum.
30. Almennt eru eftirfarandi aðgerðir hentugar til að draga úr PCDD/F-útstreymi:
    (a) forflokkun brotamálms;
    (b) formeðhöndlun brotamálms, t.d. hreinsun plast- og PVC-húðar, formeðhöndlun úrgangskapla með köldum/vélrænum aðferðum eingöngu;
    (c) snöggkæling heits afgass (með varmanýtingu) til að stytta viðverutíma á krítíska hitastigssvæðinu í afgaskerfinu;
    (d) notkun súrefnis eða súrefnisbætts lofts við brennslu, eða súrefnisinnspýtingu inn í Kupelofn (til að ná fram fullkomnum bruna og lágmarka magn afgass);
    (e) aðsog í fastbeðsbrennsluofni (*fixed bed reactor*) eða loftstraumssvifbeðsbrennsluofni (*fluidized jet stream reactor*) með ávirkum viðarkolum eða hlóðakoksryki;
    (f) hvötuð oxun.

Stálframleiðsla.

31. PCDD/F-útstreymi frá Bessemer stálbræðslum (aðferð þar sem lofti er blásið gegnum bráðið járn til að brenna burt kolefni og annan sora) og frá hvolfbræðsluofnum með heitum loftblæstri, rafbræðsluofnum og ljósbogaofnum til að bræða steypujárn er talsvert minna en 0,1 ngTE/m^3. Útstreymi PCDD/F er meira frá snúningsofnum (bræðsla steypujárns) og ofnum með köldum loftblæstri.
32. Ljósbogaofnar sem notaðir eru við endurvinnslu stáls geta náð útstreymisstyrk sem er minni en 0,1 ngTE/m^3 ef eftirfarandi aðferðum er beitt:
    (a) aðskilinni söfnun útstreymis frá hleðslu og losun;
    (b) notkun dúksíu eða rafstöðuskilju samfara koksinnspýtingu.

Sinter plants

26. Measurements at sinter plants in the iron and steel industry have generally shown PCDD/F emissions in the range of 0.4 to 4 ng TE/m^3. A single measurement at one plant without any control measures showed an emission concentration of 43 ng TE/m^3.
27. Halogenated compounds may result in the formation of PCDD/F if they enter sinter plants in the feed materials (coke breeze, salt content in the ore) and in added recycled material (e.g. millscale, blast furnace top gas dust, filter dusts and sludges from waste water treatment). However, similarly to waste incineration, there is no clear link between the chlorine content of the feed materials and emissions of PCDD/F. An appropriate measure may be the avoidance of contaminated residual material and de-oiling or degreasing of millscale prior to its introduction into the sinter plant.
28. The most effective PCDD/F emission reduction can be achieved using a combination of different secondary measures, as follows:
    (a) Recirculating waste gas significantly reduces PCDD/F emissions. Furthermore, the waste gas flow is reduced significantly, thereby reducing the cost of installing any additional end-of-pipe control systems;
    (b) Installing fabric filters (in combination with electrostatic precipitators in some cases) or electrostatic precipitators with the injection of activated carbon/open-hearth coal/limestone mixtures into the waste gas;
    (c) Scrubbing methods have been developed which include pre-quenching of the waste gas, leaching by high-performance scrubbing and separation by drip deposition. Emissions of 0.2 to 0.4 ng TE/m^3 can be achieved. By adding suitable adsorption agents like lignite coal cokes/coal slack, an emission concentration of 0.1 ng TE/m^3 can be reached.

Primary and secondary production of copper

29. Existing plants for the primary and secondary production of copper can achieve a PCDD/F emission level of a few picograms to 2 ng TE/m^3 after flue-gas cleaning. A single copper shaft furnace emitted up to 29 ng TE/m^3 PCDD/F before optimization of the aggregates. Generally, there is a wide range of PCDD/F emission values from these plants because of the large differences in raw materials used in differing aggregates and processes.
30. Generally, the following measures are suitable for reducing PCDD/F emissions:
    (a) Pre-sorting scrap;
    (b) Pretreating scrap, for example stripping of plastic or PVC coatings, pretreating cable scrap using only cold/mechanical methods;
    (c) Quenching hot waste gases (providing utilization of heat), to reduce residence time in the critical region of temperature in the waste gas system;
    (d) Using oxygen or oxygen-enriched air in firing, or oxygen injection in the shaft kiln (providing complete combustion and minimization of waste gas volume);
    (e) Adsorption in a fixed bed reactor or fluidized jet stream reactor with activated charcoal or open-hearth coal dust; and
    (f) Catalytic oxidation.

Production of steel

31. PCDD/F emissions from converter steelworks for steel production and from hot blast cupola furnaces, electric furnaces and electric arc furnaces for the melting of cast iron are significantly lower than 0.1 ng TE/m^3. Cold-air furnaces and rotary tube furnaces (melting of cast iron) have higher PCDD/F emissions.

32. Electric arc furnaces used in secondary steel production can achieve an emission concentration value of 0.1 ng TE/m^3 if the following measures are used:
    (a) Separate collection of emissions from loading and discharging; and
    (b) Use of a fabric filter or an electrostatic precipitator in combination with coke injection.

33. Aðföng til ljósbogaofna innihalda oft olíur, fleyti eða feiti. Almennar 1. stigs aðgerðir til að draga úr PCDD/F-útstreymi gætu verið flokkun, olíuhreinsun og afhúðun brotamálma, sem kunna að innihalda plast, gúmmí, málningu, litarefni og hjálparefni til hitaherslu (*vulcanizing additives*).

Bræðsluverksmiðjur í endurvinnsluiðnaði áls.

34. PCDD/F-útstreymi frá bræðsluverksmiðjum í endurvinnsluiðnaði áls er á bilinu 0,1 til 14 ng TE/m^3. Þetta magn er háð gerð myslnu, efnunum sem notuð eru og þeim aðferðum sem notaðar eru við afgashreinsun.
35. Í stuttu máli má segja að eins þreps og fjölþrepa dúksíur að viðbættum kalksteini/ávirku kolefni/arinkolum fyrir framan síuna nái útstreymisstyrk í 0,1 ng TE/m^3, með 99% skilvirkni.

36. Huga ætti einnig að eftirfarandi úrræðum:
    (a) að lágmarka og fjarlægja og hreinsa með aðskildum hætti afgasstrauma sem innihalda mismunandi mengunarefni;
    (b) að forðast útfellingu rykagna úr afgasinu;
    (c) að fara hratt í gegnum krítíska hitastigssvæðið;
    (d) að bæta forflokkun brotaáls (álspænis) frá tæturum með aðgreiningu með fellingu/fleytingu og stærðarflokkun með hringiðuaðgreiningu; og
    (e) að bæta forhreinsun brotaáls með hreinsun og þurrkun á olíuhúðuðu svarfi.
37. Kostir (d) og (e) eru mikilvægir vegna þess að ólíklegt er að nútíma flæðislaus bræðslutækni (sem sneiðir hjá flæði halíðsalta) geti unnið þann lággæðabrotamálm, sem hægt er að setja í snúningsofna.
38. Umræður varðandi endurskoðun á fyrri tilmælum um að hætta notkun hexaklóretans í áliðnaði í áföngum eru hafnar innan ramma samningsins um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins.

39. Bráðina má meðhöndla með tækni af hæsta gæðaflokki, t.d. með nitur-/klórblöndum í hlutföllunum milli 9:1 og 8:2, gasinnspýtingarbúnaði fyrir örfína dreifingu og með niturskolun fyrir og eftir og fituleysingu í lofttæmi. Með nitur-/klórblöndum mældist styrkur PCDD/F-útstreymis um það bil 0,03 ng TE/m^3 (samanborið við >1 ng TE/m^3 ef meðhöndlun fór fram með klóri eingöngu). Klór er nauðsynlegt til að fjarlægja magnesíum og önnur óæskileg efni.

C. *Brennsla jarðefnaeldsneytis í kötlum veitustofnana og iðnfyrirtækja.*

40. Við brennslu jarðefnaeldsneytis í kötlum veitustofnana og iðnfyrirtækja (varmageta >50 MW) mun bætt orkunýting og orkusparnaður leiða til minnkunar á losun allra mengunarefna vegna minni eldsneytisþarfa. Þetta mun einnig leiða til minni PCDD/F-losunar. Ekki væri fjárhagslega hagkvæmt að fjarlægja klór úr kolum eða olíu, en þróunin í átt til gaskynntra stöðva mun stuðla að því að PCDD/F-útstreymi frá þessum atvinnuvegi minnki.
41. Ástæða er til að benda á að útstreymi PCDD/F myndi aukast til muna ef úrgangsefnum (seyru, úrgangsolíu, gúmmíúrgangi o.s.frv.) væri bætt í eldsneytið. Brennsla úrgangsefna sem orkugjafa ætti aðeins að fara fram í stöðvum, sem hafa yfir að ráða afgashreinsikerfi sem minnkar magn PCDD/F á mjög skilvirkan hátt (svo sem lýst er í kafla A hér að framan).
42. Beiting tækniaðferða til að draga úr útstreymi á niturоxíðum, brennisteinsdíoxíði og rykögnum úr afgasinu geta einnig minnkað PCDD/F-útstreymi. Skilvirkni PCDD/F-minnkunar verður mismunandi frá einni verksmiðju til annarrar þegar slíkum aðferðum er beitt. Rannsóknir á þróun tækni til að fjarlægja PCDD/F eru í gangi, en þar til slíkar tækniaðferðir standa atvinnuvegunum til boða er ekki hægt að tilgreina bestu fáanlegu tækni sem beinist sérstaklega að því að fjarlægja PCDD/F.

D. *Brennsla á heimilum.*

43. Þáttur búnaðar til brennslu á heimilum í heildarútstreymi á PCDD/F er ekki jafnumtalsverður ef viðurkennt eldsneyti er notað á réttan hátt. Auk þess getur orðið mikill munur á útstreymi milli landssvæða vegna tegundar og gæða eldsneytisins, fjölda brennslustöðva innan tiltekins svæðis og notkunar þeirra.

33. The feedstock to electric arc furnaces often contains oils, emulsions or greases. General primary measures for PCDD/F reduction can be sorting, de-oiling and de-coating of scraps, which may contain plastics, rubber, paints, pigments and vulcanizing additives.

Smelting plants in the secondary aluminium industry

34. PCDD/F emissions from smelting plants in the secondary aluminium industry are in the range of approximately 0.1 to 14 ng TE/m^3. These levels depend on the type of smelting aggregates, materials used and waste gas purification techniques employed.
35. In summary, single- and multi-stage fabric filters with the addition of limestone/activated carbon/open-hearth coal in front of the filter meet the emission concentration of 0.1 ng TE/m^3, with reduction efficiencies of 99%.
36. The following measures can also be considered:
    (a) Minimizing and separately removing and purifying differently contaminated waste gas flows;
    (b) Avoiding waste gas particle deposition;
    (c) Rapidly passing the critical temperature range;
    (d) Improving the pre-sorting of scrap aluminium from shredders by using swim-sink separation techniques and grading through whirling stream deposition; and
    (e) Improving the pre-cleaning of scrap aluminium by swarf decoating and swarf drying.
37. Options (d) and (e) are important because it is unlikely that modern fluxless smelting techniques (which avoid halide salt fluxes) will be able to handle the low-grade scrap that can be used in rotary kilns.
38. Discussions are continuing under the Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-east Atlantic regarding the revision of an earlier recommendation to phase out the use of hexachloroethane in the aluminium industry.
39. The melt can be treated using state-of-the-art technology, for example with nitrogen/chlorine mixtures in the ratio of between 9:1 and 8:2, gas injection equipment for fine dispersion and nitrogen pre- and post-flushing and vacuum degreasing. For nitrogen/chlorine mixtures, a PCDD/F emission concentration of about 0.03 ng TE/m^3 was measured (as compared to values of > 1 ng TE/m^3 for treatment with chlorine only). Chlorine is required for the removal of magnesium and other undesired components.

C. *Combustion of fossil fuels in utility and industrial boilers*

40. In the combustion of fossil fuels in utility and industrial boilers (>50 MW thermal capacity), improved energy efficiency and energy conservation will result in a decline in the emissions of all pollutants because of reduced fuel requirements. This will also result in a reduction in PCDD/F emissions. It would not be cost-effective to remove chlorine from coal or oil, but in any case the trend towards gas-fired stations will help to reduce PCDD/F emissions from this sector.
41. It should be noted that PCDD/F emissions could increase significantly if waste material (sewage sludge, waste oil, rubber wastes, etc.) is added to the fuel. The combustion of wastes for energy supply should be undertaken only in installations using waste gas purification systems with highly efficient PCDD/F reduction (described in section A above).
42. The application of techniques to reduce emissions of nitrogen oxides, sulphur dioxide and particulates from the flue gas can also remove PCDD/F emissions. When using these techniques, PCDD/F removal efficiencies will vary from plant to plant. Research is ongoing to develop PCDD/F removal techniques, but until such techniques are available on an industrial scale, no best available technique is identified for the specific purpose of PCDD/F removal.

D. *Residential combustion*

43. The contribution of residential combustion appliances to total emissions of PCDD/F is less significant when approved fuels are properly used. In addition, large regional differences in emissions can occur due to the type and quality of fuel, geographical appliance density and usage.

44. Heimilisarnar hafa verra útbrunahlutfall kolvetna í eldsneyti og afgasi en stórar brennslustöðvar. Þetta á einkum við ef notað er fast eldsneyti svo sem viður og kol með PCDD/F-útstreymisstyrk á bilinu 0,1 til 0,7 ng TE/m^3.
45. Brennsla umbúðaefnis sem bætt er við fast eldsneyti eykur PCDD/F-útstreymi. Jafnvel þótt það sé bannað í sumum löndum kann brennsla á rusli og umbúðum að eiga sér stað á einkaheimilum. Vegna aukins kostnaðar við sorphreinsun verður að ganga út frá því að heimilissorp sé brennt í brennslubúnaði á heimilum. Notkun viðar að viðbættum umbúðaúrgangi getur leitt til aukningar á PCDD/F-útstreymi úr 0,06 ng TE/m^3 í 8 ng TE/m^3 (miðað við 11% O_2 að rúmmáli). Þessar niðurstöður hafa verið staðfestar með könnunum í ýmsum löndum þar sem allt að 114 ng TE/m^3 (miðað við 13% súrefni að rúmmáli) mældist í afgasi frá brennsluofnum til heimilisnota þar sem úrgangsefnum var brennt.
46. Útstreymi frá búnaði til brennslu í heimahúsum má minnka með því að takmarka aðfangsefni við hágæðaeldsneyti og forðast að brenna úrgang, halógenuð plastefni og önnur efni. Áætlanir um upplýsingamiðlun til almennings sem beinast að kaupendum/notendum búnaðar til brennslu á heimilum geta skilað góðum árangri við að ná þessu markmiði.

E. *Brennslubúnaður fyrir eldivið (<50 MW afkastageta).*

47. Niðurstöður mælinga á viðarbrennsluofnum gefa til kynna að PCDD/F-útstreymi geti verið meira en 1,0 ng TE/m^3 í afgasi, einkum þegar skilyrði til útbruna eru óheppileg og/eða þegar efnin sem eru brennd innihalda meira magn klórefnasambanda en venjulegur ómeðhöndlaður viður. Heildarstyrkur kolefnis í afgasi er vísbending um ófullkominn bruna. Fundist hefur fylgni milli útstreymis kolmónoxíðs, útbrunagæða og PCDD/F-útstreymis. Nokkur dæmi um útstreymisstyrk og útsteymisstuðla fyrir viðarbrennsluofna er að finna í töflu 3.

Tafla 3: Magntengdur útstreymisstyrkur og útstreymisstuðlar fyrir viðarbrennsluofna.

Eldsneyti	Útstreymisstyrkur (ng TE/m^3)	Útstreymis-stuðull (ng TE/kg)	Útstreymis-stuðull (ng/GJ)
Náttúrulegur viður (beyki)	0,02 - 0,10	0,23 - 1,3	12 - 70
Náttúrulegt viðarkurl úr skógi	0,07 - 0,21	0,79 - 2,6	43 - 140
Spónaplötur	0,02 - 0,08	0,29 - 0,9	16 - 50
Úrgangsviður úr þéttbýli	2,7 - 14,4	26 - 173	1400 - 9400
Heimilisúrgangur	114	3230	
Viðarkol	0,03		

48. Samanborið við brennslu eldiviðar, sem ekki er úrgangsviður, leiðir brennsla úrgangsviðar frá þéttbýli (niðurrifstimburs) í hreyfiristum til tiltölulega mikils útstreymis á PCDD/F. 1. stigs aðgerð til að draga úr útstreymi er að forðast notkun meðhöndlaðs úrgangsviðar í viðarbrennsluofnum. Brennsla meðhöndlaðs viðar ætti aðeins að eiga sér stað í brennsluofnum sem eru útbúnir viðeigandi afgashreinsibúnaði til að halda PCDD/F-útstreymi í lágmarki.

44. Domestic fireplaces have a worse burn-out rate for hydrocarbons in fuels and waste gases than large combustion installations. This is especially true if they use solid fuels such as wood and coal, with PCDD/F emission concentrations in the range of 0.1 to 0.7 ng TE/m^3.
45. Burning packing material added to solid fuels increases PCDD/F emissions. Even though it is prohibited in some countries, the burning of rubbish and packing material may occur in private households. Due to increasing disposal charges, it must be recognized that household waste materials are being burned in domestic firing installations. The use of wood with the addition of waste packing material can lead to an increase in PCDD/F emissions from 0.06 ng TE/m^3 (exclusively wood) to 8 ng TE/m^3 (relative to 11% O_2 by volume). These results have been confirmed by investigations in several countries in which up to 114 ng TE/m^3 (with respect to 13% oxygen by volume) was measured in waste gases from residential combustion appliances burning waste materials.
46. The emissions from residential combustion appliances can be reduced by restricting the input materials to good-quality fuel and avoiding the burning of waste, halogenated plastics and other materials. Public information programmes for the purchasers/operators of residential combustion appliances can be effective in achieving this goal.

E. *Firing installations for wood (<50 MW capacity)*

47. Measurement results for wood-firing installations indicate that PCDD/F emissions above 0.1 ng TE/m^3 occur in waste gases especially during unfavourable burn-out conditions and/or when the substances burned have a higher content of chlorinated compounds than normal untreated wood. An indication of poor firing is the total carbon concentration in the waste gas. Correlations have been found between CO emissions, burn-out quality and PCDD/F emissions. Table 3 summarizes some emission concentrations and factors for wood-firing installations.

Table 3: Quantity-related emission concentrations and factors for wood-firing installations

Fuel	Emission concentration (ng TE/m^3)	Emission factor (ng TE/kg)	Emission factor (ng/GJ)
Natural wood (beech tree)	0.02 - 0.10	0.23 - 1.3	12-70
Natural wood chips from forests	0.07 - 0.21	0.79 - 2.6	43-140
Chipboard	0.02 - 0.08	0.29 - 0.9	16-50
Urban waste wood	2.7 - 14.4	26 - 173	1400-9400
Residential waste	114	3230	
Charcoal	0.03		

48. The combustion of urban waste wood (demolition wood) in moving grates leads to relatively high PCDD/F emissions, compared to non-waste wood sources. A primary measure for emission reduction is to avoid the use of treated waste wood in wood-firing installations. Combustion of treated wood should be undertaken only in installations with the appropriate flue-gas cleaning to minimize PCDD/F emissions.

V. Tæknilegar aðferðir til að draga úr útstreymi PAH-efna.

A. *Koksframleiðsla.*

49. Við framleiðslu á koksi losna PAH-efni út í andrúmsloftið aðallega:
(a) þegar ofninn er hlaðinn um hleðsluopin;
(b) þegar leki verður við ofnhurðir, uppstreymisrör og lok á hleðsluopum; og
(c) við tæmingu koksofna og kælingu koksins.

50. Magn bensó(a)pýrens (BaP) er talsvert mismunandi eftir einstökum útstreymisstöðum í koksofnastæðu. Mesta BaP magnið finnst ofan á ofnastæðunni og í næsta nágrenni við hurðir þess.

51. Draga má úr PAH-efnum frá koksframleiðslu með tæknilegum umbótum í starfandi samþættum járn- og stálverksmiðjum. Það gæti haft í för með sér að gömlum koksofnastæðum yrði lokað eða þær leystar af hólmi sem og almennan samdrátt í koksframleiðslu, til dæmis með því að hvetja til aukinnar notkunar hágæðakola við stálframleiðslu.

52. Áætlun til að draga úr PAH-efnum í koksverksmiðjum ætti að fela í sér eftirfarandi tæknilegar aðgerðir:
(a) við hleðslu koksofna:
- að draga úr útstreymi rykagna við hleðslu kola frá kolageymslu í hleðsluvagna;
- að nota lokuð kerfi við flutning kola þegar forhitun kola er beitt;
- að beita afsogi fylligass og frekari meðferð, annaðhvort með því að leiða gasið inn í aðliggjandi ofn eða um safnrás til brennsluofns og síðan í rykhreinsibúnað. Í sumum tilfellum má brenna fylligasið í hleðsluvögnunum, þótt skilvirkni slíkra kerfa sé ekki jafnfullnægjandi frá sjónarmiði umhverfisverndar og öryggis. Mynda þarf nægilegan sogkraft með innspýtingu vatns eða gufu inn í uppstreymisrörin;

(b) koma ber í veg fyrir útstreymi við lok hleðsluopa við koksvinnslu að með því að:
- nota hleðsluopslok með mjög góðri þéttingu;
- þétta lokur hleðsluopa með leir (eða öðru jafnþéttu efni) eftir hverja hleðslu;
- hreinsa lokur og karma hleðsluopa áður en hleðsluopum er lokað;
- halda loftum ofna lausum við kolaleifar;

(c) lokur á uppstreymisrörum þurfa að vera búnar vatnslásum til að koma í veg fyrir gas- og tjörulosun og viðhalda þarf réttri virkni vatnslásanna með því að hreinsa þá reglulega;
(d) vélbúnaður til að stýra hurðum koksofna þarf að vera búinn kerfi til að hreinsa yfirborð þéttinganna á dyrakörmum og ofnhurðum;
(e) hurðir koksofna:
- nota þarf mjög skilvirkar þéttingar (t.d. hleðsluopahurðir með fjaðrabúnaði);
- þéttingar á ofnhurðum og dyrakörmum þarf að hreinsa vandlega við hverja aðgerð;
- hurðir skulu hannaðar á þann hátt að hægt sé að koma fyrir búnaði til að fjarlægja rykagnir með tengingu við rykhreinsibúnað (eftir safnrás) við tæmingu ofnsins;

(f) koksflutningsvélin ætti að vera búin samþættri þekju, föstu röri og föstu gashreinsikerfi (helst dúksíu);
(g) beita skal starfsaðferðum sem fela í sér lágmarkslosun við kælingu koksins, t.d þurri kokskælingu. Taka skal þurra kælingu fram yfir vatnskælingu svo fremi að komið sé í veg fyrir myndun frárennslis með því að nota kerfi með lokaðri vatnshringrás. Draga þarf úr ryki sem myndast þegar þurrkælt koks er meðhöndlað.

53. Koksgerðarferli, sem nefnt hefur verið „endurheimtulaus koksgerð“ losar umtalsvert minna magn af PAH-efnum en hefðbundnari vinnsluaðferðir þar sem hliðarafurðir eru endurheimtar. Þetta stafar af því að ofnarnir eru starfræktir við undirþrýsting og útiloka þess vegna leka út í andrúmsloftið frá ofnhurðum koksofnsins. Við koksvinnslu er hrátt koksofnagasið fjarlægt úr ofnunum með náttúrulegu sogi sem viðheldur undirþrýstingi í ofnunum. Þessir ofnar eru ekki hannaðir til að endur-

V. Control Techniques for the Reduction of PAH Emissions

A. *Coke production*

49. During coke production, PAHs are released into the ambient air mainly:
(a) When the oven is charged through the charging holes;
(b) By leakages from the oven door, the ascension pipes and the charging hole lids; and
(c) During coke pushing and coke cooling.

50. Benzo(a)pyrene (BaP) concentration varies substantially between the individual sources in a coke battery. The highest BaP concentrations are found on the top of the battery and in the immediate vicinity of the doors.

51. PAH from coke production can be reduced by technically improving existing integrated iron and steel plants. This might entail the closure and replacement of old coke batteries and the general reduction in coke production, for instance by injecting high-value coal in steel production.

52. A PAH reduction strategy for coke batteries should include the following technical measures:

(a) Charging the coke ovens:
- Particulate matter emission reduction when charging the coal from the bunker into the charging cars;
- Closed systems for coal transfer when coal pre-heating is used;
- Extraction of filling gases and subsequent treatment, either by passing the gases into the adjacent oven or by passing via a collecting main to an incinerator and a subsequent dedusting device. In some cases the extracted filling gases may be burned on the charging cars, but the environmental performance and safety of these charging-car-based systems is less satisfactory. Sufficient suction should be generated by steam or water injection in the ascension pipes;

(b) Emissions at charging hole lids during coking operation should be avoided by:
- Using charging hole lids with highly efficient sealing;
- Luting the charging hole lids with clay (or equally effective material) after each charging operation;
- Cleaning the charging hole lids and frames before closing the charging hole;
- Keeping oven ceilings free from coal residuals;

(c) Ascension pipe lids should be equipped with water seals to avoid gas and tar emissions, and the proper operation of the seals should be maintained by regular cleaning;

(d) Coke oven machinery for operating the coke oven doors should be equipped with systems for cleaning the seals' surfaces on the oven door frames and oven doors;

(e) Coke oven doors:
- Highly effective seals should be used (e.g. spring-loaded membrane doors);
- Seals on the oven doors and door frames should be cleaned thoroughly at every handling operation;
- Doors should be designed in a manner that allows the installation of particulate matter extraction systems with connection to a dedusting device (via a collecting main) during pushing operations;

(f) The coke transfer machine should be equipped with an integrated hood, stationary duct and stationary gas cleaning system (preferably a fabric filter);

(g) Low-emission procedures should be applied for coke cooling, e.g. dry coke cooling. The replacement of a wet quenching process by dry coke cooling should be preferred, so long as the generation of waste water is avoided by using a closed circulation system. The dusts generated when dry quenched coke is handled should be reduced.

53. A coke-making process referred to as "non-recovery coke-making" emits significantly less PAH than the more conventional by-product recovery process. This is because the ovens operate under negative pressure, thereby eliminating leaks to the atmosphere from the coke oven doors. During coking, the raw coke oven gas is removed from the ovens by a natural draught, which maintains a negative pressure in the ovens. These ovens are not designed to recover the chemical by-prod-

heimta kemískar aukaafurðir úr hráu koksofnagasi. Þess í stað er afgasið frá koksvinnslunni (þ.m.t. PAH-efni) brennt á skilvirkan hátt við háan hita og langan viðverutíma. Afvarminn frá þessari brennslu er notaður til að sjá fyrir orku til koksvinnslunnar og umframvarma má nota til að framleiða gufu. Til að þessi aðferð við koksvinnslu sé hagkvæm kann að þurfa raforkuver til að framleiða rafmagn úr umframgufunni. Sem stendur eru aðeins starfræktar tvær koksverksmiðjur í heiminum sem byggja á þessari aðferð, ein í Bandaríkjunum og ein í Ástralíu. Vinnsluaðferðin felst í grundvallaratriðum í láréttum botnrásarkoksofni án endurheimtar, með einu brennsluhólfi sem liggur að tveimur ofnum. Í kerfinu er gert ráð fyrir hleðslu og koksvinnslu til skiptis í ofnunum tveimur. Þannig sér annar ofninn brennsluhólfinu jafnan fyrir koksgasi á hverjum tíma. Brennsla koksgassins í brennsluhólfinu sér fyrir nauðsynlegum varma. Hönnun brennsluhólfsins tryggir nauðsynlegan viðverutíma (um 1 sekúndu) og háan hita (minnst 900°C).

54. Starfrækja þarf virka vöktunaráætlun fyrir leka frá þéttingum á koksofnhurðum, uppstreymisrörum og hleðsluopslokum. Þetta felur í sér vöktun og skráningu á leka og tafarlausar viðgerðir eða viðhald. Þannig má draga umtalsvert úr dreifðu útstreymi.

55. Umbætur á starfandi koksofnastæðum til að auðvelda þéttingu afgass frá öllum uppsprettum (með endurheimt varma) veldur PAH-minnkun í lofti frá 86% og upp í rúmlega 90% (án tillits til meðhöndlunar á frárennsli). Fjárfestingarkostnað má afskrifa á fimm árum, sé tekið tillit til endurheimtrar orku, upphitaðs vatns, gass til nýmyndunar og sparnaðar á kælivatni.
56. Stækkun koksofna dregur úr heildarfjölda þeirra, tíðni opnunar á ofnhurðum (fjölda tæminga á dag), fjölda þétta í koksofnastæðu og þar með útstreymi PAH-efna. Framleiðni eykst á sama hátt, þar sem kostnaður við rekstur og starfsmannahald lækkar.
57. Kerfi með þurri kokskælingu útheimtir hærri stofnkostnað en votkæliaðferðir. Hægt er að jafna út hærri rekstrarkostnað með því að endurheimta varma með koks-forhitunarkerfi. Orkunýting samtengds þurrkælikerfis/kolaforhitunarkerfis eykst úr 38% í 65%. Forhitun kola eykur framleiðni um 30% sem mætti í raun auka upp í 40% þar sem koksvinnslan verður samfelldari.

58. Allir tankar og mannvirki til að geyma og meðhöndla kolatjöru og kolatjöruafurðir þurfa að vera búnir skilvirkum kerfum til að endurheimta og/eða eyða gufu. Rekstrarkostnað gufueyðingarbúnaðar má minnka með sjálfhitandi eftirbrennsluham sé styrkur kolefnissambanda í afgasinu nægilega mikill.
59. Yfirlit yfir aðferðir til að draga úr útstreymi PAH-efna frá koksverksmiðjum er að finna í töflu 4.

ucts from raw coke oven gas. Instead, the offgases from the coking process (including PAH) are burned efficiently at high temperatures and with long residence times. The waste heat from this incineration is used to provide the energy for coking, and excess heat may be used to generate steam. The economics of this type of coking operation may require a cogeneration unit to produce electricity from the excess steam. Currently there is only one non-recovery coke plant operating in the United States, and one is in operation in Australia. The process is basically a horizontal sole-flue non-recovery coke oven with an incineration chamber adjoining two ovens. The process provides for alternate charging and coking schedules between the two ovens. Thus, one oven is always providing the incineration chamber with coke gases. The coke gas combustion in the incineration chamber provides the necessary heat source. The incineration chamber design provides the necessary dwell time (approximately 1 second) and high temperatures (minimum of 900°C).

54. An effective monitoring programme for leakages from coke oven door seals, ascension pipes and charging hole lids should be operated. This implies the monitoring and recording of leakages and immediate repair or maintenance. A significant reduction of diffuse emissions can thus be achieved.
55. Retrofitting existing coke batteries to facilitate condensation of flue gases from all sources (with heat recovery) results in a PAH reduction of 86% to more than 90% in air (without regard to waste water treatment). Investment costs can be amortized in five years, taking into account recovered energy, heated water, gas for synthesis and saved cooling water.
56. Increasing coke oven volumes results in a decrease in the total number of ovens, oven door openings (amount of pushed ovens per day), number of seals in a coke battery and consequently PAH emissions. Productivity increases in the same way by decreasing operating and personnel costs.
57. Dry coke cooling systems require a higher investment cost than wet methods. Higher operating costs can be compensated for by heat recovery in a process of pre-heating the coke. The energy efficiency of a combined dry coke cooling/coal pre-heating system rises from 38 to 65%. Coal pre-heating boosts productivity by 30%. This can be raised to 40% because the coking process is more homogeneous.
58. All tanks and installations for the storage and treatment of coal tar and coal tar products must be equipped with an efficient vapour recovery return and/or vapour destruction system. The operating costs of vapour destruction systems can be reduced in an autothermal after-burning mode if the concentration of the carbon compounds in the waste is high enough.
59. Table 4 summarizes PAH emission reduction measures in coke production plants.

Tafla 4: Takmörkun á útstreymi PAH-efna frá koksvinnslu.

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útblásturs (%) [a/]	Áætlaður kostnaður	Áhætta
Umbætur á eldri verksmiðjum með þéttingu á losuðu afgasi frá öllum uppsrettum geta falist í eftirfarandi aðgerðum:	Heild <10 (án frárennslis)	Hár	Losun í frárennsli við snöggkælingu með vatni er mjög mikil. Þessa aðferð ætti eingöngu að nota ef vatnið er endurnotað í lokaðri hringrás.
– afsogi og eftirbruna fylligass meðan á hleðslu ofnanna stendur eða flutningi gassins inn í aðliggjandi ofn, að því marki sem unnt er;	5	(Afskriftartími stofn-kostnaðar miðað við endurheimt orku, upphitun vatns, gas til nýmyndunar og sparnað vegna kælivatns, gæti verið 5 ár)	
– útstreymi við lokur hleðsluopa ber að forðast að því marki sem unnt er, t.d. með sérstakri gerð loka fyrir hleðsluop og mjög skilvirkum þéttiaðferðum. Notast skal við hurðir á koksofnum sem búnar eru mjög skilvirkum þéttingum. Hreinsa ber lokur hleðsluopa og karma áður en hleðsluopi er lokað;	< 5		
– afgasi frá tæmingu ofnsins skal safnað og leitt inn í rykhreinsibúnað;	< 5	Hærri stofnkostnaður en við votkælingu (en minni kostnaður með forhitun koksins og notkun afvarma).	
– snöggkælingu með vatni meðan á kokskælingu stendur aðeins ef henni er beitt á réttan hátt án þess að frárennsli myndist.			
Aðferðir sem fela í sér lágmarkslosun við kælingu koksins, t.d. þurr kokskæling.	Engin losun í vatn	Hærri stofnkostnaður en við votkælingu (en minni kostnaður með forhitun koksins og notkun afvarma).	
Aukin notkun stórra ofna til að minnka fjölda opa og yfirborð þéttiflata.	Talsvert	Fjárfesting um 10% hærri en við hefðbundnar verksmiðjur.	Í flestum tilfellum þarf fullkomna endurnýjun eða byggingu nýrrar koksverksmiðju.

a/ Eftirstandandi útstreymi samanborið við rekstur án hreinsunar.

B. *Framleiðsla forskauta.*

60. Taka þarf á útstreymi PAH-efna frá framleiðslu forskauta með svipaðri aðferðafræði og í tilviki koksvinnslu.
61. Notaðar eru eftirfarandi 2. stigs aðgerðir til að draga úr útstreymi á ryki sem inniheldur PAH-efni:
(a) rafstöðuútfelling tjöru;

Table 4: PAH emission control for coke production

Management options	Emission level (%)[a/]	Estimated costs	Management risks
Retrofitting of old plants with condensation of emitted flue gases from all sources includes the following measures:	Total < 10 (without waste water)	High	Emissions to waste water by wet quenching are very high. This method should be applied only if the water is reused in a closed cycle.
- Evacuation and after-burning of the filling gases during charging of ovens or passing the gases into the adjacent oven as far as possible;	5	(Amortization of investment costs, taking into account energy recovery, heated water, gas for synthesis and saved cooling water, may be 5 years.)	
- Emissions at charging hole lids should be avoided as far as possible, e.g. by special hole lid construction and highly effective sealing methods. Coke oven doors with highly effective sealings should be used. Cleaning of charging hole lids and frames before closing the charging hole;	< 5		
- Waste gases from pushing operations should be collected and fed to a dedusting device;	< 5	Higher investment costs than for wet cooling (but lower costs by preheating of coke and use of waste heat.)	
- Quenching during coke cooling by wet methods only if properly applied without waste water.			
Low emission procedures for coke cooling, e.g. dry coke cooling.	No emissions into water	Higher investment costs than for wet cooling (but lower costs by preheating of coke and use of waste heat.)	
Increasing the use of high-volume ovens to lower the number of openings and the surface of sealing areas.	Consid-erable	Investment about 10% higher than conventional plants.	In most cases total retro-fitting or the installation of a new cokery is needed.

a/ Remaining emission compared to unreduced mode.

B. *Anode production*

60. PAH emissions from anode production have to be dealt with in a similar fashion as those from coke production.
61. The following secondary measures for emission reduction of PAH-contaminated dust are used:
(a) Electrostatic tar precipitation;

(b) samtvinna hefðbundna rafstöðutjörusíu og vota rafstöðusíu sem skilvirkari tæknilegar aðgerðir;

(c) eftirbrennsla afgass með varma; og
(d) þurrhreinsun með kalksteini/olíukoksi eða áloxíði (Al_2O_3).

62. Rekstrarkostnað við eftirbrennslu með varma má lækka með sjálfhitandi eftirbrennsluham sé styrkur kolefnissambanda í afgasinu nægilega mikill. Yfirlit yfir aðferðir til að draga úr útstreymi PAH-efna frá forskautaframleiðslu er að finna í töflu 5.

Tafla 5: Takmörkun á útstreymi PAH-efna frá forskautaframleiðslu.

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útblásturs (%) [a/]	Áætlaður kostnaður	Áhætta
Nútímavæðing eldri verksmiðja með því að draga úr dreifðu útstreymi með eftirfarandi aðgerðum: – dregið úr leka; – settir upp sveigjanlegir þéttar í kringum ofnhurðir; – beitt afsogi fylligass og frekari meðferð, annaðhvort með því að leiða gasið inn í aðliggjandi ofn eða um safnrás til brennsluofns og síðan í rykhreinsibúnað á jörðinni; – starfræktur kælibúnaður fyrir koksofna; og – beitt afsogi og hreinsun útstreymis rykagna frá koksi.	3-10	Hár	
Starfandi tæknibúnaður til forskautagerðar í Hollandi:	45-50		Tekinn í notkun í Hollandi 1990. Hreinsun með kalksteini eða olíukoksi er skilvirk aðferð til að draga úr PAH-efnum; vitneskja liggur ekki fyrir varðandi ál.
– nýr brennsluofn með þurrhreinsun (með kalksteini/olíukoksi eða með áli); – endurvinnsla frárennslis í deigeiningu (*paste unit*).			
BAT (besta fáanlega tækni):			
– rafstöðuútfelling ryks; og	2-5		Tjöru þarf að hreinsa reglulega.
– eftirbrennsla með varma.	15	Lægri rekstrar-kostnaður í sjálfhitandi ham.	Starfræksla í sjálfhitandi ham aðeins ef magn PAH-efna í afgasinu er mikið.

a/ Eftirstandandi útstreymi samanborið við rekstur án hreinsunar.

(b) Combination of a conventional electrostatic tar filter with a wet electrostatic filter as a more efficient technical measure;
(c) Thermal after-burning of the waste gases; and
(d) Dry scrubbing with limestone/petroleum coke or aluminum oxide (Al_2O_3).

62. The operating costs in thermal after-burning can be reduced in an autothermal after-burning mode if the concentration of carbon compounds in the waste gas is high enough. Table 5 summarizes PAH emission control measures for anode production.

Table 5: PAH emission control for anode production

Management options	Emission level (%)[a/]	Estimated costs	Management risks
Modernization of old plants by reducing diffuse emissions with the following measures: - Reduction of leakages; - Installation of flexible sealants at the oven doors; - Evacuation of filling gases and subsequent treatment, either by passing the gases into the adjacent oven or by passing the gases via a collecting main to an incinerator and a subsequent dedusting device on the ground; - Operating and coke oven cooling systems; and - Evacuation and purification of particulate emissions from coke.	3-10	High	
Established technologies for anode production in the Netherlands: - New kiln with dry scrubber (with limestone/petroleum cokes or with aluminium) - Effluent recycling in paste unit.	45-50		Implemented in the Nether-lands in 1990. Scrubbing with limestone or petroleum cokes is effective for reducing PAH; with aluminium not known.
BAT:			
- Electrostatic dust precipitation; and	2-5		Regular cleaning of tar is needed.
- Thermal after-burning.	15	Lower operating costs in an auto-thermal mode.	Operating in autothermal mode only if the concentration of PAH in the waste gas is high.

a/ Remaining emission compared to unreduced mode.

C. *Áliðnaður.*

63. Ál er framleitt úr áloxíði (Al_2O_3) með rafgreiningu í kerjum (einingum) sem eru raðtengd. Ker eru flokkuð sem forbökuð ker eða Söderberg-ker, eftir gerð rafskautsins.

64. Forbökuð ker hafa rafskaut sem gerð eru úr bökuðum kolefnisblokkum sem eru endurnýjaðar eftir brennslu að hluta. Söderberg-rafskaut eru brennd í kerjunum með blöndu af olíukoksi og kolatjörubiki sem virkar sem bindiefni.
65. Með Söderberg-aðferðinni losnar mjög mikið af PAH-efnum. 1. stigs aðgerðir til úrbóta á þessu eru meðal annars að starfandi verksmiðjur séu færðar í nútímalegt horf og vinnsluferlar endurbættir. Þannig er hægt að draga úr útstreymi PAH-efna um 70-90%. Hægt væri að ná útstreymismagni í 0,015 kg B(a)P/tonn Al. Að skipta Söderberg-kerjum út fyrir forbökuð ker myndi kalla á meiri háttar endurbyggingu á núverandi ferlum, en myndi næstum því útrýma útstreymi PAH-efna. Stofnkostnaður slíkra breytinga er mjög hár.
66. Yfirlit yfir aðferðir til að draga úr útstreymi PAH-efna við álframleiðslu er að finna í töflu 6.

Tafla 6: Takmörkun á útstreymi PAH-efna við álframleiðslu þar sem notuð er Söderberg-aðferðin.

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útblásturs (%) [a/]	Áætlaður kostnaður	Áhætta
Skipta út Söderberg-rafskautum með:	3-30	Hærri kostnaður vegna rafskauta um USD 800 milljónir	Söderberg-rafskaut eru ódýrari en forbökuð því ekki er þörf á rafskautabökunarstöðvum.
– forbökuðum rafskautum (forðast bikbindiefni);			Rannsóknir eru í gangi, en væntingar litlar.
– óhvarfgjörnum rafskautum.			Skilvirkur rekstur og vöktun útstreymis eru nauðsynlegir þættir við takmörkun á útstreymi. Léleg skilvirkni gæti valdið umtalsverðu, dreifðu útstreymi.
Lokuð forbökuð kerfi með punktmötun á súráli og virkri stýringu á framleiðsluferli, þekjur sem hylja allt kerið og gera skilvirka söfnun loftmengunarefna mögulega.	1-5		
Söderberg-ker með lóðrétta tengibolta og söfnunarkerfi fyrir afgas.	> 10	Umbætur á Söderberg-tækni með hjúpun og breytingum á mötunarstað: USD 10.000-50.000 á hvern bræðsluofn	Dreift útstreymi á sér stað við hleðslu, brot á skorpu og þegar tengiboltum úr járni er lyft í hærri stöðu.
Sumitomo-tækni (forskautskubbar fyrir VSS vinnsluaðferð).		Lágur – í meðallagi	
Gashreinsun:			
– rafstöðutjörusíur;	2-5	Lágur	Mikið neistaflug og rafbogavirkni.

C. *Aluminium industry*

63. Aluminium is produced from aluminium oxide (Al_2O_3) by electrolysis in pots (cells) electrically connected in series. Pots are classified as prebake or Soederberg pots, according to the type of the anode.
64. Prebake pots have anodes consisting of calcined (baked) carbon blocks, which are replaced after partial consumption. Soederberg anodes are baked in the cell, with a mixture of petroleum coke and coal tar pitch acting as a binder.
65. Very high PAH emissions are released from the Soederberg process. Primary abatement measures include modernization of existing plants and optimization of the processes, which could reduce PAH emissions by 70-90%. An emission level of 0.015 kg B(a)P/tonne of Al could be reached. Replacing the existing Soederberg cells by prebaked ones would require major reconstruction of the existing process, but would nearly eliminate the PAH emissions. The capital costs of such replacements are very high.
66. Table 6 summarizes PAH emission control measures for aluminium production.

Table 6: PAH emission control for aluminium production using the Soederberg process

Management options	Emission level (%)[a/]	Estimated costs	Management risks
Replacement of Soederberg electrodes by:	3-30	Higher costs for electrodes about US$ 800 million	Soederberg electrodes are cheaper than prebaked ones, because no anode baking plant is needed. Research is in progress, but expectations are low.
- Prebaked electrodes (avoidance of pitch binders);			
- Inert anodes.			Efficient operation and monitoring of emission are essential parts of emission control. Poor performance could cause significant diffuse emissions.
Closed prebake systems with point feeding of alumina and efficient process control, hoods covering the entire pot and allowing efficient collection of air pollutants.	1-5		
Soederberg pot with vertical contact bolts and waste gas collection systems.	> 10	Retrofit of Soederberg technology by encapsulation and modified feeding point: US$ 50,000 - 10,000 per furnace	Diffuse emissions occur during feeding, crust breaking and lifting of iron contact bolts to a higher position.
Sumitomo technology (anode briquettes for VSS process).		Low - medium	
Gas cleaning:			
- Electrostatic tar filters;	2-5	Low	High rate of sparking and electrical arcing;

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útblásturs (%) [a/]	Áætlaður kostnaður	Áhætta
– samtvinna hefðbundnar rafstöðutjörusíur og rafstöðusíur til votgashreinsunar;	> 1	Í meðallagi	Við hreinsun vots gass myndast frárennsli.
– etirbrennsla með varma.			
Notkun biks með hærra bræðslumarki (HSS+VSS).	Hár	Í meðallagi Lágur – í meðallagi	
Notkun þurrhreinsibúnaðar í núverandi HSS+VSS verum.		Í meðallagi – mikill	

a/ Eftirstandandi útstreymi samanborið við rekstur án hreinsunar.

D. *Brennsla í heimahúsum.*

67. Útstreymi PAH-efna frá brennslu á heimilum má greina frá ofnum eða opnum eldstæðum, einkum þegar notast er við eldivið eða kol. Heimili geta verið veruleg upptök útstreymis PAH-efna. Þetta er afleiðing af notkun eldstæða og lítilla brennslueininga til að brenna föstu eldsneyti á heimilum. Í sumum löndum eru kol hefðbundið eldsneyti til brennslu í ofnum. Kolaofnar gefa frá sér minna af PAH-efnum en ofnar sem brenna eldiviði vegna hærri brennsluhita og jafnari gæða eldsneytisins.
68. Enn fremur má draga á virkan hátt úr útstreymi PAH-efna frá brennslu á heimilum með því að nota búnað með bestu tæknilega eiginleika (t.d. varðandi hraða bruna). Bestu aðstæður til brennslu felast í bestu hönnun brennsluhólfa og mestu skilvirkni í súrefnisgjöf. Til eru nokkrar aðferðir til að bæta brennsluaðstæður og draga úr útstreymi. Umtalsverður munur er á útstreymi eftir aðferðum. Með viðarkynntum katli af nýjustu gerð með vatnssöfnunartanki, þar sem notuð er besta fáanlega tækni, má draga úr losun um meira en 90%, í samanburði við úreltan ketil án vatnssöfnunartanks. Nútímaketill hefur þrjú mismunandi svæði: eldstæði til gösunar eldiviðarins, gasbrennsluhólf með keramiki eða öðrum efnum sem gefa möguleika á hitastigi í kringum 1000°C, og varmaskiptasvæði. Varmaskiptasvæðið, þar sem vatnið tekur til sín varma, þarf að vera nægilega langt og afkastamikið til að unnt sé að lækka hita gassins úr 1000°C niður í 250°C eða minna. Einnig eru til nokkrar aðferðir til að bæta gamla og úrelta katla, t.d. með vatnssöfnunartönkum, keramikklæðningu og brennurum fyrir eldsneytiskúlur.
69. Besta brennsluhraða fylgir lítið útstreymi á kolmónoxíði (CO), heildarkolvetnum (THC) og PAH-efnum. Ef sett eru mörk á útstreymi CO og THC-efna (með reglugerð um gerðarviðurkenningu katla) hefur það einnig áhrif á útstreymi PAH-efna. Lágt útstreymi CO og THC-efna hefur í för með sér lágt útstreymi PAH-efna. Þar sem mælingar á PAH-efnum eru mun kostnaðarsamari en mælingar á CO er hagkvæmara að setja viðmiðunarmörk fyrir CO og THC-efni. Unnið er að tillögu um CEN-staðal fyrir kola- og viðarkynnta katla allt að 300 kW (sjá töflu 7).

Management options	Emission level (%)[a/]	Estimated costs	Management risks
- Combination of conventional electrostatic tar filters with electrostatic wet gas cleaning; - Thermal after-burning.	> 1	Medium	Wet gas-cleaning generates waste water.
Pitch use with higher melting point (HSS + VSS).	High	Medium Low - medium	
Use of dry scrubbing in existing HSS + VSS plants.		Medium - high	

a/ Remaining emission compared to unreduced mode.

D. *Residential combustion*

67. PAH emissions from residential combustion can be detected from stoves or open fireplaces especially when wood or coal is used. Households could be a significant source of PAH emissions. This is the result of the use of fireplaces and small firing installations burning solid fuels in households. In some countries the usual fuel for stoves is coal. Coal-burning stoves emit less PAH than wood-burning ones, because of their higher combustion temperatures and more consistent fuel quality.
68. Furthermore, combustion systems with optimized operation characteristics (e.g. burning rate) effectively control PAH emissions from residential combustion. Optimized combustion conditions include optimized combustion chamber design and optimized supply of air. There are several techniques which optimize combustion conditions and reduce emissions. There is a significant difference in emissions between different techniques. A modern wood-fired boiler with a water accumulation tank, representing BAT, reduces the emission by more than 90% compared to an outdated boiler without a water accumulation tank. A modern boiler has three different zones: a fireplace for the gasification of wood, a gas combustion zone with ceramics or other material which allow temperatures of some 1000°C, and a convection zone. The convection part where the water absorbs the heat should be sufficiently long and effective so that the gas temperature can be reduced from 1000°C to 250°C or less. There are also several techniques to supplement old and outdated boilers, for example with water accumulation tanks, ceramic inserts and pellet burners.
69. Optimized burning rates are accompanied by low emissions of carbon monoxide (CO), total hydrocarbons (THC) and PAHs. Setting limits (type approval regulations) on the emission of CO and THCs also affects the emission of PAHs. Low emission of CO and THCs results in low emission of PAHs. Since measuring PAH is far more expensive than measuring CO, it is more cost-effective to set a limit value for CO and THCs. Work is continuing on a proposal for a CEN standard for coal- and wood-fired boilers up to 300 kW (see table 7).

Tafla 7: Drög að CEN-staðli árið 1997.

Flokkur		3	2	1	3	2	1	3	2	1
	Afköst (kW)	CO			THC			Rykagnir		
Hand-virkir	< 50	5000	8000	25000	150	300	2000	150/125	180/150	200/180
	50-150	2500	5000	12500	100	200	1500	150/125	180/150	200/180
	>150-300	1200	2000	12500	100	200	1500	150/125	180/150	200/180
Sjálfvirkir	< 50	3000	5000	15000	100	200	1750	150/125	180/150	200/180
	50-150	2500	4500	12500	80	150	1250	150/125	180/150	200/180
	> 150-300	1200	2000	12500	80	150	1250	150/125	180/150	200/180

Athugasemd: Útstreymismagn í mg/m^3 við 10% O_2.

70. Unnt er að draga úr útstreymi frá heimiliseldavélum sem brenna viði:
    (a) í tilviki eldavéla sem eru þegar í notkun: með aðgerðum til að upplýsa almenning og auka skilning hans á réttri notkun eldavélanna, notkun á ómeðhöndluðum eldiviði eingöngu, aðferðum til að undirbúa eldsneyti til brennslu og réttri þurrkun eldiviðar til að ná réttu rakastigi; og
    (b) í tilviki nýrra eldavéla: með því að setja framleiðslustaðla um búnaðinn svo sem lýst er í fyrirliggjandi drögum að CEN-staðli (og hliðstæðum vörustöðlum í Bandaríkjunum og Kanada).
71. Til almennari aðgerða til að draga úr útstreymi PAH-efna teljast aðgerðir sem tengjast þróun miðstöðvarkerfa fyrir heimili og orkusparnaðaraðgerðir á borð við bætta húseinangrun til að draga úr orkunotkun.
72. Upplýsingarnar eru teknar saman í töflu 8.

Table 7: Draft CEN standards in 1997

Class		3	2	1	3	2	1	3	2	1
	Effect (kW)	CO			THC			Particulates		
Manual	< 50	5000	8000	25000	150	300	2000	150/ 125	180/ 150	200/ 180
	50- 150	2500	5000	12500	100	200	1500	150/ 125	180/ 150	200/ 180
	> 150 -300	1200	2000	12500	100	200	1500	150/ 125	180/ 150	200/ 180
Auto- matic	< 50	3000	5000	15000	100	200	1750	150/ 125	180/ 150	200/ 180
	50- 150	2500	4500	12500	80	150	1250	150/ 125	180/ 150	200/ 180
	> 150 -300	1200	2000	12500	80	150	1250	150/ 125	180/ 150	200/ 180

Note: Emission levels in mg/m^3 at 10% O_2.

70. Emissions from residential wood combustion stoves can be reduced:
    (a) For existing stoves, by public information and awareness programmes regarding proper stove operation, the use of untreated wood only, fuel preparation procedures and the correct seasoning of wood for moisture content; and
    (b) For new stoves, by the application of product standards as described in the draft CEN standard (and equivalent product standards in the United States and Canada).
71. More general measures for PAH emission reduction are those related to the development of centralized systems for households and energy conservation such as improved thermal insulation to reduce energy consumption.
72. Information is summarized in table 8.

Tafla 8: Takmörkun á útstreymi PAH-efna frá brennslu á heimilum.

Kostir sem fyrir hendi eru	Magn útstreymis (%)a/	Áætlaður kostnaður	Áhætta
Notkun þurrkaðra kola og eldiviðar (viður telst þurr hafi hann verið geymdur í 18-24 mánuði hið minnsta).	Mikill árangur		
Notkun þurrkaðra kola.	Mikill árangur		
Hönnun hitakerfa sem brenna fast eldsneyti í þeim tilgangi að ná fram bestu aðstæðum til fullkomins bruna: – gösunarsvæði; – brennsla með keramikefnum; – skilvirkt varmaskiptasvæði.	55	Í meðallagi	Koma þarf á viðræðum við framleiðendur ofna til að innleiða vottunarkerfi fyrir ofna.
Vatnssöfnunartankur.			
Tæknilegar leiðbeiningar um skilvirka notkun.	30 - 40	Lágur	Mætti einnig ná fram með öflugu upplýsingastarfi fyrir almenning ásamt verklegum leiðbeiningum og reglugerðum um tegundir ofna.
Upplýsingar til almennings varðandi notkun viðarbrennsluofna.			

a/ Eftirstandandi útstreymi samanborið við rekstur án hreinsunar.

E. *Viðarvarnarstöðvar.*

73. Viðarvörn með efnum, unnum úr kolatjöru, innihalda PAH-efni, getur verið meginupptök útstreymis PAH-efna út í andrúmsloftið. Útstreymið getur átt sér stað við gegndreypinguna sjálfa sem og við geymslu, meðhöndlun og notkun gegndreypts timburs utanhúss.
74. Mest notuðu kolatjöruefnin sem innihalda PAH-efni eru karbólíneum og kreósót. Bæði eru eimuð úr kolatjöru, innihalda PAH-efni og eru notuð til að verja timbur gegn líffræðilegum skaðvöldum.
75. Draga má úr útstreymi PAH-efna frá viðarvörn, verksmiðjum og geymslum með ýmsum aðferðum, sem beitt er bæði einum sér og samhliða, s.s:
    (a) kröfum um geymsluskilyrði, til að forðast mengun jarðvegs og yfirborðsvatns vegna útskolunar PAH-efna og mengaðs regnvatns (t.d. geymslustaðir sem eru varðir fyrir regni, hafa þak yfir sér, endurnotkun mengaðs vatns í gegndreypingarferlinu, gæðakröfur um framleiðsluvöruna);

    (b) aðgerðum til að draga úr útstreymi út í andrúmsloftið frá viðarvarnarverksmiðjum (t.d ætti að kæla heitt timbur úr 90°C niður í að minnsta kosti 30°C áður en það er flutt á geymslustað. Hins vegar ætti að leggja sérstaka áherslu á aðra aðferð sem bestu fáanlegu tækni, þ.e. að nota gufu undir þrýstingi í lofttæmi til að gegndreypa viðinn með kreósóti);
    (c) bestu dreypingu viðarvarnarefnis, sem veitir fullnægjandi vörn fyrir meðhöndlaðan viðinn á staðnum, má líta á sem bestu fáanlegu tækni, þar sem slíkt dregur úr þörf á endurnýjun og minnkar þannig útstreymi frá viðarvarnarstöðvum;

Table 8: PAH emission control for residential combustion

Management options	Emission level (%)[a/]	Estimated costs	Management risks
Use of dried coal and wood (dried wood is wood stored for at least 18-24 months).	High effectiveness		
Use of dried coal.	High effectiveness		
Design of heating systems for solid fuels to provide optimized complete burning conditions: - Gasification zone; - Combustion with ceramics; - Effective convection zone.	55	Medium	Negotiations have to be held with stove manufacturers to introduce an approval scheme for stoves.
Water accumulation tank.			
Technical instructions for efficient operation.	30 - 40	Low	Might be achieved also by vigorous public education, combined with practical instructions and stove type regulation.
Public information programme concerning the use of wood-burning stoves.			

a/ Remaining emission compared to unreduced mode.

E. *Wood preservation installations*

73. Wood preservation with PAH-containing coal-tar products may be a major source of PAH emissions to the air. Emissions may occur during the impregnation process itself as well as during storage, handling and use of the impregnated wood in the open air.
74. The most widely used PAH-containing coal-tar products are carbolineum and creosote. Both are coal tar distillates containing PAHs for the protection of timber (wood) against biological attack.
75. PAH emissions from wood preservation, installations and storage facilities may be reduced using several approaches, implemented either separately or in combination, such as:
    (a) Requirements on storage conditions to prevent pollution of soil and surface water by leached PAH and contaminated rainwater (e.g. storage sites impermeable to rainwater, roof cover, reuse of contaminated water for the impregnation process, quality demands for the material produced);
    (b) Measures to reduce atmospheric emissions at impregnation plants (e.g. the hot wood should be cooled down from 90°C to 30°C at least before transport to storage sites. However, an alternative method using pressure steam under vacuum conditions to impregnate the wood with creosote should be highlighted as BAT);
    (c) The optimum loading of wood preservative, which gives adequate protection to the treated wood product *in situ,* can be regarded as a BAT as this will reduce the demand for replacements, thereby reducing emissions from the wood preservation installations;

(d) notkun viðarvarnarefna sem hafa lægra innihald þeirra PAH-efna sem eru þrávirk lífræn efni:
- hugsanlega með því að nota endurbætt kreósót, sem telst vera eimingarbrot með suðumark á milli 270°C og 355°C, og minnkar útstreymi bæði rokgjarnari PAH-efna og þyngri og eitraðri PAH-efna;
- ef dregið væri úr notkun karbólíneums myndi það einnig draga úr útstreymi PAH-efna;

(e) meta og síðan nota, eftir því sem við á, aðra kosti, t.d. þá sem getið er í töflu 9, til að lágmarka notkun vara sem byggja á PAH-efnum.

76. Brennsla á gegndreyptum viði eykur útstreymi PAH-efna og annarra skaðlegra efna. Ef brennsla á sér stað ætti hún að fara fram í búnaði þar sem beitt er fullnægjandi útstreymistakmarkandi tæknilausnum.

Tafla 9: Hugsanlegir kostir sem komið gætu í staðinn fyrir viðarvörn sem byggir á notkun PAH-efna.

Kostir sem fyrir hendi eru	Áhætta
Notkun staðgengilsefna í byggingariðnaði:	Meta þarf önnur umhverfisvandamál, svo sem:
– harðviður sem framleiddur er með sjálfbærum hætti (árbakkar, girðingar, hlið);	– hvort fáanlegt sé timbur sem framleitt er með ásættanlegum hætti;
– plastefni (staurar til nota við garðyrkju);	– útstreymi af völdum framleiðslu og förgunar á plasti, einkum PVC.
– steinsteypa (í bita undir járnbrautarteinum);	
– skipta út manngerðum virkjum fyrir náttúruleg virki (árbakkar, girðingar o.s.frv.);	
– notkun óvarins viðar.	
Í þróun eru nokkrar aðferðir til viðarvarnar sem fela ekki í sér gegndreypingu með vörum sem byggja á PAH-efnum.	

VIÐAUKI VI

Tímamörk fyrir beitingu viðmiðunarmarka og bestu fáanlegrar tækni gagnvart nýjum og núverandi staðbundnum uppsprettum.

Tímamörk fyrir beitingu viðmiðunarmarka og bestu fáanlegrar tækni eru:

(a) fyrir ný staðbundin upptök: tveimur árum eftir að bókun þessi öðlast gildi;

(b) fyrir núverandi staðbundin upptök: átta árum eftir að bókun þessi öðlast gildi. Lengja má þennan frest fyrir einstök staðbundin upptök, ef þurfa þykir, í samræmi við afskriftartíma sem gert er ráð fyrir samkvæmt lögum í hverju landi fyrir sig.

(d) Using wood preservation products with a lower content of those PAHs that are POPs:
- Possibly using modified creosote which is taken to be a distillation fraction boiling between 270°C and 355°C, which reduces both the emissions of the more volatile PAHs and the heavier, more toxic PAHs;
- Discouraging the use of carbolineum would also reduce PAH emissions;

(e) Evaluating and then using, as appropriate, alternatives, such as those in table 9, that minimize reliance on PAH-based products.

76. Burning of impregnated wood gives rise to PAH emissions and other harmful substances. If burning does take place, it should be done in installations with adequate abatement techniques.

Table 9: Possible alternatives to wood preservation involving PAH-based products

Management options	**Management risks**
Use of alternative materials for application in construction: - Sustainably produced hardwood (riverbanks, fences, gates); - Plastics (horticulture posts); - Concrete (railway sleepers); - Replacement of artificial constructions by natural ones (such as riverbanks, fences, etc.); - Use of untreated wood. There are several alternative wood-preserving techniques in development which do not include impregnation with PAH-based products.	Other environmental problems have to be evaluated such as: - Availability of suitably produced wood; - Emissions caused by the production and disposal of plastics, especially PVC.

ANNEX VI

Timescales for the Application of Limit Values and Best Available Techniques to New and Existing Stationary Source.

The timescales for the application of limit values and best available techniques are:

(a) For new stationary sources: two years after the date of entry into force of the present Protocol;

(b) For existing stationary sources: eight years after the date of entry into force of the present Protocol. If necessary, this period may be extended for specific existing stationary sources in accordance with the amortization period provided for by national legislation.

VIÐAUKI VII

Ráðlagðar aðgerðir til að draga úr útstreymi þrávirkra lífrænna efna frá hreyfanlegum uppsprettum.

1. Viðeigandi skilgreiningar er að finna í viðauka III við bókun þessa.

I. Útstreymisstig sem unnt er að ná fyrir ný farartæki og eldsneytisbreytur.

A. *Útstreymisstig sem unnt er að ná fyrir ný farartæki.*

2. Dísilknúnir fólksbílar

Ár	**Viðmiðunarmassi**	**Viðmiðunarmörk**	
		Massi kolvetna og NO_x	Massi rykagna
01.1.2000	Allir	0,56 g/km	0,05 g/km
01.1.2005 (leiðbeinandi)	Allir	0,3 g/km	0,025 g/km

3. Þungaflutningabílar

Ár/prófunarlota	**Viðmiðunarmörk**	
	Massi kolvetna	**Massi rykagna**
01.1.2000/ESC-lota	0,66 g/kWh	0,1 g/kWh
01.1.2000/ETC-lota	0,85 g/kWh	0,16 g/kWh

4. Vélar til notkunar utan vega

1. þrep (tilvísun: ECE reglugerð nr. 96)*/.

Nettóafl (P) (kW)	**Massi kolvetna**	**Massi rykagna**
$P \geq 130$	1,3 g/kWh	0,54 g/kWh
$75 \leq P < 130$	1,3 g/kWh	0,70 g/kWh
$37 \leq P < 75$	1,3 g/kWh	0,85 g/kWh

*/„Samræming laga um samþykki þrýstikveikjuvéla til nota í dráttarvélum í landbúnaði og skógrækt, að því er varðar losun mengunarefna frá vélinni.“ Reglugerðin tók gildi 15. desember 1995 og breytingar við hana tóku gildi 5. mars 1997.

2. þrep

Nettóafl (P) (kW)	**Massi kolvetna**	**Massi rykagna**
$0 \leq P < 18$		
$18 \leq P < 37$	1,5 g/kWh	0,8 g/kWh
$37 \leq P < 75$	1,3 g/kWh	0,4 g/kWh
$75 \leq P < 130$	1,0 g/KWh	0,3 g/kWh
$130 \leq P < 560$	1,0 g/kWh	0,2 g/kWh

ANNEX VII

Recommended Control Measures for Reducing Emissions of Persistent Organic Pollutants from Mobile Sources.

1. Relevant definitions are provided in annex III to the present Protocol.

I. Achievable Emission Levels for New Vehicles and Fuel Parameters

A. *Achievable emission levels for new vehicles*

2. Diesel-fuelled passenger cars

Year	Reference mass	Limit values	
		Mass of hydrocarbons and NO_x	Mass of particulates
01.1.2000	All	0.56 g/km	0.05 g/km
01.1.2005 (indicative)	All	0.3 g/km	0.025 g/km

3. Heavy-duty vehicles

Year/test cycle	Limit values	
	Mass of hydrocarbons	Mass of particulates
01.1.2000/ESC cycle	0.66 g/kWh	0.1 g/kWh
01.1.2000/ETC cycle	0.85 g/kWh	0.16 g/kWh

4. Off-road engines

Step 1 (reference: ECE regulation No. 96) */

Net power (P) (kW)	Mass of hydrocarbons	Mass of particulates
$P \geq 130$	1.3 g/kWh	0.54 g/kWh
$75 \leq P < 130$	1.3 g/kWh	0.70 g/kWh
$37 \leq P < 75$	1.3 g/kWh	0.85 g/kWh

*/ "Uniform provisions concerning the approval of compression ignition (C.I.) engines to be installed in agricultural and forestry tractors with regard to the emissions of pollutants by the engine." The regulation came into force on 15 December 1995 and its amendment came into force on 5 March 1997.

Step 2

Net power (P) (kW)	Mass of hydrocarbons	Mass of particulates
$0 \leq P < 18$		
$18 \leq P < 37$	1.5 g/kWh	0.8 g/kWh
$37 \leq P < 75$	1.3 g/kWh	0.4 g/kWh
$75 \leq P < 130$	1.0 g/kWh	0.3 g/kWh
$130 \leq P < 560$	1.0 g/kWh	0.2 g/kWh

B. *Eldsneytisbreytur.*

5. Dísilolía

Breyta	Eining	Mörk		Prófunaraðferð
		Lágmarksgildi (2000/2005)*/	Hámarksgildi (2000/2005)*/	
Setantala		51/E.t.	-	ISO 5165
Eðlismassi við 15°C	kg/m^3	-	845/E.t.	ISO 3675
Uppgufuð 95%	°C	-	360/E.t.	ISO 3405
PAH-efni	massi %	-	11/E.t.	prIP 391
Brennisteinn	ppm	-	350/50**/	ISO 14956

E.t.: Ekki tilgreint.
*/ 1. janúar á tilgreindu ári
**/ leiðbeinandi gildi

II. Takmarkanir á halógenuðum snöpum, íblöndunarefnum í eldsneyti og smurolíum.

6. Í sumum löndum er 1,2-díbrómmetan í samsetningu við 1,2-díklórómetan notað sem snapi í blýbensíni. Enn fremur myndast PCDD/F við brunann í vélinni. Notkun þrívirkra hvarfakúta í bifreiðum krefst notkunar á blýlausu bensíni. Forðast ætti, að því marki sem unnt er, að bæta snöpum og öðrum halógenefnasamböndum í bensín og annað eldsneyti, svo og í smurolíur.

7. Yfirlit yfir helstu aðgerðir til að takmarka útstreymi PCDD/F í útblæstri flutningsfarartækja á landi er að finna í töflu 1.

Tafla 1: Takmörkun á útstreymi PCDD/F í útblæstri flutningsfarartækja á vegum.

Kostir sem fyrir hendi eru	Áhætta
Forðast að bæta halógenefnasamböndum í eldsneyti – 1,2-díklórómetani;	
– 1,2-díklórómetani og samsvarandi brómsamböndum sem snöpum í blýeldsneyti fyrir vélar með neistakveikju (brómsambönd kunna að leiða til myndunar brómaðra díoxína og fúrana).	Halógenaðir snapar verða teknir úr notkun smám saman eftir því sem markaðurinn fyrir blýbensín minnkar vegna aukinnar notkunar þrívirkra hvarfakúta með lokaðri hringrás í vélum með neistakveikju.
Forðast halógeníblöndunarefni í eldsneyti og smurefni.	

B. *Fuel parameters*

5. Diesel fuel

Parameter	Unit	Limits		Test method
		Minimum value (2000/2005)*/	Maximum value (2000/2005)*/	
Cetane number		51/N.S.	-	ISO 5165
Density at 15°C	kg/m^3	-	845/N.S.	ISO 3675
Evaporated 95%	°C	-	360/N.S.	ISO 3405
PAH	mass %	-	11/N.S.	prIP 391
Sulphur	ppm	-	350/50**/	ISO 14956

N.S.: Not specified.
*/ 1 January of year specified.
**/ Indicative value.

II. Restriction of Halogenated Scavengers, Additives in Fuels and Lubricants

6. In some countries, 1,2-dibromomethane in combination with 1,2-dichloromethane is used as a scavenger in leaded petrol. Moreover, PCDD/F are formed during the combustion process in the engine. The application of three-way catalytic converters for cars will require the use of unleaded fuel. The addition of scavengers and other halogenated compounds to petrol and other fuels and to lubricants should be avoided as far as possible.
7. Table 1 summarizes measures for PCDD/F emission control from the exhaust from road transport motor vehicles.

Table 1: PCDD/F emission control for the exhaust from road transport motor vehicles

Management options	Management risks
Avoiding adding halogenated compounds to fuels - 1,2-dichloromethane;	
- 1,2-dichloromethane and corresponding bromo compounds as scavengers in leaded fuels for spark ignition engines (Bromo compounds may lead to the formation of brominated dioxins or furans.)	Halogenated scavengers will be phased out as the market for leaded petrol shrinks because of the increasing use of closed-loop three-way catalytic converters with spark ignition engines.
Avoiding halogenated additives in fuels and lubricants.	

III. Aðgerðir til að takmarka útstreymi þrávirkra lífrænna efna frá hreyfanlegum uppsprettum.

A. *Útsreymi þrávirkra lífrænna efna frá vélknúnum farartækjum.*

8. Útstreymi þrávirkra lífrænna efna frá vélknúnum farartækjum kemur fyrir sem PAH bundin rykögnum sem losuð eru frá dísilknúnum farartækjum. PAH-efni eru einnig losuð í minna mæli frá bensínknúnum farartækjum.
9. Smurolía og eldsneyti kunna að innihalda halógenefnasambönd vegna íblöndunarefna eða vegna vinnsluferlis þeirra. Þessi efnasambönd geta umbreyst við bruna í PCDD/F og eru síðan losuð út með útblásturslofti.

B. *Eftirlit og viðhald.*

10. Tryggja má skilvirkni aðgerða til að takmarka útstreymi PAH-efna frá dísilknúnum hreyfanlegum uppsprettum með áætlunum um að prófa reglulega óstaðbundin upptök með tilliti til útstreymis rykagna, ógagnsæis útblásturs við frjálsa hröðun eða með öðrum jafngildum aðferðum.
11. Tryggja má skilvirkni aðgerða til að takmarka útstreymi PAH-efna (auk annarra efna í útblásturslofti) frá hreyfanlegum uppsrettum knúnum bensíni með áætlunum um að prófa reglulega eldsneytisskömmtun og skilvirkni hvarfakúts.

C. *Aðferðir til að takmarka útstreymi PAH-efna frá dísil- og bensínknúnum farartækjum.*

1. *Almenn atriði varðandi takmörkunaraðferðir.*

12. Mikilvægt er að tryggja að farartæki séu hönnuð þannig að þau uppfylli útstreymisstaðla meðan þau eru í rekstri. Þetta má gera með því að tryggja samræmi í framleiðslu, endingu, ábyrgð á hreinsibúnaði útblásturs og innköllun gallaðra farartækja. Tryggja má áframhaldandi virkni útstreymistakmörkunarbúnaðar í farartækjum sem þegar eru í notkun með skilvirku eftirlits- og viðhaldskerfi.

2. *Tæknilegar aðgerðir til að takmarka útstreymi.*

13. Eftirfarandi aðgerðir til að takmarka útstreymi PAH-efna eru mikilvægar:
    (a) að setja kröfur um gæði eldsneytis og breytingar á vélum til að takmarka útstreymi áður en það myndast (1. stigs aðgerðir); og
    (b) að bæta við hreinsikerfum fyrir útblástursloft, t.d. oxandi efnahvötum eða ryksíum (2. stigs aðgerðir).

(a) *Dísilvélar.*

14. Endurbætur á dísilolíu geta haft tvo kosti í för með sér: lægra brennisteinsinnihald dregur úr losun rykagna og bætir umbreytingarvirkni oxandi efnahvata, og minnkun tví- og þríarómatískra efnasambanda dregur úr myndun og útstreymi PAH-efna.
15. 1. stigs aðgerð til að draga úr útstreymi er að breyta vélinni til að ná fram fullkomnari bruna. Mörg mismunandi afbrigði breytinga eru í notkun. Yfirleitt er samsetning útblástursloftsins frá farartækjum háð breytingum í hönnun brennsluhólfsins og hærri þrýstingi við innspýtingu eldsneytis. Um þessar mundir er í flestum dísilvélum notast við vélræn stjórnunarkerfi. Í nýrri vélum er í síauknum mæli notast við tölvustýrð rafeindastjórnunarkerfi með möguleikum á meiri sveigjanleika til að takmarka útstreymi. Önnur aðferð til að takmarka útstreymi er samverkandi tækni sem byggir á forþjöppun og millikælingu. Þetta kerfi dregur úr NO_x á árangursríkan hátt, auk þess sem það dregur úr eldsneytiseyðslu og eykur afl. Stilling soggreinar vélarinnar er einnig möguleiki hjá þungavinnuvélum og vélum til nota við létta vinnu.
16. Mikilvægt er að fylgjast vel með smurolíunni til að draga úr rykögnum þar sem 10 til 50% rykagna myndast úr vélarolíu. Olíueyðslu má minnka með bættum tæknilýsingum fyrir vélaframleiðslu og bættum vélarpakkningum.
17. 2. stigs aðgerðir til að takmarka útstreymi eru viðbætur við hreinsikerfi fyrir útblástursloft. Sýnt hefur verið fram á að notkun oxunarhvata í tenglsum við rykagnasíu hefur reynst skilvirk leið við að draga úr útstreymi PAH-efna frá dísilvélum. Verið er að leggja mat á rykbrennara. Hann er

III. Contol Measures for Emissions of POPs from Mobile Sources

A. *POP emissions from motor vehicles*

8. POP emissions from motor vehicles occur as particle-bound PAHs emitted from diesel-fuelled vehicles. To a minor extent PAHs are also emitted by petrol-fuelled vehicles.

9. Lubrication oil and fuels may contain halogenated compounds as a result of additives or the production process. These compounds may be transformed during combustion into PCDD/F and subsequently emitted with the exhaust gases.

B. *Inspection and maintenance*

10. For diesel-fuelled mobile sources, the effectiveness of the control of emissions of PAHs may be ensured through programmes to test the mobile sources periodically for particulate emissions, opacity during free acceleration, or equivalent methods.
11. For petrol-fuelled mobile sources, the effectiveness of the control of emissions of PAHs (in addition to other exhaust components) may be ensured through programmes to test periodically the fuel metering and the efficiency of the catalytic converter.

C. *Techniques to control PAH emissions from diesel- and petrol-fuelled motor vehicles*

1. *General aspects of control technologies*

12. It is important to ensure that vehicles are designed to meet emission standards while in service. This can be done by ensuring conformity of production, lifetime durability, warranty of emission-control components, and recall of defective vehicles. For vehicles in use, continued emission control performance can be ensured by an effective inspection and maintenance programme.

2. *Technical measures for emission control*

13. The following measures to control PAH emissions are important:
    (a) Fuel-quality specifications and engine modifications to control emissions before they are formed (primary measures); and
    (b) Addition of exhaust treatment systems, e.g. oxidizing catalysts or particle traps (secondary measures).

(a) *Diesel engines*

14. Diesel-fuel modification can yield two benefits: a lower sulphur content reduces emissions of particles and increases the conversion efficiency of oxidizing catalysts, and the reduction in di- and tri-aromatic compounds reduces the formation and emission of PAHs.
15. A primary measure to reduce emissions is to modify the engine to achieve more complete combustion. Many different modifications are in use. In general, vehicle exhaust composition is influenced by changes in combustion chamber design and by higher fuel injection pressures. At present, most diesel engines rely on mechanical engine control systems. Newer engines increasingly use computerized electronic control systems with greater potential flexibility in controlling emissions. Another technology to control emissions is the combined technology of turbocharging and intercooling. This system is successful in reducing NO_x as well as increasing fuel economy and power output. For heavy- and light-duty engines the use of intake manifold tuning is also a possibility.
16. Controlling the lubricating oil is important to reduce particulate matter (PM), as 10 to 50% of particulate matter is formed from engine oil. Oil consumption can be reduced by improved engine manufacturing specifications and improved engine seals.
17. Secondary measures to control emissions are additions of exhaust treatment systems. In general, for diesel engines the use of an oxidizing catalyst in combination with a particulate filter has been shown to be effective in reducing PAH emissions. A particle trap oxidizer is being evaluated. It

hafður í útblásturskerfinu og er ætlað að fanga rykagnir og getur að nokkru leyti endurnýjað síuna með því að brenna uppsafnaðar rykagnir með rafhitun kerfisins eða einhverri annarri aðferð við endurnýjun. Til að endurnýjun síu í óvirku kerfi í venjulegri notkun sé nægileg verður að nota endurnýjunarkerfi sem nýta brennara, eða að öðrum kosti íblöndunarefni.

(b) *Bensínvélar.*

18. Aðferðir til að draga úr PAH-efnum frá bensínvélum eru aðallega byggðar á notkun þrívirkra hvarfakúta með lokaðri hringrás, sem draga úr útstreymi kolvetna og þar með einnig PAH-efnum.
19. Betri gangur við kalda ræsingu dregur úr útstreymi lífrænna efna almennt og PAH-efna sérstaklega (t.d. má nota ræsihvata, bætta uppgufun/úðamyndun eldsneytis, hitaða hvata).
20. Yfirlit yfir helstu aðgerðir til að takmarka útstreymi PAH-efna í útblæstri flutningsfarartækja á landi er að finna í töflu 2.

Tafla 2: Takmörkun á útstreymi PAH-efna í útblæstri flutningsfarartækja á vegum.

Kostir sem fyrir hendi eru	Útblástursmagn (%)	Áhætta
Neistakveikjuvélar:		
– þrívirkur hvarfakútur með lokaðri hringrás,	10-20	Framboð blýlauss bensíns.
– hvarfakútar til að draga úr útstreymi við kalda ræsingu.	5-15	Fást á markaði í sumum löndum.
Eldsneyti fyrir neistakveikjuvélar:		Háð tilvist og afköstum olíuhreinsistöðva.
– dregið úr magni arómatískra efna,		
– dregið úr magni brennisteins.		
Dísilvélar:		
– oxunarhvati,	20-70	
– rykbrennari/ryksía.		
Endurbætur á dísilolíu:		Háðar tilvist og afköstum olíuhreinsistöðva.
– draga úr brennisteini til að minnka útstreymi rykagna.		
Endurbætur á tæknilýsingum fyrir dísilvélar:		Tækni sem þegar er fyrir hendi.
– rafeindastjórnkerfi, stillingar á innspýtingarhraða og háþrýstingsinnspýting eldsneytis.		
– forþjöppun og millikæling,		
– hringrásun úblástурslofts.		

is located in the exhaust system to trap PM and can provide some regeneration of the filter by burning the collected PM, through electrical heating of the system or some other means of regeneration. For proper regeneration of passive system traps during normal operation, a burner-assisted regeneration system or the use of additives is required.

(b) *Petrol engines*

18. PAH-reduction measures for petrol-fuelled engines are primarily based on the use of a closed-loop three-way catalytic converter, which reduces PAHs as part of the HC emission reductions.
19. Improved cold start behaviour reduces organic emissions in general and PAHs in particular (for instance start-up catalysts, improved fuel evaporation/atomization, heated catalysts).
20. Table 2 summarizes measures for PAH emission control from the exhaust from road transport motor vehicles.

Table 2: PAH emission control for the exhaust from road transport motor vehicles

Management options	Emission level (%)	Management risks
Spark ignition engines:		
- Closed-loop three-way catalytic converter,	10-20	Availability of unleaded petrol.
- Catalysts for reducing cold start emissions.	5-15	Commercially available in some countries.
Fuel for spark ignition engines:		Availability of refinery capacity.
- Reduction of aromatics,		
- Reduction of sulphur.		
Diesel engines:	20-70	
- Oxidizing catalyst,		
- Trap oxidizer/particulate filter.		
Diesel fuel modification:		Availability of refinery capacity.
- Reduction of sulphur to reduce particulate emissions.		
Improvement of diesel engine specifications:		Existing technologies.
- Electronic control system, injection rate adjustment and high-pressure fuel injection,		
- Turbocharging and intercooling,		
- Exhaust gas recirculation.		

VIÐAUKI VIII
Helstu flokkar staðbundinna meginuppspretta.

I. Inngangur.

Listi þessi nær ekki yfir stöðvar eða hlutar af stöðvum til rannsókna, þróunar og prófana á nýjum framleiðsluvörum. Ítarlegri lýsingu á flokkunum er að finna í viðauka V.

II. Listi yfir flokka.

Flokkur	Flokkslýsing
1	Sorpbrennsla, þ.m.t. sambrennsla á tilfallandi sorpi sveitarfélaga, hættulegum eða sóttnæmum úrgangi og skólpeðju.
2	Sindurverksmiðjur.
3	Frum- og endurvinnsla kopars.
4	Stálframleiðsla.
5	Bræðsluverksmiðjur í endurvinnsluiðnaði áls.
6	Brennsla jarðefnaeldsneytis í kötlum veitustofnana og iðnfyrirtækja með varmagetu umfram 50 MW_{th} .
7	Brennsla í heimahúsum.
8	Kyndistöðvar sem brenna timbri, með hitagetu innan við 50 $MW_{th.}$
9	Koksframleiðsla.
10	Rafskautaframleiðsla.
11	Álframleiðsla með Söderberg-aðferðinni.
12	Fúavarnarverksmiðjur, nema þegar um er að ræða aðila þar sem þessi tegund losunar er ekki umtalsverður hluti af heildarlosun PAH-efna (sbr. skilgreiningu í viðauka III).

ANNEX VIII
Major Stationary Source Categories

I. Introduction

Installations or parts of installations for research, development and the testing of new products are not covered by this list. A more complete description of the categories may be found in annex V.

II. List of Categories

Category	Description of the category
1	Incineration, including co-incineration, of municipal, hazardous or medical waste, or of sewage sludge.
2	Sinter plants.
3	Primary and secondary production of copper.
4	Production of steel.
5	Smelting plants in the secondary aluminium industry.
6	Combustion of fossil fuels in utility and industrial boilers with a thermal capacity above 50 MW_{th}.
7	Residential combustion.
8	Firing installations for wood with a thermal capacity below 50 MW_{th}.
9	Coke production.
10	Anode production.
11	Aluminium production using the Soederberg process.
12	Wood preservation installations, except for a Party for which this category does not make a significant contribution to its total emissions of PAH (as defined in annex III).

AUGLÝSING

um samning við Víetnam um eflingu og vernd fjárfestinga.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Víetnams um eflingu og vernd fjárfestinga, sem gerður var í Reykjavík 20. september 2002, öðlaðist gildi 10. júlí 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. júlí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Víetnams um eflingu og vernd fjárfestinga.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Víetnams (hér á eftir nefndar „samningsaðilar"),

sem vilja auka samvinnu á sviði efnahagsmála til hagsbóta fyrir bæði ríkin,

sem hyggjast skapa og viðhalda hagstæðum skilyrðum fyrir fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðilans á landsvæði hins,

sem viðurkenna að efling og gagnkvæm vernd slíkra fjárfestinga örva hagsæld í báðum ríkjunum,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. „Fjárfestir" merkir, hvað snertir hvorn samningsaðila:
   a) einstakling sem telst hafa ríkisfang hjá öðrum samningsaðila í samræmi við lög hans;
   b) lögaðila, til dæmis hlutafélag, fyrirtæki, samtök eða stofnun, sem hefur verið skráður eða stofnaður eða skipulagður með öðrum viðurkenndum hætti í sam-

AGREEMENT
between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Socialist Republic of Vietnam for the Promotion and Protection of Investments

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Socialist Republic of Vietnam (hereinafter referred to as the "Contracting Parties"),

Desiring to intensify economic cooperation for the mutual benefits of both States,

Intending to create and maintain favourable conditions for investments by investors of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party,

Recognizing that the promotion and reciprocal protection of such investments stimulates economic prosperity in both States,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purpose of this Agreement:

1. "Investor" with regard to either Contracting Party means:
   (a) any natural person who, in accordance with the national law of the Contracting Party, is considered to be its citizen;
   (b) any legal entity, such as a corporation, firm, association or organization, which is constituted or established or otherwise duly organized under the national law of

ræmi við lög viðkomandi samningsaðila og stundar raunverulega atvinnustarfsemi í landi hans.

2. „Fjárfesting" merkir hvers konar eign og skal einkum, en þó ekki eingöngu, ná yfir:

   a) lausafé og fasteignir og hvers kyns önnur eignarréttindi, eins og veðréttindi, veðbönd, leigumála eða tryggingar;
   b) hlutafé, lán, skuldabréf og hvers kyns aðra viðlíka þátttöku í félagi;
   c) fjárkröfur eða kröfur um efndir sem hafa fjárhagslegt gildi;
   d) hugverkaréttindi, meðal annars höfundarrétt, einkaleyfi, iðnhönnun eða -fyrirmyndir, vöru- eða þjónustumerki, viðskiptaheiti, tækniþekkingu, viðskiptavild, upprunamerki og önnur þess háttar réttindi;
   e) sérleyfi á sviði iðnaðar samkvæmt lögum eða samningi eða ákvörðun viðkomandi yfirvalda lögum samkvæmt, meðal annars sérleyfi til að leita að náttúruauðlindum, nema þær eða nýta.

   Breytingar á formi eigna sem er fjárfest með eða endurfjárfestinga skulu engin áhrif hafa á eðli þeirra sem fjárfestinga.

3. „Ágóði" merkir tekjur í peningum sem fjárfesting gefur af sér, einkum hagnað, arðgreiðslur, vexti, söluhagnað af eignum, greiðslur samkvæmt höfundarrétti eða einkaleyfi og aðrar þóknanir.

4. „Landsvæði" merkir yfirráðasvæði á landi, innsævi og landhelgi samningsaðila og hafsvæði utan landhelgi þar sem samningsaðili hefur fullveldisréttindi eða lögsögu samkvæmt þjóðarétti.

the Contracting Party and which is performing actual economic activities in the country of that Contracting Party.

2. "Investment" means every kind of asset and in particular, though not exclusively, includes the following:
   (a) movable and immovable property, and any other property rights such as mortgages, liens, leases or pledges;
   (b) stocks, loan, debentures and any other similar form of participation in a company;
   (c) rights to money or to any performance having a financial value;
   (d) intellectual property rights, including copyright, patents, industrial designs or models, trade or service marks, trade names, technical know-how, goodwill, marks of orgin and any other similar rights;
   (e) industrial concessions conferred by law or under contract or through the decision of the relevant authority based upon law, including concessions to search for, extract or exploit natural resources;

   Any changes in the form of invested assets or reinvestment shall not affect their character as investment.

3. "Returns" means the monetary revenue yielded by an investment such as profit, dividends, interest, capital gains, royalties and fees.

4. "Territory" means the land territory, internal waters and the territorial sea of a Contracting Party, and the maritime areas beyond the territorial sea with respect to which a Contracting Party exercises sovereign rights or jurisdiction in accordance with international law.

2. gr.

Efling og leyfi til fjárfestinga.

1. Hvor samningsaðili skal stuðla að því, eftir bestu getu, að fjárfestar hins samningsaðilans geti fjárfest á landsvæði hans og leyfa slíkar fjárfestingar í samræmi við lög sín og reglur.

2. Hafi samningsaðili leyft fjárfestingu á landsvæði sínu skal hann veita nauðsynleg leyfi vegna fjárfestingarinnar og til þess að unnt sé að fullnægja skilmálum samninga um samstarf á sviði tækni, viðskipta og stjórnsýslu.

Article 2

Promotion and Admission

1. Each Contracting Party shall as far as possible encourage the investors of the other Contracting Party to make investments in its territory and admit such investments in accordance with its laws and regulations.

2. When a Contracting Party shall have admitted an investment on its territory, it shall provide necessary licence for the investment and for performing the terms of the technical, commercial and administrative cooperation contracts.

Samningsaðili skal gera sitt ýtrasta til þess að veita þeim útlendingum, sem munu starfa sem ráðgjafar eða sérfræðingar í tengslum við framtak sitt, tiltekið leyfi ef nauðsyn krefur.

3. gr.
Innlend meðferð og ákvæði um bestukjarameðferð.

1. Hvorugur samningsaðili skal á landsvæði sínu veita fjárfestingum eða ágóða ríkisborgara eða félaga hins samningsaðilans meðferð sem er óhagstæðari en sú er hann veitir eigin ríkisborgurum eða félögum eða ríkisborgurum eða félögum hvaða þriðja ríkis sem er.

2. Hvorugur samningsaðili skal á landsvæði sínu veita ríkisborgurum eða félögum hins samningsaðilans meðferð sem er óhagstæðari en sú er hann veitir eigin ríkisborgurum eða félögum eða ríkisborgurum eða félögum hvaða þriðja ríkis sem er, að því er varðar umsýslu þeirra, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjárfestinga þeirra.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Víetnams viðhaldið gildi ráðstafana, sem víetnömsk lög kveða á um þann dag er undirritun samnings þessa fer fram og sett eru fram í viðaukanum við hann, sem undanþága frá því að veita meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú sem er veitt eigin félögum eða ríkisborgurum. Ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Víetnams getur fellt hverja slíka undanþágu, sem er talin upp í viðaukanum við samning þennan, úr gildi með því að tilkynna ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skriflega um það. Samkvæmt því skal hver slík skrifleg tilkynning ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Víetnams hafa áhrif til breytinga á viðaukanum við samning þennan án tafar.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal ekki túlka þannig að öðrum samningsaðila sé skylt að veita fjárfestum hins og fjárfestingum þeirra sérréttindi sem ríkisborgarar eða fjárfestingar ríkisborgara hvaða þriðja ríkis sem er njóta á grundvelli samnings um stofnun fríverslunarsvæðis, tollabandalags, sameiginlegs markaðar, sameiginlegs vinnumarkaðar eða um að koma á svæðisbundnum efnahagslegum samruna.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki um ráðstafanir í skattamálum. Ekkert í

The Contracting Party shall make its best endeavors to render a certain authorization to the foreigners who will work as advisors or specialists for their activities if it is necessary.

Article 3
National Treatment and Most-Favoured-Nation Provisions

1. Neither Contracting Party shall in its territory subject investments or returns of nationals or companies of the other Contracting Party to treatment less favourable than that which it accords to its own nationals or companies or to nationals or companies of any third State.

2. Neither Contracting Party shall in its territory subject nationals or companies of the other Contracting Party, as regards their management, maintenance, use, enjoyment or disposal of their investments, to treatment less favourable than that which it accords to its own nationals or companies or to nationals or companies of any third State.

3. Notwithstanding paragraphs (1) and (2) of this Article, the Government of the Socialist Republic of Vietnam may maintain in force those measures, provided for in Vietnamese law at the date of signature of this Agreement and set out in the Annex to this Agreement, as exceptions to the grant of treatment not less favourable than that accorded to its own companies or nationals. The Government of the Socialist Republic of Vietnam may remove any such exception listed in the Annex to this Agreement by notifying the Government of the Republic of Iceland in writing. Accordingly, any such written notification by the Government of the Socialist Republic of Vietnam shall have the immediate effect of amending the Annex to this Agreement.

4. The provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article shall not be construed so as to oblige one Contracting Party to extend to the investors of the other Contracting Party and their investments special rights accorded to nationals or investments of nationals of any third State by virtue of an agreement establishing a free-trade area, a customs union, a common market, a common labour market or a regional economic integration.

5. The provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article shall not be applicable to tax mea-

samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi og skyldur hvors samningsaðila um sig sem leiðir af samningum um skattamál. Ef ákvæði samnings þessa stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda framar.

4. gr.

Heimsending eigin fjár og ágóða.

1. Hvor samningsaðili skal heimila að allt fé fjárfestis hins samningsaðilans, sem tengist fjárfestingu á landsvæði hans, sé yfirfæranlegt með frjálsum hætti. Þetta á einkum við um eftirtalda sjóði:
   a) eigið fé og viðbótarfé sem er notað í því skyni að viðhalda fjárfestingunni og auka hana;
   b) hagnað, vexti, arðgreiðslur og aðrar hreinar rekstrartekjur;
   c) endurgreiðslur lána sem eru fengin vegna fjárfestingarinnar;
   d) greiðslur samkvæmt höfundarrétti eða einkaleyfi og aðrar greiðslur vegna hugverkaréttinda eins og getið er um í d-lið 2. mgr. 1. gr.;
   e) afrakstur af sölu eða ráðstöfun eða uppgjöri fjárfestingarinnar;
   f) laun eða lögmætar tekjur einstaklinga með erlent ríkisfang sem eru ráðnir í tengslum við fjárfestinguna;
   g) bætur sem ber að greiða skv. 5. gr. samnings þessa;
   h) greiðslur í kjölfar gerðardómsúrskurða skv. 7. gr. samnings þessa.

   Yfirfærslur samkvæmt samningi þessum skulu vera í gjaldmiðli sem er skiptanlegur án takmarkana.
2. Greiðslusending skal fara fram án tafar á opinberu gengi erlendra gjaldmiðla þann dag sem greiðslan er send.
3. Samningsaðili skal veita fjárfestum hins samningsaðilans hagstæða meðferð vegna greiðslusendingarinnar sem er ekki óhagstæðari en sú sem fjárfestar hvaða þriðja ríkis sem er hljóta.

5. gr.

Eignarnám.

1. Hvorugur samningsaðili skal gera beinar eða óbeinar ráðstafanir sem lúta að eignarnámi eða þjóðnýtingu eða gera nokkrar aðrar ráðstafanir af því tagi eða sem hafa sömu áhrif á

sures. Nothing in this Agreement shall affect the rights and obligations of either Contracting Party derived from any tax convention. In the event of any inconsistency between the provisions of this Agreement and any tax convention, the provisions of the latter shall prevail.

Article 4

Repatriation of Capital and Returns

1. Each Contracting Party shall permit all funds of an investor of the other Contracting Party related to an investment in its territory to be freely transferred. This shall especially apply to the following funds:
   (a) capital and additional capital amounts used to maintain and increase the investment;
   (b) profits, interests, dividends and other net operating profits;
   (c) repayment of any loan received for the investment;
   (d) royalties and other payments deriving from intellectual property rights as indicated in Article 1, paragraph 2 (d);
   (e) proceeds from the whole or partial sale or alienation or liquidation of the investment;
   (f) salaries or legitimate earnings of the persons with foreign citizenship engaged in connection with the investment;
   (g) compensation due to be paid under Article 5 of this Agreement;
   (h) payment of arbitral awards under Article 7 of this Agreement.

   Any transfer under this Agreement shall be made in freely convertible currency.
2. The remittance should be realised without delay at the official rate of foreign exchange on the date of such remittance.
3. The Contracting Party shall render the investors of the other Contracting Party favourable treatment for the remittance which is not less favorable than that assigned to the investors of any third State.

Article 5

Expropriation

1. Neither of the Contracting Parties shall take, either directly or indirectly, measures of expropriation, nationalization or any other measures having the same nature or the same

fjárfestingar fjárfesta hins samningsaðilans, nema umræddar ráðstafanir séu gerðar í almannaþágu, án mismununar og samkvæmt tilhlýðilegri framkvæmd laga og að því tilskildu að gerðar séu ráðstafanir til þess að greiða skilvirkar og hæfilegar bætur.
Fyrrnefndar bætur skulu nema markaðsvirði fjárfestingarinnar rétt áður en eignarnám er framkvæmt eða almennt verður kunnugt um fyrirhugað eignarnám og skulu þar með taldir vextir reiknaðir á grundvelli LIBOR (London Interbank Offer Rate) frá þeim degi sem eignarnám er framkvæmt fram til greiðsludags.
Fyrrnefndar bætur skal greiða rétthafa í gjaldmiðli sem er skiptanlegur án takmarkana og án tafar.

2. Fjárfestar annars samningsaðilans, sem verða fyrir tjóni á fjárfestingum sínum vegna stríðs eða hvers kyns annarra vopnaðra átaka, uppreisnar, neyðarástands eða óeirða á landsvæði hins samningsaðilans, skulu hafa gagn af ráðstöfunum þess síðarnefnda, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. samnings þessa, sem miða að endurheimt, skaðleysisgreiðslum, skaðabótum eða öðru uppgjöri.

effect against investments of investors of the other Contracting Party, unless the measure is taken in the public interest, on a non-discriminatory basis, and under due procedures of law, and provided that provisions be made for effective and adequate compensation.
Such compensation shall amount to the market value of the investment immediately before the expropriation or impending expropriation became publicly known, and include interest calculated on the LIBOR (London Interbank Offer Rate) basis from the date of expropriation until the date of payment.
Such compensation shall be paid in a freely convertible currency without delay to the person entitled thereto.

2. The investors of one Contracting Party, whose investments have suffered losses due to a war or any other armed conflict, rebellion, state of emergency or riot, which took place in the territory of the other Contracting Party, shall benefit, on the part of the latter, from a treatment, in accordance with Article 3, paragraph 2, of this Agreement as regards restitution, indemnification, compensation or other settlement.

6. gr.
Aðilaskipti.

1. Greiði samningsaðili eða stofnun, sem hann tilnefnir, sínum eigin fjárfesti fé samkvæmt skaðleysisyfirlýsingu, tryggingu eða vátryggingarsamningi, sem er vegna fjárfestingar fjárfestis þess samningsaðila á landsvæði hins samningsaðilans, skal síðarnefndi samningsaðilinn viðurkenna:
   a) framsal réttinda eða krafna fjárfestisins, hvort sem er samkvæmt lögum eða löglegum viðskiptum í landi síðarnefnda samningsaðilans, til fyrrnefnda samningsaðilans eða þeirrar stofnunar sem hann tilnefnir, og
   b) að fyrrnefndi samningsaðilinn eða stofnunin, sem hann tilnefnir, geti þar með, á grundvelli aðilaskipta, haldið fram réttindum og kröfum fjárfestisins og skuli taka á sig þær skuldbindingar sem af fjárfestingunni leiðir.
2. Réttindin eða kröfurnar, sem aðilaskiptin varða, skulu ekki verða meiri en hin upphaflegu réttindi eða kröfur fyrrnefnds fjárfestis.

Article 6
Subrogation

1. If a Contracting Party or its designated agency makes a payment to its own investor under an indemnity, guarantee or contract of insurance given in respect of an investment of an investor of that Contracting Party in the territory of the other Contracting Party, the latter Contracting Party shall recognize:
   (a) the assignment, whether under the law or pursuant to a legal transaction in the country of the latter Contracting Party, of any right or claim by the investor to the former Contracting Party or its designated agency, as well as,
   (b) that the former Contracting Party or its designated agency is entitled by virtue of subrogation to exercise the rights and enforce the claims of that investor and shall assume the obligations related to the investment.
2. The subrogated rights or claims shall not exceed the original rights or claims of the investor.

7. gr.

Lausn deilumála vegna fjárfestingar sem rísa milli samningsaðila og fjárfestis hins samningsaðilans.

1. Deilur, sem kunna að rísa milli fjárfestis annars samningsaðila og hins samningsaðilans í tengslum við fjárfestingu á landsvæði þess síðarnefnda, skal leysa með samningaviðræðum deiluaðila. Ef deila kemur upp skal fjárfestirinn tilkynna samningsaðilanum, sem á landsvæði þar sem fjárfest var, skriflega um hana og láta í té ítarlegar upplýsingar.

2. Ef ekki er unnt að leysa slíka deilu milli fjárfestis annars samningsaðila og hins samningsaðilans með þeim hætti innan sex mánaða frá dagsetningu skriflegrar tilkynningar á fjárfestirinn rétt á að leggja málið fyrir til lausnar, að eigin vali:
   a) hjá bærum dómstóli eða stjórnsýsludómstóli þess samningsaðila sem er aðili að deilunni;
      eða
   b) hjá Alþjóðastofnuninni til lausnar fjárfestingardeilum (ICSID), að teknu tilliti til gildandi ákvæða samnings um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja sem var lagður fram til undirritunar í Washington D.C. 18. mars 1965, hafi báðir samningsaðilar gerst aðilar að þeim samningi;

      eða
   c) samkvæmt sérúrlausnarúrræðum Alþjóðastofnunarinnar til lausnar fjárfestingardeilum, að því tilskildu að annaðhvort samningsaðilinn sem á í deilu eða samningsaðili fjárfestisins, en ekki báðir, sé aðili að samningnum um hana;
      eða
   d) hjá gerðardómsmanni eða sérstökum alþjóðlegum gerðardómi sem er komið á fót samkvæmt gerðardómsreglum nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan verslunarrétt (UNCITRAL). Deiluaðilum er heimilt að gera skriflegt samkomulag um breytingar á reglum þessum.

   Niðurstaða gerðardóms skal vera endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila og henni skal fullnægt samkvæmt landslögum þess samningsaðila sem er aðili að deilunni.

Article 7

Settlement of Investment Disputes between a Contracting Party and an Investor of the other Contracting Party

1. Any dispute which may arise between an investor of one Contracting Party and the other Contracting Party in connection with an investment in the territory of that other Contracting Party shall be subject to negotiations between the parties to the dispute. In the event of a dispute, the Contracting Party in whose territory the investment was made shall be notified in writing, including detailed information, by the investor.

2. If such dispute between an investor of one Contracting Party and the other Contracting Party cannot be thus settled within a period of six months from the date of the written notification, the investor shall be entitled to submit the case, at his choice, for settlement to:
   (a) the competent court or administrative tribunal of the Contracting Party which is the party to the dispute;
      or
   (b) the International Centre for Settlement of Investment Disputes (ICSID) having regard to the applicable provisions of the Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and Nationals of other States opened for signature at Washington D.C. on 18 March 1965, in the event that both Contracting Parties shall have become a party to this Convention;
      or
   (c) the Additional Facility Rules of ICSID, if either the disputing Contracting Party or the Contracting Party of the investor, but not both, is a party to the Convention;

      or
   (d) an arbitrator or international ad hoc arbitral tribunal established under the Arbitration Rules of the United Nations Commission on International Trade Law (UNCITRAL). The parties to the dispute may agree in writing to modify these Rules.

   The arbitral awards shall be final and binding on both parties to the dispute and shall be enforceable in accordance with the domestic legislation of the disputing Contracting Party.

8. gr.
Lausn deilumála milli samningsaðila.

1. Deilur milli samningsaðila um túlkun eða beitingu samnings þessa skal leysa, eftir því sem unnt er, eftir diplómatískum leiðum.

2. Takist ekki að leysa deilu með fyrrnefndum hætti innan sex mánaða frá því að deilan reis skal leggja hana, að beiðni annars hvors samningsaðila, fyrir gerðardóm sem þrír gerðardómsmenn mynda.

3. Gerðardóminum skal komið á fót í hverju einstöku máli með eftirfarandi hætti:

   a) Hvor samningsaðili um sig skal skipa einn gerðardómsmann innan þriggja mánaða frá móttöku beiðni um gerðardómsmeðferð. Gerðardómsmennirnir tveir skulu því næst velja ríkisborgara þriðja ríkis, sem hefur stjórnmálasamband við báða samningsaðila, er skal skipaður formaður gerðardómsins með samþykki beggja samningsaðila. Skal formaður skipaður innan þriggja mánaða frá því að hinir tveir gerðardómsmennirnir voru skipaðir.
   b) Hafi nauðsynlegar skipanir ekki farið fram innan þeirra tímamarka, sem eru tilgreind í a-lið, getur hvor samningsaðili sem er, hafi ekki verið samið um annað, farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins að hann annist þær skipanir sem þörf er á.

   Sé forsetinn ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða geti hann ekki sinnt þessum starfa af öðrum ástæðum skal fara þess á leit við varaforseta að hann annist þær skipanir sem þörf er á. Sé varaforsetinn ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða geti hann sömuleiðis ekki sinnt fyrrnefndum starfa af öðrum ástæðum skal þess farið á leit við þann dómara Alþjóðadómstólsins, sem gengur næstur að starfsaldri og ekki er ríkisborgari annars hvors samningsaðilans, að hann annist þær skipanir sem þörf er á.
4. Gerðardómurinn skal fella úrskurð sinn á grundvelli ákvæða samnings þessa og annarra samninga sem samningsaðilar hafa gert sín á milli og almennt viðurkenndra meginreglna, málsmeðferðar og reglna þjóðaréttar.

Article 8
Settlement of Disputes between the Contracting Parties

1. Disputes between the Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Agreement should, as far as possible, be settled through diplomatic channels.
2. If a dispute between the Contracting Parties can not thus be settled within six months from the time the dispute arose, it shall, upon the request of either Contracting Party, be submitted to an arbitral tribunal consisting of three members.
3. Such an arbitral tribunal shall be constituted for each individual case in the following way:
   (a) Within three months of receipt of the request for arbitration, each Contracting Party shall appoint one arbitrator respectively. Those two members shall then select a national of a third State which has diplomatic relations with both Contracting Parties, who on approval by the Contracting Parties shall be appointed Chairman of the tribunal. The Chairman shall be appointed within three months from the date of appointment of the other two arbitrators.
   (b) If within the period specified in subparagraph (a) the necessary appointments have not been made, either Contracting Party may, in the absence of any other agreement, invite the President of the International Court of Justice to make the necessary appointments.

   If the President is a national of either Contracting Party, or if he is otherwise prevented from discharging the above function, the Vice-President shall be invited to make the necessary appointments. If the Vice-President is a national of either Contracting Party or if he too is prevented from discharging the above function for any other reason, the Member of the International Court of Justice next in seniority who is not a national of either Contracting Party shall be invited to make the necessary appointments.
4. The arbitral tribunal shall adopt its decision based upon the provisions of this Agreement and other agreements concluded between the Contracting Parties as well as generally accepted principles, procedures and rules of international law.

Meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu gerðardóms.
Gerðardómurinn setur sér starfsreglur.

Niðurstöður dómsins eru endanlegar og bindandi gagnvart báðum samningsaðilum.

9. gr.
Hagstæðari ákvæði og aðrar skuldbindingar.

1. Ef lög og reglur annars hvors samningsaðila, bindandi alþjóðasamningar fyrir báða samningsaðila eða samningar, sem annar samningsaðili og fjárfestir hins samningsaðilans gera með sér auk samnings þessa, kveða almennt eða sérstaklega á um meðferð, sem er hagstæðari en sú sem kveðið er á um í samningi þessum, skulu slík ákvæði, að því marki sem þau eru hagstæðari, ganga framar en samningur þessi.

2. Hvor samningsaðili skal efna aðrar skuldbindingar sínar að því er varðar fjárfestingu fjárfesta hins samningsaðilans á landsvæði sínu.

10. gr.
Samráð.

Hvor samningsaðili getur lagt til við hinn samningsaðilann að þeir efni til samráðs sín á milli um hver þau álitamál sem varða framkvæmd eða túlkun samnings þessa.

Hinn samningsaðilinn skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að halda þessa samráðsfundi án tafar.

11. gr.
Gildissvið samningsins.

Ákvæði samnings þessa gilda um allar fjárfestingar sem fjárfestar annars samningsaðilans leggja í á landsvæði hins samningsaðilans fyrir eða eftir gildistöku samnings þessa. Þau gilda þó ekki um ágreining eða deilur sem hafa risið fyrir gildistöku hans.

12. gr.
Gildistaka, gildistími og uppsögn.

1. Samningur þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er báðir samningsaðilar skulu hafa tilkynnt hvor öðrum að stjórnskipu-

The arbitral tribunal shall reach its decision by a majority of votes.
The arbitral tribunal shall determine its own procedure.
The decisions of the tribunal are final and binding upon both of the Contracting Parties.

Article 9
More Favourable Provisions and other Obligations

1. If the laws and regulations of either Contracting Party, international agreements which are binding on both Contracting Parties or agreements concluded between one Contracting Party and an investor of the other Contracting Party in addition to this Agreement contain provisions, whether general or specific, rendering a treatment more favourable than that provided for by the present Agreement, such provisions shall to the extent that they are more favourable prevail over this Agreement.
2. Each Contracting Party shall observe its other obligations concerning the investment of the investors of the other Contracting Party in its own territory.

Article 10
Consultation

Each Contracting Party may propose to the other Contracting Party to enter into consultations concerning all questions related to the implementation or interpretation of the present Agreement.
The other Contracting Party shall make the necessary arrangements for holding these consultations without any delay.

Article 11
Application of the Agreement

The provisions of this Agreement shall apply to all investments made in the territory of one Contracting Party prior to or after the entry into force of this Agreement by investors of the other Contracting Party. They shall, however, not be applicable to divergences or disputes which have arisen prior to its entry into force.

Article 12
Entry into Force, Duration and Termination

1. This Agreement shall enter into force thirty days after the date on which both Contracting Parties shall have notified each other that

legum skilyrðum þeirra fyrir gildistöku samnings þessa hafi verið fullnægt.

2. Gildistími samnings þessa skal vera tíu ár. Eftir það skal hann gilda áfram tíu ár í senn, nema annar hvor samningsaðili tilkynni hinum skriflega, að minnsta kosti tólf mánuðum fyrir fyrningardagsetningu samnings þessa, um þá ákvörðun sína að segja samningnum upp.

3. Í því tilviki þegar tilkynnt er um uppsögn samnings þessa skulu ákvæði 1. til 11. gr. gilda áfram í tíu ár um þær fjárfestingar sem lagt hefur verið í fyrir dagsetningu slíkrar tilkynningar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í tvíriti í Reykjavík hinn 20. september 2002 á íslensku, víetnömsku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands
Valgerður Sverrisdóttir

Fyrir hönd ríkisstjórnar
alþýðulýðveldisins Víetnams
Vu Huy Hoang

their constitutional requirements for the entry into force of this Agreement have been fulfilled.

2. This Agreement shall remain in force for a period of ten years. Thereafter, it shall remain in force for further successive periods of ten years unless either Contracting Party notifies the other Contracting Party in writing at least twelve months prior to the expiry date of this Agreement of its decision to terminate the Agreement.

3. In case of notification of termination of the present Agreement, the provisions of Articles 1 to 11 shall continue to be effective for a further period of ten years for the investments made prior to such notification.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, duly authorized thereto, have signed this Agreement.

DONE in duplicate at Reykjavík on 20 September 2002 in the Icelandic, Vietnamese and English languages, all texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Government of the
Republic of Iceland
Valgerður Sverrisdóttir

For the Government of the
Socialist Republic of Vietnam
Vu Huy Hoang

VIÐAUKI
við samninginn sem um getur í 3. mgr. 3. gr.

Undanþágur frá því að veita fjárfestingum og ágóða af fjárfestingum ríkisborgara lýðveldisins Íslands eða félaga í því innlenda meðferð.

1. Svið:
Útvarp, sjónvarp, blöð og tímarit, útgefin verk, kvikmyndaverk, þjónusta á sviði innflutnings og dreifingar, þjónusta á sviði fjarskipta, vöru- og farþegaflutningar á sjó, þjónusta við ferðamenn, bankaþjónusta, þjónusta á sviði trygginga, nýting olíu og gass, fiskveiðar.
2. Mál:
2.1. Eignarhald, notkun lands og bústaða;
2.2. Opinberir styrkir og stuðningur veittir innlendum fyrirtækjum;
2.3. Verð og gjöld fyrir tilteknar vörur og þjónustu sem lúta stjórn ríkisins;
a) ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Víetnams mun, frá því að samningur þessi öðlast gildi, i) láta ógert að leggja á ný eða íþyngjandi verð og gjöld sem mismuna og ii) afnema verð og gjöld, sem mismuna, fyrir uppsetningu síma, fjarskiptaþjónustu (önnur en áskriftargjald fyrir staðbundna símaþjónustu), vatn og þjónustu við ferðamenn;

b) ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Víetnams mun, innan tveggja (2) ára frá gildistöku samnings þessa, afnema í áföngum verð og gjöld, sem mismuna, fyrir skráningu vélknúinna ökutækja, alþjóðleg hafnargjöld og áskriftargjald fyrir staðbundna símaþjónustu; og

c) ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Víetnams mun, innan fjögurra (4) ára frá gildistöku samnings þessa, afnema í áföngum verð og gjöld, sem mismuna, fyrir alla aðra vöru og þjónustu, meðal annars og án takmarkana, rafmagn og flutninga í lofti.

ANNEX
to the Agreement referred to in Article 3(3)

Exceptions to the grant of national treatment to investments and returns of investments of nationals or companies of the Republic of Iceland

1. Sectors:
Broadcasting; television; press; published works; cinematic products; import and distribution services; telecommunication services; marine transportation of cargoes and passengers; tourism services; banking services; insurance services; exploitation of oil and gas; fisheries.
2. Matters:
2.1. Ownership, use of land and residences;
2.2. Government subsidies and support granted to domestic enterprises;
2.3. Prices and fees of certain goods and services under the State's control;
(a) with effect from the entry into force of this Agreement, the Government of the Socialist Republic of Vietnam will (i) refrain from imposing new or more onerous discriminatory prices and fees and (ii) eliminate discriminatory prices and fees for the installation of telephones, telecommunications services (other than the subscription charge for local telephone service), water, and tourist services;
(b) within two (2) years of the entry into force of this Agreement, the Government of the Socialist Republic of Vietnam will eliminate, progressively, discriminatory prices and fees for registration of motor vehicles, international port charges, and for the subscription charge for local telephone service; and
(c) within four (4) years of the entry into force of this Agreement, the Government of the Socialist Republic of Vietnam will eliminate, progressively, discriminatory prices and fees for all other goods and services including, without limitation, electricity and air transport.

AUGLÝSING

um breytingu á bókun 3 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 29. júlí 2003 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings um breytingu á bókun 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sem gerður var í Brussel 10. desember 2001, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993 þar sem samningurinn frá 2. maí 1992 er birtur. Samningurinn frá 10. desember 2001 öðlaðist gildi 28. ágúst 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. september 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um breytingu á bókun 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN OG
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR

hafa hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingar á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem nefnist hér á eftir samningur um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

hafa hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 þar sem kveðið er á um nákvæmar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans,

AGREEMENT
amending Protocol 3 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

THE REPUBLIC OF ICELAND
THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN
THE KINGDOM OF NORWAY

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice as adjusted by the Protocol Adjusting the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, hereinafter referred to as the Surveillance and Court Agreement, and in particular Article 49 thereof,

In agreement with the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to Council Regulation (EC) No 659/1999 of 22 March 1999 laying down detailed rules for the application of Article 93 of the EC Treaty,

hafa hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 165/2001 frá 11. desember 2001 um breytingu á bókun 26 (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn,

þar eð framkvæmdastjórnin hefur hingað til, í orðsendingum, mælt fyrir um meginreglur og aðrar reglur um beitingu 88. gr. (áður 93. gr.) EB-sáttmálans um ríkisaðstoð,

þar eð Eftirlitsstofnun EFTA hefur mælt fyrir um málsmeðferðarreglur og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar í viðmiðunarreglum um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

þar eð reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 kerfisbindur og rennir frekari stoðum undir meginreglur og aðrar reglur um beitingu 88. gr. (áður 93. gr.) EB-sáttmálans um ríkisaðstoð,

þar eð setja ber málsmeðferðarreglur sem Eftirlitsstofnun EFTA ber að fylgja og eru eins líkar þeim málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 og unnt er,

því er rétt að breyta bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

HAFA SAMÞYKKT EFTIRFARANDI:

1. gr.

Bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi fyrirsögn skal koma á undan 1. gr.:

„I. HLUTI
ALMENNAR REGLUR“

2. Eftirfarandi greinar og fyrirsagnir skulu koma á eftir 1. gr.:

„2. gr.

Með fyrirvara um sérstakar málsmeðferðarreglur, sem mælt er fyrir um í bókun þessari og í EES-samningnum á tilteknum sviðum, skulu framkvæmdarákvæðin, sem um getur í II. hluta þessarar bókunar, gilda um aðstoð á öllum sviðum.

Having regard to the Decision of the EEA Joint Committee No 165/2001 of 11 December 2001 amending Protocol 26 (State aid) to the EEA Agreement,

Whereas the rules and principles for the application of Article 88 (ex Article 93) of the EC Treaty on state aid have so far been laid down in communications by the Commission,

Whereas the EFTA Surveillance Authority has laid down procedural and substantive rules in the field of state aid in Guidelines on the application and interpretation of Articles 61 and 62 of the EEA Agreement and Article 1 of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement,

Whereas Council Regulation (EC) No 659/1999 of 22 March 1999 codifies and reinforces the rules and principles for the application of Article 88 (ex Article 93) of the EC Treaty on state aid,

Whereas procedures should be established to be followed by the EFTA Surveillance Authority which are as close as possible to the procedures provided for in Council Regulation (EC) No 659/1999 of 22 March 1999,

Whereas, therefore, Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement should be amended,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement shall be amended as follows:

1. The following heading shall be inserted before Article 1:

“PART I
GENERAL RULES”

2. The following Articles and headings shall be inserted after Article 1:

“Article 2

Without prejudice to special procedural rules laid down in this Protocol and in the EEA Agreement for certain sectors, the implementing provisions referred to in Part II of this Protocol shall apply to aid in all sectors.

II. HLUTI
FRAMKVÆMDARÁKVÆÐI

I. KAFLI
MÁLSMEÐFERÐARREGLUR UM BEITINGU 1. GR. Í I. HLUTA

I. ÞÁTTUR
Almennt.

1. gr.
Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins;

b) „yfirstandandi aðstoð“:
   i) öll aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku EES-samningsins í viðkomandi EFTA-ríkjum, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem hafin var áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi og er enn veitt;
   ii) heimiluð aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur heimilað eða sem EFTA-ríkin hafa heimilað með samkomulagi eins og mælt er fyrir um í 3. undirgrein 2. mgr. 1. gr. í I. hluta;
   iii) aðstoð sem telst hafa verið heimiluð skv. 6. mgr. 4. gr. þessa kafla eða fyrir gildistöku hans en í samræmi við þessa málsmeðferð;
   iv) aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð skv. 15. gr. þessa kafla;
   v) aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð vegna þess að unnt er að sýna fram á að þegar hún kom til framkvæmda hafi hún ekki talist aðstoð heldur hafi hún orðið að aðstoð síðar vegna þróunar Evrópska efnahagssvæðisins, án breytinga af hálfu hlutaðeigandi EFTA-ríkis. Þegar tilteknum ráðstöfunum er breytt í aðstoð í kjölfar þess að frelsi er aukið í atvinnugreininni samkvæmt EES-reglum skulu þær ráðstafanir ekki teljast vera yfirstandandi aðstoð eftir þann dag sem frelsi er aukið;

c) „ný aðstoð“: öll aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð, sem er ekki yfirstandandi aðstoð, þar með taldar breytingar á yfirstandandi aðstoð;

PART II
IMPLEMENTING PROVISIONS

CHAPTER I
PROCEDURAL RULES FOR THE IMPLEMENTATION OF ARTICLE 1 IN PART I

SECTION I
General

Article 1
Definitions

For the purpose of this Chapter:

(a) "aid" shall mean any measure fulfilling all the criteria laid down in Article 61(1) of the EEA Agreement;

(b) "existing aid" shall mean:
   (i) all aid which existed prior to the entry into force of the EEA Agreement in the respective EFTA States, that is to say, aid schemes and individual aid which were put into effect before, and are still applicable after, the entry into force of the EEA Agreement;
   (ii) authorised aid, that is to say, aid schemes and individual aid which have been authorised by the EFTA Surveillance Authority or, by common accord as laid down in Part I, Article 1 (2) subparagraph 3, by the EFTA States;
   (iii) aid which is deemed to have been authorised pursuant to Article 4(6) of this Chapter or prior to this Chapter but in accordance with this procedure;
   (iv) aid which is deemed to be existing aid pursuant to Article 15 of this Chapter;
   (v) aid which is deemed to be an existing aid because it can be established that at the time it was put into effect it did not constitute an aid, and subsequently became an aid due to the evolution of the European Economic Area and without having been altered by the EFTA State. Where certain measures become aid following the liberalisation of an activity by EEA law, such measures shall not be considered as existing aid after the date fixed for liberalisation;

(c) "new aid" shall mean all aid, that is to say, aid schemes and individual aid, which is not existing aid, including alterations to existing aid;

d) „aðstoðarkerfi“: sérhver gerð sem leggja má, án frekari framkvæmdarráðstafana, til grundvallar því að veita fyrirtækjum, sem í gerðinni eru skilgreind á almennan og óhlutbundinn hátt, staka aðstoð og sérhver gerð sem leggja má til grundvallar því að veita einu eða fleiri fyrirtækjum staka aðstoð, sem er ekki bundin sérstöku verkefni, í ótiltekinn tíma og/eða sem nemur ótiltekinni fjárhæð;

e) „stök aðstoð“: aðstoð sem er ekki veitt á grundvelli aðstoðarkerfis og tilkynningaskyld veiting aðstoðar sem er byggð á aðstoðarkerfi;

f) „ólögleg aðstoð“: ný aðstoð sem veitt er andstætt ákvæðum 3. mgr. 1. gr. í I. hluta;

g) „misnotkun aðstoðar“: aðstoð sem þiggjandinn notar andstætt ákvörðun sem er tekin skv. 3. mgr. 4. gr. eða 3. eða 4. mgr. 7. gr. þessa kafla;

h) „hagsmunaaðili“: ríki sem á aðild að EES-samningnum og einstaklingar, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem eiga hagsmuna að gæta og veiting aðstoðar gæti haft áhrif á, einkum þiggjandi aðstoðarinnar, fyrirtæki í samkeppni og atvinnugreinasamtök.

(d) “aid scheme” shall mean any act on the basis of which, without further implementing measures being required, individual aid awards may be made to undertakings defined within the act in a general and abstract manner and any act on the basis of which aid which is not linked to a specific project may be awarded to one or several undertakings for an indefinite period of time and/or for an indefinite amount;

(e) “individual aid” shall mean aid that is not awarded on the basis of an aid scheme and notifiable awards of aid on the basis of an aid scheme;

(f) “unlawful aid” shall mean new aid put into effect in contravention of Article 1(3) in Part I;

(g) “misuse of aid” shall mean aid used by the beneficiary in contravention of a decision taken pursuant to Article 4(3) or Article 7(3) or (4) of this Chapter;

(h) “interested party” shall mean any State being a Contracting Party to the EEA Agreement and any person, undertaking or association of undertakings whose interests might be affected by the granting of aid, in particular the beneficiary of the aid, competing undertakings and trade associations.

II. ÞÁTTUR
Málsmeðferð viðvíkjandi tilkynntri aðstoð.

2. gr.
Tilkynning um nýja aðstoð.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari bókun eða viðeigandi ákvæðum EES-samningsins ber hlutaðeigandi EFTA-ríki að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA tímanlega um öll áform um að veita nýja aðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA ber að tilkynna hlutaðeigandi EFTA-ríki án tafar um viðtöku tilkynningar.

2. Í tilkynningu hlutaðeigandi EFTA-ríkis skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti tekið ákvörðun skv. 4. og 7. gr. þessa kafla (hér á eftir nefnd „fullnægjandi tilkynning“).

SECTION II
Procedure regarding notified aid

Article 2
Notification of new aid

1. Save as otherwise provided in this Protocol or relevant provisions of the EEA Agreement, any plans to grant new aid shall be notified to the EFTA Surveillance Authority in sufficient time by the EFTA State concerned. The EFTA Surveillance Authority shall inform the EFTA State concerned without delay of the receipt of a notification.

2. In a notification, the EFTA State concerned shall provide all necessary information in order to enable the EFTA Surveillance Authority to take a decision pursuant to Articles 4 and 7 of this Chapter (hereinafter referred to as “complete notification”).

3. gr.
Stöðvunarákvæði.

Tilkynningaskyld aðstoð skv. 1. mgr. 2. gr. þessa kafla skal ekki koma til framkvæmda fyrr

Article 3
Standstill clause

Aid notifiable pursuant to Article 2(1) of this Chapter shall not be put into effect before the

en Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið, eða telst hafa tekið, ákvörðun um að leyfa slíka aðstoð.

4. gr.

Forathugun á tilkynningu og ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka tilkynninguna til athugunar strax eftir viðtöku hennar. Eftirlitsstofnun EFTA ber að taka ákvörðun skv. 2., 3. eða 4. mgr., sbr. þó 8. gr. þessa kafla.

2. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að raun um, að lokinni forathugun, að í tilkynntri ráðstöfun felist ekki aðstoð skal hún skrá þá niðurstöðu í ákvörðun.

3. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að raun um, að lokinni forathugun, að enginn vafi leiki á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist framkvæmd EES-samningsins, að því marki sem hún fellur undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, skal hún ákvarða að ráðstöfunin samrýmist framkvæmd EES-samningsins (hér á eftir nefnd „ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum"). Í tilkynningunni skal tilgreina hvaða undanþáguákvæði EES-samningsins hafi verið beitt.

4. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að raun um, að lokinni forathugun, að vafi leiki á því að tilkynnt ráðstöfun samrýmist framkvæmd EES-samningsins skal hún ákvarða að hefja málsmeðferð skv. 2. mgr. 1. gr. í I. hluta (hér á eftir nefnd „ákvörðun um að hefja formlega rannsókn").

5. Ákvarðanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., skulu teknar innan tveggja mánaða. Fresturinn hefst daginn eftir viðtöku fullnægjandi tilkynningar. Tilkynningin verður talin fullnægjandi berist ekki beiðni frá Eftirlitsstofnun EFTA um viðbótarupplýsingar innan tveggja mánaða frá viðtöku hennar eða frá viðtöku viðbótarupplýsinga sem farið er fram á. Unnt er að framlengja frestinn ef bæði Eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi EFTA-ríki eru því samþykk. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákvarða skemmri frest þar sem það á við.

6. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA ekki tekið ákvörðun í samræmi við 2., 3. eða 4. mgr.

EFTA Surveillance Authority has taken, or is deemed to have taken, a decision authorising such aid.

Article 4

Preliminary examination of the notification and decisions of the EFTA Surveillance Authority

1. The EFTA Surveillance Authority shall examine the notification as soon as it is received. Without prejudice to Article 8 of this Chapter, the EFTA Surveillance Authority shall take a decision pursuant to paragraphs 2, 3 or 4.
2. Where the EFTA Surveillance Authority, after a preliminary examination, finds that the notified measure does not constitute aid, it shall record that finding by way of a decision.
3. Where the EFTA Surveillance Authority, after a preliminary examination, finds that no doubts are raised as to the compatibility with the functioning of the EEA Agreement of a notified measure, in so far as it falls within the scope of Article 61(1) of the EEA Agreement, it shall decide that the measure is compatible with the functioning of the EEA Agreement (hereinafter referred to as a "decision not to raise objections"). The decision shall specify which exception under the EEA Agreement has been applied.
4. Where the EFTA Surveillance Authority, after a preliminary examination, finds that doubts are raised as to the compatibility with the functioning of the EEA Agreement of a notified measure, it shall decide to initiate proceedings pursuant to Article 1(2) in Part I (hereinafter referred to as a "decision to initiate the formal investigation procedure").
5. The decisions referred to in paragraphs 2, 3 and 4 shall be taken within two months. That period shall begin on the day following the receipt of a complete notification. The notification will be considered as complete if, within two months from its receipt, or from the receipt of any additional information requested, the EFTA Surveillance Authority does not request any further information. The period can be extended with the consent of both the EFTA Surveillance Authority and the EFTA State concerned. Where appropriate, the EFTA Surveillance Authority may fix shorter time limits.
6. Where the EFTA Surveillance Authority has not taken a decision in accordance with para-

innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. skal litið svo á að Eftirlitsstofnun EFTA hafi heimilað aðstoðina. Hlutaðeigandi EFTA-ríki er að svo búnu heimilt að gera þær ráðstafanir, sem um ræðir, eftir að hafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um það áður, nema Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun samkvæmt þessari grein innan 15 virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

graphs 2, 3 or 4 within the period laid down in paragraph 5, the aid shall be deemed to have been authorised by the EFTA Surveillance Authority. The EFTA State concerned may thereupon implement the measures in question after giving the EFTA Surveillance Authority prior notice thereof, unless the EFTA Surveillance Authority takes a decision pursuant to this Article within a period of 15 working days following receipt of the notice.

5. gr.
Beiðni um upplýsingar.

1. Telji Eftirlitsstofnun EFTA að upplýsingar, sem hlutaðeigandi EFTA-ríki veitir um ráðstöfun sem tilkynnt er um skv. 2. gr. þessa kafla, séu ófullnægjandi skal hún leggja fram beiðni um allar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar. Þegar EFTA-ríki svarar slíkri beiðni ber Eftirlitsstofnun EFTA að tilkynna því um viðtöku svarsins.

2. Veiti hlutaðeigandi EFTA-ríki ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur mælt fyrir um eða veiti það ófullnægjandi upplýsingar skal Eftirlitsstofnun EFTA senda ítrekun þar sem gefinn er hæfilegur viðbótarfrestur til þess að veita upplýsingarnar.

3. Líta ber svo á að tilkynningin hafi verið dregin til baka séu umbeðnar upplýsingar ekki veittar innan tilskilins frests, nema sá frestur hafi, áður en hann rann út, annaðhvort verið framlengdur með samþykki bæði Eftirlitsstofnunar EFTA og hlutaðeigandi EFTA-ríkis eða hlutaðeigandi EFTA-ríki hafi tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA, með tilhlýðilega rökstuddri yfirlýsingu, að það telji tilkynninguna fullnægjandi af þeirri ástæðu að umbeðnar viðbótarupplýsingar séu ekki tiltækar eða hafi þegar verið veittar. Í því tilviki skal fresturinn, sem um getur í 5. mgr. 4. gr. þessa kafla, hefjast daginn eftir viðtöku yfirlýsingarinnar. Sé litið svo á að tilkynningin hafi verið dregin til baka ber Eftirlitsstofnun EFTA að tilkynna EFTA-ríkinu um það.

Article 5
Request for information

1. Where the EFTA Surveillance Authority considers that information provided by the EFTA State concerned with regard to a measure notified pursuant to Article 2 of this Chapter is incomplete, it shall request all necessary additional information. Where an EFTA State responds to such a request, the EFTA Surveillance Authority shall inform the EFTA State of the receipt of the response.
2. Where the EFTA State concerned does not provide the information requested within the period prescribed by the EFTA Surveillance Authority or provides incomplete information, the EFTA Surveillance Authority shall send a reminder, allowing an appropriate additional period within which the information shall be provided.
3. The notification shall be deemed to be withdrawn if the requested information is not provided within the prescribed period, unless before the expiry of that period, either the period has been extended with the consent of both the EFTA Surveillance Authority and the EFTA State concerned, or the EFTA State concerned, in a duly reasoned statement, informs the EFTA Surveillance Authority that it considers the notification to be complete because the additional information requested is not available or has already been provided. In that case, the period referred to in Article 4(5) of this Chapter shall begin on the day following receipt of the statement. If the notification is deemed to be withdrawn, the EFTA Surveillance Authority shall inform the EFTA State thereof.

6. gr.
Formleg rannsókn.

1. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn skal vera samantekt um þau atriði sem

Article 6
Formal investigation procedure

1. The decision to initiate the formal investigation procedure shall summarise the relevant

máli skipta að lögum og í reynd, bráðabirgðamat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort fyrirhuguð ráðstöfun sé í eðli sínu aðstoð og þar skulu raktar þær efasemdir sem eru uppi um að hún samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Í ákvörðuninni skal hvetja hlutaðeigandi EFTA-ríki og aðra hagsmunaaðila til þess að gera athugasemdir innan tiltekins frests sem að öllu jöfnu skal ekki vera lengri en einn mánuður. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

2. Senda skal hlutaðeigandi EFTA-ríki þær athugasemdir sem berast. Fari hagsmunaaðili fram á að hlutaðeigandi EFTA-ríki fái ekki vitneskju um hver hann er, vegna þess að það kunni að skaða hann, skal orðið við þeirri ósk. Hlutaðeigandi EFTA-ríki má svara athugasemdum sem berast innan tiltekins frests sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en einn mánuður. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

7. gr.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA um að ljúka formlegri rannsókn.

1. Formlegri rannsókn ber að ljúka með ákvörðun eins og kveðið er á um í 2. til 5. mgr. þessarar greinar, sbr. þó 8. gr. þessa kafla.
2. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að raun um að í tilkynntri ráðstöfun felist ekki aðstoð, eftir að hlutaðeigandi EFTA-ríki hefur, eftir atvikum, gert breytingar á henni, ber henni að skrá þá niðurstöðu í ákvörðun.
3. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að raun um að ekki leiki lengur vafi á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist framkvæmd EES-samningsins, eftir að hlutaðeigandi EFTA-ríki hefur, eftir atvikum, gert breytingu á henni, skal hún ákvarða að aðstoðin samrýmist framkvæmd EES-samningsins (hér á eftir nefnd „jákvæð ákvörðun"). Í ákvörðuninni skal tilgreina hvaða undanþáguákvæði EES-samningsins hafi verið beitt.

4. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að binda jákvæða ákvörðun skilyrðum sem uppfylla þarf til að aðstoð geti talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins og hún getur mælt fyrir um kvaðir til þess að unnt sé að fylgjast með því að ákvörðuninni sé hlítt (hér á eftir nefnd „skilyrt ákvörðun").

issues of fact and law, shall include a preliminary assessment of the EFTA Surveillance Authority as to the aid character of the proposed measure and shall set out the doubts as to its compatibility with the functioning of the EEA Agreement. The decision shall call upon the EFTA State concerned and upon other interested parties to submit comments within a prescribed period which shall normally not exceed one month. In duly justified cases, the EFTA Surveillance Authority may extend the prescribed period.

2. The comments received shall be submitted to the EFTA State concerned. If an interested party so requests, on grounds of potential damage, its identity shall be withheld from the EFTA State concerned. The EFTA State concerned may reply to the comments submitted within a prescribed period which shall normally not exceed one month. In duly justified cases, the EFTA Surveillance Authority may extend the prescribed period.

Article 7

Decisions of the EFTA Surveillance Authority to close the formal investigation procedure

1. Without prejudice to Article 8 of this Chapter, the formal investigation procedure shall be closed by means of a decision as provided for in paragraphs 2 to 5 of this Article.
2. Where the EFTA Surveillance Authority finds that, where appropriate following modification by the EFTA State concerned, the notified measure does not constitute aid, it shall record that finding by way of a decision.
3. Where the EFTA Surveillance Authority finds that, where appropriate following modification by the EFTA State concerned, the doubts as to the compatibility of the notified measure with the functioning of the EEA Agreement have been removed, it shall decide that the aid is compatible with the functioning of the EEA Agreement (hereinafter referred to as a "positive decision"). That decision shall specify which exception under the EEA Agreement has been applied.
4. The EFTA Surveillance Authority may attach to a positive decision conditions subject to which an aid may be considered compatible with the functioning of the EEA Agreement and may lay down obligations to enable compliance with the decision to be monitored (hereinafter referred to as a "conditional decision").

5. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að raun um að tilkynnt aðstoð samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins skal hún ákvarða að aðstoðin komi ekki til framkvæmda (hér á eftir nefnd „neikvæð ákvörðun").

6. Ákvarðanir, sem eru teknar skv. 2., 3., 4. og 5. mgr., skal taka undir eins og vafanum, sem um getur í 4. mgr. 4. gr. þessa kafla, hefur verið eytt. Eftirlitsstofnun EFTA skal leggja allt kapp á að taka ákvörðun innan 18 mánaða frá því að málsmeðferð hefst. Unnt er að framlengja frestinn ef bæði Eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi EFTA-ríki eru því samþykk.

7. Eftir að fresturinn, sem um getur í 6. mgr., er liðinn og fari hlutaðeigandi EFTA-ríki fram á það ber Eftirlitsstofnun EFTA að taka ákvörðun, innan tveggja mánaða, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum. Eftirlitsstofnun EFTA ber, eftir atvikum, að taka neikvæða ákvörðun ef veittar upplýsingar nægja ekki til þess að sýna fram á að aðstoðin samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

8. gr.
Tilkynning dregin til baka

1. Hlutaðeigandi EFTA-ríki er heimilt að draga til baka tilkynningu í skilningi 2. gr. þessa kafla í tæka tíð áður en Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun skv. 4. eða 7. gr. þessa kafla.

2. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið formlega rannsókn skal hún ljúka þeirri rannsókn.

9. gr.
Afturköllun ákvörðunar

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að afturkalla ákvörðun, sem er tekin skv. 2. eða 3. mgr. 4. gr. eða 2., 3. og 4. mgr. 7. gr. þessa kafla, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi EFTA-ríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, hafi ákvörðunin verið byggð á röngum upplýsingum sem voru veittar meðan rannsókn stóð yfir og höfðu úrslitaáhrif á að ákvörðunin var tekin. Eftirlitsstofnun EFTA ber, áður en hún afturkallar ákvörðun og tekur nýja, að hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 7. og 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 13., 14. og 15. gr. þessa kafla gilda að breyttu breytanda.

5. Where the EFTA Surveillance Authority finds that the notified aid is not compatible with the functioning of the EEA Agreement, it shall decide that the aid shall not be put into effect (hereinafter referred to as a "negative decision").
6. Decisions taken pursuant to paragraphs 2, 3, 4 and 5 shall be taken as soon as the doubts referred to in Article 4(4) of this Chapter have been removed. The EFTA Surveillance Authority shall as far as possible endeavour to adopt a decision within a period of 18 months from the opening of the procedure. This time limit may be extended by common agreement between the EFTA Surveillance Authority and the EFTA State concerned.
7. Once the time limit referred to in paragraph 6 has expired, and should the EFTA State concerned so request, the EFTA Surveillance Authority shall, within two months, take a decision on the basis of the information available to it. If appropriate, where the information provided is not sufficient to establish compatibility, the EFTA Surveillance Authority shall take a negative decision.

Article 8
Withdrawal of notification

1. The EFTA State concerned may withdraw the notification within the meaning of Article 2 of this Chapter in due time before the EFTA Surveillance Authority has taken a decision pursuant to Article 4 or 7 of this Chapter.
2. In cases where the EFTA Surveillance Authority initiated the formal investigation procedure, the EFTA Surveillance Authority shall close that procedure.

Article 9
Revocation of a decision

The EFTA Surveillance Authority may revoke a decision taken pursuant to Article 4(2) or (3), or Article 7(2), (3), (4) of this Chapter, after having given the EFTA State concerned the opportunity to submit its comments, where the decision was based on incorrect information provided during the procedure which was a determining factor for the decision. Before revoking a decision and taking a new decision, the EFTA Surveillance Authority shall open the formal investigation procedure pursuant to Article 4(4). Articles 6, 7 and 10, Article 11(1), Articles 13, 14 and 15 of this Chapter shall apply *mutatis mutandis*.

III. ÞÁTTUR
Málsmeðferð vegna ólöglegrar aðstoðar.

10. gr.
Athugun, beiðni um upplýsingar og fyrirmæli um að veita upplýsingar.

1. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA í fórum sínum upplýsingar um meinta ólöglega aðstoð skal hún athuga þær upplýsingar án tafar, óháð því hvaðan þær eru komnar.
2. Ef nauðsyn krefur skal hún óska eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi EFTA-ríki. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. þessa kafla gilda að breyttu breytanda.
3. Ef hlutaðeigandi EFTA-ríki veitir ekki, þrátt fyrir ítrekun skv. 2. mgr. 5. gr. þessa kafla, umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur mælt fyrir um eða veitir ófullnægjandi upplýsingar skal Eftirlitsstofnun EFTA fara fram á það með ákvörðun að upplýsingarnar séu veittar (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um að veita upplýsingar"). Í ákvörðuninni skal koma fram hvaða upplýsinga er krafist og mæla fyrir um viðeigandi frest til þess að veita þær.

11. gr.
Fyrirmæli um stöðvun eða bráðabirgðaendurgreiðslu aðstoðar.

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi EFTA-ríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, að samþykkja ákvörðun þar sem þess er krafist að EFTA-ríkið stöðvi alla ólöglega aðstoð uns Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun um hvort aðstoðin samrýmist framkvæmd EES-samningsins (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um stöðvun").
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi EFTA-ríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, að samþykkja ákvörðun þar sem þess er krafist að EFTA-ríkinu sé endurgreidd til bráðabirgða öll ólögleg aðstoð uns Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun um hvort aðstoðin samrýmist framkvæmd EES-samningsins (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um endurgreiðslu"), að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:
   - samkvæmt viðtekinni venju leiki enginn vafi á því að viðkomandi ráðstöfun sé í eðli sínu aðstoð, og
   - brýnt sé að grípa til aðgerða, og

SECTION III
Procedure regarding unlawful aid

Article 10
Examination, request for information and information injunction

La Commission d'Etat fixe, après consultation des Membres de la Conférence, la date et l'ordre du jour des Sessions.

Elle s'adresse au Gouvernement des Pays-Bas pour la convocation des Membres.

Les Sessions ordinaires de la Conférence auront lieu, en principe, tous les quatre ans.

En cas de besoin, la Commission d'Etat peut, après avis favorable des Membres, prier le Gouvernement des Pays-Bas de réunir la Conférence en Session Extraordinaire.

Article 4

Le Bureau Permanent a son siège à La Haye.

skrifstofunni starfa aðalritari og tveir ritarar af ólíku þjóðerni sem ríkisstjórn Hollands skipar að fram kominni uppstillingu fastanefndarinnar.

Aðalritarinn og ritararnir skulu hafa tilhlýðilega þekkingu og starfsreynslu á sviði lögfræði.

Heimilt er að fjölga riturum að höfðu samráði við aðila að ráðstefnunni.

5. gr.

Fastaskrifstofunni skal falið, undir stjórn fastanefndar ríkisstjórnar Hollands, að annast um:

a) undirbúning og skipulagningu þinga Haagráðstefnunnar og funda sérnefndanna;

b) vinnu skrifstofu þeirra fyrirhuguðu þinga og funda sem um getur hér að framan;

c) öll þau verkefni sem heyra undir starfsemi skrifstofu.

6. gr.

Ríkisstjórn hvers aðila skal tilnefna landsskrifstofu í því skyni að auðvelda samskipti aðila að ráðstefnunni og fastaskrifstofunnar.

Fastaskrifstofunni er heimilt að eiga bréfaskipti við allar landsskrifstofur, sem eru tilnefndar með þeim hætti sem fyrr greinir, og við réttbærar alþjóðastofnanir.

7. gr.

Ráðstefnunni og, milli þinga, fastanefnd ríkisstjórnar Hollands er heimilt að setja á stofn sérnefndir sem skulu undirbúa samningsdrög eða kanna hver þau álitamál á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar er varða tilgang og markmið ráðstefnunnar.

8. gr.

Skipta ber útgjöldum vegna reksturs og viðhalds fastaskrifstofunnar og sérnefnda milli aðila að ráðstefnunni, að ferða- og uppihaldskostnaði fulltrúa í sérnefndunum undanskildum sem þær ríkisstjórnir, sem hafa fyrirsvar í sérnefndunum, skulu greiða.

9. gr.

Senda ber fjárhagsáætlun fastaskrifstofunnar og sérnefndanna sendierindrekum aðilanna í Haag ár hvert til staðfestingar.

Il est composé d'un Secrétaire Général et de deux Secrétaires, appartenant à des nationalités différentes, qui sont nommés par le Gouvernement des Pays-Bas, sur présentation de la Commission d'Etat.

Le Secrétaire Général et les Secrétaires devront posséder des connaissances juridiques et une expérience pratique appropriées.

Le nombre des Secrétaires peut être augmenté après consultation des Membres de la Conférence.

Article 5

Sous la direction de la Commission d'Etat, le Bureau Permanent est chargé:

a) de la préparation et de l'organisation des Sessions de la Conférence de La Haye, ainsi que des réunions des Commissions spéciales;

b) des travaux du Secrétariat des Sessions et des réunions ci-dessus prévues;

c) de toutes les tâches qui rentrent dans l'activité d'un secrétariat.

Article 6

En vue de faciliter les communications entre les Membres de la Conférence et le Bureau Permanent, le Gouvernement de chacun des Membres doit désigner un organe national.

Le Bureau Permanent peut correspondre avec tous les organes nationaux ainsi désignés, et avec les organisations internationales compétentes.

Article 7

La Conférence et, dans l'intervalle des Sessions, la Commission d'Etat, peuvent instituer des Commissions spéciales, en vue d'élaborer des projets de Convention ou d'étudier toutes questions de droit international privé rentrant dans le but de la Conférence.

Article 8

Les dépenses du fonctionnement et de l'entretien du Bureau Permanent et des Commissions spéciales sont réparties entre les Membres de la Conférence, à l'exception des indemnités de déplacement et de séjour des Délégués aux Commissions spéciales, lesquelles indemnités sont à la charge des Gouvernements représentés.

Article 9

Le budget du Bureau Permanent et des Commissions spéciales est soumis, chaque année, à l'approbation des Représentants diplomatiques, à La Haye, des Membres.

Sendierindrekarnir skulu og skipta álögðum útgjöldum aðilanna samkvæmt fjárhagsáætluninni jafnt milli þeirra síðarnefndu.

Sendierindrekarnir skulu koma saman í þessu skyni undir forsæti utanríkisráðherra Hollands.

10. gr.

Ríkisstjórn Hollands skal bera kostnað af reglulegum þingum ráðstefnunnar.

Ef um aukaþing er að ræða skal skipta útgjöldum milli þeirra aðila að ráðstefnunni sem hafa fyrirsvar á því aukaþingi.

Viðkomandi ríkisstjórnum ber í öllum tilvikum að greiða ferða- og uppihaldskostnað fulltrúa sinna.

11. gr.

Fara ber eins að í öllum efnum og ráðstefnan skipar málum nema það stangist á við samþykkt þessa eða reglurnar.

12. gr.

Heimilt er að gera breytingar á samþykkt þessari staðfesti tveir þriðju hlutar aðila að ráðstefnunni þær.

13. gr.

Settar verða viðbótarreglur við ákvæði samþykktar þessarar í því skyni að greiða fyrir framkvæmd þeirra. Fastaskrifstofan mun annast setningu reglnanna og senda þær ríkisstjórnum aðilanna til staðfestingar.

14. gr.

Senda ber samþykkt þessa ríkisstjórnum þeirra ríkja, sem sóttu eitt eða fleiri þing ráðstefnunnar, til staðfestingar. Hún öðlast gildi er meirihluti þeirra ríkja, sem áttu fulltrúa á sjöunda þingi ráðstefnunnar, hefur staðfest hana.

Afhenda ber ríkisstjórn Hollands yfirlýsinguna um staðfestingu til vörslu sem tilkynnir þeim ríkisstjórnum, sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar, um hana.

Þegar nýtt ríki gerist aðili að samþykktinni gildir hið sama um yfirlýsingu þess um staðfestingu.

15. gr.

Hverju ríki er heimilt að segja samþykkt þessari upp að fimm árum liðnum frá þeim degi er hún öðlast gildi samkvæmt þeim skilmálum er um getur í fyrstu málsgrein 14. gr.

Ces Représentants fixent également la répartition, entre les Membres, des dépenses mises par ce budget à la charge de ces derniers.

Les Représentants diplomatiques se réunissent, à ces fins, sous la Présidence du Ministre des Affaires Etrangères des Pays-Bas.

Article 10

Les dépenses, résultant des Sessions Ordinaires de la Conférence, sont supportées par le Gouvernement des Pays-Bas.

En cas de Session Extraordinaire, les dépenses sont réparties entre les Membres de la Conférence représentés à la Session.

En tout cas, les indemnités de déplacement et de séjour des Délégués sont à la charge de leurs Gouvernements respectifs.

Article 11

Les usages de la Conférence continuent à être en vigueur pour tout ce qui n'est pas contraire au présent Statut ou au Règlement.

Article 12

Des modifications peuvent être apportées au présent Statut si elles sont approuvées par les deux tiers des Membres.

Article 13

Les dispositions du présent Statut seront complétées par un Règlement, en vue d'en assurer l'exécution. Ce Règlement sera établi par le Bureau Permanent et soumis à l'approbation des Gouvernements des Membres.

Article 14

Le présent Statut sera soumis à l'acceptation des Gouvernements des Etats ayant participé à une ou plusieurs Sessions de la Conférence. Il entrera en vigueur dès qu'il sera accepté par la majorité des Etats représentés à la Septième session.

La déclaration d'acceptation sera déposée auprès du Gouvernement néerlandais, qui en donnera connaissance aux Gouvernements visés au premier alinéa de cet article.

Il en sera de même, en cas d'admission d'un Etat nouveau, de la déclaration d'acceptation de cet Etat.

Article 15

Chaque Membre pourra dénoncer le présent Statut après une période de cinq ans à partir de la date de son entrée en vigueur aux termes de l'article 14, alinéa premier.

Tilkynna ber utanríkisráðuneyti Hollands um uppsögnina eigi síðar en sex mánuðum áður en fjárhagsár ráðstefnunnar er á enda og tekur hún gildi í lok þess árs, en aðeins gagnvart þeim aðila sem hefur tilkynnt um hana.

La dénonciation devra être notifiée au Ministère des Affaires Etrangères des Pays-Bas, au moins six mois avant l'expiration de l'année budgétaire de la Conférence, et produira son effet à l'expiration de ladite année, mais uniquement à l'égard du Membre qui l'aura notifiée.

3. desember 2003 Nr. 27

AUGLÝSING

um samkomulag um breytingu á Norðurlandasamningi um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

Hinn 30. október 2003 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 17. júní 1981 um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi sem gert var í Helsinki 18. júní 2003. Tilkynnt verður um gildistöku samkomulagsins síðar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. desember 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
um breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem æskja þess að samningurinn frá 17. júní 1981 um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi verði einnig látinn taka til færeysku, grænlensku og samísku, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

1. mgr. 1. gr. samningsins skal hljóða svo:

„Þær tungur, sem samningur þessi tekur til, eru íslenska, danska, finnska, norska og sænska ásamt færeysku, grænlensku og samísku.“

II. gr.

Samkomulagið öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er öll samningsríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu um að það hafi verið staðfest.

III. gr.

Frumeintak þessa samkomulags skal afhenda til vörslu í finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum samningsríkjunum í té staðfest endurrit þess.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað þetta samkomulag.

Gjört í Helsinki hinn 18. júní 2003 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Nr. 28 3. desember 2003

AUGLÝSING

um norrænan samning um heilbrigðisviðbúnað.

Hinn 31. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á norrænum samningi um heilbrigðisviðbúnað sem gerður var í Svolvær 14. júní 2002. Samningurinn öðlaðist gildi 30. nóvember 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. desember 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

NORRÆNN SAMNINGUR
um heilbrigðisviðbúnað.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem eru sannfærðar um nauðsyn þess að stofnað verði til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda aðildarlandanna í þeim tilgangi að efla sameiginlega getu Norðurlandanna til að bregðast við hættuástandi og hamförum, að meðtöldum náttúruhamförum og atvikum (slysum og hryðjuverkaárásum) þar sem m. a. geislavirk efni, sýkla- og efnavopn koma við sögu,

sem óska eftir að skipuleggja skilvirka aðstoð vegna hættuástands eða hamfara í einu Norðurlandanna þar sem aðstoðin fellur ekki undir aðra norræna fjölhliða eða tvíhliða samninga, þar á meðal samninginn milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 20. janúar 1989 um samvinnu landanna til að koma í veg fyrir eða takmarka þann skaða á mönnum, eignum og umhverfi sem kann að verða, ef slys eða hættuástand ber að höndum (norræni björgunarþjónustusamningurinn),

sem vilja gera samning er myndað getur ramma um samvinnu undirbúningsframkvæmda vegna viðbúnaðar,

sem vilja enn frekar bæta samvinnu á þessu sviði,

eru ásáttar um að gera norrænan samning um heilbrigðisviðbúnað sem hljóðar svo:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum samningi merkja hugtökin:

a) „eitt Norðurlanda“
sérhvert aðildarland auk heimastjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja að svo miklu leyti sem svæðin hafi gefið samþykki sitt fyrir aðild að samningnum;

b) „þar til bær aðili“
í Danmörku:
Indenrigs- og sundhedsministeriet
í Finnlandi:
Social- och hälsovårdsministeriet
á Íslandi:
Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytið
í Noregi:
Helsedepartementet
í Svíþjóð:
Socialministeriet, eða sá aðili sem ráðuneytið hefur veitt umboð.

2. gr.

Tilgangur.

Samningur þessi á að stuðla að samvinnu milli Norðurlandanna vegna undirbúnings og þróunar á heilbrigðisviðbúnaði með tilliti til viðbragða við hættuástandi og hamförum, að meðtöldum náttúruhamförum og atvikum (slysum og hryðjuverkaárásum) þar sem m. a. geislavirk efni, sýkla- og efnavopn koma við sögu.

3. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi varðar samvinnu milli þar til bærra norrænna aðila á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Samvinnan nær yfir:

a. undirbúning að viðbúnaði og
b. aðstoð ef hamfara- eða hættuástand skapast hjá aðildarríki.

Samningur þessi er viðbót við norrænan björgunarþjónustusamning frá 20. janúar 1989 og kemur því ekki til framkvæmdar ef þörfin fyrir aðstoð fellur undir fyrirnefndan samning.

Dreifing á stjórnsýslu- og fjárhagslegum afleiðingum í tengslum við samstarf um framkvæmdir vegna viðbúnaðar, sem nefnt er í 1. lið a þessarar greinar, verður ákveðin í hverju tilviki. Undir kringumstæðum sem falla undir 1. lið b þessarar greinar verður ákvæðum í „norrænum björgunarþjónustusamningi“ beitt eins langt og þau ná.

Samningur þessi má ekki verða Norðurlöndunum hindrun við efnd skuldbindinga sinna vegna þátttöku í fjölþjóðlegri eða þjóðréttarlegri samvinnu, eða taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.

Norðurlöndin geta gert með sér samninga á sérsviðum innan ramma þessa samnings.

4. gr.

Skuldbindingar ríkjanna.

Norðurlandaþjóðirnar skuldbinda sig

1) sé þess beðið, til að aðstoða hverjar aðra af fremsta megni innan ákvæða þessa samnings,
2) til að upplýsa hverjar aðra eins fljótt og auðið er um framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar eða eru þegar hafnar sem munu hafa, eða ætla má að muni hafa, þýðingu annars staðar á Norðurlöndum,
3) til að efla samvinnu í landslögum, reglugerðum og öðrum reglum samkvæmt þessum samningi og ryðja úr vegi hvaðeina sem hindrað getur samvinnu þessa að eins miklu leyti og hægt er,

4) til að stuðla að samvinnu um hæfnisþróun og að aðilar geti skipst á reynslu,
5) til að stefna að þróun samvinnu á þessu sviði,
6) til að upplýsa hver aðra um breytingar sem viðkoma fyrirkomulagi á viðbúnaði, einnig lagabreytingar.

5. gr.
Framkvæmd samningsins.

Heilbrigðisráðherrar aðildarlandanna funda reglulega til að ræða stöðu mála innan verksviðs samningsins. Sú þjóð sem fer með formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar ber ábyrgð á framkvæmd funda.

Forsenda fyrir framkvæmd þessa samnings er að hlutaðeigandi yfirvöld verði í beinu sambandi sín á milli.

Hlutaðeigandi yfirvöld skulu meta sameiginlega þróun og framkvæmd samningsins árlega. Þetta skal, þar sem því verður við komið, fara fram innan þess fundarfyrirkomulags sem þegar er til staðar.

6. gr.
Gildistaka.

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er öll aðildarlöndin hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu skriflega um staðfestingu samningsins.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir skriflega öðrum samningsaðilum og Norrænu ráðherranefndinni um dagsetningu móttöku slíkra tilkynninga og dagsetningu gildistöku samningsins.

7. gr.
Uppsögn samnings.

Samningsaðili getur sagt upp samningnum með skriflegri tilkynningu þess efnis til norska utanríkisráðuneytisins sem upplýsir hina samningsaðilana um dagsetningu móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar. Uppsögnin öðlast gildi sex mánuðum eftir móttöku tilkynningarinnar.

8. gr.
Varsla samnings.

Frumeintak þessa samnings verður í vörslu hjá norska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum samningsaðilunum í té staðfest afrit.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Svolvær hinn 14. júní 2002 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 25. nóvember 2003 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins (EB) nr. 1560/2003 frá 2. september 2003, um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins nr. 343/2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 25. nóvember 2003.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. desember 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1560/2003 frá 2. september 2003 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 343/2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna.

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna[1], einkum 15. gr. (5. mgr.), 17. gr. (3. mgr.), 18. gr. (3. mgr.), 19. gr. (3. og 5. gr.), 20. gr. (1., 3. og 4. mgr.) og 22. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

[1] Stjtíð. EB L 50, 25.2.2003, bls. 1.

COMMISSION REGULATION (EC) No 1560/2003 of 2 September 2003 laying down detailed rules for the application of Council Regulation (EC) No 343/2003 establishing the criteria and mechanisms for determining the Member State responsible for examining an asylum application lodged in one of the Member States by a third-country national

THE COMMISSION OF THE EUROPEAN COMMUNITIES,

Having regard to the Treaty establishing the European Community,

Having regard to Council Regulation (EC) No 343/2003 of 18 February 2003 establishing the criteria and mechanisms for determining the Member State responsible for examining an asylum application lodged in one of the Member States by a third-country national[1], and in particular Article 15(5), Article 17(3), Article 18(3), Article 19(3) and (5), Article 20(1), (3) and (4) and Article 22(2) thereof,

Whereas:

[1] OJ L 50, 25.2.2003, p. 1.

1) Grípa verður til ýmissa sérstakra ráðstafana til stuðla að skilvirkri beitingu reglugerðar (EB) nr. 343/2003. Þessar ráðstafanir verða að vera skýrt skilgreindar til að greiða fyrir samstarfi þeirra yfirvalda aðildarríkjanna sem eru til þess bær að koma reglugerðinni til framkvæmda að því er varðar sendingu og meðferð beiðna um að umsækjandi verði tekinn í umsjá og að tekið verði við umsækjanda aftur beiðna um upplýsingar og um fyrirkomulag flutnings.

2) Til að tryggja sem mesta samfelldni milli samningsins um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna[2], sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990, og reglugerðar (EB) nr. 343/2003, sem kemur í stað þess samnings, skal þessi reglugerð byggjast á sameiginlegu meginreglunum, skránum og eyðublöðunum sem nefndin, sem komið var á fót skv. 18. gr. þess samnings, samþykkti, að viðbættum breytingum sem nauðsynlegar eru vegna innleiðingar nýrra viðmiðana, orðalags tiltekinna ákvæða og á grundvelli fenginnar reynslu.

3) Taka verður tillit til samspilsins milli málsmeðferðar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 343/2003 og beitingar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2725/2000 frá 11. desember 2000 um stofnun „Eurodac" til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins[3].

4) Æskilegt er, fyrir aðildarríkin og einnig fyrir viðkomandi umsækjendur um hæli, að fyrir hendi sé fyrirkomulag til að leita lausna í ágreiningsmálum milli aðildarríkjanna um beitingu mannúðarákvæðisins í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003.

5) Stofnun rafræns gagnasendinganets til að auðvelda framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 343/2003 hefur í för með sér að setja verður reglur um gildandi tæknistaðla og tilhögun við notkun netsins.

6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upp-

(1) A number of specific arrangements must be established for the effective application of Regulation (EC) No 343/2003. Those arrangements must be clearly defined so as to facilitate cooperation between the authorities in the Member States competent for implementing that Regulation as regards the transmission and processing of requests for the purposes of taking charge and taking back, requests for information and the carrying out of transfers.

(2) To ensure the greatest possible continuity between the Convention determining the State responsible for examining applications for asylum lodged in one of the Member States of the European Communities[2], signed in Dublin on 15 June 1990, and Regulation (EC) No 343/2003, which replaces that Convention, this Regulation should be based on the common principles, lists and forms adopted by the committee set up by Article 18 of that Convention, with the inclusion of amendments necessitated by the introduction of new criteria, the wording of certain provisions and of the lessons drawn from experience.

(3) The interaction between the procedures laid down in Regulation (EC) No 343/2003 and the application of Council Regulation (EC) No 2725/2000 of 11 December 2000 concerning the establishment of 'Eurodac' for the comparison of fingerprints for the effective application of the Dublin Convention[3] must be taken into account.

(4) It is desirable, both for the Member States and the asylum seekers concerned, that there should be a mechanism for finding a solution in cases where Member States differ over the application of the humanitarian clause in Article 15 of Regulation (EC) No 343/2003.

(5) The establishment of an electronic transmission network to facilitate the implementation of Regulation (EC) No 343/2003 means that rules must be laid down relating to the technical standards applicable and the practical arrangements for using the network.

(6) Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and

[2] Stjtíð. EB C 254, 19.8.1997, bls. 1.
[3] Stjtíð. EB 316, 15.12.2000, bls. 1.

[2] OJ C 254, 19.8.1997, p. 1.
[3] OJ L 316, 15.12.2000, p. 1.

lýsinga[4] gildir um vinnslu upplýsinga sem fram fer samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003.

7) Danmörk, sem er ekki bundin af reglugerð (EB) nr. 343/2003, er, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki bundin af þessari reglugerð eða beitingu hennar fyrr en komist hefur verið að samkomulagi sem heimilar henni að taka þátt í reglugerð (EB) nr. 343/2003.

8) Í samræmi við 4. gr. samningsins frá 19. janúar 2001 milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki fari með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki, á Íslandi eða í Noregi[5] skulu Ísland og Noregur beita þessari reglugerð á sama hátt og aðildarríki Evrópubandalagsins beita henni. Þar af leiðandi teljast Ísland og Noregur einnig til aðildarríkja að því er varðar þessa reglugerð.

9) Brýnt er að þessi reglugerð taki gildi eins fljótt og unnt er til að hægt sé að beita reglugerð (EB) nr. 343/2003.

10) Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem sett var á fót skv. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

on the free movement of such data[4] applies to processing carried out pursuant to the present Regulation in accordance with Article 21 of Regulation (EC) No 343/2003.

(7) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark, which is not bound by Regulation (EC) No 343/2003, is not bound by the present Regulation or subject to its application, until such time as an agreement allowing it to participate in Regulation (EC) No 343/2003 is reached.

(8) In accordance with Article 4 of the Agreement of 19 January 2001 between the European Community and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining an application for asylum lodged in a Member State or in Iceland or Norway[5], this Regulation is to be applied by Iceland and Norway as it is applied by the Member States of the European Community. Consequently, for the purposes of this Regulation, Member States also include Iceland and Norway.

(9) It is necessary for the present Regulation to enter into force as quickly as possible to enable Regulation (EC) No 343/2003 to be applied.

(10) The measures set out in this Regulation are in accordance with the opinion of the Committee set up by Article 27 of Regulation (EC) No 343/2003,

HAS ADOPTED THIS REGULATION:

[4] Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
[5] Stjtíð. EB L 93, 3.4.2001, bls. 40.

[4] OJ L 281, 23.11.1995, p. 31.
[5] OJ L 93, 3.4.2001, p. 40.

I. BÁLKUR
MÁLSMEÐFERÐ

I. KAFLI
GERÐ BEIÐNA

1. gr.
Gerð beiðna um að umsækjandi verði tekinn í umsjá.

1. Beiðnir um að umsækjandi verði tekinn í umsjá skulu lagðar fram á samræmdu eyðublaði í samræmi við fyrirmyndina í I. viðauka. Á eyðublaðinu skulu vera reitir sem skylt er að fylla út á tilhlýðilegan hátt auk reita sem fylla ber út ef upplýsingar liggja fyrir. Færa má viðbótarupplýsingar í reit sem til þess er ætlaður.
   Beiðninni skulu einnig fylgja:
   a) afrit af öllum sönnunum og sönnunum, byggðum á líkum, sem sýna fram á að aðildarríkið, sem beiðni er beint til, ber ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli, auk athugasemda, þar sem við á, um hvernig þær eru til komnar og það sönnunargildi, sem aðildarríkið sem leggur fram beiðni, gefur þeim, með tilvísun í skrár yfir sannanir og sannanir, byggðar á líkum, sem um getur í 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003 og settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð,

   b) ef nauðsyn krefur, afrit af öllum skriflegum yfirlýsingum umsækjanda um hæli eða skýrslum sem teknar hafa verið af honum.
2. Ef beiðnin byggist á jákvæðri niðurstöðu (hæfingu), sem send hefur verið frá miðlægri einingu evrópska fingrafaragrunnsins [Eurodac] í samræmi við 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2725/2003 eftir samanburð á fingraförum umsækjanda um hæli og fingrafaraupplýsingum, sem áður hafa verið teknar og sendar miðlægu einingunni í samræmi við 8. gr. þeirrar reglugerðar og kannaðar í samræmi við 6. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, skulu gögnin frá miðlægu einingunni einnig fylgja beiðninni.
3. Ef aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, óskar eftir svari með hraði, í samræmi við 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003, skal lýsa í beiðninni við hvaða aðstæður umsókn um hæli var lögð fram og tilgreina ástæðurnar, að lögum eða í reynd, fyrir því að svar þurfi að berast með hraði.

TITLE I
PROCEDURES

CHAPTER I
PREPARATION OF REQUESTS

Article 1
Preparation of requests for taking charge

1. Requests for taking charge shall be made on a standard form in accordance with the model in Annex I. The form shall include mandatory fields which must be duly filled in and other fields to be filled in if the information is available. Additional information may be entered in the field set aside for the purpose.

   The request shall also include:
   (a) a copy of all the proof and circumstantial evidence showing that the requested Member State is responsible for examining the application for asylum, accompanied, where appropriate, by comments on the circumstances in which it was obtained and the probative value attached to it by the requesting Member State, with reference to the lists of proof and circumstantial evidence referred to in Article 18(3) of Regulation (EC) No 343/2003, which are set out in Annex II to the present Regulation;
   (b) where necessary, a copy of any written declarations made by or statements taken from the applicant.

2. Where the request is based on a positive result (hit) transmitted by the Eurodac Central Unit in accordance with Article 4(5) of Regulation (EC) No 2725/2000 after comparison of the asylum seeker's fingerprints with fingerprint data previously taken and sent to the Central Unit in accordance with Article 8 of that Regulation and checked in accordance with Article 4(6) of that Regulation, it shall also include the data supplied by the Central Unit.

3. Where the requesting Member State asks for an urgent reply in accordance with Article 17(2) of Regulation (EC) No 343/2003, the request shall describe the circumstances of the application for asylum and shall state the reasons in law and in fact which warrant an urgent reply.

2. gr.
Gerð beiðna um endurviðtöku.

Beiðnir um endurviðtöku skulu lagðar fram á samræmdu eyðublaði í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka, þar sem fram kemur um hvers konar beiðni er að ræða, ástæður fyrir henni og þau ákvæði reglugerðar (EB) nr. 343/2003 sem hún byggist á.

Beiðninni skal einnig fylgja jákvæð niðurstaða (hæfing) frá miðlægri einingu evrópska fingrafaragrunnsins, í samræmi við 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2725/2000, eftir samanburð á fingraförum umsækjanda um hæli og fingrafaraupplýsingum, sem áður hafa verið teknar og sendar miðlægu einingunni í samræmi við 1. og 2. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar og kannaðar í samræmi við 6. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

Að því er varðar beiðnir sem tengjast hælisumsóknum frá því áður en evrópski fingrafaragrunnurinn var tekinn í notkun skal festa afrit af fingraförum við eyðublaðið.

Article 2
Preparation of requests for taking back

Requests for taking back shall be made on a standard form in accordance with the model in Annex III, setting out the nature of the request, the reasons for it and the provisions of Regulation (EC) No 343/2003 on which it is based.

The request shall also include the positive result (hit) transmitted by the Eurodac Central Unit, in accordance with Article 4(5) of Regulation EC) No 2725/2000, after comparison of the applicant's fingerprints with fingerprint data previously taken and sent to the Central Unit in accordance with Article 4(1) and (2) of that Regulation and checked in accordance with Article 4(6) of that Regulation.

For requests relating to applications dating from before Eurodac became operational, a copy of the fingerprints shall be attached to the form.

II. KAFLI
SVÖR VIÐ BEIÐNUM

3. gr.
Meðferð beiðna um að umsækjandi verði tekinn í umsjá.

1. Rökstuðningur að lögum og í reynd, sem fram kemur í beiðninni, skal skoðaður í ljósi ákvæða reglugerðar (EB) nr. 343/2003 og þeirra skráa yfir sannanir og sannanir, byggðar á líkum, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.
2. Óháð því hvaða viðmiðanir og ákvæði reglugerðar (EB) nr. 343/2003 stuðst er við skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, kanna ítarlega og hlutlægt, innan þess tíma sem heimilaður er skv. 1. og 6. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar, á grundvelli allra upplýsinga sem það hefur beinan eða óbeinan aðgang að, hvort ábyrgð þess á meðferð umsóknar um hæli liggi fyrir. Leiði kannanir aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, í ljós að það ber ábyrgð samkvæmt a.m.k. einni af viðmiðunum þeirrar reglugerðar skal það gangast við ábyrgð sinni.

CHAPTER II
REACTION TO REQUESTS

Article 3
Processing requests for taking charge

1. The arguments in law and in fact set out in the request shall be examined in the light of the provisions of Regulation (EC) No 343/2003 and the lists of proof and circumstantial evidence which are set out in Annex II to the present Regulation.
2. Whatever the criteria and provisions of Regulation (EC) No 343/2003 that are relied on, the requested Member State shall, within the time allowed by Article 18(1) and (6) of that Regulation, check exhaustively and objectively, on the basis of all information directly or indirectly available to it, whether its responsibility for examining the application for asylum is established. If the checks by the requested Member State reveal that it is responsible under at least one of the criteria of that Regulation, it shall acknowledge its responsibility.

4. gr.
Meðferð beiðna um endurviðtöku.

Ef beiðni um endurviðtöku er byggð á gögnum frá miðlægri einingu evrópska fingrafaragrunnsins og aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur

Article 4
Processing of requests for taking back

Where a request for taking back is based on data supplied by the Eurodac Central Unit and checked by the requesting Member State, in

kannað hana í samræmi við 6. mgr. 4. gr. í reglugerð (EB) nr. 2725/2000 skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, gangast við ábyrgð sinni nema kannanir, sem gerðar hafa verið, sýni að skuldbindingar þess hafi fallið niður skv. annarri undirgrein 5. mgr. 4. gr. eða skv. 2., 3. eða 4. mgr. 16. gr. reglugerðar EB nr. 343/2003. Einungis má bera fyrir sig að skuldbindingar hafi fallið niður samkvæmt þessum ákvæðum ef fyrir liggja efnislegar sannanir eða rökstuddar og sannreynanlegar yfirlýsingar umsækjanda um hæli.

5. gr.
Synjun.

1. Ef aðildarríkið, sem beiðni er beint til, telur, eftir að kannanir hafa verið gerðar, að sannanir, sem lagðar eru fram, skeri ekki úr um ábyrgð þess skulu ástæðurnar fyrir neitun þess koma skýrt og ítarlega fram í synjun sem send er aðildarríkinu sem leggur fram beiðni.
2. Ef aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, telur að neitunin sé byggð á misskilningi eða ef það hefur frekari sannanir til að leggja fram getur það beðið um að beiðnin verði tekin fyrir aftur. Neyta verður þessa réttar innan þriggja vikna frá móttöku synjunarinnar. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal leitast við að svara henni innan tveggja vikna. Í engum tilvikum skal þessi viðbótarmálsmeðferð framlengja frestinn sem mælt er fyrir um í 1. og 6. mgr. 18. gr. og b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003.

6. gr.
Samþykki.

Gangist aðildarríkið við ábyrgð skal það koma fram í svari þess þar sem tilgreint er hvaða ákvæði reglugerðar (EB) nr. 343/2003 liggur til grundvallar, auk tilhögunar við væntanlegan flutning, svo sem nákvæmar upplýsingar um stofnunina eða einstaklinginn sem hafa ber samband við.

III. KAFLI
FLUTNINGUR

7. gr.
Tilhögun við flutning.

1. Flutningur einstaklings til aðildarríkis, sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli, getur farið fram á einhvern þann hátt sem hér segir:
   a) að beiðni umsækjanda um hæli, innan tiltekins frests,

accordance with Article 4(6) of Regulation (EC) No 2725/2000, the requested Member State shall acknowledge its responsibility unless the checks carried out reveal that its obligations have ceased under the second subparagraph of Article 4(5) or under Article 16(2), (3) or (4) of Regulation (EC) No 343/2003. The fact that obligations have ceased on the basis of those provisions may be relied on only on the basis of material evidence or substantiated and verifiable statements by the asylum seeker.

Article 5
Negative reply

1. Where, after checks are carried out, the requested Member State considers that the evidence submitted does not establish its responsibility, the negative reply it sends to the requesting Member State shall state full and detailed reasons for its refusal.
2. Where the requesting Member State feels that such a refusal is based on a misappraisal, or where it has additional evidence to put forward, it may ask for its request to be reexamined. This option must be exercised within three weeks following receipt of the negative reply. The requested Member State shall endeavour to reply within two weeks. In any event, this additional procedure shall not extend the time limits laid down in Article 18(1) and (6) and Article 20(1)(b) of Regulation (EC) No 343/2003.

Article 6
Positive reply

Where the Member State accepts responsibility, the reply shall say so, specifying the provision of Regulation (EC) No 343/2003 that is taken as a basis, and shall include practical details regarding the subsequent transfer, such as contact particulars of the department or person to be contacted.

CHAPTER III
TRANSFERS

Article 7
Practical arrangements for transfers

1. Transfers to the Member State responsible may be carried out in one of the following ways:

   (a) at the request of the asylum seeker, by a certain specified date;

b) brottför umsækjanda um hæli getur verið undir eftirliti opinbers starfsmanns aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, sem fylgir umsækjanda á brottfararstað og er aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, tilkynnt um komustað, dagsetningu og komutíma innan samþykkts frests,

c) umsækjandi um hæli getur komið í fylgd opinbers starfsmanns aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, eða fulltrúa stofnunar, sem hefur heimild til þess frá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni, sem felur hann í hendur yfirvöldum aðildarríkisins sem ber ábyrgð.

2. Í þeim tilvikum, sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr., skal umsækjanda um hæli fengið ferðabréf (laissez-passer), eins og um getur í 3. mgr. 19. gr. og e-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003, en fyrirmynd af því er að finna í IV. viðauka við þessa reglugerð, til að komast inn í aðildarríkið sem ber ábyrgð og sanna deili á sér við komuna til þess staðar og á þeim tíma sem honum var gefinn upp þegar honum var tilkynnt um þá ákvörðun að aðildarríkið, sem ber ábyrgð, tæki yfir umsjá hans eða tæki við honum aftur.

   Í því tilviki, sem um getur í c-lið 1. mgr., skal gefið út ferðabréf ef hælisumsækjandi hefur ekki persónuskilríki undir höndum. Viðkomandi aðildarríki skulu komast að samkomulagi fyrir fram um það hvenær og hvar flutningurinn skal fara fram í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr.

3. Aðildarríkið, sem sér um flutninginn, skal sjá til þess að umsækjanda um hæli séu fengin öll skilríki sín fyrir brottför, þeim komið í örugga vörslu fylgdarmanna hans sem afhenda þau lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, eða þau send með öðrum viðeigandi hætti.

(b) by supervised departure, with the asylum seeker being accompanied to the point of embarkation by an official of the requesting Member State, the responsible Member State being notified of the place, date and time of the asylum seeker's arrival within an agreed time limit;

(c) under escort, the asylum seeker being accompanied by an official of the requesting Member State or by a representative of an agency empowered by the requesting Member State to act in that capacity and handed over to the authorities in the responsible Member State.

2. In the cases referred to in paragraph 1(a) and (b), the applicant shall be supplied with the laissez-passer referred to in Article 19(3) and Article 20(1)(e) of Regulation (EC) No 343/2003, a model of which is set out in Annex IV to the present Regulation, to allow him to enter the Member State responsible and to identify himself on his arrival at the place and time indicated to him at the time of notification of the decision on taking charge or taking back by the Member State responsible.

   In the case referred to in paragraph 1(c), a laissez-passer shall be issued if the asylum seeker is not in possession of identity documents. The time and place of transfer shall be agreed in advance by the Member States concerned in accordance with the procedure set out in Article 8.

3. The Member State making the transfer shall ensure that all the asylum seeker's documents are returned to him before his departure, given into the safe keeping of members of the escort to be handed to the competent authorities of the Member State responsible, or sent by other appropriate means.

8. gr.

Samstarf um flutning.

1. Það er skylda aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, að heimila að flutningur umsækjanda um hæli fari fram eins fljótt og unnt er og tryggja að hann sé ekki hindraður á neinn hátt. Það aðildarríki skal ákvarða, ef við á, hvert á yfirráðasvæði þess skal flytja umsækjanda um hæli eða hvar hann skal falinn í hendur lögbærum yfirvöldum, að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og flutningatækja sem kostur er á í aðildarríkinu sem annast flutninginn. Ekki má krefjast þess að fylgdarmenn

Article 8

Cooperation on transfers

1. It is the obligation of the Member State responsible to allow the asylum seeker's transfer to take place as quickly as possible and to ensure that no obstacles are put in his way. That Member State shall determine, where appropriate, the location on its territory to which the asylum seeker will be transferred or handed over to the competent authorities, taking account of geographical constraints and modes of transport available to the Member State making the transfer. In

fylgi umsækjanda um hæli lengra en til komustaðar flutningatækisins, sem er í flutningum milli landa og notast er við, eða að aðildarríkið, sem annast flutninginn, greiði kostnað af frekari flutningi en til þess staðar.

2. Aðildarríkið, sem annast flutninginn, skal sjá um að umsækjandi um hæli og fylgdarmenn hans fái flutning og ákveða, í samráði við aðildarríkið sem ber ábyrgðina, komutíma og, ef nauðsyn ber til, tilhögun við afhendingu viðkomandi einstaklings til lögbærra yfirvalda. Aðildarríkið, sem ber ábyrgð, getur krafist þess að fá þriggja virkra daga fyrirvara.

9. gr.

Flutningi frestað eða seinkað.

1. Aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, skal tilkynnt þegar í stað um hvers konar frestun, sem rekja má annaðhvort til áfrýjunar eða endurskoðunar með áhrifum til frestunar eða til ástæðna eins og veikinda umsækjanda um hæli, þess að flutningatæki er ekki fyrir hendi eða þeirrar staðreyndar að umsækjandi um hæli hefur dregið sig út úr málsmeðferð um flutning.
2. Aðildarríki sem, af einhverri af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 4. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003, getur ekki annast flutning innan hins venjubundna sex mánaða frests, sem kveðið er á um í 3. mgr. 19. gr. og í d-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar, skal tilkynna aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, um það áður en fresturinn rennur út. Að öðrum kosti fellur ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli og aðrar skuldbindingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 343/2003 á fyrrnefnda aðildarríkið í samræmi við 4. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.
3. Ef aðildarríki skuldbindur sig, af einhverri af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 4. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003, til að annast flutninginn eftir að hinn venjubundni sex mánaða frestur er útrunninn skal það gera viðeigandi ráðstafanir fyrir fram ásamt aðildarríkinu sem ber ábyrgð.

no case may a requirement be imposed that the escort accompany the asylum seeker beyond the point of arrival of the international means of transport used or that the Member State making the transfer meet the costs of transport beyond that point.

2. The Member State organising the transfer shall arrange the transport for the asylum seeker and his escort and decide, in consultation with the Member State responsible, on the time of arrival and, where necessary, on the details of the handover to the competent authorities. The Member State responsible may require that three working days' notice be given.

Article 9

Postponed and delayed transfers

1. The Member State responsible shall be informed without delay of any postponement due either to an appeal or review procedure with suspensive effect, or physical reasons such as ill health of the asylum seeker, non-availability of transport or the fact that the asylum seeker has withdrawn from the transfer procedure.
2. A Member State which, for one of the reasons set out in Article 19(4) and Article 20(2) of Regulation (EC) No 343/2003, cannot carry out the transfer within the normal time limit of six months provided for in Article 19(3) and Article 20(1)(d) of that Regulation, shall inform the Member State responsible before the end of that time limit. Otherwise, the responsibility for processing the application for asylum and the other obligations under Regulation (EC) No 343/2003 falls to the former Member State, in accordance with Article 19(4) and Article 20(2) of that Regulation.
3. When, for one of the reasons set out in Article 19(4) and Article 20(2) of Regulation (EC) No 343/2003, a Member State undertakes to carry out the transfer after the normal time limit of six months, it shall make the necessary arrangements in advance with the Member State responsible.

10. gr.

Flutningur í kjölfar sjálfgefins samþykkis.

1. Ef aðildarríki, sem beiðni er beint til, telst, skv. 7. mgr. 18. gr. eða c-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003, eftir því sem við á, hafa samþykkt beiðni um að umsækjandi verði tekinn í umsjá eða beiðni um endurviðtöku skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefja nauðsynlegt samráð um skipulagningu flutningsins.
2. Fari aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, fram á það verður aðildarríkið, sem ber ábyrgð, að staðfesta skriflega, án tafar, að það viðurkenni ábyrgð sína þar sem það svaraði ekki innan frestsins. Aðildarríkið, sem ber ábyrgð, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða komustað umsækjanda um hæli eins fljótt og unnt er og, þar sem við á, komast að samkomulagi við aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, um komutíma og tilhögun við að afhenda lögbærum yfirvöldum viðkomandi einstakling.

Article 10

Transfer following an acceptance by default

1. Where, pursuant to Article 18(7) or Article 20(1)(c) of Regulation (EC) No 343/2003 as appropriate, the requested Member State is deemed to have accepted a request to take charge or to take back, the requesting Member State shall initiate the consultations needed to organise the transfer.

2. If asked to do so by the requesting Member State, the Member State responsible must confirm in writing, without delay, that it acknowledges its responsibility as a result of its failure to reply within the time limit. The Member State responsible shall take the necessary steps to determine the asylum seeker's place of arrival as quickly as possible and, where applicable, agree with the requesting Member State the time of arrival and the practical details of the handover to the competent authorities.

IV. KAFLI
MANNÚÐARÁKVÆÐI

11. gr.

Einstaklingar háðir aðstoð annarra.

1. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003 gilda hvort sem umsækjandi um hæli er háður aðstoð ættingja sem er fyrir í öðru aðildarríki eða ættinginn er háður aðstoð umsækjandans.

2. Meta ber tilvik þar sem einstaklingar eru háðir aðstoð annarra, sem um getur í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003, eins og hægt er, á grundvelli hlutlægra viðmiðana svo sem læknisvottorða. Séu slíkar sannanir ekki fyrirliggjandi og ef ekki er hægt að útvega þær skal einungis taka mannúðarástæður sem gefnar á grundvelli sannfærandi upplýsinga sem viðkomandi einstaklingar láta í té.
3. Þegar metið er hversu nauðsynlegt og viðeigandi er að sameina viðkomandi einstaklinga skal taka tillit til eftirtalinna þátta:

   a) fjölskylduaðstæðna í upprunalandinu,

   b) þess við hvaða aðstæður viðkomandi einstaklingar voru aðskildir,

CHAPTER IV
HUMANITARIAN CLAUSE

Article 11

Situations of dependency

1. Article 15(2) of Regulation (EC) No 343/2003 shall apply whether the asylum seeker is dependent on the assistance of a relative present in another Member State or a relative present in another Member State is dependent on the assistance of the asylum seeker.
2. The situations of dependency referred to in Article 15(2) of Regulation (EC) No 343/2003 shall be assessed, as far as possible, on the basis of objective criteria such as medical certificates. Where such evidence is not available or cannot be supplied, humanitarian grounds shall be taken as proven only on the basis of convincing information supplied by the persons concerned.

3. The following points shall be taken into account in assessing the necessity and appropriateness of bringing together the persons concerned:
   (a) the family situation which existed in the country of origin;
   (b) the circumstances in which the persons concerned were separated;

c) stöðu mismunandi málsmeðferðar umsókna um hæli eða málsmeðferðar samkvæmt lögum um útlendinga sem stendur yfir í aðildarríkjunum.

4. Beiting 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 343/2003 skal ætíð háð því að tryggt sé að umsækjandi um hæli eða ættingi muni í raun og veru veita þá aðstoð sem þörf er á.

5. Hlutaðeigandi aðildaríki skulu koma sér saman um í hvaða aðildarríki ættingjarnir verða sameinaðir og hvaða dag flutningurinn skuli fara fram með tilliti til:
   a) þess hvort einstaklingurinn, sem er háður hinum, er ferðafær,
   b) aðstæðna viðkomandi einstaklinga að því er varðar búsetu en lögð er áhersla á að umsækjandi um hæli sameinist ættingja sínum ef sá síðarnefndi hefur þegar öðlast gilt dvalarleyfi og hefur nægt fé sér til framfærslu í aðildarríkinu þar sem hann hefur búsetu.

12. gr.

Fylgdarlaus, ólögráða börn.

